allt
KÁTIR KRAKKAR
*Nýtt húsnæði Ingunnarskóla tekið í notkun*
• nám • ferðir
Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÓLAFUR JÓHANNESSON**
GERIR HEIMILDARMYND UM BÚDDAMUNK
Tilnefndur til Edduverðlaunanna
FÓLK 42



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. nóvember 2005 — 303. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


### Horfið ævistarf

Tónlistarkonan Kristín Björk Kristjánsdóttir varð fyrir því óláni að tölvunni hennar var stolið. Á harða disknum var að finna ævistarf hennar á sviði tónlistar.

FÓLK 42



### Vær draumur

Ameríski draumurinn myndar enn grunn að stjórnmálum þar vestra þótt hann fjarlægist veruleikann sífellt meira, segir Jón Ormur Halldórsson.

Í DAG 18

### Ceres 4 í fótboltann

Tónlistarmaðurinn Ceres 4, sem heitir réttu nafni Hlynur Áskelsson, hefur verið ráðinn til þess að koma knattspyrnuliði Þróttar í form en hann gagnrýndi sjálfur líkamlegt ástand leikmanna liðsins fyrir skömmu.

ÍÞRÓTTIR 36



## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING NÁLÆGT HÁDEGI** um sunnan- og suðvestanvert landið en með kvöldinu á Vestfjörðum. Slydda eða snjókoma í kvöld á norðan- og austanverðu landinu. Hiti 1-6 stig í dag, hlýjast sunnan til.

## > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG


MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...
Miðvikudagur 9. nóvember 2005 – 32. tölublað – 1. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

Gott gengi Puma
Hækkar afkomuspá 6

Staðan á matvörumarkaði
Lágvörumarkaðurinn mun stækka 12-13

Intersport á Íslandi
Sterkir í sportinu 14

**Grene systur í Smáralind**

Verslunin Söstrene Grene sem þeir Íslendingar sem hafa gengið Strikið í Kaupmannahöfn þekkja, mun opna verslun í Smáralind í byrjun desember.

**FRÉTTIR VIKUNNAR**

**Nýtt verðmat** | Nýtt verðmat Greiningardeildar KB banka á Össuri hf. gerir ráð fyrir verðmati félagsins fyrir 41,4 milljarð króna sem jafngildir verðmatsgengi á 107 krónum á hlut.

**Gistinóttum fjölgar** | Gistinætur útlendinga á íslenskum hótelum í september voru tæplega 93 þúsund. Það er er fjölgun milli ára um 13,4 prósent.

**Fjórðungur í Forthnet** | Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Þórs Björgólfssonar, hefur bætt við sig 4,3 prósenta hlut í gríska fjarskiptafyrirtækinu Forthnet og á nú 26,3 prósent.

**Misháar þóknanir af viðbótarsparnaði**

Allt frá 0,18 til 1,5 prósenta umsýslugjald hjá vörsluaðilum.

Hjálmar Blöndal
skrifar

**UMSÝSLUKOSTNAÐUR VIÐSKIPTABANKANNA AF VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐI**

| | |
|---|---|
| Almenni lífeyrissjóðurinn (Íslandsbanki) | 0,18% |
| KB banki | 0,3-0,6% |
| Landsbankinn | 0,39% |
| SPRON | 0,85-1,5% |

**Útrásarvísitalan hækkar: NWF hækkar um ellefu prósent**

**Hundrað erlendir bankar geta opnað útibú á Íslandi**

Yfir hundrað erlendir bankar hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að þeir hyggist veita þjónustu hér á landi. Litið farið fyrir þeim hingað til.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

10,2%
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

# Stórskert þjónusta við nýrnasjúka

**Átta af tólf hjúkrunarfræðingum hætta störfum um áramót því starfssamningi þeirra hefur verið sagt upp vegna breytinga á vaktakerfi. Hjúkrunarfræðingar segja breytinguna gerða í sparnaðarskyni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðeins verður hægt að sinna tólf af þeim fjórutíu nýrnasjúklingum sem koma reglulega í blóðskilun eftir áramótin. Aðeins fimm af sautján hjúkrunarfræðingum á blóðskilunardeild Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut verða þá að störfum ef ekki næst samkomulag við yfirstjórn deildarinnar um vinnutíma og laun. Tólf hjúkrunarfræðingar líta svo á að starfssamningum við þær hafi verið sagt upp.

Sviðsstjóri hjúkrunar á lyflækningasviði vill stytta vaktir hjúkrunarfræðinganna um eina klukkustund á dag því að vaktirnar skarast um fjóra tíma á hverjum degi. Hjúkrunarfræðingarnir vinna flestir 80 prósenta starfshlutfall og þurfa því að mæta oftar í vinnu þegar breytingarnar taka gildi. Ef þær sætta sig ekki við breytingarnar skerðast launin í samræmi við það.

Hjúkrunarfræðingarnir vinna nú átta tíma á dag í fjóra daga og



**GANGA ÚT UM ÁRAMÓT** Átta hjúkrunarfræðingar telja að starfssamningum þeirra hafi verið sagt upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

eiga þriggja daga frí. Aðstandendur sjúklinga segja að þær hafi þegar dregist aftur úr sambærilega sérhæfðum hjúkrunarfræðingum í launum. Samningaviðræður eru í gangi og ýmislegt komið til umræðu en ekkert sem hjúkrunarfræðingarnir hafa verið tilbúnir til að „gleypa við“ því að eftir stendur að þær þurfa að mæta oftar á vinnustað eða sætta sig við lægri laun.

„Við höfum fengið boð um að hækka launin um einn launaflokk, eða um 4.000 kall í vasann, og höfum hafnað því. Við erum að reyna að semja svo að það kemur eflaust móttilboð en það er krísa í gangi hérna,“ segir Dagný Bjarnhéðinsdóttir, ein hjúkrunarfræðinganna.

Hjúkrunarfræðingarnir segja að vinnutímabreytingin sé ekki til að mæta þörfum starfsfólks á deildinni heldur í sparnaðarskyni. Vaktirnar skarist á annasamasta tíma dagsins þegar ekki veiti af allri þeirri mönnun sem nú er en yfirstjórn deildarinnar vill minnka skörunina um miðjan daginn.

Blóðskilunardeildin er mjög sérhæfð deild og sú eina sinnar tegundar á landinu. Nýir hjúkrunarfræðingar þurfa tveggja mánaða aðlögun og eru ekki orðnir færir í starfi fyrr en eftir eitt ár.

Ekki hefur verið tilkynnt hvenær breytur vinnutími tekur gildi, aðeins að breytingin sé yfirvofandi. - ghs



**MENNTASKÓLAKENNARAR MÓTMÆLTU** Framhaldsskólakennarar skora á menntamálaráðherra að hætta við að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Þeir segjast ekki mótfallnir því að endurskipuleggja skólagönguna alla en aðferð ráðherrans sé röng. - jh/ sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heilsuverndarstöðin í Reykjavík til sölu á almennum markaði:

# Milljarður með viðhaldi

**FASTEIGNIR** Heilsuverndarstöðin í Reykjavík fór á sölu á almennum markaði um síðustu helgi. Samkvæmt heimildum blaðsins var framkvæmt verðmat á eigninni fyrr á árinu þar sem húsið var metið á yfir sjö hundruð milljónir króna. Fasteignasalar sem talað var við voru á einu máli um að þær endurbætur og viðgerðir sem takast þarf á við að kaupunum loknum kosti hægt lega um þrjú hundruð milljónir. Því er ljóst að heildarkostnaður væntanlegs kaupanda getur numið einum milljarði króna.

„Það þarf að skila inn tilboðum fyrir 21. nóvember. Fljótlega í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvaða tilboði verður tekið,“ segir Jón Guðmundsson hjá Fasteignamarkaðnum. Fjórum fasteignasölum hefur verið falið að leita tilboða: Fasteignamarkaðnum, Gimli, Eignamiðluninni og Valhöll.

Húsið er 4.625 fermetrar að stærð. Því fylgir byggingarréttur á fjögurra hæða viðbyggingu með gólffleti upp á 1.480 fermetra sem gerir ráð fyrir 1.250 fermetra bílakjallara.

„Auðvitað eru það tilboðin sem ráða endanlegu verði á eigninni,“ segir Jón. - saj




**HOLLYWOOD-HÆÐIR** Eins og aðrar stjörnur hverfisins fær skiltið skemmtilega loks andlitslyftingu.

Hollywood-skiltið:

## Fær loksins andlitslyftingu

**HOLLYWOOD** Skiltið margfræga sem reist var á sínum tíma í Hollywood-hæðum mun brátt skarta sínu fegursta en næstu þrjár vikurnar munu málarar fara um það pensl-um sínum og rúllum.

Áratugur er liðinn síðan skiltið var málað síðast en Chris Baumgart, sérlegur talsmaður skiltisins, segir í samtali við BBC að útlit þess virðist samt býsna gott, að minnsta kosti úr fjarlægð.

Þegar skiltið var sett upp árið 1923 mynduðu stafirnir orðið „Hollywoodland“ en þá var það notað til að auglýsa lóðir. Fljótlega féllu fjórir síðustu stafirnir burt og eru engin áform um að koma þeim fyrir á ný. ■

Verðlaunaður í Bretlandi:

## Arnaldur hlaut gylltan rýting

**VERÐLAUN** Arnaldi Indriðasyni glæpasagnahöfundi var í gær veittur gullrýtingurinn fyrir skáldsögu sína Grafarþögn.

Gullrýtingurinn er verðlaun Samtaka breskra glæpasagnahöfunda. Mikill heiður þykir að fá Gullrýtinginn og verðlaunabækur hafa jafnan bætt við sig í sölu. Arnaldur sagði í samtali við fréttastofu í gær vonast til að verðlaunin muni hjálpa honum að ná enn meiri árangri með bækur sínar á erlendum vettvangi.

Meðal þeirra sem hlotið hafa gullrýtinginn eru höfundar á borð við Ruth Rendell, Sara Paretsky og Patricia Cornwell.

Auk gyllta rýtingsins hlýtur Arnaldur þrjú þúsund pund í peningaverðlaun. - saj

Þitt val skiptir máli
Íslenskir dagar
3. til 12. nóvember í
FK
FJARÐARKAUP
þér að góðu!
Íslenskir framleiðendur
SI Samtök iðnaðarins



## SPURNING DAGSINS

*Sigurjón, ertu vinsæll í afmælisveislum?*

„Já, alla vega sumum.“

Sigurjón Þórðarson alþingismaður gagnrýndi afmælisráðstefnu Hafrannsóknastofnunarinnar og sagði hana gagnrýnislausa samkomu jábræðra.

Meintir hryðjuverkamenn handteknir í Ástralíu:

# Komið í veg fyrir stórt hryðjuverk

**ÁSTRALÍA, AP** Lögreglan í Ástralíu handtók snemma í gærmorgun sautján manns sem grunaðir eru um samsæri um að fremja mannskæða hryðjuverkaárás í landinu.

Meðal hinna handteknu er herskár múslimaklerkur, Abu Bakr að nafni, sem er þekktur fyrir að hafa borið lof á Osama bin Laden. Klerkurinn er sakaður um að vera aðalskipuleggjandi hins áformaða tilræðis. Annar hinna handteknu hlaut skotsár á hálsi er hann varðist handtöku með skotvopni. Einn lögreglumaður særðist lítillega.

„Ég er ánægður með að okkur skyldi takast að spilla því sem ég tel hafa verið lokastig undirbúnings að stórri hryðjuverkaárás hér í Ástralíu,“ sagði Ken Moroney, lögreglustjóri Nýja Suður-Wales, í útvarpsviðtali. Hann sagðist búast við að fleiri sakborningar yrðu handteknir í tengslum við rannsóknina.

John Howard forsætisráðherra þakkaði lögregluyfirvöldum fyrir vel unnið verk á blaðamannafundi sem sendur var út beint í sjónvarpi. Howard varaði í síðustu viku við því að hryðjuverkaárás væri hugsanlega yfirvofandi.

Handtökurnar fóru fram í samstilltum áhlaupum lögreglu á nokkur hús í Sydney og Melbourne, tveimur stærstu borgum landsins.

- aa



**RÉÐUST Á MYNDATÖKUMANN** Menn sem taldir eru vinir eða ættingjar hinna handteknu ganga í skrokk á myndatökumanni fyrir utan dómhús í Melbourne í gær. Mönnunum var vísað út úr dómsalnum þar sem hinir meintu hryðjuverkamenn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. NORDICPHOTOS/AFP



**GÖGNIN GERÐ UPPTÆK** Sýslumaður og lögfræðingar gerðu gögn upptæk á ritsjórn Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögbann á fréttaflutning:

## Lögbann tekið fyrir á morgun

**DÓMSMÁL** Lögbannskrafa Jónínu Benediktsdóttur athafnakonu á fréttaflutning Fréttablaðsins af tölvupóstsendingum sem hún átti hlut að verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á morgun. „Ég reikna með því að þarna verði ákveðið hvenær málið fær aðalmeðferð,“ segir Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður.

Sýslumaðurinn í Reykjavík varð við lögbannskröfu Jónínu í haust. Jónína krefst skaðabóta og refsingar yfir Kára Jónassyni ritstjóra blaðsins. - saj

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.




**SÓLVANGUR** Heilbrigðisráðherra vill úrbætur á Sólvangi á næstu vikum og mánuðum.

# Mismunað í velferð

**Dæmi eru þess að fjölskyldur aldraðra á hjúkrunarheimilinu Skjóli hafi ráðið sérstaka starfsmenn vegna ónógrar þjónustu. Heilbrigðisráðherra kveðst andvígur einu velferðarkerfi fyrir vel stæða og öðru fyrir hina sem minna hafa.**

**ALDRAÐIR** Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur óskað eftir því að kannað verði hvort unnt sé að verða við kröfum um að vistmenn á Sólvangi í Hafnarfirði verði ekki fleiri en 55 til 60 að tölu og þeim fækki þar með umtalsvert á næstu vikum og mánuðum.

Þetta kom fram í utandagskrárumræðum um aðstæður og aðbúnað aldraðra á Alþingi í gær en málshefjandi var Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

„Aldraðir á Sólvangi hafa allt að helmingi minna rými en hið opinbera gerir kröfur um,“ sagði Ágúst. Hann bætti við að ríkisstjórnin hefði gefið til kynna að úrbóta væri ekki að vænta fyrr en árið 2008 en það væri allt of seint.

„Komið hefur fram að á hjúkrunarheimilinu Skjóli hefur fólk neyðst til þess að ráða sér sérstaka starfskrafta inn á hjúkrunarheimilið fyrir eigin kostnað. En hæstvirtur forsætisráðherra sagði í gær að hann kannaðist ekkert við þessar upplýsingar þrátt fyrir að þær tröllriðu samfélaginu í heila viku... Dæmi eru um að viðkomandi hafi ásamt fjölskyldu unnið allt að 270 klukkustundir á mánuði... Hér erum við komin með staðfestingu á tvöföldu kerfi í velferðarkerfinu.“

Ágúst spurði hvort heilbrigðisráðherra sætti sig við tvöfalt kerfi, eitt fyrir betur megandi og annað fyrir hina. „Svarið er einfalt nei,“ sagði Jón Kristjánsson. Hann sagði enn fremur að með fækkun á Sólvangi væri von hans að ástandið yrði boðlegt. Hann kvaðst sjá fyrir sér að með fækkun yrði unnt að breyta öllum rýmum í tvíbýli, en allt að fimm manns eru um hvert herbergi nú.

Jón sagði einnig að ástandið á Sólvangi yrði að skoða í samhengi við aðra kosti í aðbúnaði aldraðra í Hafnarfirði. Hann kvaðst vita til þess að Hrafnista í Hafnarfirði hefði boðið samstarf við bæjaryfirvöld.

Fram kom einnig í máli heilbrigðisráðherra að daggjöld hafa hækkað um 25 prósent frá 2002 til 2005.

johannh@frettabladid.is



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



JÓN KRISTJÁNSSON

Sögulegur norskur dómur:

## Kona dæmd fyrir nauðgun

**NOREGUR** Kona var í gær dæmd í níu mánaða fangelsi fyrir nauðgun í Björgvin. Nauðgunin átti sér stað í byrjun þessa árs en konan sem er 24 ára var þá í samkvæmi ásamt unnusta sínum og öðrum manni á fertugsaldri.

Maðurinn bar að hann hefði sofnað en vaknað aftur við að konan var að hafa við hann munnmök meðan unnustinn tók myndir. Konan hélt því fram að mökin hefðu verið með fullu samþykki. Auk fangelsisvistar var konan dæmd til að greiða fórnarlambinu um 400 þúsund íslenskar krónur í miskabætur. Er þetta í fyrsta sinn sem kona er dæmd fyrir nauðgun í Noregi. ■



**Á ALIFUGLAMARKAÐNUM** Fuglakjöt er selt á opnum mörkuðum víða í Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sóttdauðum fjölgar:

## Víetnami deyr úr fuglaflensu

**FUGLAFLENSA** Yfirvöld í Víetnam hafa staðfest að banamein manns sem lést í lok október hafi verið fuglaflensa. Hann er sá fyrsti sem deyr af völdum veikinnar eftir að hún greindist aftur í fuglum þar í landi í haust.

Maðurinn, sem var 35 ára, dó eftir að hafa borðað kjúkling með fjölskyldu sinni en aðrir hafa ekki kennt sér meins eftir átið.

Frá því að fuglaflensu varð fyrst vart í Víetnam árið 2003 hafa 92 greinst með veiruna og 42 látist af hennar völdum. Sérfræðingar óttast að veiran geti stökkbreyst og borist á milli manna. ■




Velta Íslandsspila og Happdrættis Háskólans nærri 3,2 milljarðar árið 2004:

# Vont að nýta sér spilafíkn

**HAPPDRÆTTI** Samanlagðar tekjur Happdrættis Háskóla Íslands árin 2003 og 2004 að frádregnum vinningum og kostnaði námu um 960 milljónum króna.

Tekjur Íslandsspils af söfnunarkössum námu á sama tímabili tæpum 1.730 milljónum króna að frádregnum vinningum og kostnaði. Heildarvelta þessara tveggja fyrirtækja árið 2004 var nálægt 3,2 milljörðum króna.

Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar þingmanns Vinstri grænna. Hann segist spyrja um þessar upphæðir vegna þess að baki þeim búi miklar þjáningar. „Það er ömurlegt hlutskipti fyrir þjóðþrifastofnanir, sem standa að baki Íslandsspilum og Háskóla Íslands, að hafa fé af fólki sem ræður ekki við spilafíkn sína. Það er sannað að það er verið að hafa þessa peninga úr vösum fólks á öllum aldri sem ræður ekki við sig í námunda við spilavítisvélar. Ég hef viljað banna þessa kassa með lögum. En um leið eigum við að fá Háskóla Íslands og þjóðþrifasamtökum sem standa að Íslandsspilum aðra tekjustofna,“ segir Ögmundur. - jh



**SPILAKASSAR** Landsbjörg og önnur þjóðþrifastarfsemi hafði liðlega 1,7 milljarða króna í tekjur af spilakössum árin 2003 og 2004.

# *Er fjárhagurinn heilbrigður?*




**Með réttri meðferð geta peningarnir þínir vaxið verulega**

## *Láttu þá vinna með þér*

ÍSLANDSBANKI

Auðveldasta leiðin til að láta draumana rætast er að spara reglulega. Íslandsbanki býður þér fjölbreyttar leiðir til að gera sparnaðinn fyrirhafnarlausan en áhrifaríkan. Snúðu vörn í sókn og byrjaðu reglulegan sparnað strax í dag.

**Þú færð nánari upplýsingar um sparnaðarleiðir Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúum, í Þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 08.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,79 | 61,09 |
| Sterlingspund | GBP | 105,49 | 106,01 |
| Evra | EUR | 71,33 | 71,73 |
| Dönsk króna | DKK | 9,556 | 9,612 |
| Norsk króna | NOK | 9,156 | 9,21 |
| Sænsk króna | SEK | 7,455 | 7,499 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5159 | 0,5189 |
| SDR | XDR | 86,65 | 87,17 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**100,9038**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2006:

# 400 milljóna rekstrarfgangur

**AKUREYRI** Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir næsta ár gerir ráð fyrir tæplega 400 milljóna króna rekstrarafgangi en áætlunin var tekin til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar í gær. Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir vöxt og grósku hafa sett mark á bæjarbraginn á Akureyri undanfarin ár og svo verði áfram.

Samkvæmt fjárhagsáætluninni verða heildartekjur bæjarins á næsta ári tæpir 10,7 milljarðar króna en heildargjöld um 10,3 milljarðar króna. Tekjuaukningin frá árinu í ár verður um 630 milljónir króna en gert er ráð fyrir að útgjöldin aukist heldur minna eða um 580 milljónir króna.



**FJARHAGSÁÆTLUNIN KYNNT** Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjárreiðudeildar, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri og Jón Bragi Gunnarsson, hagsýslustjóri Akureyrarbæjar, kynntu áætlunina á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Kristján Þór segir að áætlunin geri ráð fyrir miklum fjárfestingum í grunngerð samfélagsins en framkvæmt verður í A-hluta fyrir tæpan 1,2 milljarð króna.

„Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er mjög sterk og við gerum ráð fyrir að íbúum bæjarins fjölgi áfram en það sem af er þessu ári hefur þeim fjölgað um 257. Útsvarsprósentan mun ekki hækka á næsta ári og leikskólagjöld ekki heldur en við reiknum með að álagningarprósentan vegna fasteignagjalda lækki nokkuð en of snemmt er að segja til um hversu mikil lækkunin verður," segir Kristján Þór. - kk

Fjölþjóðlega herliðið í Írak:

# Fer í fyrsta lagi í árslok 2006

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær að framlengja um eitt ár umboð erlenda herliðsins sem er í Írak.

Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks, fór fram á framlenginguna umboðsins en það hefði að óbreyttu runnið út 31. desember næstkomandi. Í samþykkt öryggisráðsins er hins vegar kveðið á um að endurskoða megi framlenginguna fari íraska ríkisstjórnin fram á það.

180.000 erlendir hermenn eru í Írak um þessar mundir. ■



**HÁSPENNUSTÖÐIN Á STÓRHÖFÐA** Hlerinn á háspennustöðinni er ónýtur en ökumann sakaði ekki. Nágrannar voru hins vegar án rafmagns í 20 mínútur á eftir vegna lagfæringa.

Háspennistöð við Stórhöfða:

# Rafmagn af eftir árekstur

**UMFERÐARSLYS** Ökumaður sem missti stjórn á bifreið sinni í hálku klukkan átta í gærmorgun endaði á því að keyra á háspennistöð við Stórhöfða í Reykjavík.

Ökumann sakaði ekki en spennirinn færðist til. Því varð að rjúfa rafmagn á Stórhöfða í um það bil 20 mínútur meðan lagfæringar fóru fram.

Að sögn Gunnars Aðalsteinssonar, framkvæmdastjóra kerfisstjórnar, fór bifreiðin fyrst á stein áður en hún skalla á hlera stöðvarinnar sem eyðilagðist. Hefði steinninn ekki verið í veginum hefðu skemmdir líklegast orðið meiri. - jse

## ORKUSTOFNUN

**Ragnheiður ráðin** Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir var í gær ráðin til að gegna nýju starfi aðstoðarorkumálastjóra Orkustofnunar. Hún var áður deildarstjóri á orkumálasviði en ákveðið hefur verið að það skuli lagt niður með skipulagsbreytingum sem taka gildi 1. janúar næstkomandi. Ragnheiður hefur doktorsgráðu í verkfræði frá Danska Tækniháskólanum og MBA gráðu frá Háskóla Íslands.

# Borguðu fyrir eiginkonurnar

**Fjórir bæjarráðsfulltrúar Akraness fóru með forsvarsmönnum HB Granda til Leeds í Englandi. Þeir hittu Alex Ferguson sem fékk heimboð upp á Skaga.**

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Fulltrúar Akraneskaupstaðar fóru á sínum forsendum og bæjarráðsmenn borguðu sjálfir fyrir eiginkonur sínar," segir Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar.



GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON

Bæjarráðsfulltrúarnir Guðmundur Páll Jónsson, Gísli Gíslason, Sveinn Kristjánsson og Gunnar Sigurðsson heimsóttu borgarstjórann í Leeds á Englandi, William Hyde, í lok síðasta mánaðar. Með í ferðinni voru Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda, og Sturlaugur Haraldsson sölustjóri.

Borgarstjórinn í Leeds fór með alla sendinefndina að borða á veitingastað sem kaupir um 70 tonn af sjófrystum flökum úr skipum HB Granda, þeim Höfrungi III og Helgu Maríu. Þar borðuðu menn fisk og franskar að enskum sið.

„Okkur var síðan boðið í innstu vé hjá borgarstjóranum og þar kynntum við mikilvægi sjómennsku og fiskveiða á Akranesi. Með þessu leggjum við okkar skerf til þess að efla þetta mikilvæga starf HB Granda," segir Guðmundur Páll bæjarstjóri. Hann var áður starfsmannastjóri hjá HB Granda.

„Við sáum Manchester United leika gegn Tottenham og buðum sir Alex Ferguson að vera viðstaddan vígslu á íþróttahúsi sem tekið verður í notkun á Akranesi í mars. Hann sagði það ekki útilokað að hann kæmi," bætir Guðmundur við. saj@frettabladid.is



**AKRANESKAUPSSTAÐUR** Guðmundur Páll Jónsson gerðist bæjarstjóri á Akranesi fyrir skemmstu. Áður var hann starfsmannastjóri hjá HB Granda.

Síðari umferð líberísku forsetakosninganna í gær:

# Weah talinn líklegri

**LÍBERÍU, AP** Síðari umferð forsetakosninganna í Líberíu fór fram í gær þar sem áttust við Harvard-menntaður hagfræðingur og heimsþekktur knattspyrnukappi.

Ellen Johnson-Sirleaf og George Weah voru hlutskörpust í fyrri umferðinni sem fram fór 11. október síðastliðinn. Weah fékk þá 29 prósent atkvæða en Johnson-Sirleaf nítján.

Strax þegar kjörstaðir voru opnaðir hafði fólks hópast og allan daginn var kjörsókn góð. Fjöldi erlendra eftirlitsmanna fylgist með að allt fari eftir settum reglum.

Úrslita er að vænta á næstu dögum en ærið verk bíður nýja forsetans þar sem landið er enn í sárum eftir ööld sem þar ríkti á árunum 1980-2003. - sg



**ATKVÆÐI GREIDD** Kjörsókn var með miklum ágætum í höfuðborginni Monróvíu, svo og annars staðar í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GEORGE WEAH

### ÞEKKTUR FYRIR SÍN ÞRUMUSKOT

*George Weah, 39 ára, er að öllum líkindum besti knattspyrnumaður Afríku fyrr og síðar en óvíst er hvort hann sé par með hæfur til að gegna embætti forseta.*

*Weah ólst upp í sárri fátækt en með knöttinn á tánum braust hann til frægðar og frama. Hann var kjörinn knattspyrnumaður Evrópu 1995 og lék á ferli sínum með félögum á borð við AC Milan og Chelsea.*

*Hann nýtur mikilla vinsælda á meðal samlanda sinna og telja margir hann vera það sameiningartákn sem þessi stríðshrjáða þjóð þarfnast. Auðæfi hans eru slík að ólíklegt þykir að hægt sé að spilla honum en reynsluleysi hans í stjórnmálum gæti reynst honum fjötur um fót.*



ELLEN JOHNSON-SHIRLEAF

### JÁRNFRÚIN FRÁ HARVARD

*Í hópi stuðningsmanna sinna gengur Ellen Johnson-Shirleaf, 67 ára, undir nafninu járnfrúin enda hefur hún komist áfram á eigin verðleikum í þjóðfélagi þar sem karlar hafa að öllu jöfnu tögl og hagldir. Hafi hún sigrað í kosningunum verður hún fyrsti þjóðkjörni leiðtogi Afríkuríkis úr röðum kvenna.*

*Óhætt er að segja að Johnson-Shirleaf sé eldri en tvævetur á sviði stjórnmálanna. Hún er með hagfræðigráðu frá Harvard-háskólanum og gegndi embætti fjármálaráðherra Líberíu á áttunda áratugnum. Þegar herforingjabylting var framin í landinu árið 1980 var járnfrúin fangelsuð en síðar gekk hún í lið með uppreisnarleiðtoganum Charles Taylor áður en hún snerist gegn honum að lokum.*


VEFSMÍÐI

• Vefsíðugerð grunnur

Námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðum.
Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefinn, FrontPage og Photoshop.
Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar.

Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu á námskeiðinu.
Lengd námskeiðs 42 kennslustundir.
Kennt er þriðjudags- og fimmtudagskvöld frá kl. 17:30 - 21 og tvo laugardaga frá kl. 9 - 12.30.
Hefst 15. nóv. og lýkur 1. des. Verð kr. 36.000,-
(Tvær kennslubækur innifaldar).

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÚ VERÐUR KRAFTUR Í ÞVÍ**

Nú er vaxandi vindur á landinu. Búast má við stormi við suðurströndina í dag og hvössu veðri vestan til og suðaustan til á landinu þegar líður á daginn. Lengst af verður veður skaplegra á Norður- og Austurlandi þó þar þykkni smám saman upp og hvessi með úrkomu í kvöld. Lægir sunnan til í kvöld.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Allhvöss suðaustan átt með talsverðri rigningu um miðjan daginn. Hiti 3-6 stig. Lægir í kvöld.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvassviðri eða stormur sunnan og suðaustan til og undan Vestfjörðum og norðurströndinni.

*» föstudagur*




Hvassviðri á Vestfjörðum og sumstaðar norðvestan til.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C hálfskýjað | París | 13°C léttskýjað | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 10°C alskýjað | Berlín | 14°C hálfskýjað | Mílano | 20°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C alskýjað | Frankfurt | 15°C hálfskýjað | New York | 14°C rigning |
| Helsinki | 9°C alskýjað | Madríd | 11°C skúrir | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 13°C hálfskýjað | Barcelona | 19°C skúrir | Orlando/Flórída | 29°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# „Langar þig til að eignast 17.642.381 kr?"

**Mótframlagið þitt**




Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 24 ára einstakling með 250.000 kr. í mánaðarlaun.

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Þú getur lagt allt að 4% af launum þínum í viðbótarlífeyrissparnað og launagreiðendur leggja að jafnaði til allt að 2% á móti þér. Það er mótframlagið þitt.

**Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.**

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN



## KJÖRKASSINN

*Á ASÍ að segja upp kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 69% |
| Nei | 31% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Fjármálaeftirlitið að birta hvaða fyrirtæki hafa brotið af sér við verðbréfaviðskipti?*

Segðu skoðun þína á vísi.is

Stjórnarmyndunarviðræðurnar í Þýskalandi:

# Mjakast nær málefnasamningi

**ÞÝSKALAND, AP** Forystumenn beggja stærstu stjórnmálaflokka Þýskalands leituðu í gær enn leiðar til sátta um það hvernig fara eigi að því að fylla upp í fjárlagahallann. Hann stefnir annars í að stækka stjórnlaust. Fulltrúar Jafnaðarmannaflokksins vörðust tillögu kristilegra demókrata um að hækka virðisaukaskatt; hinir síðarnefndu vildu aftur á móti ekki fallast á hækkun á hátekjuskatti sem jafnaðarmenn leggja til.

Nokkuð miðaði þó í átt að samkomulagi um málefnasamning „stóru samsteypu" undir forystu Angelu Merkel. Ákveðið var að eftirlaunaaldur yrði hækkaður smám saman og umbætur gerðar á hinu flókna sambandsríkiskerfi Þýskalands.

Verðandi kanslarinn, Merkel, tjáði þingflokki kristilegra demókrata að viðræðunum um málefnasamninginn ætti að ljúka á föstudagsmorgun.

Erfið ágreiningsmál eru þó óleyst, svo sem í atvinnu- og heilbrigðismálum, og ekki síst hvernig stöðva eigi fjárlagahallann sem á þessu ári verður um 35 milljarðar evra eða um 2.500 milljarðar króna. **- aa**



**BILIÐ MINNKAR** Angela Merkel, leiðtogi CDU og verðandi kanslari, talar við Matthias Platzeck, verðandi formann SPD og Peter Struck, þingflokksformann jafnaðarmanna, í Berlín í gær.

Leynifangelsi CIA:

## Evrópuráðið kannar málið

**FANGAR** Evrópuráðið hóf í gær rannsókn á því hvort bandaríska leyniþjónustan CIA starfrækti leynifangelsi í Austur-Evrópu.

Bandaríska dagblaðið Washington Post greindi frá þessu í síðustu viku og sagði að þar væru meintir hryðjuverkamenn í haldi þar sem þeir væru pyntaðir til sagna. Búið er skipa yfirmann rannsóknarinnar og heldur hann til Rúmeníu síðar í mánuðinum til þess að kanna hvort staðhæfingar mannréttindasamtaka um að leynifangelsin séu í Rúmeníu og Póllandi eigi við rök að styðjast. Stjórnvöld þessara landa hafa þvertekið fyrir það. ■



**STARFSMENN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Ágreiningur er um hvort starfsmannaleigur eigi að borga í sjúkrasjóð.

Starfsmannaleigur:

## Greiddu ekki í sjúkrasjóð

**STARFSMANNALEIGUR** Í héraðsdómi voru í gær tekin fyrir mál sem Starfsgreinafélag Austurlands höfðar gegn Impregilo og starfsmannaleigunum N.E.T.T. og Select I Servicos. Deilt er um hvort starfsmannaleigunum beri að greiða iðgjöld í sjúkrasjóð.

„Upphaflega höfðu ekki verið greidd félags-, orlofs- eða sjúkrasjóðsgjöld og málið fór af stað. Orlofs- og félagsgjöldin voru greidd. Eftir stóð ágreiningur um sjúkrasjóðsgjöldin sem núna er fyrir dómi," segir Eva Dís Pálmadóttir, lögmaður starfsgreinafélagsins. **- saj**

**CHILE**

**Lausn úr varðhaldi hafnað** Hæstiréttur Chile hafnaði í gær kröfu verjenda Albertos Fujimori, fyrrverandi forseta Perús, um að hann yrði látinn laus gegn tryggingu. Fujimori var handtekinn í fyrradag í Chile þar sem hann birtist óvænt. Talið er víst að perúsk yfirvöld reyni að fá forsetann fyrrverandi framseldan.

# Frakkar setja útgöngubann

**Jacques Chirac Frakklandsforseti lýsti í gær yfir neyðarástandi svo að setja mætti útgöngubann í óeirðabæjum. Villepin forsætisráðherra segir að uppræta verði misréttið sem innflytjendur megi stöðugt þola.**

**FRAKKLAND, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti lýsti í gær yfir neyðarástandi til að hægt væri að setja á útgöngubann í þeim sveitarfélögum þar sem verstu óeirðirnar hafa átt sér stað að undanförnu. Þessi ráðstöfun á sér vart fordæmi í sögu Frakklands eftir stríð, en til hennar er gripið til að binda enda á verstu bylgju uppþota sem orðið hafa í landinu í áratugi.

Yfirlýsingin um neyðarástand, sem heimilar að sett sé útgöngubann þar sem ástæða þykir til, tók gildi á miðnætti í gærkvöld og er í gildi í tólf daga til að byrja með. Allt tiltækt lögreglulið hefur verið kallað á vakt til að fylgja útgöngubanninu eftir, einkum og sér í lagi í innflytjenda-úthverfunum norður af París. Herinn hefur ekki verið kallaður til.

„Þetta er nauðsynlegt til að flýta því að koma á friði og spekt," sagði Chirac á ríkisstjórnarfundi.

Neyðarástandslögin sem Chirac ákvað að beita nú voru upprunalega sett árið 1955, er stríð Frakka í Alsír stóð sem hæst. Eftir að hafa staðið svo til ráðþrota gagnvart óeirðunum tólf daga í röð og horft upp á þær breiðast út til æ fleiri borga í landinu - og jafnvel út fyrir landamærin - sá ríkisstjórnin ekki annan kost í stöðunni en að grípa til svo róttækra ráðstafana.

Þeir sem staðnir eru að því að brjóta útgöngubannið eiga yfir höfði sér allt að tveggja mánaða fangelsi. Enn fremur munu sýslumenn og aðrir fulltrúar héraðsyfirvalda hafa vald til að úrskurða fólk í heimafangelsi, gera vopn upptæk og loka opinberum stöðum þar sem gengi koma saman. Frá þessu greindi Dominique de Villepin forsætisráðherra í ræðu á þingi. Hann bætti því við að það myndi taka tíma að koma á lögum og reglu.

En Villepin rétti líka út sáttahönd til innflytjendanna í „vandræðaúthverfunum" með því að viðurkenna að þeir mættu þola stöðuga mismunun, sem væri blettur á frönsku samfélagi. „Þetta er ögurstund fyrir lýðveldið," sagði hann. Hvernig aðlögun innflytjenda að frönsku samfélagi væri háttað yrði að endurskoða.

Fulltrúar mannréttindasamtaka lýstu í gær áhyggjum af flýtimeðferð sem dómstólum er ætlað að beita við afgreiðslu ákæra gegn meintum brennuvörgum og óeirðaseggjum.

audunn@frettabladid.is



**LÖG OG REGLA Í FORGANG** Chirac forseti talar í Elysée-höll í París í gær. Lögregluvörður í forgrunni. NORDICPHOTOS/AFP




**BARIST VIÐ BRUNA** Kveikt var í bílum í Cenon nálægt Bordeaux í Suðvestur-Frakklandi rétt eins og annars staðar í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


# Málþing um virðisaukaskatt

Föstudaginn 11. nóvember stendur lagadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst fyrir málþingi á sviði skattaréttar. Málþingið er haldið á Bifröst

13.00 Setning
*Ingibjörg Ingvadóttir, hdl. og lektor á Bifröst - fundarstjóri*

13.10 Samskráning á virðisaukaskattsskrá
*Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur og deildarstjóri hjá RSK*

13.30 Endurgreiðslur vegna sérfræðiþjónustu til opinberra aðila
*Soffía E. Björgvinsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG*

14.10 Aðkeypt þjónusta erlendis frá og skráning erlendra aðila á Íslandi
*Vala Valtýsdóttir hdl. hjá Taxis*

14.40 Helst á döfinni hjá ESB
*Elín Árnadóttir hdl. hjá PWC*

15.15 Pallborðsumræður með fyrirlesurum og Völu Rebekku Þorsteinsdóttur
*lögfræðingi hjá fjármálaráðuneytinu.*

16.15 Málþingsslit og léttar veitingar

*Málþingið er er öllum opið og aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar á www.bifrost.is*

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST




**KRIKAHVERFI Í MOSFELLSBÆ** Krikahverfi er nálægt miðbæjarkjarna en er einnig útivistarsvæði og telja bæjarstjórnarmenn að mikil eftirspurn verði eftir lóðum.

Nýtt íbúðahverfi í Mosfellsbæ:

# Hreyfihamlaðir fá forgang

**SKIPULAGSMÁL** Úthlutun á lóðum undir 200 íbúðir í Krikahverfi í Mosfellsbæ hófst í gær. Sá háttur-inn verður hafður á, í fyrsta sinn á Íslandi svo vitað sé, að hreyfihömluðum og fjölskyldum þeirra er veittur forgangur að umsóknum um fjögur einbýlishús víðs vegar í hverfinu.

Markmiðið með því er að gera hreyfihömluðum kleift að byggja hús sem hannað er frá upphafi með þarfir þeirra í huga og auðveldar þeim því að lifa eðlilegu heimilislífi, að sögn Haraldar Sverrissonar, formanns skipulags- og byggingarnefndar.

Áætlað er að samanlagður kostnaður vegna framkvæmdanna í Krikahverfi verði um átta milljarðar og að fólksfjölgun í Mosfellsbæ verði um átta prósent þegar hverfið er fullbyggt.

Gert er ráð fyrir 68 einbýlishúsum í hverfinu, sex parhúsum, átta raðhúsum sem í verða alls 31 íbúð og fimm fjölbýlishúsum sem verða alls með 83 íbúðum. Hægt verður að byggja á lóðunum 1. júlí á næsta ári.

Krikahverfið liggur að Vesturlandsvegi til vesturs, Reykjavegi til norðurs, landi Teigs til austurs og Lágafelli til suðurs þar sem við tekur gróið skógræktarsvæði. **- jse**

Umferðarslys á Snæfellsnesi:

## Þyrlan sótti slasaða konu

**UMFERÐARSLYS** Kona slasaðist þegar rúta og fólksbíll lentu í árekstri við afleggjarann að Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi í hádeginu í gær. Konan var flutt með sjúkrabíl í Stykkishólm en þangað sótti þyrla landhelgisgæslunnar hana og flutti á Landsspítalann í Fossvogi. Þyrlan var komin til Reykjavíkur í þriðja tímanum í gær. Konan hafði þríbrotnað á fótlegg.

Einn farþegi rútunnar var fluttur til Grundarfjarðar til skoðunar með minniháttar meiðsli. **- saj**



**TF-LÍF** Þyrla landhelgisgæslunnar sótti slasaða konu á Snæfellsnes í gær.

**HEILBRIGÐISMÁL**

**Þjónustu verður ekki hætt** Sæunn Stefánsdóttir aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra segir mikilvægt að árétta að geðlæknisþjónustu við börn og unglinga verði ekki hætt í desember. Haft var eftir geðlækni í fréttum Útvarpsins að fjárveiting frá ríkinu yrði þá uppurin og þjónustu yrði því hætt. Sæunn segir að samningar sem undirritaðir hafa verið við lækna tryggi að þjónustu verði ekki hætt þó svo farið yrði fram úr fjárveitingu.

# e-KORTHAFAR ATHUGIÐ

# 10%

# ENDURGREIÐSLA

Þeir sem greiða með e-korti fá 10% endurgreiðslu **af öllum vörum** hjá Hagkaupum í dag! Endurgreiðslan kemur með ávísun í desember 2005.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




ekort

www.ekort.is



**Eitt símtal**
550 5000



**Fimm miðlar**

**Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!**

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.

**Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!**

fm 98,9 BYLGJAN · Létt 96,7 Réttu lögin...alltaf! · Talstöðin FM 90,9 · vísir · FRÉTTABLAÐIÐ

**Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna**


Farþegar skemmtiferðaskips sluppu naumlega undan sjóræningjum:

# Sá sjóræningjann glotta við tönn

**SEYCHELLESEYJAR, AP** Áhöfn og farþegar skemmtiferðaskipsins Seabourn Spirit komust í hann krappan úti fyrir ströndum Sómalíu um helgina þegar sjóræningjar gerðu tilraun til að ræna skipinu.

„Þetta var óhugnanleg upplifun, ég get fullvissað þig um það," sagði Charles Supple, stríðshetja úr síðari heimsstyrjöldinni og einn af 160 farþegum Seabourn Spirit, í samtali við AP-fréttastofuna á mánudag, en þá lagði skipið að bryggju á Seychelles-eyjum í Indlandshafi. Supple ætlaði að taka mynd af hraðbáti sem kom siglandi að skipinu en í gegnum linsuna sá hann mann með sprengjuvörpu sem allt í einu kom blossi úr. „Ég fleygði frá mér myndavélinni og beygði mig. Sprengjan sprakk tveimur þilförum fyrir ofan mig. Ég sver að ég sá gaurinn með sprengjuvörpuna glotta við tönn."

Áhöfn skemmtiferðaskipsins tókst að breyta stefnu og auka hraðann og stinga þannig sjóræningjana af. Mikil mildi þótti að enginn skyldi slasast alvarlega því byssukúlum og handsprengjum rigndi yfir skipið um tíma.

Sjórán hafa mjög færst í vöxt undan ströndum Sómalíu en það sem af er árinu hefur tuttugu skipum verið rænt. Kjöraðstæður eru til sjórána á þessum slóðum þar sem upplausn ríkir í Sómalíu og löggæsla í efnahagslögsögunni tæpast forgangsatriði. **- shg**



**SEABOURN SPIRIT** Óprúttnir sjóræningjar frá Sómalíu reyndu að hremma skipið á siglingu þess á Indlandshafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR FORSETI ALÞINGIS** Framhaldsskólakennarar skora á stjórnvöld að hverfa frá styttingu framhaldsskólanámsins um eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögðu niður vinnu

**Framhaldsskólakennarar skora á menntamálaráðherra að hætta við að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrú. Þeir segjast ekki mótfallnir því að endurskipuleggja skólagönguna alla en aðferð ráðherrans sé röng.**

**MENNTAMÁL** Kennarar framhaldsskóla, sem starfa samkvæmt bekkjarkerfi, lögðu niður vinnu í eina kennslustund í gær til þess að mótmæla áformum stjórnvalda um styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Þeir afhentu Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, áskorun þessa efnis. Fyrirhuguð stytting snertir sérstaklega MR, MA, Menntaskólann við Sund, Kvennaskólann og Verslunarskóla Íslands.

Kolbrún Elva Sigurðardóttir, latínukennari í Menntaskólanum í Reykjavík, segir kennara ósátta við aðferðir menntamálaráðherra. „Við höfum reynt að koma okkar málstað á framfæri og rætt við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra á fundi. En það virðist ekki skipta neinu máli hvað við segjum. Við viljum að öll þjóðin sameinist í umræðu um málið. Þetta er ekki innanhússmál ráðuneytisins."



**KOLBRÚN ELVA SIGURÐARDÓTTIR KENNARI Í MR** „Við viljum að öll þjóðin sameinist í umræðu um málið. Þetta er ekki innanhússmál ráðuneytisins."

Kolbrún Elva segir að endurskoða megi forsendurnar allar. „En það þarf að þrauthanna kerfið frá grunni og finna hvar kerfisvillan er ef hún er þá einhver. Skoða upphaf skólagöngunnar og taka að lokum mið af því hvaða kröfur eru gerðar til háskólastúdenta. Sagt er að við getum gert þetta eins og aðrar þjóðir og við höfum ekkert á móti því að skila nemendum frá okkur 19 ára. En aðferðin er röng," segir Kolbrún Elva.

Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, hefur farið fram á utandagskrárumræður um málið. „Ég styð það að námstíminn að stúdentsprófi sé styttur. Þetta er þróun síðustu ára. Nemendur geta nú þegar lokið námi á fimm til sex önnum ef þeir valda hraðanum. Misskilningurinn hjá menntamálaráðherra snertir bekkjarkerfið sem er enn fyrir hendi í nokkrum skólum. Þar snýst allt um þetta eina ár. Ég held að einfalda leiðin sé að breyta þeim í áfangaskóla en leyfa þeim að öðrum kosti að halda sínum fjórum árum. Vandinn er ekki til staðar í áfangakerfinu. Sveigjanleikinn og valfrelsið er fyrir hendi. Þetta er misskilningur og aðferðin röng hjá ráðherra," segir Björgvin G. Sigurðsson.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var fjarverandi þegar kennararnir afhentu þingforseta áskorun sína og Fréttablaðið náði ekki sambandi við hana í gær.

johannh@frettabladid.is





**ALLT UM EDDUNA Á VISIR.IS**

**taktu þátt – kjóstu núna**

**þú gætir unnið miða fyrir tvo á Edduhátíðina**

**Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin**

vísir

www.expressferdir.is



INNIFALIÐ:
FLUG BÁÐAR LEIÐIR
SKATTAR OG SKYLDUR
ÞRJÁR NÆTUR Á GÓÐU HÓTELI MEÐ MORGUNMAT

# 29.900

## Flug og hótel í 3 nætur í London eða Kaupmannahöfn

# HVERSDAGSLEGAR FERÐIR!

Áttu inni nokkra frídaga? Express Ferðir bjóða nú þriggja nátta stórborgarferð með öllu fyrir litlar **29.900 krónur**! Farðu til London eða Kaupmannahafnar á mánudegi og heim aftur síðdegis á fimmtudegi. Þannig hefur þú nánast fjóra daga til að slappa af og kaupa jólagjafirnar án þess að lenda í helgarösinni. Þú getur líka bætt 4000 krónum við miðaverðið og gist á enn betra hóteli.

**Fyrir 29.900 kr. færðu:** Flug báðar leiðir, skatta og gistingu í þrjár nætur á góðu hóteli með morgunmat. Er hægt að biðja um meira?

**Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á expressferdir.is**

Express Ferðir
www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100



**VIÐ KVIKMYNDAGERÐ** Umhverfisverndarsinnar í Ungverjalandi mótmæla kvikmyndun bandarísku myndarinnar The Eragon. Myndin á að gerast á miðöldum. AP

Útvegsmenn segja fjárfestingar vegna kolmunnaveiða hafa borgað sig:

# Veiðarnar eru afar mikilvægar

**SJÁVARÚTVEGUR** „Á því leikur enginn vafi að þrátt fyrir miklar fjárfestingar vegna kolmunnaveiða þá hafa þær veiðar borgað sig þótt minna veiðist nú en áður," segir Friðrik Arngrímsson hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Mörg sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi skuldsettu sig nokkuð um miðjan síðasta áratug til að fjármagna kaup á nýjum skipum og búnaði sem dyggði til kolmunnaveiða sem hófust hér við land árið 1997. Veiðin fyrstu þrjú árin var dræm en Friðrik segir veiðarnar engu að síður hafa verið mikilvægar fyrir sjávarútveginn.

„Vissulega þurfti að fjárfesta í öflugri vélum og öðrum búnaði til að hefja veiðar á kolmunna en á það ber einnig að líta að þau skip sem þannig voru sérútbúin eru nothæf í aðrar veiðar líka og því ekki hægt að tala um slæmar fjárfestingar. Veiðin hefur dregist saman síðustu tvö ár en sökum þeirrar veiðireynslu sem við höfum í dag fengum við úthlutað úr stofni strandríkjanna nú fyrir skömmu. - aöe



**DRÆMAR KOLMUNNAVEIÐAR** Á þessu ári hafa aðeins veiðst rúm 250 þúsund tonn af kolmunna samanborið við 500 þúsund tonn árið 2003.

Mannanöfnin breytast:

# Stúlkur eru nefndar Ikea

**MANNANÖFN** Nafnavenjur breytast víðar en á Íslandi og foreldrar virðast tilbúnir að gera allt til að skapa börnum sínum sérstöðu í samkeppnisheimi.

Í Svíþjóð hafa menn þannig veitt því eftirtekt að æ fleiri sænskir foreldrar taka upp á því að nefna stúlkubörn sín Ikea eftir samnefndri húsgagnaverslun og einu þekktasta sænska vörumerki heims.

Í Bandaríkjunum varð frægt þegar leikkonan Gwyneth Paltrow nefndi barn sitt Apple eða Epli. Af öðrum óvenjulegum erlendum nöfnum má nefna Bambi, Apríkósa, Karamella og Paprika. ■

Breska ríkisstjórnin:

# Nítíu daga ákvæði haldið

**BRETLAND** Charles Clarke, innanríkisráðherra Bretlands, kveðst vongóður um að neðri deild þingsins muni í dag samþykkja lagafrumvarp stjórnarinnar sem kveður meðal annars á um að halda megi grunuðum hryðjuverkamönnum í allt að níutíu daga án ákæru.



**CHARLES CLARKE** NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnin dró frumvarpið til baka í síðustu viku þegar allt stefndi í að allmargir þingmenn Verkamannaflokksins greiddu atkvæði gegn því, auk þingflokka frjálslyndra demókrata og íhaldsmanna. Nú hefur endurskoðunarákvæði verið bætt inn í frumvarpið og því býst ráðherrann við að það verði samþykkt. ■



**GJÖFIN AFHENT** Fulltrúar frá skólunum komu í aðalútibú bankans á Akureyri og tóku við gjöfinni. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Nýir taflmenn og borð fyrir árlegt skákmót barna og unglinga:

# Grunnskólunum gefin töfl

**AKUREYRI** KB banki á Akureyri færði á dögunum öllum grunnskólunum átta á Akureyri taflmenn og taflborð að gjöf en hver skóli fékk fjögur til átta töfl eftir fjölda nemenda.

Taflborðin eru viðurkennd af Skáksambandi Íslands og nýtast því sem keppnisborð en bankinn stendur einnig fyrir árlegu barna- og unglingaskákmóti á Akureyri í samstarfi við Skákfélag Akureyrar. - kk

# Völd forsetans til skoðunar

**Hæstiréttur Bandaríkjanna ætlar að skera úr um hvort ríkisstjórnin hafi vald til að stofna herdómstóla sem rétta yfir meintum hryðjuverkamönnum.**

**BANDARÍKIN** Hæstiréttur Bandaríkjanna ákvað í fyrradag að taka til umfjöllunar hvort sérstakir herdómstólar í málum grunaðra hermdarverkamanna sem ríkisstjórnin hyggst setja á fót standist lög.

Málið snýst í raun um þrískiptingu ríkisvaldsins í svonefndu stríði gegn hryðjuverkum en hingað til hefur framkvæmdavaldið nánast einokað þá baráttu. George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur ávallt haldið því fram að sem æðsti yfirmaður heraflans hefði hann völd til að ákveða hverjir yrðu hnepptir í varðhald, hvernig yfirheyrslum yfir þeim yrði háttað og hvaða dóm þeir myndu að lokum hljóta.

Ákvörðun hæstaréttar um að taka mál Salim Ahmed Hamdan, bílstjóra Osama bin Laden, sýnir að mati dagblaðsins Washington Post að dómararnir telji að dómsvaldið eigi að hafa sitt að segja í þessum efnum. Dómararnir segjast einkum ætla að svara þeirri spurningu hvort Bush hafi vald til að setja á fót herdómstólana og hvort borgaralegir dómstólar í Bandaríkjunum geti fjallað um mál fanga í haldi stjórnarinnar og þannig fært þeim þau réttindi sem þeir nytu undir Genfarsáttmálanum.

Ákvörðun réttarins gæti varla komið á verri tíma fyrir ríkisstjórn Bush. Öldungadeild þingsins samþykkti á dögunum breytingatillögu repúblikanans John McCain þar sem blátt bann er lagt við pyntingum og grimmilegri meðferð á föngum. Frá því hefur verið greint að Dick Cheney varaforseti hefur þrýst mjög á þingmenn að breyta reglunum á þann veg að leyniþjónustan CIA fái undanþágu frá þeim. Hvíta húsið hefur hótað að beita neitunarvaldi til að koma í veg fyrir að málið nái fram að ganga. Til að bæta gráu ofan á svart hafa umræður um leynifangelsi CIA í Austur-Evrópu og víðar þar sem grunaðir hermdarverkamenn eru að líkindum pyntaðir komið sér mjög illa fyrir stjórnina.

Allt frá hryðjuverkaárásunum 11. september 2001 hefur forsetinn gripið til umdeildra meðala í stríðinu gegn hryðjuverkum. Meðal annars hefur hann haldið því fram að borgaralegir dómstólar hafi ekki getu til að fjalla um mál hryðjuverkamanna og að grunaðir liðsmenn al-Kaída sem handsamaðir hafa verið, til dæmis í Afganistan, njóti ekki verndar Genfarsáttmálans þar sem þeir eru ekki stríðsfangar heldur „ólöglegir vígamenn". Því mega herdómstólar fjalla um mál þeirra.

Þessu eru hins vegar lögmenn Hamdam hins vegar ekki sammála. Þeir segja að Bandaríkjaþing hafi heimilað forsetanum að hneppa hermdarverkamenn í varðhald en ekki að rétta yfir þeim. Til þess þarf aðra samþykkt þingsins. sveinng@frettabladid.is



**VIÐ PYNTUM ENGAN** George W. Bush sagði á blaðamannafundi í Panamaborg í fyrradag, þar sem hann ræddi við Martin Torrijos Panamaforseta, að ríkisstjórn hans léti ekki pynta nokkurn mann. „Óvinurinn liggur í leyni og leggur á ráðin um hvernig hann geti klekkt aftur á Bandaríkjunum. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að stöðva þennan óvin, en það gerum við hins vegar innan ramma laganna." FRÉTTABLAÐIÐ/AP




ENNEMM / SÍA / NM18661

## KB SPARNAÐUR

# Peningar eru ekki með heila. **Það þarf að hafa fyrir því að láta þá bera ávöxt.**



KB banki býður þér úrval sparnaðar-reikninga með frábærri ávöxtun. Veldu reikning eftir upphæð innstæðu, lengd binditíma, verðtryggðan eða óverðtryggðan allt eftir því hvað þér hentar.

| | Vextir | Hentar |
|---|---|---|
| **MARKAÐSREIKNINGUR** | Allt að **8,90%** – stigvaxandi eftir upphæð innstæðu | Fyrir háar fjárhæðir og skamman binditíma |
| **KOSTABÓK** | Allt að **8,90%** – stigvaxandi eftir binditíma innstæðu | Fyrir lágar fjárhæðir og skamman binditíma |
| **BÚSTÓLPI** | **3,45%** – verðtryggður reikningur | Þeim sem vilja binda fjárhæðir til a.m.k. 48 mánaða |

Komdu við í næsta útibúi KB banka, kíktu á **kbbanki.is** eða hringdu í **444 7000** og við finnum góða sparnaðarleið fyrir þig.

KB BANKI



**JUMA HAGAR FÆR SÉR SMÓK** Bandarískir erindrekar hafa reynt að sameina sundraða frelsishreyfinguna í Súdan til að koma á vopnahléi í Darfurhéraði. Hagar, leiðtogi klofningsbrotsins, gekk út af fundi þeirra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimmtán hælisleitendur bíða niðurstöðu Útlendingastofnunar:

# Fimm hafa beðið lengur en ár

**FLÓTTAMENN** Af 26 hælisleitendum hér á landi bíða 15 eftir niðurstöðu Útlendingastofnunar um landvistarleyfi. Níu hafa fengið úrlausn sinna mála og bíða ýmist frávísunar, brottvísunar lögreglu eða annarrar niðurstöðu yfirvalda.

Þetta kom fram í svari Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra, við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur í Samfylkingunni, um fjölda hælisleitenda og aðbúnað þeirra.

Flestir hælisleitendanna eru karlar á þrítugs- og fertugsaldri og af 26 eru sjö frá Rússlandi, þrír frá Íran og tveir frá Armeníu, Litháen og Afganistan.

Margir þeirra hafa dvalið hér mánuðum saman en aðeins fimm hafa verið hér í eitt ár eða lengur.

Útlendingastofnun ber ábyrgð á framfærslu hælisleitenda og gerði samning við Reykjanesbæ í ársbyrjun 2004 um húsnæði fyrir þá og framfærslu. Reykjanesbær hefur í þessu tilliti gert samning við tvö gistiheimili í Reykjanesbæ sem sjá hælisleitendum fyrir fæði og húsnæði en auk þess njóta þeir annarrar þjónustu.

Fram kemur í svari dómsmálaráðherra að flóttamenn og hælisleitendur eiga rétt á ókeypis lögfræðiaðstoð á öllum stigum máls síns hjá íslenskum stjórnvöldum.

- jh






**REYKJANESBÆR** Samningur er í gildi við tvö gistiheimili í Reykjanesbæ um húsnæði og fæði fyrir hælisleitendur.

Stærðfræðikennarar fá styrk:

## Háskólagjöldin niðurgreidd

**MENNTUN** Seltjarnarnesbær og Háskólinn í Reykjavík hafa gert með sér samning um að styrkja stærðfræðikennara til frekara náms.

Samningurinn felur í sér að bæjarfélagið greiði hluta skólagjalda fyrir tvo stærðfræðikennara á Seltjarnarnesi sem nema munu í Háskólanum í Reykjavík. Háskólinn fellir svo niður hluta skólagjaldsins.

Hanna Dóra Birgisdóttir sem kennir við Valhúsaskóla og Kristín Kristinsdóttir kennari við Mýrhúsaskóla hluti styrkinn að þessu sinni.

- jse



**RÝNT Í ÚRSLITIN** Þessi kartöflusölumaður í Bakú reyndi að glöggva sig á kosningaúrslitunum í gær en það virtist hægara sagt en gert. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeildar þingkosningar:

## Úrslit ógild í tveimur sýslum

**BAKÚ, AP** Landskjörstjórn Aserbaídsjan hefur ógilt í tveimur kjördæmum niðurstöður þingkosninganna um helgina. Auk þess hefur hún fyrirskipað endurtalningu í tveimur kjördæmum til viðbótar.

Stjórnarandstæðingar staðhæfðu strax að loknum kjörfundi að víðtækt svindl hefði átt sér stað og í vikubyrjun sögðu eftirlitsmenn Öryggissamvinnustofnunar Evrópu að kosningarnar uppfylltu ekki alþjóðleg skilyrði.

Stjórnarflokkarnir hafa lýst yfir sigri en stjórnandstaðan vonast til að tugþúsundir muni fylkja liði í höfuðborginni Bakú í dag og mótmæla stjórninni. ■

# Íslenskir karlar verða elstir

**Útgjöld til forvarnarstarfa á heilbrigðissviði á Íslandi eru með því sem lægst gerist í löndum OECD. Meðalævilíkur karlmanna eru hæstar á Íslandi, eða 79 ár og fæstir léttburar fæðast hér á landi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Útgjöld til lýðheilsueflingar og forvarnarstarfa á heilbrigðissviði á Íslandi sem hlutfall af útgjöldum til heilbrigðismála, eru með því sem lægst gerist í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Samkvæmt nýrri skýrslu OECD um heilbrigðismál verja Íslendingar 1,4 prósentum af heilbrigðisútgjöldum til forvarnarstarfs og lýðheilsueflingar en meðaltalið í ríkjunum er um þrjú prósent. Hlutfallið er mest í Kanada, eða átta prósent.

Í skýrslunni kemur fram að lífslíkur karlmanna við fæðingu eru mestar á Íslandi, eða 79 ár. Konur lifa að meðaltali lengsta ævi í Japan, eða 85,3 ár en Ísland er í sjöunda sæti þar sem konur lifa að meðaltali í 82,4 ár. Meðalævilíkur óháðar kyni eru hæstar í Japan en næsthæstar á Íslandi.

Krabbamein er næstalgengasta dánarorsök fólks í OECD ríkjunum, en hjartasjúkdómar algengasta. Dauðsföll karla af völdum krabbameins á Íslandi er hlutfallslega með því sem minnst gerist. Aðeins í Svíþjóð er hlutfallið lægra og jafnhátt í Finnlandi. Hvergi látast færri úr krabbameini í blöðruhálskirtli en á Íslandi.

Á Íslandi, líkt og í öllum öðrum löndum OECD, látst hlutfallslega fleiri karlmenn en konur úr krabbameini. Aðeins í níu löndum af 27 deyja hlutfallslega fleiri konur úr krabbameini en á Íslandi en tíðni dauðsfalla úr brjóstakrabbameini á Íslandi er rétt undir meðaltali landanna.

Þá kemur fram að hvergi innan OECD er barnadauði minni en á Íslandi og fjöldi léttbura er hér minnstur. Tannheilsa barna hefur batnað mest á Íslandi á árunum 1980 til 2000 og eru íslensk börn í tíunda sæti á lista yfir fæstu tannviðgerðirnar.

Hlutfallslegur fjöldi lækna og hjúkrunarfræðinga á Íslandi er með því sem mest gerist af ríkjunum 27. Við höfum næstflestu hjúkrunarfræðingana og fjórðu flestu læknana. Aðeins í tveimur löndum er hlutfall kvenkyns lækna þó lægra en á Íslandi, Bandaríkjunum og Japan. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að tæknilega séð eru Íslendingar mjög framarlega í heilbrigðisþjónustu og eru til að mynda hvergi í heiminum til fleiri tæki til geislameðferðar á hvern íbúa.

sda@frettabladid.is






**Í RÍKJUM OECD ERU MEÐALÆVILÍKUR ÍSLENDINGA NÆSTMESTAR** Íslenskir karlar lifa lengst allra karlmanna í ríkjum OECD, eða 79 ár að meðaltali. Konur lifa lengst í Japan, þar sem þær lifa að meðaltali í rúm 85 ár. Íslenskar konur lifa að meðaltali í 82,4 ár og eru í sjöunda sæti yfir meðalævilíkur.






**Enn ein**
Metsölubókin?



# Landsliðsréttir

Hagkaupa komin í verslanir!

**238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistara**



**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## „ORÐRÉTT“

*Röng áætlun*

**„Okkur hefur ekki tekist að fjölga farþegum eins og við gerðum okkur vonir um.“**

**Björk Vilhelmsdóttir, formaður stjórnar Strætó, í Fréttablaðinu, um að Strætó hafi farið 115 milljónir fram úr áætlun.**

*Afsakið*

**„Við biðjum þá viðskiptavini okkar sem hafa misskilið þetta afsökunar.“**

**Hermann Jónasson hjá sölu- og markaðssviði Landsbankans, í Morgunblaðinu, um ómerkta auglýsingu í formi dreifibréfs.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HÁKON AÐALSTEINSSON, BÓNDI OG HAGYRÐINGUR

# *Verða einmana uppi á heiðum*



„Það er nú ekkert sérstakt að frétta, hér er bara gott veður og fé komið af fjalli, menn eru þó að huga að einhverjum eftirreitum,“ segir Hákon Aðalsteinsson, hagyrðingur og skógarbóndi í Húsum í Fljótsdal.

„Svo var bændahátíð haldin á Egilsstöðum fyrir skemmstu og þar var mikið húllumhæ og eins þegar tveir sveitungar hér héldu upp á stórafmæli sín með pomp og prakt.“

Hákon var spurður að því hvort hann væri að yrkja eitthvað um þessar mundir. „Nei, ég geri lítið af því núna og þó er mér ekkert sérlega stirt um stef. Það er bara ekki hægt að vera að sprauta þessu yfir almenning í tíma og ótíma.“

Og svo er það rjúpan. „Það hefur verið lítið af rjúpu hér enda var það fyrirséð. Við sem förum um fjöll hér vorum búnir að sjá það að rjúpunni væri ekkert að fjölga þótt menn væru að gera því skóna. Við hefðum geta sagt fræðingunum frá þessu en við erum bara ekki spurðir, þetta er allt saman gert eftir einhverjum bókmenntum.

En ég hef einnig verið að fara með skyttur hér á fjöll á hreindýraveiðar. Þetta geta verið erfiðar ferðir en samt skemmtilegar og maður kynnist góðum skyttum og fyrirtaksfólki. Það er gaman að segja frá því að skytturnar frá hinum Norðurlöndunum eru vanar að hafst við í skógum og verða því hálf einmana uppi á heiðunum í þessari gríðarlegu víðáttu sem hér er.

En veiðarnar gengu vel og kvótinn náðist, eða svona eins og þurfti.“

Engin bók kemur út eftir Hákon um þessi jól en hann gengur þó með einhver ritverk í maganum. „Jú, ég er eitthvað að skrifa, svona smásögur og sögur af fólki og annað þvíumlíkt. Ætli maður bindi þetta ekki einhverntímann í bók, ég á svona frekar von á því.“



**ELDFIMUR** eldgleypir sýnir listir sínar við upphaf Huizhou hátíðarinnar í Shexian-héraði í Kína. AP



**ÚTFARARSTJÓRI** Frímann Andrésson, útfararstjóri í Fossvogskirkjugarði, veit ekki til þess að farsími hafi verið settur í kistu með eiganda sínum hér á Íslandi. PJETUR

# Veiðistöng í kistunni

**Alls kyns munir eru settir í kistur hjá látnu fólki. Allt frá skartgripum og blómum til veiðistanga og gæludýra. Enginn framliðinn Íslendingur hefur þó tekið farsíma yfir móðuna miklu.**

Frímann Andrésson, útfararstjóri í Fossvogskirkjugarði, segir mjög algengt að skartgripir, blóm og myndir séu settar í kistur hjá látnum ættingjum og vinum. Þetta hafi tíðkast lengi og segir Frímann Íslendinga fremur fastheldna í þessum málum. Hins vegar komi öðru hverju upp tilvik þar sem persónulegir hlutir séu settir í kistuna. „Þetta eru hlutir eins og sígarettupakki eða veiðistöng,“ segir Frímann, en furðulegast fannst honum þegar köttur var grafinn með eiganda sínum. „Þetta var köttur sem hafði fylgt eiganda sínum lengi og enginn gat tekið við,“ segir Frímann, sem segir engar reglur lúta sérstaklega að því hvað megi fylgja hinum látna í gröfina.

Heyrst hefur af því í útlöndum að látnir séu farnir að taka farsímana með sér í gröfina. Frímann veit ekki til þess að slíkt hafi verið gert hér á landi og þykir í raun mjög ólíklegt að það verði á næstunni.

Oft á tíðum eru settir hlutir í kistuna sem tengjast áhugamálum fólks eins og veiði og íþróttum. „Oft er komið með þetta til okkar strax og við sjáum um að setja hlutinn í kistuna,“ segir Frímann en oft á tíðum kemur fólk með minni hluti með sér í kistulagninguna. „Stundum er þá sígarettupakka eða viskifleyg gaukað ofan í kistuna,“ segir Frímann, en oftar en ekki eru það nánir vinir en ekki fjölskylda sem gerir slíkt.

Frímann segir það aukast að fólk sé jarðað í sínum eigin fötum en hjá útfararþjónustunni er hægt að fá sérstök líkklæði úr hvítu bómullarefni. „Algengast er að hinir látnu séu klæddir í sparifötin, náttföt eða jogginggalla,“ segir Frímann en sumir séu einnig klæddir í einkennisföt og þá séu frímúrarar stundum jarðaðir í kjólfötum. „Mér finnst það persónulegra og brýtur svolítið upp, enda allt annað í kistunni hvítt,“ segir Frímann sem óttast ekki að setja þurfi reglur um farsíma í líkkistum. ■


# Hugaðu að heilsunni

Umhverfisvænar snyrti- og hreinsivörur draga verulega úr líkum á ofnæmisviðbrögðum í líkamanum og með því að nota þær leggjum við okkar að mörkum til umhverfisverndar. Í Fræinu í Fjarðarkaupum fæst mikið úrval af hreinsi- og snyrtivörum úr lífrænum hráefnum.

Fegrum heimilið og verndum náttúruna.




FRÆIÐ

FRÆIÐ Í FJARÐARKAUPUM
SÉRVERSLUN MEÐ HEILSUVÖRUR

FK FJARÐARKAUP


Stuðningsmannaklúbbur Manchester United:

# Gaf Hringnum áritaða treyju

Þegar Daníel Árnason lá á Barnaspítala Hringsins fyrr á árinu tók hann strax eftir árituðum treyjum leikmanna Chelsea og Liverpool á vegg í unglingaherberginu og saknaði treyju áritaðri af sínum mönnum í Manchester United. Faðir drengsins kom áleiðis ósk til stjórnar stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi um að úr þessu yrði bætt. Í sumar tókst stjórninni að fá slíkan kostagrip sem hún afhenti nýlega Barnaspítala Hringsins og fékk frábærar viðtökur.

Börn og unglingar á Barnaspítalanum, svo og læknar, hjúkrunarfólk og aðstandendur barnanna voru viðstaddir mjög vel heppnaða athöfn.



**VEL ÞEGIN** Áritaða Manchester United-treyjan vakti mikla lukku hjá börnunum á Barnaspítala Hringsins.

Treyjunni hefur verið fundinn staður á vegg í unglingaherberginu þar sem tómstundaaðstaða er fyrir unglinga með sjónvarpi, tölvum og leiktækjum. ■






### AÐ HORFA TIL FRAMTÍÐAR

Það er mikilvægt að gleyma ekki uppruna sínum, hvað fyrirtækið stendur fyrir, hvað maður kann og hverju maður er góður í. Tækifærin eru óþrjótandi, fyrir hverjar dyr sem við höfum opnað hafa opnast þrjár nýjar fyrir innan. Heimurinn er ekki stór og þegar rétt er staðið að málum eru engin takmörk fyrir því hversu langt er hægt að ná.

### AÐ NÝTA ÚTRÁSINA TIL HAGSBÓTA FYRIR VIÐSKIPTAVINI SÍNA

Eftir kaupin hafa Loewy og Hvíta húsið unnið saman að verkefnum hér heima og úti fyrir viðskiptavini beggja stofa. Alþjóðleg reynsla Loewy nýtist viðskiptavinum Hvíta hússins bæði hér heima og erlendis en hefur jafnframt fært Loewy aukin sóknarfæri. Hvers kyns samvinna og menningarleg samskipti milli stofanna aukast stöðugt sem aftur víkkar sjóndeildarhring allra á Hvíta húsinu.

### AÐ GETA FJÁRMAGNAÐ KAUPIN ÁN OF MIKILLAR ÁHÆTTU

Hvíta húsið keypti 10% hlut í Loewy Group. Fjármögnunin var með eftirfarandi hætti: Helmingur kaupverðs var fjármagnaður með hlutafjáraukningu hluthafa og hluta af eigin fé félagsins. Hinn helmingur kaupverðsins var fjármagnaður með langtímaláni. Þessi aðferð tryggir að kaupin verða ekki íþyngjandi í daglegum rekstri.

### AÐ VELJA RÉTTAN SAMSTARFSAÐILA

Við völdum auglýsingastofu sem stóðst þær þrjár meginkröfur sem við gerðum: Við vildum stofu sem væri, líkt og Hvíta húsið, með víðtæka þjónustu á sviði auglýsingagerðar og markaðsráðgjafar. Við vildum stofu sem stæði vel fjárhagslega og væri þar að auki í örum vexti. Og við vildum stofu sem væri andlega skyld Hvíta húsinu, þ.e. hefði svipaðan karakter. Þessir eiginleikar voru allir til staðar hjá Loewy þar sem topp fagmenn eru í hverju starfi, fólk frábært er að vinna með. Sjá nánari upplýsingar um Loewy Group á www.loewygroup.com.

### AÐ HAFA MARGA VALKOSTI

Við réðum reyndan fjármálaráðgjafa með sérþekkingu á breska auglýsinga-stofumarkaðnum til þess að gera forkönnun og koma á fundum með þeim stofum sem þóttu koma til greina. Leit hans skilaði fjölmörgum áhugaverðum kostum og þegar upp var staðið í þessu ferli höfðum við rætt við sjö auglýsingastofur, ólíkar að stærð og gerð. Arev kom svo aftur að málinu ásamt lögfræðistofunni Heatons LLP þegar samningaviðræður hófust.

### AÐ GREINA STÖÐUNA

Í upphafi er mikilvægt að vita hvernig maður stendur. Því leituðum við til ráðgjafarfyrirtækisins Arev í London. Þar var sérstaða Hvíta hússins metin með tilliti til reynslu okkar af starfi jafnt á erlendum mörkuðum sem heimamarkaði. Í framhaldi af því var mörkuð stefna um með hvaða hætti væri farsælast að koma inn á markaðinn. Niðurstaðan var að taka upp samstarf við aðila í London sem þekkti markaðssamfélagið þar út í gegn.

### AÐ VITA TIL HVERS FERÐIN ER FARIN

Góður árangur Hvíta hússins í erlendum samkeppnum ásamt vinnu fyrir íslensk fyrirtæki erlendis og alþjóðleg vörumerki, eins og MasterCard, vakti löngun okkar til þess að víkka sjóndeildarhringinn enn frekar og skjóta fleiri stoðum undir rekstur fyrirtækisins. Störf okkar fyrir íslensk útrásarfyrirtæki, s.s. Actavis, Íslandsbanka og Baug, sköpuðu reynslu og sambönd sem gefa ný sóknarfæri erlendis.

Mörg íslensk fyrirtæki hyggja á útrás. Þegar farið er inn á nýjar brautir er gott að geta nýtt sér reynslu annarra. Auglýsingastofan Hvíta húsið lagði drög að sinni útrás með kaupum á hlut í auglýsingastofunni Loewy Group í London. Reynsla okkar er hér skráð í gröfum dráttum svo hún megi gagnast öðrum fyrirtækjum í sömu sporum.

# ÚTRÁS FYRIR BYRJENDUR

## OG LENGRA KOMNA

HVÍTA HÚSIÐ

## SVONA ERUM VIÐ

> HLUTUR MÁLMA Í HEILDARVERÐMÆTI SELDRA FRAMLEIÐSLUVARA

Heimild: Hagstofa Íslands




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: ASERBAÍDSJAN

# Olíuríkt Kákasuslýðveldi

Lýðveldið Aserbaídsjan í suðaustanverðum Kákasusfjallgarðinum fékk sjálfstæði er Sovétríkin liðu undir lok árið 1991, en þá geisaði stríð milli þess og nágrannalýðveldisins Armeníu. Aserbaídsjan fékk aðild að Evrópuráðinu árið 2001 og glímir nú við að koma á lýðræðis- og réttarríkislegum stjórnarháttum. Í byrjun vikunnar fóru fram þingkosningar í landinu sem alþjóðlegir eftirlitsmenn höfðu margt við að athuga.

**Hver er saga landsins?** Það landsvæði sem Aserbaídsjan nær nú yfir hefur frá fornu fari verið þekkt fyrir náttúrulegar olíu- og gasuppsprettur. Áhangendur Zaraþústratrúar, sem átti upptök sín í Persaveldi hinu forna, reistu þar hof utan um brennandi gasuppsprettur enda álitu þeir guðlegan mátt búa í eldi. Ein kenningin um uppruna nafns landsins er að það sé kennt við eld. Einn fyrsti olíuborturn heims var reistur suður af höfuðborginni Bakú við Kaspíahaf árið 1849, en þá var svæðið orðið hluti af rússneska keisaradæminu. Um aldamótin 1900 kom nær önnur hver tunna sem dælt var upp af hráolíu í heiminum upp úr olíulindum Aserbaídsjans.

**Hver hefur þróunin verið frá falli Sovétríkjanna?** Aserbaídsjan varð hluti af Sovétríkjunum árið 1922. Upplausnarástand var í landinu er Sovétríkin hrundu árið 1991. Armenar í héraðinu Nagorno-Karabakh lýstu yfir vilja til að sameinast Armeníu. Stríð braust út. 1994 var gert vopnahlé. Haydar Alíjev stjórnaði landinu aftur frá árinu 1993 og markaðsvæddi hagkerfið. Valdstjórnartilburðir hans skópuðu stjórn hans þó vafasaman orðstír á Vesturlöndum. Þegar hann dó árið 2003 tók sonur hans, Ilham, við sem forseti, en hann var áður orðinn forsætisráðherra og forstjóri ríkisolíufyrirtækisins.


OLÍUBORTURNAR Í BAKÚ

Ráðamenn í Aserbaídsjan hafa sætt þrálátum ásökunum um spillingu og kosningasvik. Þeir reyna að þræða milliveg þess að þóknast hagsmunum Rússlands og Vesturlanda á hinu olíuríka svæði. Í maí í vor var byrjað að dæla Kaspíahafsolíu um nýja olíuleiðslu frá Bakú til tyrknesku hafnarborgarinnar Ceyhan, en hana fjármögnuðu vestræn olíufélög. Íbúar Aserbaídsjans eru um 8,5 milljónir. Þeir eru flestir sjía-múslimar.

## SPURT & SVARAÐ

ERLENT VINNUAFL


ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON
Formaður Samiðnar

### Á launum undir taxta

Erlendum starfsmönnum hérlendis fjölgar daglega enda mikill vöxtur og brýn þörf fyrir bæði faglært og ófaglært starfsfólk. Þorbjörn Guðmundsson er formaður Samiðnar, sambands iðnfélaga á Íslandi.

**AF HVERJU VALDA ÚTLENDINGAR ÓLGU Á VINNUMARKAÐNUM?** Tvennt kemur þar til. Annars vegar virða þessir menn ekki reglur okkar hér um starfsréttindi. Hitt vandamálið er að margt af þessu fólki er að starfa á launum sem eru langt undir íslenskum kjörum og setja þannig pressu á íslenskt starfsfólk að lækka laun sín.

**EN ER EKKI BRÝN ÞÖRF FYRIR ERLENT VINNUAFL HÉR Á LANDI?** Vissulega er þörfin mikil en fólk verður að spila eftir þeim leikreglum sem hér eru í gildi og krefjast sambærilegra launa og greidd eru hér.

**HVAÐ ER TIL RÁÐA?** Að vera á varðbergi og gera það að kröfu að allt það erlenda fólk sem hingað sækir sér vinnu fái laun og öðlist réttindi sem

# Dómari gerir efnahagsbrotadeild afturreka vegna slælegrar vinnu

**Verulegum hluta tveggja stórra mála á vegum ríkislögreglustjóra hefur að undanförnu þótt svo verulegum annmörkum háð að vísa beri þeim frá dómi, mál Frjálsrar fjölmiðlunar og Baugs. Í fleiri stórum málum hefur ákæruvaldið sætt gagnrýni fyrir að sinna ekki rannsókn sem skyldi.**


**HARALDUR JOHANNESSEN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Embætti ríkislögreglustjóra hefur orðið uppvíst að því að klúðra ákærum í tveimur stærstu málum sinnar tegundar að undanförnu. Baugsmálið er stærsta mál sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ráðist í og mál Frjálsrar fjölmiðlunar stærsta gjaldþrot sögunnar.


**JÓN H. B. SNORRASON SAKSÓKNARI** Hefur sagt í fjölmiðlum að hann taki frávísun í máli Frjálsrar fjölmiðlunar alvarlega og dómur hæstaréttar í Baugsmálinu hafi verið sér vonbrigði. Alvarlegir annmarkar voru í ákærum beggja mála.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú vísað frá dómi framhaldsákærum í stærsta gjaldþrotamáli sögunnar, Frjálsrar fjölmiðlunar, vegna þess að saksóknara ríkislögreglustjóra tókst ekki að gefa út leiðrétta framhaldsákæru innan settra tímamarka. Er þetta í annað sinn á skömmum tíma sem stóru máli er vísað frá að verulegu leyti vegna ágalla á ákæru. Frávísun stærsta hluta Baugsmálsins fyrir skömmu var sögð áfall fyrir ákæruvaldið, en þar var um að ræða umfangsmesta mál sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur tekist á við.

Mál Frjálsrar fjölmiðlunar og tengdra fyrirtækja komst í uppnám í september eftir að ljóst var að í ákærunni væru alvarlegar villur í fjórum liðum hennar. Slíkar villur eru alla jafna hægt að laga með framhaldsákæru, en hún er gefin út þegar í ljós koma augljósar innsláttarvillur eða annað slíkt í ákærum. Lagaramminn til leiðréttinga með slíkum ákærum er hins vegar þröngur og meðal annars er útgáfu framhaldsákæra sett tímamörk, en þær þurfa að koma fram innan þriggja vikna eftir að bent er á mistökin. Saksóknara tókst ekki að halda sig innan þeirra tímamarka og því var málinu vísað frá á mánudag. Að fenginni þeirri niðurstöðu getur verið að hluti ákæra í því máli sé ónýtur.

### Vinnubrögðin gagnrýnd

Eiríkur Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, sagði í viðtali við Fréttablaðið þegar niðurstaða hæstaréttar í Baugsmálinu lá fyrir að dómur hæstaréttar væri áfellisdómur yfir vinnubrögðum ákæruvaldsins í málinu. „Það kemur mér á óvart hversu mikið hæstiréttur finnur að ákærunni og satt að segja hefði ég ekki trúað því að hægt væri að gefa út ákæru sem er svo gölluð,“ sagði hann.

Jón H. B. Snorrason, saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir í fjölmiðlum eftir dóm hæstaréttar að aðrir verði að dæma um það hvort dómur hæstaréttar sé áfellisdómur yfir vinnubrögðum deildarinnar. Í viðtali við Fréttablaðið í fyrradag, þegar frávísun héraðsdóms í máli Frjálsrar fjölmiðlunar var ljós, sagði Jón að embættið taki frávísuninni vitanlega alvarlega. „Það er óþekkt fyrirbæri hérna að við verðum fyrir frávísunum,“ sagði hann. Jón skýrði frávísunina þannig að mistök hefðu átt sér stað í ritvinnslu ákærunnar sem höfðu það í för með sér að sundurliðunartöflur enduðu á röngum stöðum.

### Gagnrýni í öðrum dómum

Þá eru fleiri stór mál þar sem ákæruvaldið hefur sætt harðri gagnrýni fyrir að sinna ekki rannsókn mála sem skyldi. Skemmst er að minnast stóra málverkafölsunarmálsins, en í maí í fyrra voru þeir Pétur Þór Gunnarsson og Jónas Freydal Þorsteinsson sýknaðir í hæstarétti, en héraðsdómur hafði árið áður dæmt báða í nokkurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Meirihluti hæstaréttar gagnrýndi þá að ekki skyldu kallaðir til óháðir sérfræðingar til að meta málverkin sem talin voru fölsuð, í stað þess að notast við sérfræðinga sem tengdust Listasafni Íslands, en það var einn kærenda í málinu.

Sömuleiðis taldi hæstiréttur slíka annmarka á rannsókn á meintum brotum Gunnars Arnar Kristjánssonar, fyrrum forstjóra SÍF og endurskoðanda Tryggingasjóðs lækna, á lögum um endurskoðendur, að því máli var vísað frá dómi í maí síðastliðnum. Eins sagði dómurinn að verknaðarlýsing í ákærunni hefði verið verulegum annmörkum háð.

Gunnar Örn var ákærður fyrir að hafa vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi þegar Lárus Halldórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Tryggingasjóðsins, dró sér tæpar 76 milljónir króna úr sjóðnum á tæpum áratug. Lárus var í fyrra dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi og til endurgreiðslu tæplega 47,6 milljóna króna. Gunnar Örn var hins vegar sýknaður í nóvember í fyrra af Héraðsdómi Reykjavíkur og þeim dómi áfrýjaði ríkissaksóknari.

### Faglegt aðhald ríkissaksóknara

Sökum þess að máli Gunnars Arnar var vísað frá í hæstarétti getur lögregla tekið það upp og hafið málarekstur að nýju. Ákvörðun um það hefur hins vegar ekki enn verið tekin, að sögn Boga Nilssonar, ríkissaksóknara. „Það er ríkislögreglustjóra að ákveða það,“ sagði hann í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu. „Það geta alltaf verið ágreiningsatriði hvaða mál liggja vel fyrir,“ sagði Bogi og rifjaði upp að í málverkafölsunarmálinu hafi hæstaréttardómarar ekki verið sammála um niðurstöðuna. „Ýmis álitaefni geta komið upp, en alltaf er lögð mikil áhersla á að vanda sem best til verka. Það á náttúrulega enginn að ákæra fyrr en málið liggur þannig fyrir að unnt sé að taka slíka ákvörðun.“

Hann áréttaði að það sem snúi að ríkissaksóknaraembættinu sé faglegg hlið mála, en embættið sjái ekki um mannaráðningar eða mannahald hjá öðrum handhöfum ákæruvalds. „Sú hlið er sífellt til skoðunar og rædd reglulega á fundum hjá ríkissaksóknara og menn sækja alls konar ráðstefnur og fundi á því sviði,“ sagði hann, en bætti við að embættið hafi þó ekki tök á því að fara yfir öll mál sem fyrir dómstóla fara. „En stundum er samt spurst fyrir um, eða leitað skýringa á einhverjum atriðum,“ sagði Bogi og áréttaði að saksókn mála sé svið sem hafi nokkra sérstöðu enda sé málaflokkurinn erfiður.


FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is

DV
KEYRÐI YFIR BARNIÐ MITT OG VILL AÐ ÉG BORGI SKEMMDIRNAR



Fáheyrður atburður í Grafarvogi
Þorir þegar aðrir þegja!

Vertu í

# vinningsliðinu

veldu SAMSUNG

**Samsung kynnir**
**nýja línu á LCD tækjum**

## Fleiri litir

**Samsung** hefur fjölgað litum upp í 3,2 milljarða með 10 bita myndvinnslu, aukið skerpuna í 3000:1 og með DNIe myndleiðréttingunni frá **Samsung** verður myndin enn betri.

## Betra fyrir augun

LCD tækin eru með birtuskynjara sem aðlagar myndina að birtunni í herberginu. Það fer betur með augun og auk þess sparar töluvert rafmagn.

## Háskerpusjónvarp

Öll tækin í nýju línunni eru háskerpusjónvarp (HDTV) en sjónvarpsstöðvar eru að undirbúa sendingar á því. Með HDMI tengi getur þú fengið bestu mögulegu mynd og hljóð frá DVD spilara. Auk þess getur þú notað sjónvarpið sem tölvuskjá




**LE-40R51B**
**40" Breiðtjaldssjónvarp**
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: **299.990,-**




**LR-32R41B**
**32" Breiðtjaldssjónvarp**
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: **179.990,-**




**LR-26R41B**
**26" Breiðtjaldssjónvarp**
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: **129.900,-**



**DVD-V5450**
**Sambyggt myndbandstæki/DVD**
Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3
6 hausa stereotæki • Spilar öll svæði
Tilboðsverð: **16.990,-**



**DVD-V6500**
**Sambyggt myndbandstæki/DVD**
Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3 • Spilar DivX
6 hausa stereotæki • Spilar öll svæði
Tilboðsverð: **19.990,-**

SAMSUNG

**DVDVR320**
**Sambyggt DVD skrifari og myndbandstæki**
Skrifar frá DVD á VHS og frá VHS á DVD.
Tekur upp á DVD beint úr sjónvarpinu og myndbandstökuvélinni.
Tilboðsverð: **49.990,-**



**Umboðsmenn:**
Árvirkinn Selfossi, Beint í Mark Vopnafirði, Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Eyjaradio Vestmannaeyjum, HS Raf Eskifirði, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, Krákur Blönduósi, Ljósboginn Keflavík, Model Akranesi, Rafbúðin Hafnarfirði, Sveinn Guðmundsson Raftækjaverslun Egilsstöðum, Símabær Reykjavík, SR Byggingarvörur Siglufirði, Verslunin Urð Raufarhöfn, Vest-Mennt Patreksfirði, Þristur Ísafirði

RadioNAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

ORMSSON
SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

imago

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Ástandið í Frakklandi kemur okkur við.

## Vítin þarf að varast

Bjarminn af eldunum sem loga í úthverfum Parísar teygir sig víða um Evrópu þessa dagana og neyðir fólk til að íhuga stöðu innflytjenda í eigin samfélagi. Hér á Íslandi höfum við ekki reynt neitt viðlíka enda tiltölulega stutt frá því að við leyfðum fólki, sem var ólíkt okkur í útliti og siðum, að setjast hér að. Við búum því við þann munað að geta dregið lærdóm af reynslu annarra þjóða í málefnum innflytjenda; tekið upp það sem vel hefur lukkast og forðast mistökin. Mikilvægi þess að stjórnvöld geri einmitt það verður seint brýnt of oft.

Ein stærstu mistök sem þjóðir Evrópu standa nú andspænis er að hugmyndin um að aðlaga fólk að því samfélagi sem það flytur til er í grundvallaratriðum röng. Þar er ekki síst átt við að kenna þeirri pólitísku rétthugsun að í lagi sé að gefa innflytjendum afslátt af ríkjandi réttindum nýja landsins ef þau eru önnur en siðir og lífsreglur sem þeir koma með sér frá gamla landinu. Í skjóli því hugarfars hafa til dæmis konur í hópi innflytjenda þurft að búa við minni réttindi en kynsystur þeirra sem geta talið ættir sínar aftur í nokkra liði í viðkomandi landi. Bann Frakka við að stúlkur beri höfuðklúta í skólum landsins er viðleitni til að vinda ofan af þessari stöðu, enda eru búrkur og höfuðklútar ein birtingarmynd feðraveldis þar sem konan á að lúta valdi karlmannsins. Það sjá allir að sú afstaða verður aldrei aðlöguð vestrænum þjóðfélögum.

Lykilorðið hér er samlögun. Öllum ráðum þarf að beita til þess að innflytjendur geti runnið sem hraðast inn í þjóðfélag nýja landsins og orðið órjúfanlegur þáttur af því. Þar með er ekki sagt að þeir eigi að kasta frá sér öllum siðum og venjum og taka upp hætti þeirra íbúa sem fyrir eru. Þvert á móti þurfa þeir sem fyrir eru að taka á móti nýju fólki með opnum huga og vera tilbúnir að taka upp nýja hætti. Í þessum efnum er eftir sérstaklega miklu að slægjast fyrir okkur Íslendinga sem veitir ekki af að víkka sjóndeildarhringinn eftir margra alda einangrun á hjara veraldar. Ef vel tekst til er uppskeran fjölbreyttara og litskrúðugra samfélag.

En það er langt frá því að þetta sé auðvelt eða einfalt mál.

Fólkið sem nú gengur berserksgang í Frakklandi er ekki innflytjendur heldur innfæddir Frakkar sem eiga foreldra eða jafnvel ömmur og afa sem fluttust til Frakklands. En þessir ungu Frakkar hafa setið eftir, eru illa menntaðir, atvinnulausir eða í láglaunastörfum og engin tækifæri í sjónmáli.

Hér á Íslandi er tilhneigingin því miður í þá átt að börn innflytjenda hætta fyrr í skóla en aðrir og þá bíður þeirra ekki annað en lægst launuðu störfin á vinnumarkaðnum. Þeirri þróun verður að snúa strax við annars mun hér verða til stéttskiptara þjóðfélag en við kærum okkur um. Góð íslenskukunnátta er algjört lykilatriði í því samhengi því ef foreldrar kunna íslensku stóraukast líkurnar á því að þeir geti aðstoðað börn sín við skólagönguna.

Við sjáum nú þegar innflytjendur í ýmsum störfum sem innfæddir vilja síður taka að sér. Þótt foreldrarnir sætti sig ef til vill við þau störf í nýju landi eiga mörg börn, sem eru fædd hér, sér örugglega drauma um fleiri tækifæri. Lykillinn að því að þeir draumar geti ræst er að kenna foreldrunum íslensku og þar þurfa stjórnvöld að taka myndarlega til hendinni.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Varð hissa

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, varð hissa þegar hann sá heilsíðuauglýsingu flokksbróður síns, Stefáns Jóns Hafstein, í Fréttablaðinu á mánudaginn. Stefán Jón vill verða borgarstjóri og er ekkert feiminn við að berja á bumbur þótt enn séu þrír mánuðir þar til prófkjör Samfylkingarinnar verður haldið. „Ekkert að því að auglýsa“, skrifar



Mörður á vefsíðu sína, mordur.is, „ágætt að einmitt nú komi fram að fleiri ætla sér þennan stól en Villi Þorn.“ Bætir svo við: „En hver auglýsir? Við viljum - stendur með myndum 46 einstaklinga efst á síðunni, og svo er rætt um frambjóðandann í 3. persónu eins og stuðningsmennirnir auglýsi. Neðst - á þeim stað í hefðbundinni auglýsingu sem ætlaður er þeim sem borgar auglýsinguna og stendur fyrir innihaldinu - er hins vegar merki Samfylkingarinnar? Í viðtali framar í blaðinu segir Stefán Jón svo um þetta merki að honum hafi fundist tómlegt að hafa það ekki - þannig að þar er það Stefán Jón sjálfur sem auglýsir?“

### „Gengur ekki“

Mörður er ósáttur við þessi vinnubrögð: „Þetta gengur eiginlega ekki, kæri Stefán minn Jón. Skýr og tær skilaboð, það áttu að kunna úr fjölmiðlafræðinni og frá útvarpinu. Hallgrímur orðaði það svona í 10. sálmi:
*Jesús vill að þín kenning klár*
*kröftug sé, hrein og opinskár,*
*lík hvellum lúðurs hljómi“.*

### „Launsmjaðran öll“

Mörður lýkur pistli sínum um flokksbróður sinn Stefán Jón með þessum orðum: „Svo kemur þetta hjá Hallgrími, sem á að vísu ekki við þessi mistök í Fréttablaðinu - en er þó rétt að hafa með til varnaðar:
*Launsmjaðran öll og hræsnin hál*
*hindrar Guðs dýrð, en villir sál,*
*straffast með ströngum dómi.“*

Þetta er ekki hægt að skilja öðru vísi en sem viðvörun um að Stefáni Jóni verði hegnt í prófkjörinu fyrir vinnubrögð sín.

gm@frettabladid.is

## Vær bandarískur draumur

Í DAG
BANDARÍKIN



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Þetta er ameríski draumurinn og á honum hvílir margt af því sérstaka við bandarísk stjórnmál.*

Í gær heyrði ég frétt þess efnis á BBC að nýjar rannsóknir bentu til þess að auðveldara sé fyrir fólk að brjótast út úr fátækt í löndum Evrópu en í Bandaríkjunum. Það er hins vegar áhrifamesta trúarsetning bandarískra stjórnmála að Bandaríkin skeri sig frá öðrum hlutum heimsins og séu landið þar sem hinir fátæku þurfa ekki annað en vilja og dugnað til að komast í álnir. Þetta er ameríski draumurinn og á honum hvílir margt af því sérstaka við bandarísk stjórnmál. Trúin á hann myndar grunninn að lífseigri þjóðarsátt um almenna skipan samfélagsins.

Stærsta ástæðan fyrir því að hugmyndir manna þar vestra um ójöfnuð í samfélaginu og um hlutverk ríkisins við að tryggja efnalegt öryggi borgaranna eru ólíkar því sem algengasgt er í Evrópu er líklega sú að í Bandaríkjunum trúa menn því almennt að árangur í lífinu ráðist nánast eingöngu af dugnaði og útsjónasemi einstaklinganna sjálfra. Lausnina á vandamálum fátækar er því að finna hjá einstaklingunum en ekki hjá samfélaginu. Rannsóknin sem BBC sagði frá bendir hins vegar til þess að ameríski draumurinn sé nær veruleikanum í hinni sósíalísku Evrópu en í Bandaríkjunum.

Sú niðurstaða er auðvitað ekki síðasta orðið í þessu máli. Flestar athuganir benda hins vegar til þess að ójöfnuður fari ekki einungis stórlega vaxandi í Bandaríkjunum heldur sé félagslegur hreyfanleiki einnig að minnka. Breska tímaritið The Economist, sem oftast gagnrýnir á ameríska módelið í hagstjórn minna en hin evrópsku, gerði sérstaka úttekt á þessari þróun í upphafi þessa árs og varaði við því að Bandaríkin væru í hættu með að verða að stéttasamfélagi af því tagi sem áður þekktust í Bretlandi og Evrópu.

Festar kannanir, en raunar ekki allar, gefa til kynna að sífellt verði erfiðara fyrir fólk úr fátækum fjölskyldum að vinna sig upp þjóðfélagsstigann. Stéttastaða foreldra virðist ráða sífellt meiru um efnalegt gengi barna og vera besta vísbendingin um hvað bíður barnanna í lífinu. Fyrir þessu eru margar ástæður en líklega er eina þá veigamestu að finna í menntakerfinu. Sæmilega efnað fólk ver stórum hluta tekna sinna í að greiða himinhá skólagjöld fyrir börnin sín allt frá því þau eru í barnaskóla og þar til háskólaprófi lýkur. Meirihluti fólks verður hins vegar að sætta sig við skóla sem oft eru miklu lélegri en algengast er um skóla annars staðar á Vesturlöndum. Í Evrópu er nám við góða grunnskóla og háskóla hins vegar yfirleitt lítið fjárhagslega íþyngjandi.

Amerískir háskólar hafa lengi verið sagðir hinir bestu í heimi og á það er oft bent að umfangsmikið styrkjakerfi veitir gáfuðum en fátækum nemendum aðgang að góðri menntun. Hvoru tveggja er hins vegar líklega ofsagt. Nokkrir tugir háskóla í Bandaríkjunum eru á meðal hinna allra bestu í heiminum. Tvær nýlegar kannanir röðuðu átta bandarískum háskólum í tíu efstu sætin á heimslista yfir háskóla. Ef litið er niður eftir listanum breytist þetta hins vegar. Fleiri af 100 eða 200 bestu háskólum heimsins eru í Evrópu en í Bandaríkjunum. Lítið brot þjóðarinnar fer í bestu skólana en fjögur þúsund háskólar eru í landinu. Svipuð saga er sögð af neðri þrepum skólakerfisins. Í 150 bestu háskólum landsins, sem er líklega nokkuð tæmandi listi yfir góða háskóla þar, eiga 75 prósent nemenda foreldra sem tilheyra ríkasta fjórðungi þjóðarinnar en einungis þrjú prósent nemenda koma úr fátækasta fjórðungnum.

Um leið fjölgar þeim fátæku. Nær 40 milljónir manna í landinu eru fátæklingar sem eiga sér ekki lengri ævilíkur en fólk í mörgum fátækum þróunarlöndum enda heilsugæsla og menntun í fátækrahverfum Bandaríkjanna engu betri en í mörgum fátækum ríkjum.

Þótt flestir viti vel af miklum og vaxandi ójöfnuði í Bandaríkjunum hefur hann ekki orðið að stórkostlegu pólitísku deilumáli vegna þess að menn trúa því almennt ennþá að allir hafi sæmileg tækifæri til þess að ná verulegum árangri í lífinu. Kannanir benda líka til að fólk ofmeti oft stórlega stöðu sína. Óraunsæið reynist enn meira þegar fólk er spurt hvort það telji líklegt að það muni komast í hóp hinna ríku. Amerískir draumurinn myndar því enn grunn að stjórnmálum þar vestra þótt hann fjarlægist veruleikann sífellt meira.

Fiskbúðin VEGAMÓT
ÝSA Í SÓSU!
599 kr/kg
www.fiskbudin.is
FISKBÚÐIN VEGAMÓT
NESVEGUR 100 • SELTJARNARNES
ARNARBAKKA 4-6 • BREIÐHOLTI

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Vönduð jólaföt
## frá HFK line í úrvali



KIDS-UP
**Kjóll**
100% acetate
rauður, fjólublár
st. 92-128
Vnr. 686016
**2.999kr**

KIDS-UP
**Pils**
100% acetate
rautt
st. 92-128
Vnr. 686017
**2.499kr**

HFK line
**Blússa**
65% poly.,
35% bómull
hvít
st. 92-128
Vnr. 684024
**1.999kr**



HFK line
**Blússa**
65% polyester,
35% bómull
hvít
st. 92-122,
128-158
Vnr. 684033,
684030
**2.499kr**

**Pils**
100% bómull
margir litir
st. 2-6
Vnr. 689789
**2.499kr**



HFK line
**Skyrta**
100% bóm.
hvít
st. 2-5, 6-14
Vnr. 677101,
677100
**1.999kr**

HFK line
**Vesti**
100% bómull
dökkblátt, svart
st. 92-128
Vnr. 681172
**1.999kr**



HFK line
**Skyrta**
100% bómull
blá
st. 2-5, 6-12
Vnr. 677098,
677099
**1.999kr**

HFK line
**Flauelsjakki**
100% bómull
margir litir
st. 92-122
Vnr. 684016
**2.999kr**

HFK line
**Flauelsbuxur**
100% bómull
margir litir
st. 92-122
Vnr. 684018
**2.499kr**



HFK line
**Rúllukragabolur**
95% bómull,
5% elasthan
bleikur, hvítur
st. 98-122,128-164
Vnr. 679288, 679290
Verð frá
**1.699kr**

**Pils**
100% polyester
svart
st. 110-122,
128-152
Vnr. 684020, 684021
**2.499kr**

**Lakkstígvél**
rauð, svört
st. 31-39,
vnr. 683721
**3.999kr**

ODDI - M7093



**Skokkur og blússa**
90% polyester,
10% teygja
rauður
st. 62-98
Vnr. 683313
**2.999kr**



**Jólaskór** m/riflás
svartir, st. 28-34
Vnr. 676568
Gott verð
**1.999kr**




**Skór** m/rönd á hlið
svartir, st. 24-36
Vnr. 676570
Gott verð
**1.999kr**




**Spariskór**
m/riflás
svartir, bleikir
st. 20-25
Vnr. 676572
Gott verð
**1.999kr**




**Spariskór**
svartir m/glimmer,
svartir, vínrauðir
st. 23-35
Vnr. 684023
Gott verð
**1.999kr**



HFK line
**Vesti**
100% bómull
dökkblátt
st. 62-86, 92-116
Vnr. 681168, 681170
**1.699kr**

xin
**Skyrta**
35% bómull,
65% polyester
margir litir
st. 2-5, 6-16
Vnr. 677092,
677093
Gott verð
**1.499kr**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




# Efasemdarmaðurinn Davíð

**UMRÆÐAN**
LOFTLAGSHLÝNUN



**GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON**

Davíð Oddsson fjallaði um loftslagshlýnun í ræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðismanna fyrir skömmu. Davíð er þeirrar gerðar að hann skynjar tíðarandann og veit þess vegna að fjöldi fólks hefur áhyggjur af áhrifum loftslagsbreytinga. Þess vegna sagði hann í ræðunni að viðleitnin með Kyoto-sáttmálanum væri örugglega í rétta átt og að Sjálfstæðismenn hefðu tekið fullan þátt í umræðunni um hlýnun jarðar. En hann stóðst ekki mátið og bætti við: „Kyoto-samþykktin byggir vissulega á afar ótraustum vísindalegum grunni. [...] Því miður hefur sú umræða á köflum verið borin uppi af óræðri tilfinningasemi og í versta falli innantómum áróðri fremur en rökum.“ Vegna þess hversu margir taka mark á orðum Davíðs finnst mér nauðsynlegt að leiðrétta þessar fullyrðingar.

**Lomborg efast ekki**

Alþjóðleg nefnd vísindamanna, hagfræðinga og embættismanna sem Sameinuðu þjóðirnar settu á laggirnar árið 1988 (IPCC) hefur lagt mat á loftslagsrannsóknir sem gerðar hafa verið og komst hún að þeirri niðurstöðu árið 2001 að hlýnun loftslags sé að öllum líkindum af mannavöldum. Magn koltvísýrings í andrúmsloftinu hefur aukist um 31 prósent frá því árið 1750 og hefur ekki verið meira í um 420.000 ár, kannski milljónir ára. Þess vegna er búist við því að hlýnunin verði 1,4°C til 5,8°C á þessari öld, meiri en orðið hefur í 10 þúsund ár. Afleiðingar slíkrar hlýnunar ætla ég ekki að ræða hér en þær munu gjörbreyta lífsafkomu fjölmargra þjóða, flestra til hins verra.

Samstaða vísindamanna um þetta er mikil. Meira að segja Björn Lomborg, sem er þekktur fyrir efasemdir um ýmsar fullyrðingar umhverfisverndarsinna segir í bók sinni The Skeptical Environmentalist að það leiki enginn vafi á því að mannkynið hafi aukið koltvísýringsmagn í andrúmsloftinu og að það leiði til hlýnunar andrúmsloftsins. Kostnaðurinn af þeim völdum verði um fimm þúsund milljarðar dala! Hann efast því ekki um að mannkynið hafi valdið hlýnun loftslagsins. Efasemdir hans snúast um það hvort borgi sig fyrir mannkynið að draga strax úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hann vill meina að það verði fjárhagslega hagkvæmara fyrir mannkynið að aðlaga sig að afleiðingum hlýnunarinnar í stað þess að reyna að snúa þróuninni við með minnkaðri losun koltvísýrings nú þegar. Hann hvetur engur að síður til þess að meira fé verði varið nú þegar í þróun og rannsóknir á notkun sólarorku og annarra endurnýjanlegra orkugjafa. Davíð Oddsson virðist því vera meiri efasemdarmaður þegar kemur að loftslagsmálum en sá vísindamaður sem hefur verið í forystu efasemdarmanna í heiminum.

*Davíð Oddsson virðist því vera meiri efasemdamaður þegar kemur að loftslagsmálum en sá vísindamaður sem hefur verið í forystu efasemdamanna í heiminum.*

**Hægrimenn hættir að efast**

Sumir kunna að segja að Davíð hafi í ræðu sinni verið að sýna samstöðu með Bandaríkjastjórn í loftslagsmálum. En svo er ekki því þar í landi eru menn hættir að berja höfðinu við steininn. Bandaríkjastjórn hefur viðurkennt að 0,6°C hlýnun síðastliðna hálfa öld sé að öllum líkindum bein afleiðing losunar mannkyns á gróðurhúsalofttegundum. George Bush gerði nýlega samkomulag við Indverja og Kínverja um samstarf við að draga úr losun koltvísýrings með þróun umhverfisvænni orkugjafa og fylki, borgir og fyrirtæki í Bandaríkjunum hafa sjálf sett sér skýr markmið um minnkun á losun koltvísýrings. Davíð Oddsson virðist því vera meiri efasemdarmaður en bandarískir stjórnmálamenn sem hafa þó farið fremstir í flokki efasemdarmanna fram til þessa.

Í Bretlandi er David Cameron, vonarstjarna breskra íhaldsmanna, á allt annarri skoðun en Davíð. Hann hefur meðal annars lagt áherslu á það í yfirstandandi kosningabaráttu um leiðtogasæti Íhaldsflokksins að loftslagsmál séu ásamt hryðjuverkaógn stærsta vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir. En Davíð veit betur - „umræðan um loftslagshlýnun er borin uppi af óræðri tilfinningasemi og í versta falli innantómum áróðri“.

Vonandi er ný forysta Sjálfstæðisflokksins sömu skoðunar og verðandi forysta breskra hægrimanna í þessum efnum. Nýir leiðtogar hljóta að átta sig á því að umræðan um loftslagsmál snýst ekki lengur um það hvort loftslagshlýnun sé af mannavöldum heldur um það hvernig brugðist verður við henni. Þá gildir einu hver skoðun Davíðs Oddssonar er í þeim efnum.

*Höfundur stundar meistaranám í umhverfisfræðum við Edinborgarháskóla.* ■



# Maður, líttu þér nær!

**UMRÆÐA**
UMMÆLI RÍKISSKATTSTJÓRA



**SIGURÐUR JÓNSSON**

Í Fréttablaðinu sunnudaginn 6. nóvember gefur að líta ummæli ríkisskattstjóra, Indriða G. Þorlákssonar, um að verslunin blekki viðskiptavini með því að auglýsa að virðisaukaskattur sé felldur niður af vörum. Hann viðurkennir samt að oft sé tilgreint með minna letri að virðisaukaskattur sé eftir sem áður greiddur af vörunum, en samt sé um blekkingu að ræð. Manni fallast næstum hendur við lestur svona yfirlýsinga. Það er með ólíkindum hvernig sumir menn geta gengið um með augnblöðkur sem varna þeim sjónar á öðru en því sem er beint fyrir framan þá. Ef ríkisskattstjóri hugleiddi ofurlítið hvernig þessi markaðsfærsla hefur orðið til þá myndi hann fljótlega átta sig á því að umrædd háttsemi verslunarinnar er andsvar við siðlausri og óskammfeilinni háttsemi ríkisins í komuversluninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE). Oftast ef ekki alltaf sé þess getið, reyndar með smáu letri, að verslanir greiði virðisaukaskatt af þessum tilboðsvörum.

Þegar komufarþegar í FLE koma á það svæði sem farangur þeirra kemur inn blasir við þeim gólfauglýsing sem staðhæfir að verð í komuversluninni sé allt að 50 prósent lægra en í Reykjavík. Og hvernig skyldi nú þessi ríkisverslun fara að því að selja vörur svona ódýrt miðað við það að húsnæði, laun og aðrir rekstrarliðir eru vart lægri en í almennri verslun í Reykjavík? Jú, það gerist með því að fella niður tolla, vörugjöld og virðisaukaskatt á þeim vörum sem þarna eru seldar í samkeppni við innlenda verslun. Hvað heitir þetta í orðasafni ríkisskattstjóra? Getur það verið að ríkisskattstjóri þekki ekki til þessa fyrirkomulags í FLE? Ég ætla honum það ekki og er næstum viss um að hann hefur gengið yfir umrædda auglýsingu eins og svo margir aðrir. Getur verið að öll sú umræða sem hefur farið fram um siðleysi, og jafnvel lögleysi (á það verður látið reyna) sem felst í þessum verslunarrekstri ríkisins hafi farið fram hjá eina æðsta embættismanni ríkisins í skattamálum? Hefur hann ekki orðið var við gagnrýni SVÞ á þetta fyrirkomulag og háttalag starfsmanna umræddrar ríkisverslunar, sem eru í lítt dulbúinni samkeppni um snyrtivörur, raftæki o.fl. við verslun á höfuðborgarsvæðinu?

Ég vil benda ríkisskattstjóra á að horfa á bjálkann í eigin auga áður en hann gagnrýnir flísina í augum annarra. Hann verður að axla þá ábyrgð að vera í þessu máli sá sem hlífa ætti fremur en að höggva. Hann er fulltrúi stjórnvalda sem reka komuverslunina og má ekki mæla með klofinni tungu með því annars vegar að hvetja fólk til að greiða ekki skatta af innkaupum sínum og hins vegar að ásaka þá sem á er hallað um að bregðast við með því að draga fram það sem veldur verðmun og nota það í markaðsfærslu sinni. Með því að taka fram, þótt með smáu letri sé, að virðisaukaskattur sé greiddur af viðkomandi tilboðum, er enginn blekktur og reyndar rétt að vekja athygli á því að það stjórnvald sem fylgist með auglýsingum fyrirtækja á markaði, áður Samkeppnisstofnun og nú Neytendastofa, hefur ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við tilvitnaðar auglýsingar verslunarfyrirtækja í Reykjavík. Maður líttu þér nær!

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.*

# Að mölva hús og fólk

**UMRÆÐA**
**SAMÚEL ÖRN ERLINGSSON**
SKRIFAR UM ÚTIVIST Í GLAÐHEIMUM

Ég vakti á dögunum máls á stöðu hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi. Menn sem kalla sig fjárfesta hafa keypt með látum hesthús á svæði félagsins í Glaðheimum. Nú eiga þeir töluvert af hesthúsum, jafnvel þó hestamannafélagið berjist á móti. Gustur hefur keypt heilu einingarnar með forkaupsrétti, enda samningur félagsins við Kópavog til ársins 2038. Á fundi með frambjóðendum Framsóknarflokksins í fyrrakvöld kom fram að þeir eru allflestir, ef ekki bara allir, sammála því að verja beri hestamannafélagið og samning þess við bæinn. Það er fínt.

Það er raunar ansi hreint óvænt staða þegar menn taka sig til og fleyta miklu fjármagni í að kaupa upp á yfirverði fasteignir á heilum svæðum svo á endanum megi brjóta þær niður og byggja aftur á uppsprengdu verði. Í þessu tilfelli þarf líka að mölva niður öflugt íþrótta og æskulýðsstarf og tómstundir fólks. Svo er eftir að beygja bæjaryfirvöld og breyta skipulaginu. Og breyta því svo aftur úr atvinnuhúsnæði í íbúðabyggð af því þá kostar fermetrinn helmingi meira.

Félagar í Gusti eru logandi hræddir við að þetta takist hjá peningamönnunum. Ætli tíundi hluti hesthúsbása í hverfinu sé ekki falur á hverju ári, vegna eðlilegra breytinga á högum fólks. Hesthúsbásinn kostaði nálægt hálfri milljón þegar þessi vitleysa byrjaði, en er nú líklega í kringum milljón. Með því að kaupa húsin og nota þau ekki þagga peningamennirnir niður í hverfinu, fækka fólkinu og lama félagsstarfið. Þá minnka umsvif í kringum glæsilega reiðhöll Gusts, sem byggð var að ótrúlega stórum hluta í sjálfboðavinnu.

Ég hef lagt til að á málinu verði tekið með táknrænni endurnýjun og lengingu samningsins við Gust. Þá hafa menn frið til að ræða framtíðarskipulag. Hestamennska er raunar ákaflega vel sett í Glaðheimum. Það er engin þörf á því að sportið sé á heiðum uppi. Vilji menn einhverju breyta í lengri framtíð skyldi það vera á réttum forsendum. Það er nógur tími, enda veitir bæjaryfirvöldum ekki af. Þó framtíðarskipulag sé til um hestasvæðið á Heimsenda, á Kópavogsbær minnst af landinu sem fer undir það. Ætli peningamennirnir bendi ekki á endanum á vini sína sem eiga landið þar?

*Höfundur býður sig fram í 1. sæti á lista Framsóknarflokksins í Kópavogi.*

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í pistlinum Sjónarmið í Fréttablaðinu á laugardaginn að enginn borgarfulltrúi hefði mætt á fund Höfuðborgarsamtakanna um Hringbrautarmálið vorið 2004. Rétt er að borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson og Kjartan Magnússon mættu á fundinn.



Viðskipti lesið 8.11.2005 21:28 Page 2



## KAUPHÖLL ÍSLANDS

*[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.675 **+0,25%**

**Fjöldi viðskipta:** 199
**Velta:** 1.344 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | 10,69% | **Mosaic** | 1,72% |
| **Össur** | 3,67% | **Atorka** | -0,89% |
| **Síf** | 0,93% | **Og Vodafone** | -0,82% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 43,40 -0,20% ... Bakkavör 44,70 +0,50% ... FL Group 14,10 +0,40% ... Flaga 3,68 -5,60% ... HB Grandi 9,35 +0,00% ... Íslandsbanki 15,20 -0,70% ... Jarðboranir 22,30 +1,40% ... KB banki 590,00 -0,30% ... Kögun 54,30 +0,90% ... Landsbankinn 22,70 -0,90% ... Marel 63,80 -1,10% ... SÍF 4,28 +1,70% ... Straumur-Burðarás 13,95 +0,00% ... Össur 93,00 +2,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Erlend ávöxtunarkrafa

Gengi bréfa Össurar tók kipp eftir að greiningardeild KB banka birti nýtt verðmat á félaginu. Niðurstaða verðmatsins var 107 krónur á hlut og náðu bréf Össurar tímabundið genginu hundrað í gær. Lokagengið var hins vegar 99.
Einhverjar vöflur voru á sumum á markaði þegar þeir ráku augun í það að ávöxtunarkrafan í verðmatinu væri rúm ellefu prósent. Þetta þótti mörgum undarlegt í ljósi þess að stýrivextir Seðlabankans eru 10,25 prósent og langtímavextir ríkistryggðra bréfa um fjögur prósent. Verðmatið er hins vegar miðað við það að tekjur Össurar eru nær allar í erlendum myntum og ávöxtunarkrafan því miðuð við erlenda vexti. Hlutföllin í tekjunum eru þannig að ef félagið byrjaði að framleiða fyrir innanlandsmarkaði við áramót, væru það búið að því fyrir hádegi á nýársdag.



### Viðurkenning fyrir hné

Össur er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og tækninni fleygir fram til hagsbóta þeim sem misst hafa útlimi. Nokkuð er síðan Össur kynnti tölvustýrt gervihné sem vakti mikla athygli. Þetta hné hefur nú verið valið sem ein af hundrað stærstu nýjungum í heimi vísinda á árinu af bandaríska vísindatímaritinu Popular Science. Hnéð er búið gervigreind og lærir á hreyfingar notandans. Það er ein af tíu uppfinningum í flokknum almenn heilsa sem eru verðlaunuð en tímaritið veitir verðlaun í tólf flokkum.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Actavis** mun kynna afkomu á þriðja ársfjórðungi 2005 á **Hótel Nordica** á þriðjudaginn í næstu viku. Verður kynningin fyrir opnun markaða eða kl. 8.30.

Heildarútgáfa erlendra skuldabréfa í íslenskum krónum nemur nú 111 milljörðum króna, sem er svipað og allar innlendar útgáfur ríkissjóðs.

Hagvöxtur í **Bretlandi** frá byrjun ágúst til loka október mælist aðeins um 0,4 prósent samkvæmt **National Institute of Economic and Social Research** (NIESR).

Gífurleg velta hefur verið á millibankamarkaði með krónur síðastliðin misseri samkvæmt greiningardeild **Landsbankans**. Hefur velta síðastliðinna þriggja mánaða verið að meðaltali 165 milljarðar króna.

# DeCode tapar enn

## Tekjur deCode jukust á þriðja ársfjórðungi 2005.

Tap deCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, nam um 684 milljónum íslenskra króna á þriðja ársfjórðungi eða 11,4 milljónum Bandaríkjadala. Uppsafnað tap á fyrstu níu mánuðuðum ársins nemur um tveimur og hálfum milljarði íslenskra króna.



**FORSTJÓRI ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR** Kári Stefánsson segir spennandi tíma framundan hjá deCode.

Á sama tímabili ársins 2004 var tap á þriðja ársfjórðungi um 12,5 milljónir Bandaríkjadala og alls 37,8 milljónir á fyrstu níu mánuðunum.

Tekjur félagins eru hins vegar heldur meiri á þriðja ársfjórðungi þessa árs en á fyrra ári þar sem tekjur voru 11 milljónir Bandaríkjadala en eru 13,2 milljónir dala nú.

Undir lok þriðja ársfjórðungs var handbært fé og innistæður í bönkum 171 milljón Bandaríkjadala og hafði rýrnað um 27,3 milljónir frá því undir lok ársins 2004.

Kári Stefánsson, forstjóri deCode, segir í tilkynningu frá félaginu að framundan séu spennandi tímar hjá deCode þar sem það nálgast markmið sín um samkomulag um sölu á hjartalyfinu DG031 sem félagið þróar í samvinnu við bandarísku lyfjastofnunina.

Bréf í deCode höfðu hækkað lítillega um miðjan viðskiptadag á Nasdaq-markaðnum í gær. **- hb**

# Hlé á skuldabréfaútgáfu

Tiltölulega lítil viðskipti voru á gjaldeyrismarkaði í gær en krónan veiktist um um það bil 70 punkta gagnvart Bandaríkjadollar. Gengi dollars er nú um 61,25 krónur. Engar skuldabréfaútgáfur hafa verið hjá erlendum aðilum í íslenskum krónum frá því að Dresdner Bank gaf út bréf til fimm ára á þriðjudaginn fyrir rúmri viku. Gengisvísitala krónunnar var í um það bil 101,5 stigum við lokun gjaldeyrismarkaða í gær. **- hb**




# Stærsti samningur Jarðborana undirritaður

**Jarðboranir hafa skrifað undir samning við Orkuveitu Reykjavíkur um háhitaboranir. Þetta er stærsti borsamningur sem gerður hefur verið hér á landi.**



**NÆG VERKEFNI** Borar Jarðborana munu ekki verða aðgerðarleysi að bráð á næstunni. Fyrirtækið hefur tryggt sér háhitaborun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sem mun standa yfir frá árinu 2006 og næstu þrjú til fjögur ár á eftir.

Jarðboranir undirrituðu samningu við Orkuveitu Reykjavíkur um boranir á Hellisheiði og Hengilssvæðinu.

Þetta er verðmætasti samningur sinnar tegundar hér á landi og stærsta borverkefni sem ráðist hefur verið í hérlendis. Upphæð samningsins nemur 7,4 milljörðum króna. Til samanburðar má geta þess að velta Jarðborana fyrstu níu mánuði ársins nam 3,5 milljörðum króna.

Samningurinn er gerður á grundvelli útboðs og nam kostnaðaráætlun 10 milljörðum króna. Útboðið var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Bent S. Einarsson, forstjóri Jarðborana, segir samninginn afar mikilvægan og að hann staðfesti hæfni fyrirtækisins til þess að taka að sér mjög stór verkefni. Hann segir verkefnið vissulega flókið og krefjist mikillar reynslu og hæfni.

Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir að um sé að ræða stærsta verkefni sem Orkuveitan hafi ráðist í. þetta sé tímamótasamningur og orkan sem aflað sé verði undirstaða öflugra atvinnulífs og margvíslegrar nýsköpunar.

Áætlað er að verkið hefjist vorið 2006 og standi til ársins 2009 í það minnsta. Samningurinn tekur til borunar á 30 háhitaholum, bæði rannsóknarholum og vinnsluholum, 10 niðurrennslisholum, fimm holum til þess að afla ferskvatns og þrettán svelgholum.

Bætt verður stefnuborunartækni, en Jarðboranir hafa í samstarfi við alþjóðlega fyrirtækið Baker Huges þróað þá tækni þannig að hún henti íslenskum aðstæðum. Stefnuborunartækni er að sögn forsvarsmanna Jarðborana umhverfisvænni en hefðbundin tækni, auk þess að vera líklegri til árangurs. Borunin leiðir til aukinnar gufuöflunar þar sem auðveldara er að bora í sprungur og misgengi.

**haflidi@frettabladid.is**




# Íbúðir hækka mest í Garðabæ

## Fasteignir í Grafarholti hækkað um helming frá 2004

Fasteignir í úthverfum Reykjavíkur hækkuðu mest á þriðja ársfjórðungi 2005 samkvæmt tölum sem Fasteignamat ríkisins hefur birt. Miðað við íbúðaverð í fjölbýli hækkaði húsnæði í Grafarholti um 11,9 prósent. Sé litið til annarra sveitarfélaga hækkað fasteignaverð í Garðabæ mest eða um 15,1 prósent. Íbúðaverð í Kópavogi, sunnan kópavogslækjar, hækkaði um 14,4 prósent á sama fjórðungi.

Hins vegar hefur fasteignaverð miðsvæðis hækkað mun minna á þriðja ársfjórðungi og jafnvel staðið nær í stað. Norðurmýrin lækkaði um 0,8 prósent, miðbærinn hækkaði aðeins um 1,6 prósent, Hlíðarnar hækkuðu um 3,2% og Vesturbærinn um 4,4%.

Sé horft til byrjun árs 2004 hefur fasteignaverð að teknu tilliti til fermetra hækkað um 57 prósent í Garðabæ. Í Grafarholti, sem er það svæði sem hefur hækkað mest innan Reykjavíkur, er sambærileg tala tæpt 51 prósent.



**HÚSIN Í GARÐABÆ** Fasteignir í úthverfum Reykjavíkur hækka mest í verði sem og í Kópavogi og Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í hálffimm fréttum KB banka segir að líklega megi að stórum hluta rekja minni hækkun fasteignaverðs miðsvæðis til þeirra takmarkana sem brunabótamat setur lántakendum. Flestar fjármálastofnanir láni 100 prósent af brunabótamati og lóðamati sem oft er aðeins 60 prósent af markaðsvirði íbúða miðsvæðis. **-bg**

# Andsnúnir vaxtahækkunum

Ýmsir aðilar þrýsta nú á Seðlabanka Evrópu að hækka ekki vexti á evrusvæðinu í því skyni að hamla verðbólgu. Í frétt Reuters kemur fram að forstjóri Seðlabankans, Jean-Claude Trichet, hafi átt fund með talsmönnum fyrirtækja og verkalýsfélaga á þriðjudag. Létu þeir í ljós andstöðu sína við vaxtahækkanir sem þeir segja myndu hafa neikvæð áhrif á efnahagsvöxt í Evrópu. Margir fjármálaráðherrar í Evrópu hafa einnig látið í ljós andstöðu sína við vaxtahækkanir Seðlabankans og Evrópska verslunarráðið hefur gert slíkt hið sama. **- hhs**




ferðir o.fl.
**DREKI**
Nýr skáli við Öskju
bls. 3





FRÉTTABLAÐIÐ




*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 9. nóvember, 312. dagur ársins 2005.**

## KRÍLIN






Kátir krakkar í nýju og fallegu skólahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þar sem sjálfsagi og samvinna gilda

***Ingunnarskóli í Grafarholti er fyrsti grunnskólinn í Reykjavík sem byggður er utan um einstaklingsmiðað nám og hýsir jafnframt tónlistarkennslu, dansskóla, kirkjulegt starf og félagsmiðstöð unglinga.***

Það er ótrúlega hljótt í Ingunnarskóla þótt þar séu um 400 nemendur og nokkrir tugir kennara að störfum. Í miðrýminu sem komið er inn í úr anddyrinu eru tveir kennarar að snæða síðbúinn hádegisverð, nokkrir nemendur sitja innan um bókarskápana og lesa og enn aðrir eru að búa sig undir að læra dans. Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri kveðst hæstánægð með hvernig til tókst með hönnun hljóðvistarinnar. „Loftplötur og veggir eru hljóðdempandi og þar hefur tekist vel til. Það er líka grundvallaratriði að hávaða sé stillt í hóf í skóla þar sem lögð er áhersla á samvinnu, þemavinnu og blöndun árganga eins og hér,“ bendir hún á.

Það var þrjátíu manna hópur úr ýmsum stigum samfélagsins sem fenginn var til að koma með hugmyndir að starfsemi skólans og síðan var skólinn hannaður utan um starfsemina. „Það má segja að þetta sé draumaskólinn,“ segir Guðlaug brosandi. Hún tekur fram að bæði nemendur og kennarar séu að læra að vinna við þær aðstæður sem skólinn bjóði upp á enda er bara mánuður liðinn frá því húsið var tekið í notkun. Hún opnar inn í stórar kennslustofur þar sem börnin vinna í hópum með hjálp fullorðinna. Stórt miðrými er í stofunum en líka afmarkað nemendaherbergi sem farið er inn í til að leggja inn stafi eða kenna með fyrirlestrarformi. Þess á milli er herbergið fyrir þá nemendur sem vilja vinna einir og í þögn.

Einstaklingsmiðað nám gengur út á að hver nemandi geti farið á sínum hraða gegnum námsefnið. Hann gerir áætlanir í samráði við kennarann um hvað hann ætli að vinna í hverri viku. Þeir sem spretta úr spori í einni grein geta fylgt eftir þeim nemendum sem eru ári eldri og svo öfugt. Þótt mikið sé unnið í hópum í Ingunnarskóla þá hefur hver nemandi á miðstigi sína vinnustöð með borði, læstum skáp, hillu og aðstöðu til að hengja upp dótið sitt. ■

## LIGGUR Í LOFTINU

### NÁM - FERÐIR

**Útivist** er á leið á Snæfellsnes helgina 11. til 13. nóvember. Lagt verður af stað klukkan átta á föstudag og gist verður á Arnarstapa. Silvía Hrönn Kristinsdóttir verður fararstjóri. Hægt verður að ganga milli Arnarstapa og Hellna, frá Búðum að Búðarkletti eða á sjálfan jökulinn.

**Ferðaáætlun** fyrir árið 2006 er nú í vinnslu hjá ferðanefnd Ferðafélags Íslands. Þar er að finna margar áhugaverðar ferðir, bæði sígildar og nýrri ferðir. Deildir félagsins víða um land vinna einnig að ferðaáætlun sinni og þær má einnig finna í ferðaáætlun Ferðafélags Íslands sem kemur út í byrjun janúar 2006.

**Stjórnun** allt að 30 brúttólesta skipa er nú kennd við Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu á Höfn, meðal annars í fjarnámi. Nemendur eru um 90 þar af 21 á Höfn, allt frá grunnskólanemendum upp í virðulega afa.



**Skíðaferðir** eru þær ferðir sem eru hvað mest áberandi hjá ferðaskrifstofum núna. Um að gera að bóka sem fyrst svo áhugasamir neyðist ekki til að skíða í grænleitum fjöllum Íslands. Að sama skapi er ódýrara að hoppa í sólina þessa dagana og því vert að kynna sér hvaða tilboð eru í gangi.


## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



**Einhyrningurinn minn**
**Undarlegir atburðir**

**Fjórða bókin í vinsælum flokki**




Er draugagangur í kofanum í skóginum? Lára vill komast að því hvað þar er á seyði.

**Spennandi saga!**

**Hundurinn sem átti að verða stór**
eftir Irmu Lauridsen og teiknarann Jens Ahlbom

**Skemmtileg og falleg bók sem komið hefur út í átta löndum!**




Manninn í gula húsinu langaði til að eiga stóran og grimman varðhund – en hvolpurinn sem hann keypti vildi miklu heldur vera lítill og indæll….

**Kossinn sem hvarf**
eftir metsöluhöfundinn David Melling
– sem nefndur var til Kate Greenaway-verðlaunanna fyrir bókina).

**Yndisleg bók fyrir prinsa og prinsessur!**

**“Þetta er dásamleg saga.**




Myndskreytingar Mellings eru eins snjallar og smellnar og texti hans.”
*The Guardian*

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

GLÓSUR geta komið að miklu gagni þegar lesið er fyrir próf. Glósurnar þurfa samt að vera sæmilega skrifaðar og skipulagðar til þess að nýtast vel. Nú er gott að fara að koma reglu á glósurnar fyrir prófin.

NÁMSAÐSTOÐ
í stærðfræði og raungreinum fyrir grunn- og framhalds-skólanema. Stærðfræði og tölvuþjónustan, Brautarholti 4 105 Rkv. Sími 551 3122

„Þetta var frábært. Græddi mikið á þessu. Vissi ekki einu sinni að þetta væri hægt.“ **Aðalsteinn, 15. ára nemi.**
**...næsta námskeið er í janúar 2006.**
**Skráning á biðlista er hafin á www.h.is og 586-9400**
**Akureyri – 9. nóvember – skráning stendur yfir**
HRAÐLESTRARSKÓLINN

# Fræðst um stjörnur himins

***Hver hefur ekki horft upp í stjörnubjartan himin með aðdáun og óskað þess að vita meira um það við blasir? Nú gefst tækifærið fyrir þá sem komast í Reykjavíkur/Akademíuna við Hringbraut.***

Stjörnurnar okkar nefnist þriggja kvölda námskeið sem verður á vegum Reykjavíkur/Akademíunnar á næstunni. 17. og 24. nóvember hafa verið teknir frá en þriðja kvöldið er háð veðri því þá verður að vera stjörnubjart. „Fólk virðist fróðleiksfúst um þennan hluta náttúrunnar. Sumarbústaðaeigendur og aðrir sem komast út fyrir ljósmengun þéttbýlisins spá gjarnan í stjörnurnar, jafnvel úr heitu pottunum,“ segir Snævarr Guðmundsson sem meðal annars hefur gefið út bókina Íslenskur stjörnuatlas. Hann verður leiðbeinandi á námskeiðinu ásamt Vilhelm Sigurðssyni stjarneðlisfræðingi. Gefum Snævari orðið aftur. „Námskeiðið snýst um það að kenna fólki að þekkja stjörnurnar á einfaldan hátt og þær aðferðir sem þar eru til hjálpar. Ég kem til með að sýna fólki stjörnuhimininn eins og hann lítur út og útskýra hvaða fyrirbæri það er að skoða en Vilhelm fræðir það um þróun geimsins. Þetta er fyrst og fremst náttúruskoðun. Hún gengur ekki einungis út á þekkja himininn heldur líka að vita hvað er að gerast þar. Þá getum við velt fyrir okkur spurningu eins og hvort áhugamenn geti séð helstu byggingareiningar alheimsins og svarið er já. Það er bara spurning hversu góð tæki maður er með hversu langt maður sér.“



Stjörnuskoðun er áhugamál margra. Einn þeirra er eigandi þessarar myndar, Snævar Guðmundsson, sem verður leiðbeinandi á stjörnuskoðunarnámskeiðinu.

BUB
Bættu um betur

Bættu um betur!

Hófst þú nám í vélvirkjun eða vélsmíði en laukst því ekki?

**Ertu starfandi í tengdum greinum þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka náminu sem þú hófst?**

Bættu um betur er tilraunaverkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi. Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er að finna á mimir.is og metal.is**

Einnig er hægt að hafa samband við Hauk Harðarson hjá Mímisímenntun í síma **580 1800** eða Gylfa Einarsson hjá Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins í síma **590 6400** eða senda póst á netföngin: **haukur@mimir.is** eða **gylfi@metal.is**

STARFSMENNTARÁÐ
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ MÁLMIÐNAÐARINS
MÍMIR SÍMENNTUN www.mimir.is
BHS BÓKMENNT HANDMENNT SIÐMENNT

allt matur
Alla föstudaga

**ISO 27001:2005 - Lead Auditor Course (IRCA accredited) Áður ISO/IEC 17799**

British Standards Institution býður dagana 21. – 25. nóvember upp á námskeið í stjórnun úttekta (Lead Auditor) samkvæmt BS 7799-2:2002.

Námskeiðið skráð af stjórnunarnefnd IQA – International Register of Certified Auditors (IRCA). Þátttakendur sem ljúka námskeiðinu fá afhent IRCA / IATCA viðurkenningarskjal sem fullgildir stjórnendur úttekta. Tekið er á móti bókunum í síma 414-4444.

BSI Management Systems er stærsti vottunaraðili í heiminum í BS 7799 og þeir aðilar sem fá vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá BSI hljóta faggilda vottun.

**ISO 27001:2005 - Lead Auditor Course (IRCA accredited)**
**Lengd námskeiðs:** 5 dagar (21. – 25. nóvember)
**Leiðbeinandi:** Geoff Dunn frá BSI Management Systems í Bretlandi
**Hvar haldið:** Hjá BSI á Íslandi að Skúlagötu 19, Reykjavík.
**Verð:** 227.500 kr. Innifalið kaffi, meðlæti og hádegisverður ásamt ítarlegum námskeiðsgögnum. 20% afsláttur fyrir annan og þriðja þátttakanda frá sama fyrirtækinu. Boðið er upp á að greiðslur með greiðslukortum.

**Athugið að námskeiðið er kennt á ensku og próf er í lok námskeiðs.**

**Minnum jafnframt á önnur námskeið á næstunni:**

**ISO 22000 Introduction - Nýtt stjórnkerfi við matvælaframleiðslu**
30. nóvember - Verð: 45.500

**ISO 9001:2000 Lead Auditor (IRCA Accredited)**
12 – 16 desember -Verð: 126.750

**Innleiðing öryggis- og vinnuumhverfisstjórnunar OHSAS 18001:2004 / BS 8800**
5 – 6 desember - Verð: 97.500

Nánari upplýsingar á www.bsiaislandi.is

BSi
**BSI á Íslandi**
Skúlagötu 19 • 101 Reykjavík • Sími 414 4444
netfang: info@bsiaislandi.is • vefur: http://www.bsiaislandi.is/

kynning }

## Nám erlendis

FULLTRÚAR ERLENDRA HÁSKÓLA KYNNA NÁMSFRAMBOÐ Í HÚSNÆÐI MENNTASKÓLANS VIÐ HAMRAHLÍÐ MILLI KLUKKAN FJÖGUR OG HÁLF ÁTTA Á MORGUN.

„Kynningin er einkum ætluð þeim sem eru að huga að grunnháskólanámi erlendis, til BA/BS eða sambærilegrar gráðu,“ segir Guðrún Eysteinsdóttir, ráðgjafi hjá Fulbright-stofnuninni sem hefur skipulagt kynninguna ásamt Jóni Hannessyni, enskukennara í MH. Að hennar sögn eru gestirnir sem hingað koma frá háskólum í Bandaríkjunum og meginlandi Evrópu. „Sérstaklega verður háskólakerfið í Bandaríkjunum kynnt og möguleikar í íþróttaiðkun þar,“ segir Guðrún en eins og margir vita geta nemar sem stunda keppnisíþróttir oft fengið góða skólastyrki. Fulltrúar skólanna sitja fyrir svörum og kynna sína skóla. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á vef Fulbright-stofnunarinnar, www.fulbright.is.

allt tilboð
Alla föstudaga

**GÓÐ BÓK** er lykillinn að því að gera ferðalög milli staða þægileg. Þeir sem hafa með sér spennandi kilju þarf aldrei að leiðast, jafnvel þótt seinkun verði á flugi.





Nýi Dreki. Nýr skáli Ferðafélags Akureyrar við Drekagil.

# Nýr Dreki við Öskju

***Ferðafélag Akureyrar hefur lokið við byggingu nýs ferðaskála við Drekagil hjá Öskju.***

Ferðafélag Akureyrar hefur byggt upp fyrsta flokks aðstöðu fyrir ferðafólk. Nýi skálinn hefur fengið viðurnefnið Nýi-Dreki en á svæðinu er fyrir eldri skálinn, Gamli-Dreki. Sá er frá árinu 1968 og hefur tuttugu svefnpláss en Nýi-Dreki er með gistipláss fyrir fjörutíu manns. Tvö svefnherbergi eru á jarðhæð sem hvort um sig rúmar fimm gesti. Svefnloftið er tvískipt með upphækkuðum bálkum fyrir þrjátíu manns. Þá er mjög rúmgóð borðstofa með eldhúsaðstöðu, rúmgóð forstofa og vatnssalerni. Raflýsing er í húsinu knúin af sólarsellum. Á svæðinu er einnig snyrtihús frá árinu 2001 með vatnssalernum og gaskyntum sturtum. Á sumrin eru tvö tjaldstæði við Drekagil og þar er landvarsla í júlí og ágúst.

# Gistinóttum fjölgar

***Gistinóttum á íslenskum hótelum í september fjölgaði um rúmlega 13 prósent milli ára.***

Í tölum sem Hagstofa Íslands hefur birt kemur fram að gistinætur á hótelum í september 2005 voru 92.900 en voru 81.900 í sama mánuði í fyrra. Þetta samsvarar 13,4 prósenta aukningu. Mesta aukningin varð á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem aukningin var rúm tuttugu prósent. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum úr 53.700 í 64.600. Í öðrum landshlutum fækkaði gistinóttum milli ára.

Þessi aukning er nánast eingöngu rakin til erlendra gesta en gistinóttum Íslendinga fjölgaði aðeins um tæpt eitt prósent. Einnig getur það haft áhrif á aukna eftirspurn að framboðið hefur aukist. Í september á síðasta ári höfðu sjötíu hótel opið allt árið en nú eru hótelin sjötíu og fimm. Herbergjum hefur líka fjölgað og fjöldi rúmplássa aukist. Frá því á síðasta ári hefur hótelum fjölgað um tvö á höfuðborgarsvæðinu, tvö á Vesturlandi og eitt á Norðurlandi eystra.


Gistipláss eru orðin fleiri í Reykjavík.

Ferðaskrifstofan Appollo hefur blandað sér í samkeppnina um ferðir til Kanaríeyja í vetur.



# Nýr möguleiki á ferðamarkaði

***Apollo, einn stærsti ferðaskipuleggjandi á Norðurlöndum, hefur numið land á Íslandi. Um leið bjóðast Íslendingum sólarferðir á kjörum sem norræn frændsystkini hafa ein setið að til þessa.***

Um miðjan október keyptu eigendur Apolloferða, Kuoni Scandinavia, 70 prósenta hlut í Langferðum á Íslandi. Í kjölfarið var ráðist í að auka við starfsemina og býður nú Apollo á Íslandi mikið úrval af leiguflugi um víðan heiminn. Ný heimasíða er í vinnslu hjá ferðaskrifstofunni þar sem sjá má áfangastaði og verð.

Þátttaka Apollo á íslenskum ferðamarkaði hefst á hefðbundnum nótum með leiguflugi til Gran Canaria, sólríkustu eyju Kanaríeyja, sem er stærsti áfangastaður Apollo yfir vetrarmánuðina. Fjöldi Íslendinga hefur ferðast með Apollo frá Danmörku, en Appollo býður upp á fjölbreyttar leiguflugsferðir á góðu verði. Vert er að kynna sér möguleikana því senn kemur að því að pælingar um næsta sumarleyfi hefjast.

## skíðafærið }


Skíðasvæði Dalvíkinga. Örvæntið ekki, seint snjóar sumstaðar en snjóar samt.

### Skíðin dregin fram

SKÍÐAMENN SITJA NÚ LÍMDIR YFIR VEÐURFRÉTTATÍMUNUM OG BÍÐA Í VON OG ÓVON EFTIR FRÉTTUM AF SNJÓKORNUM SEM VILJA BÚA Í SKÍÐABREKKUM.

Akureyringar eru yfirleitt fyrstir til að laða til sín snjóinn í brekkurnar og þeir eru búnir að setja lúffurnar upp og eru til í tuskið. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli tekur á móti skíðamönnum með hvítum faðmi. Svæðið verður opið á laugardag og sunnudag frá tíu til fimm og á miðvikudag til föstudag frá fjögur til sjö næstu vikurnar en opnunartíminn lengist þegar líða tekur á vetur. Í Hlíðarfjalli er góður snjór og hefur bætt aðeins á hann frá því um helgina. Göngubrautin er einnig opin og troðin daglega. Göngubrautir á skíðasvæði Ísafjarðar eru opnar og Dalvíkurmenn vinna hörðum höndum að því að setja upp snjókerfi og vonast til að opna seinna í mánuðinum. Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðunum eru lokuð. Um daginn leit smá snjór þar við en hann reyndist ekki nægur til að vinna úr honum fyrir skíðasvæðin. Höfuðborgarbúar neyðast því til að setja hjól undir skíðin eins og staðan er núna. En það mun snjóa um síðir.

**Upplifðu Ísland**
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
**Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!**

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Iceland excursions Allrahanda
GRAY LINE
FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS www.ferdalag.is

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

Ford KA eða sambærilegur

3 dagar í Þýskalandi
frá 9.700 kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
www.hertz.is

Hertz
Sími: 50 50 600




Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir nýir MAZDA TRIBUTE jeppar verð frá **kr. 2.550.000.-**

Umboðsaðilar:
**SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444**
**BSA Akureyri - Sími 462 6300**
**Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100**

**Opið virka daga 9-18:30 - Laugardaga 12-16**

X4 ehf.

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 9. nóvember 2005 – 32. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**Gott gengi Puma**
Hækkar afkomuspá



6



**Staðan á matvörumarkaði**
Lágvörumarkaðurinn mun stækka

12-13

**Intersport á Íslandi**
Sterkir í sportinu



14

## Grene systur í Smáralind

Verslunin Söstrene Grene sem þeir Íslendingar sem hafa gengið Strikið í Kaupmannahöfn þekkja, mun opna verslun í Smáralind í byrjun desember.

Söstrene Grene er keðja sextán búða sem hóf starfsemi í Árósum, en flestir þekkja búðina á Strikinu þar sem úir og grúir af alls kyns ódýrri smávöru og gjafavöru.

Mikið er lagt upp úr litasamsetningu í uppstillingu og leggja eigendur hennar áherslu á að andrúmsloft búðanna sé sinfónía lita ilms og forma. Búðirnar hafa mikið aðdráttarafl í Danmörku og ferðamenn, einkum frá Norðurlöndum og Þýskalandi eru tíðir gestir. Fjöldi þeirra sem koma í búðirnar í Danmörku er í ár áætlaður tíu milljónir og veltan áætluð um tveir milljarðar íslenskra króna.

Fram til þessa hafa verslanir Söstrene Grene einungis verið í Danmörku og verður íslenska búðin sú fyrst utan Danmerkur. Systurnar hyggja á frekari útrás og er fyrirhugað að opna verslanir í Svíþjóð og Noregi innan skamms. **-hh**

## Útrásarvísitalan hækkar: NWF hækkar um ellefu prósent

Breska iðnaðarfyrirtækið NWF, sem er í eigu Atorku Group, hækkar mest allra félaga í útrásarvísitölu Markaðarins á milli vikna. Félagið hækkar um ellefu prósent og er gengi bréfanna nú í Kauphöllinni í Lundúnum 6,325 pund á hlut. Sænski fjárfestingarbankinn Carnegie hækkar mest þar á eftir eða um 7,4 prósent og er gengi bankans 101,5 sænskar krónur á hlut.

Útrásarvísitalan hækkar um 3,83 prósent á milli vikna og mælist hún 109,59 stig. Fyrirtæki í útrásarvísitölunni hækkuðu vel á milli vikna en mest lækkuðu bréf í sænska félaginu Cherryföretag eða um 7,35 prósent. **- hb**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Nýtt verðmat** | Nýtt verðmat Greiningardeildar KB banka á Össuri hf. gerir ráð fyrir verðmati félagsins fyrir 41,4 milljarð króna sem jafngildir verðmatsgengi á 107 krónum á hlut.

**Gistinóttum fjölgar** | Gistinætur útlendinga á íslenskum hótelum í september voru tæplega 93 þúsund. Það er er fjölgun milli ára um 13,4 prósent.

**Aukin umsvif** | Dagsbrún hyggst tvöfalda umsvif sín á 12 til 24 mánuðum. Hluthafar í Dagsbrún samþykktu á fimmtudag að auka hlutafé um 1200 milljónir króna að nafnvirði.



**Fjórðungur í Forthnet** | Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Þórs Björgólfssonar, hefur bætt við sig 4,3 prósenta hlut í gríska fjarskiptafyrirtækinu Forthnet og á nú 26,3 prósent.

**Matvara hækki** | Greiningadeild Landsbankans gerir ráð fyrir aukinni hækkun matvöruverðs í kjölfar uppgjörs Haga. Tap félagsins var að mestu rakið til verðstríðs á matvörumarkaði.

**VÍS kaupir IGI** | Vátryggingafélag Íslands hefur keypt 54 prósenta hlut í breska tryggingafélaginu IGI Group. VÍS hefur einnig tryggt sér forkaupsrétt að 21 prósenta hlut til viðbótar.

**Aðhefst ekkert** | Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er að aðhafast ekkert í máli Serafin Shipping sem eignaðist yfir fimm prósenta hlut í Icelandic Group í skiptum fyrir hlut í Sjóvík.

**Gott uppgjör** | Hagnaður Straums-Burðaráss var 6.473 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi en samtals 14,1 milljarður á fyrstu níu mánuðum ársins. Eignir jukust um 160 prósent frá áramótum.

# Misháar þóknanir af viðbótarsparnaði

### Allt frá 0,18 til 1,5 prósenta umsýslugjald hjá vörsluaðilum.

**Hjálmar Blöndal**
skrifar

Mjög mismunandi þóknanir eru hjá bönkum og sparisjóðum af viðbótarsparnaði launþega. Umsýslugjald Almenna lífeyrissjóðsins, sem rekinn er af Íslandsbanka, er 0,18 prósent af heildarinnistæðu á hverju ári en hjá SPRON er umsýslugjaldið 1,5 prósent. Markaðurinn kannaði umsýslugjöld og kostnað hjá viðskiptabönkunum þremur og SPRON af viðbótarsparnaði en sá fyrirvari skal hafður á samanburðinn að mismunandi ávöxtunarleiðir eru í boði.

Vinnuveitandi greiðir að lágmarki tvö prósent af heildarlaunum launþegans á móti allt að fjögurra prósenta framlagi launþegans í viðbótarsparnað og reiknast ekki tekjuskattur af sparnaðinum fyrr en við útborgun en oftast er miðað við að sparnaðurinn sé greiddur út við 60 eða 67 ára aldur.

Aðeins þeir sem hafa staðfestingu Fjármálaeftirlitisins geta boðið viðbótarsparnað en flestir lífeyrissjóðir bjóða upp á sparnaðinn auk banka og verðbréfafyrirtækja. Hæstu þóknun sem ekki reiknast sem hlutfall af innistæðu, er hjá Vista sparnaðarleiðinni hjá KB banka en þar eru 6-8 fyrstu mánuðirnar reiknaðir sem þóknun til vörsluaðilans, allt eftir því hvort launþeginn helst í viðskiptum við bankann eða ekki. Ef launþegi ákveður að skipta um vörsluaðila greiða þeir eitt prósent af heildarinnistæðu í þóknun til þess sem viðskiptum er slitið við hjá, hjá KB banka og Íslandsbanka en Landsbankinn greiðir gjaldið fyrir þá sem koma í viðskipti við bankann.

Ekkert gjald eða aukalegur kostnaður er við að gera hlé á greiðslum hjá vörsluaðilunum.

Bankarnir bjóða margir hverjir einnig upp á verðtryggðar reikninga fyrir viðbótarsparnað en þeir reikningar bera enga þóknun til vörsluaðila.

**UMSÝSLUKOSTNAÐUR VIÐSKIPTABANKANNA AF VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐI**

| | |
|---|---|
| Almenni lífeyrissjóðurinn (Íslandsbanki) | 0,18% |
| KB banki | 0,3-0,6% [1,2] |
| Landsbankinn | 0,39% |
| SPRON | 0,85-1,5% [3] |

[1]Fer eftir árangri
[2]Vista innheimtir 6-8 mánaða framlag sem þóknun
[3]Mismunandi eftir ávöxtunarleiðum

# Hundrað erlendir bankar geta opnað útibú á Íslandi

### Yfir hundrað erlendir bankar hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að þeir hyggist veita þjónustu hér á landi. Lítið farið fyrir þeim hingað til.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Alls hafa 103 erlendir bankar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að þeir hyggjast veita þjónustu hér á landi. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri eftirlitsins, segir að samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki geta þessir bankar stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að hafa tilkynnt fyrirhugaða starfsemi. Útibúum erlendu bankanna sé heimilt að veita hverja þá fjármálaþjónustu sem lögleg er hér á landi.

Ragnar segir að á síðasta starfsári Fjármálaeftirlitsins, sem endaði í byrjun júlí síðastliðinn, hafi átta erlendir bankar tilkynnt fyrirhugaða starfsemi. Það sé gert í gegnum lögbært yfirvald, eins og fjármálaeftirlit, í heimaríki fyrirtækisins. Þetta sé hluti af því frelsi sem fylgi aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirtæki geti teygt starfsemi sína og þjónustu yfir landamæri.

Aðstoðarforstjórinn segir þetta nauðsynlegt ef fyrirtæki ætli að auglýsa þjónustu sína hér. Fyrr geti þau það ekki. Hins vegar hafi starfsmenn Fjármálaeftirlitsins orðið lítið varir við starfsemi eða auglýsingar þessara fyrirtækja hér á landi. Til dæmis hafi 35 verðbréfasjóðir og 726 fjárfestingafyrirtæki sent sambærilega tilkynninguna og bankarnir. Ein skýring á þessu gæti verið sú að fyrirtækin séu að skilgreina Ísland sem hluta af sínu starfsvæði án þess að hafa hér skipulega starfsemi. Markaðssvæðið sé líka svo lítið.





Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. október–31 október 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 1% | 12% |
| Bakkavör Group | 1% | 85% |
| Flaga Group | -15% | -43% |
| FL Group | 1% | 42% |
| Grandi | 0% | 16% |
| Íslandsbanki | -1% | 36% |
| Jarðboranir | 1% | 10% |
| Kaupþing Bank | -1% | 33% |
| Kögun | 1% | 18% |
| Landsbankinn | -1% | 88% |
| Marel | -2% | 28% |
| SÍF | -1% | -12% |
| Straumur | 3% | 47% |
| Össur | 5% | 26% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Netverslun tvöfaldast

Í fréttabréfi Samtaka verslunar og þjónustu segir að samkvæmt tölum frá greiðslukortafyrirtækinu Visa hafi netverslun í Norðurlöndum aukist um 96 prósent frá 1. júlí 2004 til 1. júlí 2005. Hliðstæðar tölur væru ekki til fyrir Ísland eitt og sér en ljóst væri að mikil aukning hefði orðið í netverslun meðal Íslendinga á síðustu mánuðum samkvæmt Visa Ísland. Netverslun á Norðurlöndum væri lítil í alþjóðlegum samanburði og nemi aðeins um einu prósenti af heildarveltu netverslunar í heiminum. **- bg**

# Straumur hissa á Skandia




Straumur-Burðarás hafnar því að fyrirtækið hafi selt bréf í Skandia. Samkvæmt nýlegum hluthafalista frá Skandia kemur fram að hlutur Straums hafi minnkað úr 3,2 prósentum í 1,6 prósent. Hlutur Straums er enn 4,5 prósent en hluti er í vörslu annarra aðila.

Ragnar Þórisson, fjárfestingarstjóri hjá Straumi, er hissa á vinnubrögðum stjórnar Skandia. Í viðtali við Dagens Industri segir hann að stjórnin hefði átt að hringja í Straum áður en hún hefði sent út nýjan hlutahafalista. „Hún leikur undarlegan leik,“ segir Ragnar og vísar þar með til þess að stjórn Skandia hefur hafnað yfirtökutilboði Old Mutual. Straumur ætlar hins vegar að ganga að því. **- eþa**

# Sameining hjá Atorku

Austurbakki, Icepharma og Ismed, munu sameinast undir nafni Icepharma hf. um næstu áramót. Félögin eru öll í eigu Atorku Group og starfa á sviði heilbrigðismála. Áætluð velta nýja félagsins er um fjórir milljarðar króna.

Atorka Group hefur á undanförnum árum fjárfest í fyrirtækjum á sviði heilbrigðismála. Samhliða sameiningunni hefur stjórn Atorku ákveðið að selja vín- og íþróttadeild Austurbakka hf. **- hb**

# Stjórnandi Intrum í fasteignarekstur

### Domus fasteignasölur hefja starfsemi.

Sigurður Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri innheimtufyrirtækisins Intrum Justitia og Bjarni Þór Óskarsson lögmaður hafa ætlanir um að hefja starfsemi á fasteignasölum undir nafninu Domus. Þeir hafa í því skyni undanfarin misseri komið að máli við nokkrar fasteignasölur á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að kaupa þær og reka undir nafninu Domus. Fasteignalög heimila ekki fjármálafyrirtækjum að eiga meirihluta í fasteignasölum.

Sigurður neitar því að Intrum komi nokkuð að rekstri á fasteignasölunni sem reka á undir nafninu Frans ehf. en stærstu eigendur Intrum eru viðskiptabankar og fjármálafyrirtæki. „Ég hef verið spurður að þessu áður en það er ekki Intrum sem á þennan rekstur heldur ég og Bjarni Þór Óskarsson lögmaður. Ef þú skoðar fasteignalögin þá geturðu séð að fjármálafyrirtæki mega ekki eiga meirihluta í fasteignasölum,“ segir Bjarni. **- hb**

# Stofnfé ekki hlutabréf

### Stefán Svavarsson gagnrýnir viðskipti með stofnfé.

Stefáni Svavarssyni, stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins, sýnist það beinlínis stríða gegn tilgangi laga um fjármálafyrirtæki að stofnfjáreigendur í sparisjóðum geti fengið meira fyrir stofnfjárhlut sinn en verðbætt stofnfé. Það liggi þó fyrir að í viðskiptum með stofnfjárhluti hafi meira verið greitt.



**STEFÁN SVAVARSSON** Stefán segir stofnfé frekar skuld en eigið fé.

Þetta kom fram í ræðu Stefáns á ársfundi Fjármálaeftirlitsins. Hann áréttaði að hann teldi ekki að viðskiptin með stofnfé hefðu verið ólögleg og hann einn væri ábyrgur fyrir þessum orðum.

Eftir að hafa lýst ákvæðum laga þar sem fjallað er um sparisjóði sagði Stefán að draga mætti þá ályktun að stofnfé samsvari í raun svokölluðum forréttindahlutabréfum. Þau væru að efni til frekar skuld en eigið fé. Eigendur slíkra bréfa nytu ekki ávinnings í félagi við slit umfram nafnverð hlutarins. Þeir hirtu vexti eða arð af nafnverði á sama hátt og stofnfjáreigendur. Sú vaxtagreiðsla væri ekki háð duttlungum aðalfundar til greiðslu arðs. **-bg**

# Auðlindagjald furðulegt

Gengi krónunnar er að gera út af við útgerðina í landinu. Þetta segir Ólafur Eggertsson, útgerðarmaður í Sjóla ehf., í viðtali við Útveginn, fréttabréf Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þótt verð í erlendri mynt hafi hækkað hafi þróun gengisins leitt til þess að afkoman er mun lakari en áður og munar þar verulega. Ólafur segir furðulegt að auðlindagjald sé ekki lagt af á meðan aðstæður eru með þessum hætti. Í núverandi ástandi geti atvinnugreinin ekki hagnast. Útgerðin hafi ekki nokkra burði til að greiða þetta gjald og einungis sé verið að skattleggja tapið. **- hhs**

# Júmbó samlokur hafna tilboði Sóma

## Eigandinn fengið mörg tilboð en ætlar ekki að selja

**Eggert Þór Aðalsteinssonar**
skrifar

„Tilboðið var engan veginn ásættanlegt. Ég ætlaði mér heldur aldrei að selja fyrirtækið,“ segir Jón Örn Árnason, eigandi og framkvæmdastjóri Júmbó samlokugerðarinnar sem fékk kauptilboð frá eigendum aðalkeppinautarins Sóma á dögunum.

Hann telur að Sómi sé hættur við, enda hafi hann einnig hafnað öðru tilboði frá þeim sem kom stuttu síðar. Jón Örn segir að mikill áhugi hafi skapast á Júmbó eftir að Markaðurinn greindi frá því að Íslandsbanki ætlaði að leggja fram kauptilboð fyrir hönd Sóma. Þrjú önnur tilboð fylgdu í kjölfarið. „Tilboðið frá Sóma var fáranlegt. Ég spurði Íslandsbanka hvort þeir héldu að ég væri að reka vídeóleigu?“

Jón Örn, sem hefur átt Júmbó í þrjú ár og starfað við fyrirtækið frá 1985, segir að verðmæti Júmbó liggi í gríðarlega öflugu dreifingarkerfi. „Við förum á 280 staði á hverjum degi og seljum tíu til tólf þúsund samlokur á dag.“

Samkvæmt lista Frjálsrar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtækin veltu Júmbó og Sómi samanlagt yfir 700 milljónum króna á síðasta ári á markaði sem hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum. **- eþa**




**VINSÆL SAMLOKA** Eigandi Júmbó hafnaði tveimur tilboðum frá Sóma, aðalkeppinautinum. Hann ætlar ekki að selja fyrirtækið.

# Hagnast um 35 milljarða á KB banka

Hagnaður íslenskra lífeyrissjóða af eign sinni í KB banka var um 17,6 milljarðar króna á árinu 2004 og þar af voru arðgreiðslur um 210 milljónir. Þetta kom fram í erindi Sigurðar Einarssonar, starfandi stjórnarformanns KB banka, sem hann hélt í Þjóðmenningarhúsinu fyrir helgi að því tilefni að bankinn hefur nú tekið yfir starfsemi breska bankans Singer & Friedlander.

„Á fyrstu níu mánuðum þessa árs er hagnaður þeirra orðinn 17 milljarðar króna. Þessi upphæð, samtals um 34,6 milljarðar króna, er meira en nóg til að greiða allan ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri á einu ári á Íslandi,“ sagði Sigurður.

Lífeyrissjóðir áttu um 15,6 prósent af hlutafé KB banka, miðað við stöðu 30. september, að andvirði rúmlega 61 milljarður króna.

Sigurður sagði að ef heldur sem horfir og allt gengur vel, geta fjárfestingar lífeyrissjóðanna í fjármálageiranum mætt auknum lífslíkum almennings og aukið greiðslur til lífeyrisþega. **- hb**



**SIGURÐUR EINARSSON** Fagnar kaupum á Singer & Friedlander í Þjóðmenningarhúsinu.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is




## VISSIR ÞÚ AÐ ...

*... u.þ.b. helmingur allra reikninga fyrirtækja eru smáreikningar sem hljóða samanlagt upp á 2 – 4% af heildarútgjöldum?*

*... algengt er að umsýsla hvers reiknings kosti á bilinu 2.000 – 5.000 kr. – hvort sem hann er upp á 500 kr. eða 5 milljónir?*

*... með notkun Innkaupakorts Íslandsbanka má spara allt að 75% umsýslukostnaðar reiknings?*

Innkaupakort Íslandsbanka eykur hagræði í rekstri fyrirtækja því innkaupaferlar einfaldast til muna með tilheyrandi **tíma- og vinnusparnaði**. Á Netinu er auðvelt að nálgast allar færslur og flytja þær **rafrænt yfir í bókhald.** Þannig fæst góð **yfirsýn yfir útgjöld** fyrirtækisins, sem hægt er að greina niður á korthafa, deildir eða söluaðila. Einnig er auðvelt að ákvarða úttektarheimild fyrir hvert kort og hverja deild.

Hafðu samband við fyrirtækjafulltrúa í síma 440 4000
eða sendu fyrirspurn á fyrirtaeki@isb.is.

ÍSLANDSBANKI

# Mikill áhugi á fjármálum

## Fullt á nær öll námskeið Íslandsbanka.

„Það er orðið full bókað á öll námskeið í Reykjavík en við bættum því við fimm námskeiðum í morgun [þriðjudagsmorgun] en þau urðu full um leið,“ segir Ragnar Már Vilhjálmsson, vörumerkjastjóri hjá Íslandsbanka, en Íslandsbanki hefur að undanförnu auglýst námskeið um fjármálalæsi fyrir almenning undir nafninu Peningarnir þínir. Mikil aðsókn hefur verið á námskeið og fullbókað er á tólf námskeið sem bankinn hóf að auglýsa í síðustu viku. Enn er laust á námskeið Í Reykjanesbæ, Selfossi og á Akureyri en fullt er á öll námskeið í Reykjavík.

„Þetta er framar okkar vonum en við fundum að það er mikil þörf fyrir svona fræðslu. Við erum ekki að auglýsa okkur með þessu, þetta er fyrst og fremst fræðsla fyrir almenning. Við munum auglýsa fleiri námskeið á næstunni en ekki alveg strax því við erum bara með einn leiðbeinanda í þessu og það er meira en nóg að gera hjá honum,“ segir Ragnar. - hb

# Baugur orðaður við Woolworths



Breskir fjölmiðlar segja Baug sniglast í kringum bresku verslunarkeðjunna Woolworths.

Fjárfestingafélagið Apax sem tók þátt í kaupum á Somerfield vildi kaupa Woolworths á sínum tíma en gekk úr skaftinu á síðustu stundu, þar sem áreiðanleikakönnun stóðst ekki væntingar þeirra.

Samkvæmt heimildum er ekki fótur fyrir orðrómnum um áhuga Baugs á félaginu. Woolworths er ekki talið falla vel að stefnu Baugs um að kaupa í fyrirtækjum með skýra stefnu. - hh

# Lög um lágmarkstíma

Viðskiptaráðuneytið hefur nú til skoðunar hvort lögbinda eigi tiltekinn eignarhaldstíma starfsmanna fjármálafyrirtækja. Þetta kemur fram í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur á Alþingi um viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði.

Í svari ráðherra kemur fram að í Danmörku sé kveðið á um sex mánaða eignarhaldstíma og í Noregi um tólf mánaða eignarhaldstíma. Hér á landi er kveðið á um þrjá mánuði að lágmarki nema sérstakar aðstæður komi til. -hb

# Leitar kaupanda að Íslandsbankahlut

Straumur Burðarás þreifar fyrir sér með sölu á hlut sínum í Íslandsbanka, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Straumur er stærsti hluthafinn í bankanum og hefur um skeið skoðað leiðir til þess að selja hlutinn. Í upphafi sumars voru áætlanir í gangi um að Milestone undir forystu Karls Wernerssonar, FL Group og Baugur myndu standa að félagi um kaup á hlutnum.

Björgólfur Thor Björgólfsson er stjórnarformaður Straums Burðaráss. Talið er ólíklegt að hann vilji selja Jóni Ásgeiri hlut í bankanum og kærleikar milli þeirra séu takmarkaðir. Er sú ályktun dregin meðal annars af grein Financial Times þar sem Björgólfur Thor lýsti áhyggjum af Baugsmálinu og varaði við þeirri ályktun að stjórnmálamenn hefðu átt þátt í málinu.



Straumur þarf að draga eign sína í Íslandsbanka frá eigin fé sínu samkvæmt reglum um fjármálafyrirtæki og eignin í Íslandsbanka gæti því orðið hindrun vilji félagið ráðast í stór erlend verkefni. Straumur á um 26 prósenta hlut og er virði hans yfir fimmtíu milljarðar króna. -hh

# Alþjóðlegt samstarf mikilvægt

## Tryggingafélögin komin í hóp útrásarfyrirtækja

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði á ársfundi eftirlitsins á mánudaginn að í september hefðu þremur stóru tryggingafélögunum hér á landi verið veitt heimild til að veita þjónustu án starfsstöðvar í tilteknum ríkjum EES. Í október hefði VÍS svo keypt tæplega tíu prósent hlut í norsku vátryggingafélagi og fyrir tæpri viku keypti sama félag meirihluta í bresku tryggingafélagi. Félagið boðaði aukin umsvif á erlendri grund.



**FORSTJÓRI FME** Eftirlitið þarf að fylgjast með dótturfélögum íslenskra fyrirtækja erlendis.

„Ljóst er að þessi nýja útrás mun hafa frekari áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og auka mikilvægi alþjóðlegs samstarfs. Hér mun og reyna á mikilvægi áhættustýringar eftirlitsskyldra aðila og mögulega reglur um fjármálasamsteypur,“ sagði Jónas.-bg



**JARÐARBERJARÆKT Í SILFURTÚNI** Áætlað er að jarðarberjaframleiðslan aukist úr átta tonnum í tólf með tilkomu nýja húsnæðisins.

# Framleiða tólf tonn af jarðarberjum

## Hjón á Flúðum eru stærstu jarðarberjaframleiðendur landsins og eru að byggja tvö þúsund fermetra gróðurhús.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Á Flúðum búa stærstu jarðarberjaframleiðendur landsins, hjónin Eiríkur Ágústsson og Olga Guðmundsdóttir. Þau hafa nú í smíðum tvö þúsund fermetra gróðurhús undir framleiðsluna sem verður tekið í notkun næsta vor. Hjónin keyptu reksturinn árið 2002 en jarðarber hafa verið ræktuð á Flúðum frá árinu 1995. Eiríkur hefur þó lengi verið með puttana í ræktun og var meðal annars framleiðslustjóri hjá Flúðasveppum í 11 ár.

Eiríkur segir ræktun jarðarberja sérstaklega dýra og plássfreka og flesta aðra ræktun í gróðurhúsum gefa meira af sér. Verð vörunnar hafi lítið hækkað milli ára og ekki í samræmi við aðrar hækkanir á neysluvörum.

Framleiðsla hjónanna á jarðarberjum hefur verið um átta tonn á ári. Með nýja gróðurhúsinu gera þau ráð fyrir að auka hana um að minnsta kosti fjögur tonn. Tilgangurinn með nýja gróðurhúsinu er ekki að auka framboðið á hverju tímabili heldur lengja tímabilið og fylla þannig það skarð sem hefur myndast yfir sumartímann. Uppskeran hingað til hefur verið í maí og júní og aftur í september og október. Engin framleiðsla hefur verið í júlí og ágúst en með nýja húsnæðinu verður uppskeran samfelld frá maí fram í október.

Þrjátíu til fjörutíu prósent af veltu búsins koma af jarðarberjaframleiðslunni. Á búinu fer einnig fram tómata- og kálrækt. Til þess að geta framleitt jarðarber yfir vetrarmánuðina þarf lýsingu og Eiríkur telur það ekki borga sig sem stendur. Hins vegar muni hann hugsanlega leggja hluta þess pláss sem hann hefur haft undir tómataræktun undir jarðarberin þar sem að allt stefni nú í offramleiðslu á tómötum.

Innlend framleiðsla stendur undir um það bil fimm prósentum heildarneyslu á jarðarberjum.

spron
VERÐBRÉF
- Verðbréfasjóðir
- Verðbréfaþjónusta
- Eignastýring
- Lífeyrir
- Fjármálaráðgjöf
Við verðum við símann til kl. 20 í kvöld. Hafðu samband í síma 550 1310 og við ráðum þér heilt.
– leið til árangurs
Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is






# Samskipan gleði og þjónustulundar

Fullkominn skipa- og tækjakostur Samskipa og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörunni á áfangastað fljótt og vel. Við trúum því að það sé síðan starfsfólkið, starfsgleði þess og þjónustulund sem ráði úrslitum um ánægju viðskiptavinarins.

**Samskip - Yfir lönd yfir höf.**

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

ARGUS / 05-0091

**ÚTRÁSARVÍSITALA 109,59 3,83%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 10,36 | Lev | 36,93 | 2,01% |
| Carnegie | Svíþjóð | 101,50 | SEK | 7,45 | 5,87% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 26,60 | SEK | 7,45 | -7,35% |
| deCode | Bandaríkin | 8,69 | USD | 60,57 | 0,88% |
| EasyJet | Bretland | 3,00 | Pund | 105,86 | 5,31% |
| Finnair | Finnland | 10,87 | EUR | 71,59 | 3,77% |
| French Connection | Bretland | 2,43 | Pund | 105,86 | -1,13% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 68,00 | SEK | 7,45 | -3,20% |
| Keops | Danmörk | 18,70 | DKR | 9,59 | -3,46% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,11 | Pund | 105,86 | 1,23% |
| NWF | Bretland | 6,33 | Pund | 105,86 | 10,05% |
| Sampo | Finnland | 13,25 | EUR | 72,11 | 5,58% |
| Saunalahti | Finnland | 2,42 | EUR | 71,59 | -1,53% |
| Scribona | Svíþjóð | 15,50 | SEK | 7,45 | -2,06% |
| Skandia | Svíþjóð | 41,30 | SEK | 7,45 | 3,85% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Unglingur stofnar flugfélag

## Alpha One Airlines hefur áætlunarflug innanlands í Bretlandi á mánudag.

Nítján ára breskur flugmaður, Martin Halstead, hefur stofnað sitt eigið flugfélag. Flugfélagið Alpha One Airlines mun fara sitt fyrsta flug á mánudagsmorgun frá Southampton-flugvelli til The Isle of Man. Halstead hefur fjárfest í 18 sæta flugvél af gerðinni BAE Jetstream 31 og mun leigja aðra til að standa undir tveimur áætlunarflugum á dag milli flugvallanna tveggja. Áætlað er að flug milli Isle of Man og Blackpool hefjist einnig innan skamms.

Martin Halstead, sem af gárungunum er kallaður Litli Branson, segir í viðtali við BBC að hann sé sannfærður um að áætlanir sínar muni standast þrátt fyrir efasemdarraddir í samfélaginu. Hann ætli að nálgast innanlandsflug á nýjan og frumlegan hátt og að hann hafi eldri og reyndari menn til að leita til þurfi hann hjálp. Áætlað er að flugfélagið flytji 75 þúsund farþega á fyrsta ári starfsemi sinnar. - hhs



**ALPHA ONE AIRLINES Í LOFTIÐ** 19 ára breskur flugmaður sem er nefndur Litli Branson ætlar að umbylta bresku innanlandsflugi.

# Flensan yrði dýrkeypt

Asíski þróunarbankinn telur að fuglaflensa í mönnum og áfallið í kjölfar hennar myndi kosta asískan efnahag allt að 283 milljarða bandaríkjadala. Þetta kemur fram á vefsíðu BBC. Verg landsframleiðsla svæðisins myndi minnka um 6,5 prósent.



Í skýrslu Alþjóðabankans um efnahag Austur-Asíu kom fram að fuglaflensan gæti hamlað efnahagsvexti á árinu 2006 vegna hugsanlegra aðgerða annarra landa og ferðatakmarkana til svæðisins. Ef til heimsfaraldurs kæmi myndi tveggja prósenta minnkun í vergri landsframleiðslu á meðan á honum stæði kosta allt að 200 milljónir bandaríkjadala á einum ársfjórðungi. - hhs



**EVRÓPK VÍN NJÓTA EKKI SÖMU VIRÐINGAR OG ÁÐUR** Áætlað er að í ár verði í fyrsta sinn meiri innflutningur en útflutningur á vínum í Evrópu.




# Evrópsk vín há lífsbaráttuna

## Alþjóðavæðingin heldur innreið sína á vínmarkaðinn.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Evrópskir vínframleiðendur eru margir hverjir eru hræddir við breytingarnar sem fylgja aukinni alþjóðavæðingu. Um þetta er fjallað á vefsíðu Der Spiegel. Að mati þeirra framleiðenda sem vilja halda í hefðirnar eiga nýstárlegar aðferðir ekki við í framleiðslu vína. Til dæmis er sú aðferð að nota viðarflísar og bæta við sykri í framleiðsluna umdeild. Jarðvegurinn, loftslagið og veðrið eigi að vera þeir þættir sem ákvarða bragð vínsins.

Hverju sem því líður standa framleiðendur nú frammi fyrir því að þurfa að aðlagast alþjóðavæðingunni. Spurningar sem vakna snúa að því vernig eigi að bregðast við henni, hvernig eigi að aðlaga vínið nýjum smekki heimsins og hvort framleiðslan eigi nafnbótina „vín“ skilið eftir breytingarnar.

Evrópusambandið og Bandaríkin hafa þegar samþykkt sín á milli að Bandaríkjamenn megi nota eikarflísar í framleiðslu sína. Nú er í burðarliðnum viðskiptasamningur sem kynntur verður fyrir ráðherranefnd Evrópusambandsins í lok nóvember. Verði samningurinn samþykktur fá evrópskir framleiðendur leyfi til að nota sömu aðferðir og Bandaríkjamenn. Þá má búast við því að Alþjóðaviðskiptastofnunin krefjist þess að slíkar tilslakanir muni ganga jafnt yfir alla. Ljóst er því að evrópskir vínframleiðendur verða að aðlagast og með því eru breytingar nauðsynlegar

Sérfræðingar telja að árið 2005 verði fyrsta árið sem Evrópa flytur inn meira vín en það flytur út. - hhs

# Puma hækkar afkomuspá

Þýski íþróttavöruframleiðandinn Puma hefur hækkað eigin afkomuspá fyrir árið 2005. Einn helsti samkeppnisaðili Puma, Adidas, gerði slíkt hið sama. Þetta var gert í framhaldi af góðri sölu í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi sem var umfram væntingar markaðarins. Hagnaður fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi hækkaði um 11,5 prósent milli ára og var 91,9 milljónir evra eða rúmlega 6,5 milljarðar íslenskra króna.



Puma lítur hýrum augum til heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem haldið er í Þýskalandi árið 2006 og undirbýr sig nú að kappi fyrir mikla sölu í aðdragandanum að því. - hhs

SÖGUHORNIÐ

# Jean Monnet 117 ára



ARKITEKT EVRÓPUSAMBANDSINS, JEAN MONNET Hann var mikill alþjóðasinni og af mörgum talinn arkitekt Evrópusambandsins.

Einn helsti arkitekt sameinaðrar Evrópu, Jean Omer Marie Gabriel Monnet, fæddist þennan dag árið 1888. Hann var raunsær alþjóðasinni sem aldrei var settur í embætti en vann bak við tjöldin með amerískum og evrópskum ríkisstjórnum. Monnet er einna frægastur fyrir setninguna „Það er engin framtíð fyrir fólkið í Evrópu án sameiningar.“ Hann var kominn af koníakskaupmönnum í Cognac í Frakklandi. Hann varð fljótt mjög alþjóðlegur í hugsun og ferðaðist mikið fyrir hönd fjölskyldufyrirtækisins sem ungur maður.

Af heilsufarsástæðum gat Monnet ekki sinnt herskyldu sjálfur en hann trúði því að eina leiðin að sigri bandamanna væri með sameiningu krafta Frakklands og Englands. Hann lagði fram fyrir ríkisstjórnina áætlun um samnýtingu herafla þjóðanna og hlaust góður árangur af skipulagningu hans. Að stríðinu loknu átti Monnet sinn þátt í efnahagslegri uppbyggingu Mið- og Evrópuríkja sem alþjóðlegur fjárfestir. Á árunum 1934-1936 var hann búsettur í Kína þar sem hann aðstoðaði við endurskipulagningu kínverska járnbrautakerfisins.

Árið 1934 hafði Monnet yfirumsjón með samnýtingu hergagnaframleiðslu Frakklands og Englands. Sama ár var hann sendur til Bandaríkjanna til að semja um kaup á hergögnum. Monnet gerðist þar ráðgjafi Roosevelts forseta og sannfærði hann um að hefja umfangsmikla vopnaframleiðslu til hjálpar bandamönnum. Fljótlega urðu Bandaríkin formlega þátttakendur í stríðinu. Breski hagfræðingurinn John Maynard Keynes sagði Monnet væntanlega hafa orðið til þess að stytta stríðið.

Eftir heimsstyrjöldina hafði Monnet yfirumsjón með nútímavæðingu og uppbyggingu franska efnahagsins. Árið 1949 fengu Monnet og samstarfsmenn hans hugmyndina að bandalagi Evrópu þar sem ágreiningur milli Frakklands og Þýskalands vegna yfirráða Ruhr-héraðsins var að komast á hættulegt stig. Vísirinn að Evrópusambandi varð til með stofnun Kola- og stálbandalagsins árið 1951. Monnet hafði svo rík áhrif á þróun sambandsins allt til dauðadags árið 1979.

Árið 1929 hitti Monnet, sem þá var 42 ára, ítalska málarann Silviu Giannini. Hún hafði nýlega gifst einum af starfsmönnum Monnets, Francisco Giannini. Þau felldu hugi saman og ekki leið á löngu uns hún varð ófrísk að barni Monnets. Skilnaður var á þeim tíma ólöglegur á Ítalíu og í mörgum öðrum Evrópulöndum. Þau komust þó í kringum það og árið 1934 hittust þau í Moskvu þar sem hún fékk sovéskan ríkisborgararétt, skildi við eiginmanninn og giftist Monnet.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Hátíðarráðstefna í tilefni af 10 ára afmæli Íslensk-Kínverska Viðskiptaráðsins

冰岛中国贸易促进会
Íslensk kínverska viðskiptaráðið

Kínverskir ferðamenn
- ný viðskiptatækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu?

Ráðstefna á Hotel Sögu, þriðjudaginn 8. nóvember, kl.13.00 - 16.30, salur A.

Dagskrá:

13.00 - 13.30 Skráning og afhending ráðstefnugagna
13.30 - 13.40 Opnun ráðstefnu: Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra
13.40 - 13.50 Baldur Hjaltason, formaður Íslensk-Kínverska viðskiptaráðsins
13.50 - 14.20 Hr. Wan Jifei, formaður CCPIT í Kína
14.20 - 14.30 CCPIT (China Council for the Promotion of International Trade), ÍKV og Útflutningsráð Íslands undirrita samstarfsyfirlýsingu
14.30 - 14.50 Hr. Veli Rosenberg, formaður The Finnish-Chinese Society „Is there a Rabbit on the Moon? Doing business with Chinese“
14.50 - 15.10 Kaffihlé
15.10 - 15.30 Ragnar Baldursson, sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu „Menningarbakgrunnur kínverskrar útrásar“
15.30 - 15.50 Þorsteinn Örn Guðmundsson, forstjóri FL Travel Group „Kínverskir ferðamenn - vaxtartækifæri íslenskrar ferðaþjónustu“
15.50 - 16.10 Magnús Bjarnason, forstöðumaður Alþjóðasviðs Íslandsbanka „Þróun viðskipta á milli Kína og Íslands“
16.10 - 16.20 Samantekt og ráðstefnuslit

Fundarstjóri: Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri ÍKV

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tölvupóst á Guðmundu Smáradóttur, gudmunda@fis.is. Aðgangseyrir 2.500.

Innifalin eru ráðstefnugögn og kaffiveitingar.

H2 hönnun

BlackBerry® frá Vodafone

Mobile Office FRÁ OG VODAFONE

Alvöru ferðaskrifstofa

BlackBerry® frá Vodafone er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir BlackBerry frá Vodafone notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum, allt í rauntíma.

Með BlackBerry frá Vodafone er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.

» BlackBerry frá Vodaone er alltaf tengdur og tölvupóstur berst og er sendur samstundis
» Stór skjár sem hentar vel við að skoða viðhengi
» Aldrei þarf að uppfæra upplýsingar á milli farsímans og tölvunnar
» BlackBerry frá Vodafone uppfyllir ítrustu öryggisstaðla
» BlackBerry frá Vodafone er einstaklega vel hannaður fyrir kerfisumsjón

BlackBerry frá Vodafone er hluti af Mobile Office, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



KOMIÐ Vodafone Mobile Connect
NÓVEMBER Global Hotspots
DESEMBER Vodafone World

og vodafone

Nánari upplýsingar veitir Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

# Wikipedia á prent

## Alfræðiorðabók á netinu verður prentuð.

Alfræðiorðabókin Wikipedia, sem svalar forvitni netverja, fer nú senn á prent ef áætlanir stofnanda orðabókarinnar ganga eftir. Wikipedia-orðabókin hefur náð ótrúlegum vinsældum á skömmum tíma en helsta sérkenni hennar er að notendur orðabókarinnar halda við staðreyndum um menn og málefni og er hún aðeins aðgengileg á netinu.

Fram að þessu hefur þróunin heldur verið á hinn veginn; að prentaðar alfræðiorðabækur hafa verið færðar á aðgengilegt form fyrir netverja. Wikipedia hyggst nú leggja sitt af mörkum til þróunarlandanna, þar sem nettengingar eru af skornum skammti, svo að börn og unglingar geti fræðst á sama hátt og jafnaldrar þeirrar í hinum þróuðu löndum.

„Mér hefur alltaf fundist það vera góð hugmynd að prenta Wikipedia því okkar hugmyndafræði gengur út á það að útbreiða þekkingu um allan heim og ekki bara til þeirra sem hafa nettengingu,“ segir Jimmy Wales, stofnandi Wikipedia. **- hb**



**TVÆR STÚLKUR** Þær hafa varla aðgengi að netinu og geta því ekki nálgast allar þær upplýsingar sem jafnaldrar þeirrar annars staðar í heiminum geta. Wikipedia-orðabókin vill nú breyta þessu.

# Nano í heyrnartólin

Það nýjasta frá Macally, sem sérhæfir sig í öllum gerðum tölvufylgihluta, eru heyrnatól í anda níunda áratugarins. Það merkilega við tólin er að þau eru sérstaklega hönnuð fyrir hinn vinsæla iPod nano frá Apple.



Þau má nota á hefðbundinn hátt, eru sérstaklega létt og ganga ekki fyrir rafhlöðu. Innbyggt í heyrnartólin er svo rauf sem hægt er að smella hinum smáa nano í. Þá breytist hann í þráðlausan MP3-spilara. **- hhs**

# Uppboðið er hafið í Kína

**Hjálmar Blöndal**
skrifar

Netbóla tíunda áratugarins virðist endurvakin í Kína ef marka má áhuga Kínverja á netinu. Sífellt fleiri Kínverjar nettengjast og talið að um hundrað milljónir íbúa landsins hafi aðgang að netinu. Uppgangur er því til staðar á því sviði sem og á mörgum öðrum í landinu þar sem hagvöxtur hefur verið mikill undanfarin ár.

Netkynslóð Kínverja er rétt eins og netkynslóð Vesturlandabúa sem á tíunda árutugnum var talin ung, klók og þora að taka áhættu. Netbóla hrundi þó á skömmum tíma en Kínverjarnir óttast ekki og ætla sér að læra af mistökunum.

Kínverjarnir hafa nú mikinn áhuga á netverslun og spretta upp netverslanir í Kína hver á fætur annarri. Eini gallinn er bankakerfið í Kína sem er talið svifaseint og ekki í takt við framfarir á sviði netverslunar.

„Ég notaði greiðslukort til að borga fyrir vöru sem ég keypti. Það tók eina viku fyrir greiðsluna að fara í gegn og svo tíu daga í pósti. Í dag er þetta hins vegar öðruvísi enda þótt það gangi hægt,“ sagði kaupandi á netinu.

Sumir borga fyrir vöruna við afhendingu enda þótt hún sé keypt á netinu en enn aðrir borga með greiðslukortum. Sá hópur fer nú stækkandi. Kínverjar virðast vel geta sætt sig við að kaupa vörur á netinu og enda þótt tæknin sé þeim ekki hagstæð í dag þá má við því búast að þar verði miklar framfarir á næstu árum. Ef að líkum lætur gætu Vesturlandabúar keypt vörur af netinu frá Kína og fengið þær sendar heim á miklu hagstæðari verði en heima fyrir.



Fréttablaðið/AP

**NETNOTENDUR Í KÍNA** Kínverjar kaupa nú vörur á Netinu í sífellt vaxandi mæli.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegineika. Volvo XC70.

## Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

## Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Apple ásakað um hugmyndastuld

## Auglýsing frá Apple þykir nauðalík auglýsingu skóframleiðandans Lugz.

Ný auglýsing frá Apple hefur hrundið af stað deilum um hvernig tryggja eigi höfundarrétt á auglýsingum. Deilurnar eru þær nýjustu af fjölmörgum um hvaðan hugmyndir sem fram koma í auglýsingum eru sprottnar og hvernig eigi að tryggja að hugmyndum sé ekki stolið.



**SKUGGINN AF EMINEM Í AUGLÝSINGU FRÁ APPLE** Apple er ásakað um að hafa hermt eftir annarri auglýsingu.

Auglýsingastofan TBWA/Chiat/Day sem vinnur fyrir Apple er ásökuð um að hafa stolið hugmyndinni að nýju herferðinni úr auglýsingu frá skóframleiðandanum Lugz. Auglýsingin sýnir skuggamynd af manni í stórborgarumhverfi með rauðan, appelsínugulan, gulan og svartan bakgrunn. Þykir henni svipa svo mikið til auglýsingar frá skóframleiðandanum Lugz frá árinu 2003 að það geti tæplega verið tilviljun. Í auglýsingu Apple er skuggafígúran söngvarinn Eminem en í þeirri fyrri óþekktur ungur maður í Lugzskóm.

Framkvæmdastjóri auglýsingastofu Lugz hefur gefið út yfirlýsingu um málið. Þar segir að Apple noti kröftugustu þættina úr auglýsingaherferð Lugz sem geri það að verkum að auglýsingarnar eru afskaplega líkar. Hann sagði fyrirtækið tilbúið til að fylgja málinu eftir frammi fyrir dómstólum ef þess gerist þörf til að tryggja rétt sinn.

Auglýsingastofan TBWA/Chiat/Day sem gerði auglýsingu Apple hefur nú sent frá sér yfirlýsingu þar sem fram kemur að það sé miður að auglýsingarnar séu svo svipaðar, það sé tilviljun og komi þeim á óvart eins og öðrum. Það fullyrðir að nýja auglýsingaherferðin hafi ekki haft neinar skírskotanir til auglýsingar Lugz. - hhs

# Yahoo kemst á kortið

## Hörð samkeppni við Google.

**Yahoo!** Er í harðri samkeppni við Google um kort á netinu.

Yahoo-vefsetrið hefur endurgert kortaumhverfi sitt á vefsetrinu í þeim tilgangi að veita ökumönnum enn betri leiðbeiningar á götum úti. Google-vefsetrið hefur fram að þessu haft nokkra forystu í akstursleiðbeiningum fyrir netnotendur og kynnti endurgerða þjónustu fyrir rúmum mánuði en núna blæs Yahoo til sóknar.

Tilgangurinn er sá hinn sami hjá báðum fyrirtækjunum – að draga fleiri notendur að vefsíðunum svo þeir nái að selja fleiri auglýsingar. Akstursleiðbeiningar á netinu hafa orðið sífellt vinsælli hjá netnotendum og hafa fyrirtækin tvö auk annarra vefsetra fundið fyrir auknum áhuga og kynna sífellt fleiri nýjungar til sögunnar.

Nú er orðið einfaldara en áður að skrifa inn götuheiti frá brottfararstað og götuheiti áfangastaðarins og teikna vefsetrin upp auðveldustu og stystu leiðina milli staðanna tveggja. - hb




# Í fangelsi fyrir sjóræningjastarfsemi

Í frétt Herald Tribune í kemur fram að íbúi í Hong Kong hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir sjóræningjastarfsemi á netinu. Maðurinn setti upp þrjár Hollywood-kvikmyndir á tölvu sína og tilkynnti á netsíðum að myndirnar mætti nálgast frítt hjá honum. Maðurinn notaði til þess hið vinsæla skráarskiptaforrit Bit Torrent.

Dómstólar annarra landa, meðal annars í Svíþjóð, hafa gefið út sektir fyrir svipaðar sakir. Þetta er hins vegar fyrsti fangelsisdómurinn yfir manneskju fyrir að nota skráaskiptaforrit fyrir sjóræningjastarfsemi. Dómurinn þykir harður en með þessu vilja stjórnvöld í Hong Kong sýna fram á að þar sé höfundarréttur tekinn alvarlega. Hong Kong hefur haft það orð á sér að vera miðstöð þjófnaðar sem þessa á netinu. - hhs



**DONNIE YEN ER ÞEKKT KVIKMYNDASTJARNA Í HONG KONG** Íbúi í Hong Kong hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir að deila skrám á netinu.





Fréttablaðið/Valgarður

**FJÖLMENNUR FUNDUR** Fjölmargir starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækja á fjármálamarkaðnum sóttu fund FME.

# Ágreiningur um heimild fjármálafyrirtækja til þátttöku í atvinnurekstri

**Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir misbrest á upplýsingagjöf frá fjármálafyrirtækjum um þátttöku í atvinnutengdri starfsemi. Þá sé einnig ágreiningur um túlkun á heimildum fjármálafyrirtækja til að stunda hliðar- eða tímabundna atvinnustarfsemi. *Björgvin Guðmundsson* sat ársfund Fjármálaeftirlitsins.**

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jónas Fr. Jónsson, sagði á ársfundi eftirlitsins á mánudaginn að spurningar hefðu vaknað um mörk eiginlegrar fjármálastarfsemi og annars reksturs, eins og fasteignaumsýslu eða flugvélarekstur sem dæmi. Í lögum væri kveðið á um starfsheimilidir fjármálafyrirtækja og þeim sett ákveðin mörk. Heimild til hliðarstarfsemi miðaðist að því að ljúka viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Það væri til að takmarka áhættutöku, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að viðunandi áhættustýringu. Ætlast væri til að fyrirtæki upplýsi Fjármálaeftirlitið um stöðu slíkrar atvinnuþátttöku tvisvar á ári.

„Það verður að segjast að nokkur misbrestur hefur verið á að fjármálafyrirtækin hafi sinnt upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins á fullnægjandi hátt. Einnig virðist vera einhver túlkunarágreiningur um það hversu víðtækar heimildir fjármálafyrirtækin hafi til slíkrar hliðar- eða tímabundinnar starfsemi og eru nokkur tilvik nú til skoðunar af hálfu eftirlitsins. Á næstu mánuðum mun Fjármálaeftirlitið leggja áherslu á að bæta framkvæmd þessa, afgreiða ágreiningsmál og hugsanlega endurskoða tilmæli sín og vænti ég góðs samstarfs fjármálafyrirtækjanna í þessu efni," sagði Jónas í ræðu sinni.

**VILJA MÁLSSKOTSRÉTT**

Stjórn Fjármálaeftirlitsins telur afar brýnt að eftirlitinu verði veittur réttur til að skjóta niðurstöðum kærunefndar til dómstóla. Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa í kærunefndina og þangað geta málsaðilar skotið úrskurðum Fjármálaeftirlitsins.

Stefán Svavarsson, stjórnarformaður stofnunarinnar, sagði á ársfundinum að í mörgum tilvikum hefði eftirlitið ekki fallist á röksemdir kærunefndarinnar. Nánast allar ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem kærunefndin fengi til umfjöllunar lytu að því að treysta reglur. Nauðsynlegt væri að allir þátttakendur á markaði og almenningur megi trúa að hér á landi væri eins skilvirkur markaður og kostur væri.

Stefán sagði að þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið væri ekki alltaf sammála röksemdum kærunefndarinnar gæti eftirlitið ekki fengið niðurstöður nefndarinnar prófaðar. Í lögum segði að úrskurðum kærunefndarinnar yrði ekki skotið til viðskiptaráðherra. Eftirlitið gæti ekki búið við óvissu um heimildir sínar og brýnt væri að bregðast við án tafar með lagasetningu.

**BRÉF SENT VIÐSKIPTARÁÐHERRA**

Fjármálaeftirlitið hefur sent iðnaðar- og viðskiptaráðherra bréf þar sem farið er fram á þessu verði breytt. Í því segir:

„Fjármálaeftirlitið telur aðkallandi að kveðið verði á um málskotsrétt Fjármálaeftirlitsins vegna niðurstaðna kærunefndar. Úrlausnarefni kærunefndar geta haft slíka grundvallarþýðingu fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins, stefnu þess og þróun fjármálamarkaðar, að óeðlilegt verður að teljast að þær geti ekki sætt endurskoðun dómstóla. Í tilteknum tilvikum hafa niðurstöður kærunefndar verið svo umdeilanlegar að mati Fjármálaeftirlitsins, að ljóst má vera að þær hefðu verið bornar undir dómstóla, ef málskotsréttur hefði verið fyrir hendi. Þá er rétt að benda á, að núverandi fyrirkomulag hvetur málsaðila til þess að kæra ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins, þar sem þeir hafa engu að tapa, en geta treyst því að hagstæð niðurstaða í kærunefnd sætir ekki endurskoðun dómstóla."

Jónas Fr. Jónsson, sem tók við starfi forstjóra Fjármálaeftirlitsins 1. júlí síðastliðinn af Páli Gunnari Pálssyni, fór yfir áherslur eftirlitsins á næstu mánuðum. Útskýrði hann hvernig Fjármálaeftirlitið hygðist framfylgja nýjum ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti sem tóku gildi í sumar. Síðan þá hefðu þessi ákvæði verið kynnt markaðsaðilum en kæmust í framkvæmd eftir ársfund eftirlitsins að teknu tilliti til kærufrests.

Jónas sagði að Fjármálaeftirlitið myndi almennt birta samandregna niðurstöðu athugana á starfsháttum fjármálafyrirtækja, hvað varði framkvæmd verðbréfaviðskipta. Í þeim tilvikum þar sem Fjármálaeftirlitið kæmist að þeirri niðurstöðu að beita ætti stjórnvaldssektum yrðu helstu efnisatriði málsins birt og aðilar nafngreindir. Ekki yrði greint frá nöfnum ef ástæða væri til að vísa málum til lögreglu en þó yrði greint frá efnisatriðum slíkra mála. Það væri svo lögreglunnar að rannsaka málið frekar.

**STJÓRNENDUR Í HÆFISMAT**

„Vegna þjóðfélagslegs mikilvægis fjármálaþjónustu hefur löggjafinn gert ríkari kröfur til stjórnenda þessara fyrirtækja en annarra félaga. Snúa þær kröfur að trúverðugleika slíkra aðila en varðandi framkvæmdastjóra eru gerðar enn frekari kröfur um faglegt hæfi, það er menntun og starfsreynslu," sagði Jónas þegar hann fjallaði um hæfismat stjórnenda. Val á stjórn og helstu stjórnendum skipti miklu máli. Fjármálaeftirlitinu bæri að fylgjast með því að ákvæði laga um hæfi stjórnenda væru í heiðri höfð. Um nokkurt skeið hefði það tíðkast að framkvæma sérstakt hæfismat í þeim tilvikum þegar nýir framkvæmdastjórar kæmu að vátryggingastarfsemi eða miðlun. Þetta verklag hefði gefist vel og mælst vel fyrir.

„Fjármálaeftirlitið hyggst nú taka upp þetta verklag við hæfismat fyrir nýja stjórnendur sem koma að fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum, og við útgáfu nýrra eða breyttra starfsleyfa til slíkra aðila. Hæfismatið mun fara þannig fram að stjórnendur munu þurfa að skila inn svörum við spurningalista sem snýr almennt að hæfi þeirra auk nauðsynlegra vottorða. Framkvæmdastjórar munu jafnframt þurfa að mæta til fundar hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem þekking þeirra á lögum og reglum sem gilda um viðkomandi starfsemi verður könnuð," sagði Jónas.

**NOKKRAR TÖLUR UM AÐGERÐIR FME**

| (Fjöldi bréfa/ákvarðana) | 1. júlí 2003 – 30. júní 2004 | 1. júlí 2004 – 31. júní 2005 |
|---|---|---|
| Veiting leyfa (starfsleyfi, virkur eignarhlutur o.fl.), samþykki o.fl. | 187 | 294 |
| Athugasemdir, ábendingar, kröfur um úrbætur (fjöldi bréfa). | 456 | 224 |
| Dagsektir. | 20 | 2 |
| Stjórnvaldssektir (einungis úrræði á afmörkuðu sviði verðbréfamarkaðar). | 10 | 14 |
| Ríkislögreglustjóra greint frá máli skv. 12. gr. laga nr. 87/1998. | 1 | 1 |



Mercedes-Benz



# THE ALL-NEW 2006 M-CLASS

## Mercedes Benz ML 350

272 hestöfl / 350 Nm / 11,6 L per 100 km

Staðalbúnaður:

7 gíra sjálfskipting (7G-tronic) - Armhvíla í aftursæti með geymsluhólfi - Geymslurými í hólfi fyrir varahjól - Grænlitað rúðugler - Hemlalæsivörn (ABS) - Hraðanæmt stýri - Hraðastillir (DSR) þegar ekið er niður í móti - Hreyfiltengd þjófavörn samvirk útvarpi & fjarstýrðum samlæsingum - ISOFIX festingar fyrir tvo barnabílstóla - Jafnaflauki á hemlakerfi (BAS) - Rafhitaðar þvottasprautur fyrir framrúðu - Rafræn spyrnustýring á öllum hjólum - Tiptronic rofar fyrir gírskiptingu í stýrishjóli - Samlitir, rafstýrðir & rafhitaðir útipeglar með innbyggðum stefnuljósum & víðsýnisgeira - Samlitir stuðarar, hliðarlistar & hurðahúnar - Samlæsingar tengdar árekstursskynjara - Sjálfvirkt hita- & loftræstikerfi (Thermatic) - Sítengt aldrif - Spólvörn (ASR) - Stöðugleikastýring með skriðstilli (ESP) - Umhverfislýsing neðan úr hliðarspeglum - Útihitamælir - Þokuljós að framan & aftan - 17" léttmálmsfelgur - 8 líknarbelgir - Rafdrifin framsæti

Aukabúnaður:

Tvíþætt leðurinnrétting - Þjófa- & dráttarvörn - Command APS DVD leiðsögukerfi - Harman/Kardon Digital Surround hljómkerfi með 11 hátölurum & bassaboxi - Geisladiskamagasín fyrir 6 diska - Rafdrifin glersóllúga - Upphituð framsæti - Extra dökkar afturrúður - Regnskynjari - Viðarklæðning í mælaborði - Aðfellanlegir útispeglar

## Allur pakkinn á aðeins kr. 6.550.000,-

MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz
á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF

Mercedes-Benz



# THE ALL-NEW 2006 M-CLASS

## Mercedes Benz ML 350

272 hestöfl / 350 Nm / 11,6 L per 100 km

Staðalbúnaður:

7 gíra sjálfskipting (7G-tronic) - Armhvíla í aftursæti með geymsluhólfi - Geymslurými í hólfi fyrir varahjól - Grænlitað rúðugler - Hemlalæsivörn (ABS) - Hraðanæmt stýri - Hraðastillir (DSR) þegar ekið er niður í móti - Hreyfiltengd þjófavörn samvirk útvarpi & fjarstýrðum samlæsingum - ISOFIX festingar fyrir tvo barnabílstóla - Jafnaflauki á hemlakerfi (BAS) - Rafhitaðar þvottasprautur fyrir framrúðu - Rafræn spyrnustýring á öllum hjólum - Tiptronic rofar fyrir gírskiptingu í stýrishjóli - Samlitir, rafstýrðir & rafhitaðir útipeglar með innbyggðum stefnuljósum & víðsýnisgeira - Samlitir stuðarar, hliðarlistar & hurðahúnar - Samlæsingar tengdar árekstursskynjara - Sjálfvirkt hita- & loftræstikerfi (Thermatic) - Sítengt aldrif - Spólvörn (ASR) - Stöðugleikastýring með skriðstilli (ESP) - Umhverfislýsing neðan úr hliðarspeglum - Útihitamælir - Þokuljós að framan & aftan - 17" léttmálmsfelgur - 8 líknarbelgir - Rafdrifin framsæti

Aukabúnaður:

Tvíþætt leðurinnrétting - Þjófa- & dráttarvörn - Command APS DVD leiðsögukerfi - Harman/Kardon Digital Surround hljómkerfi með 11 hátölurum & bassaboxi - Geisladiskamagasín fyrir 6 diska - Rafdrifin glersóllúga - Upphituð framsæti - Extra dökkar afturrúður - Regnskynjari - Viðarklæðning í mælaborði - Aðfellanlegir útispeglar

Allur pakkinn á aðeins kr. 6.550.000,-

MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz
á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF



# Áfram barist á matvörumarkaði

Margt bendir til þess að verð á matvörum sé farið að hækka á nýjan leik. Stóru matvöruverslanirnar Bónus og Krónan ætla að halda áfram baráttu sinni um hylli kaupenda en leita allra leiða til að hagræða í rekstri og þrýsta meðal annars á birgja eins og *Eggert Þór Aðalsteinsson* komst að raun um. Það að markaðsráðandi aðili eins og Bónus selji vörur undir kostnaðarverði vekur upp spurningar helstu samkeppnisaðila.

Verðstríð á matvörumarkaði hefur geisað í rúma átta mánuði eftir að Krónan átti frumkvæði að því að lækka vöruverð sitt. „Við vildum auka samkeppni á matvörumarkaði sem okkur fannst vera mjög lítil þar sem einn aðili var með yfirburða stöðu,“ segir Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss sem rekur meðal annars Krónuna.

Viðmælendur Markaðarins hafa skotið á að lágvöruverslanir hafi aukið hlutdeild sína um 15-20 prósent á kostnað þjónustubúða. Það er ljóst að dýrari verslanir eins og Hagkaup og Nóatún hafa misst spón úr aski sínum og brugðist við með því að lækka vöruverð. „Það er auðvitað verkefni okkar að koma rekstri þessara verslana í það form að hann sé arðbær,“ segir Sigurður Arnar.

**GENGUR EKKI LENGUR**

Þótt fátt bendi til þess að verðstríðinu sé lokið verður að telja líklegt að verð á matvælum fari hækkandi á næstunni

Verslanasamsteypan Hagar, sem er að stærstum hluta í eigu Baugs, hefur birt afkomutölur fyrir tímabilið frá mars til ágúst sem sýna gríðarlegt tap á tímabilinu eða sjö hundruð milljón krónur. Finnur Árnason, forstjóri Haga, kennir verðstríði um slaka afkomu félagsins og segir ljóst að grípa þurfi til hagræðingaraðgerða. „Almennt gengur þetta ekki mikið lengur. Verslanir geta ekki gefið vörur endalaust,“ segir Finnur.

Hagar ætli sér að bjóða upp á besta verðið og því verði fyrirtækið að hagræða enn frekar og fá betri kjör frá birgjum. „Stærsti kostnaður matvöruverslana er innkaupsverð en þar á eftir koma launakostnaður og húsaleiga.“ Um 70 prósent af innkaupum Haga eru frá íslenskum aðilum og í raun þannig að um 30 prósent koma frá innflutningi.

Finnur vill ekkert alhæfa um það hvort birgjar hafið tekið til sín gengishækkun krónunnar. „Sumir hafa gert það en aðrir ekki.“

**FÓLK VILL VALKOST**

Stefna Kaupáss er að stækka frekar á matvörumarkaði. „Fólk vill hafa valkost og við sjáum mikla eftirspurn á lágvörumarkaði. Það er ekki hollt fyrir markaðinn að eitt fyrirtækið hafi jafn afgerandi stöðu og Hagar. Við sjáum að í Bretlandi, þar sem Tesco er með 30 prósenta markaðshlutdeild, eru hafnar umræður hvernig megi setja starfsemi þeirra skorður,“ segir Sigurður.

Krónuhlutinn hjá Kaupási hefur verið að bæta við sig miklum viðskiptum, enda setti Krónan sér þau markmið að vera samkeppnishæf við Bónus í verði og vera valkostur í lágvörunni.

Sigurður skilur vel þær tölur sem liggja á bak við uppgjör Haga. Markaðsráðandi fyrirtæki eins og Hagar hefur gefið út þá yfirlýsingu að það ætli alltaf að vera lægst og grípi til þess ráðs, þegar það lendir í einhvers konar samkeppni, að lækka verð og selja vörur undir kostnaðarverði í þeirri von að hrista af sér samkeppnina. Þá kemur Krónan til sögunnar, boðar samkeppni og fylgir Bónusi eftir.

„Það er svo önnur spurning hvað samkeppnisyfirvöld segja við því að markaðsráðandi aðili að selji vörur undir kostnaðarverði. Við höfum ekki litið á það sem okkar hlutverk að velta því máli upp gagnvart yfirvöldum.“

Hann gefur ekki upp hvernig afkoma



# SINNIR BÆÐI DÝRUM OG MÖNNUM

*Lyfjafyrirtækið Icepharma* SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM LYFJAGEIRANN Á ÍSLANDI – MIÐVIKUDAGUR 9. NÓVEMBER 2005 ]

# líf & heilsa



## EFNISYFIRLIT



**Flensusprautan er fyrirbyggjandi**
BLS. 2 Haraldur Óskar Tómasson læknir

**Sparaðu aurinn**
BLS. 2 Ráð frá landlækni

**Náttúran notuð til lækninga**
BLS. 4 Jurtaapótekið á Laugaveginum



**Nauðsynlegt fyrir tennur**
BLS. 4 Kalk og D-vítamín

**Sveppurinn sem drepur bakteríur**
BLS. 6 Saga penisillínsins

**Vonir bundnar við nýtt astmalyf**
BLS. 6 Íslensk erfðagreining

**Mikill uppgangur**
BLS. 6 Fyrirtækið Actavis



ávextir }

## 500 grömm af ávöxtum og grænmeti fyrir fullorðna

Lýðheilsustöð hvetur fólk til að borða fimm skammta eða 500 grömm af grænmeti, ávöxtum og safa á dag fyrir fullorðna, þar af að minnsta kosti 200 grömm af grænmeti og 200 grömm af ávöxtum, auk kartaflna. Þetta þarf ekki að vera erfitt, fólk getur til dæmis fengið sér einn ávöxt eða glas af hreinum ávaxtasafa að morgni, salat með hádegismatnum, annan ávöxt síðdegis og tvær tegundir af grænmeti með kvöldmatnum. Fjölbreytnin skiptir öllu máli, og ekki eru þurrkaðir ávextir síðri en þeir fersku.





Icepharma flytur inn lyf fyrir fólk og dýr.

# Sinna bæði dýrum og fólki

Icepharma er sterkt fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og er vel í stakk búið til að mæta aukinni samkeppni á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði.

Icepharma varð til þegar fyrirtækin Heilsuverslun Íslands, Ísfarm og Thorarensen lyf sameinuðust fyrir ári.

„Þau hafa lengi þjónað landsmönnum á sviði lyfja og tengdra vara, en starfsemina má rekja allt til ársins 1919 er Stefán Thorarensen opnaði lyfsölu í Reykjavík sem síðar varð Thorarensen lyf ehf.,“ segir Bessi H. Jóhannesson, sviðsstjóri þjónustusviðs Icepharma, en tæplega 50 manns vinna hjá fyrirtækinu sem hefur aðsetur á Lynghálsi.

Dýralæknir vinnur hjá fyrirtækinu, auk annars starfsfólks með bakgrunn í lyfja-, viðskipta-, tann- og hjúkrunarfræði, sem og lyfjatækni, en Icepharma flytur inn lyf fyrir fólk og dýr, og heilsu- og neytendavörur svo sem dömubindi, tannkrem og plástra.



Haraldur Óskar Tómasson heimilislæknir gefur starfsmönnum 365 flensusprautu.

# Flensusprautan er fyrirbyggjandi

Fjöldi fólks þyrpist þessa dagana í flensusprautu, en þó eru margir sem ekki vita hvernig hún virkar eða hvort þeir eigi að láta sprauta sig.

Haraldur Óskar Tómasson, reykvískur heimilislæknir, er einn þeirra lækna sem ferðast milli fyrirtækja og gefur flensusprautuna.

„Við mælum fyrst og fremst með því að fólk eldra en 65 ára og fólk með hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki eða aðra langvinna sjúkdóma fari og láti sprauta sig. Það sama á við um heilbrigðisstarfsmenn,“ segir Haraldur.

„Atvinnurekendur sjá sér hag í að bjóða starfsmönnum sínum sprautuna, en í sjálfu sér er ég ekkert að mæla með því að ungt, hraust fólk láti sprauta sig. Það er bara val hvers og eins,“ segir hann og bætir því við að hann láti alltaf sprauta sjálfan sig, enda hafi hann ekki fengið flensu síðan 1985.

Flensusprautan sér til þess að líkaminn myndar mótefni gegn þremur stofnum inflúensu sem Alþjóðaheilbrigðisstofununin telur líklegt að herja muni á hinn vestræna heim í vetur og valda flensunni í ár. Stofnarnir breytast ár frá ári, en inflúensan sem flensusprautan vinnur gegn er þessi slæma flensa sem flestir hafa upplifað, með 40 stiga hita, þriggja til sjö daga rúmlegu og slappleika næstu tvær vikurnar.

Sumir telja það víst að þeir veikist fyrst ef þeir fái sprautuna, og kemur það fyrir að fólk finni fyrir örlitlum flensueinkennum fyrst á eftir en þau einkenni ganga fljótt yfir, að sögn Haralds.

„En hins vegar ruglar fólk saman inflúensu og öðrum veirusýkingum, því á flensutíma ganga oft aðrar pestir. Ég sprauta fyrir inflúensunni, sem kemur, eins og amen í kirkju, á hverju ári,“ segir hann.

Í fyrra fór Haraldur á 70 manna vinnustað, þar sem um helmingurinn lét sprauta sig. Af þeim sem voru sprautaðir fékk einn slæma flensu, en af hinum hópnum urðu sjö manns veikir. „Þetta eru auðvitað engar rannsóknarniðurstöður, en þetta segir manni kannski eitthvað um gildi sprautunnar,“ segir Haraldur.

Hann áréttar að flensusprautan er eingöngu gegn þessum þremur stofnum inflúensu sem vísindamenn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar telja að muni ganga í vetur. Hún er alls ekki gegn öllum þeim veirum sem ganga manna á milli, hvað þá gegn fuglaflensunni. „Fuglaflensan smitast ekki manna á milli, og það er ekkert víst að hún muni nokkurn tímann gera það,“ segir Haraldur.

hreyfing }

## Einföld leið til bættrar heilsu



Landlæknir leggur til að fólk spari aurana sína og, í stað þess að kaupa fæðubótarefni, fá sér epli og fara í göngutúr.

„Hreyfing og almenn líkamsrækt er líklega einfaldasta og ódýrasta leið til bættrar heilsu sem völ er á,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir.

Flest vítamín, steinefni og bætiefni eru fáanleg úr fæðunni, og ef hraust fólk borðar fjölbreytta fæðu og hreyfir sig, þurfa fæstir á fæðubótarefnum að halda, enda benda fáar vísindalegar rannsóknir til að þau bæti heilsu hrausts fólks.

„Fæðubótarefni eru yfirleitt mjög dýr. Í flestum tilvikum er fólk að borga fyrir vörur sem í besta falli gagnast þeim ekki og í versta falli skiljast óbreyttar út um ýmis líkamsop,“ segir landlæknir.

## Græna bomban

Fæst í Jurtaapótekinu á Laugavegi 2, og inniheldur ekki lækningarjurtir heldur spírúlínu, og er full af járni, amínósýrum, bygggrasi, steinselju, rauðrófum og grænu þangi. Allt eru þetta jurtir sem eru mjög ríkar af blaðgrænu, en neysla hennar er rétt eins og að taka inn súrefni og gefur manni kraft og byggir upp ónæmiskerfið. Græna bomban er til í duft- og pilluformi og það er hægt að gera te úr henni eða setja út í safa.




NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Voltaren
Dolo®
20 comprimés filmés
Analgésique avec action anti-inflammatoire
et anti-fièvre
20
NOVARTIS
Fljótvirkt
bólgueyðandi
verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni
Fæst án lyfseðils
VoltarenDolo®
Díklófenak-K 12,5 mg
Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Gott að hafa Mími við höndina gegn kvefi

Jurtaapótek Kolbrúnar Björnsdóttur grasalæknis á Laugavegi 2 í Reykjavík er fullt af vörum fyrir líkamann, þótt ekki bragðist þær allar vel. Apótekið er fyrsta jurtaapótekið á Íslandi og býður Kolbrún bæði upp á ókeypis ráðgjöf og selur lífrænar vörur og jurtablöndur í fjölbreytilegu formi sem ætlað er að styrkja líkama og sál.

Te, duft, hylki, seyði, baðjurtir, arómatik-vatn, blómadropar, smyrsli, olíur og kjarnaolíur eru meðal þess sem fáanlegt er í apótekinu. Auk þess er Kolbrún með gott úrval af baðsöltum, andlits- og húðmöskum ásamt leir fyrir líkamann og jurtamaska.

Kolbrún hefur unnið sem grasalæknir á Íslandi í meira en 10 ár, og selur bæði jurtir sem hreinsa líkamann, sem og þær sem hafa fyrirbyggjandi áhrif, og bendir hún á nokkrar jurtir sem virka vel gegn kvefi og flensum.

Um leið og kvefið er að byrja er gott að hafa Mími við höndina en hann hreinsar mjög vel allt kvef sem kemur í höfuðið. Blandan inniheldur hreinsandi engifer, cayenne pipar sem hreinsar og losar slím í höfði, piparmintu sem kælir og lækkar hitann, bakteríudrepandi hvítlauk, vallhumal gegn hitanum og sólhatt sem styrkir ónæmiskerfið.

Læðingur er slímlosandi jurtablanda og mýkjandi fyrir hálsinn ásamt því sem hún er orkugefandi og styrkir líkamann og ónæmiskerfið. Í blöndunni er lakkrísrót, inula, síberíuginseng og hvannarót.

Eins er Kveðrungur góður fyrir börnin vegna þess að hann inniheldur engan sykur eða vínanda, auk þess sem hann er góður á bragðið. Í Kveðrungi eru eucalyptus, timían, hyssop, piparminta og engifer og er hann bakteríudrepandi, slímlosandi og mýkjandi fyrir hálsinn. Hægt er að nota Kveðrung sem fyrirbyggjandi meðferð gegn sýkingum, en þá er gott að nota aðeins minna af honum. Jafnframt er gott að eiga ólífulaufs-extract til að nota eins og penisillín gegn sýkingum, en þó ber að varast að ofnota það – rétt eins og sýklalyfið.

Að lokum er gott að sleppa mjólkurvörum og sykri á meðan kvefið stendur yfir. Þá er gott að hvíla sig og muna að kvef og bakteríur ásækja þá sem eru ekki með nógu sterkar varnir. Auk þess er mikilvægt að fólk hreyfi sig vel á veturna, og sé úti svo það fái súrefni, en hreyfingin örvar ónæmiskerfið svo fólk verður betur í stakk búið til að taka við áreiti.

Kolbrún býður einnig upp á námskeið um allt varðandi jurtirm, svo sem smyrslagerð, kremgerð, heimaapótek og fleira.



Kolbrún Björnsdóttir selur ýmiss konar jurtir sem góðar eru við kvefi og flensu.






kalk }

## Viðheldur fallegu brosi

Kalk er líkamanum nauðsynlegt og fær hann það aðeins með fæðunni. Langvarandi kalkskortur getur verið alvarlegur en hægt er að skorta kalk án þess að taka nokkuð eftir því. Eitt stærsta hlutverk kalks í líkamanum er að viðhalda tönnum og beinum, en vefir líkamans, taugakerfi og vöðvar þarfnast þess líka. Kalkskortur leiðir til beinþynningar, auk þess sem hann getur haft áhrif á blóðþrýsting, ristilkrabbamein og fyrirtíðarspennu.

Það sem færri vita er að D-vítamín er nauðsynlegt svo kalkið nýtist líkamanum, og því er mælt með að D-vítamín sé tekið sem fæðubótarefni þar sem oft er litið af því í hefðbundinni fæðu. Sólarljós og lýsi færa líkamanum D-vítamín, en mjólkurvörur, spergilkál og spínat eru rík af kalki.



## Fólinsýra nauðsynleg konum á barneignaraldri

Landlæknisembættið leggur til að allar konur á barneignaraldri taki 0,4 milligrömm af fólinsýru daglega, því rannsóknir sýna að ef konur taka vítamínið daglega fjórum vikum fyrir þungun og á fyrstu 12 vikum meðgöngu dregur það úr líkum á miðtaugakerfisgöllum fóstursins, svo sem klofnum hrygg, um meira en helming. Á Íslandi greinast fimm til sex tilvik af slíkum göllum á ári hverju.

Fólasín er B-vítamín, og er einnig nefnt fólinsýra, fólat eða fólín, og það dregur einnig úr líkum á hjartasjúkdómum meðal fullorðinna.




SOFÐU VEL UM JÓLIN
Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Chiropractic®
Since 1949
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Jólatilboð
Signature Queen kr. 119.900.-
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
Einstök þrýsitjöfnun og réttur stuðningur
Jólatilboð
Queen stærð
kr. 129.900.-
Gerðu samanburð
iq-care.com
Nýr fjölstillanlegur Wallhugger
S-CAPE
WALLHUGGER
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
BIFLEX
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-
Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Large kr. 7.490.-
Medium kr. 6.990.-
Small kr. 5.990.-
Vinsælasta jólagjöfin
Amerískar heilsudýnur
SLEEP & HEALTH
FLIPFREE
Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.-
Sleep Series
FLIPFREE
Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.-
Queen 153x200 69.900.-
Leður Hægindastólar
Kr. 54.000.-
Svefnsófar
Verð frá kr. 79.900.-
Úrval af húsgögnum
Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.
Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00



# Mjög góð aðsókn í lyfjafræði

Það er liðin tíð að störf lyfjafræðinga séu bundin við apótekið, og undanfarin ár hefur markaðurinn fyrir þessa menntun farið mjög vaxandi á Íslandi.

„Segja má að lyfjafræðin hafi hafist á Íslandi árið 1760 þegar fyrsta apótekið var opnað hér á landi á sama tíma og fyrsti landlæknirinn var settur. Aðsetur hans var á Seltjarnarnesi þar sem Læknaminjasafnið er, en þegar safnið var opnað fengu læknarnir íbúðarhúsið, og lyfjafræðingarnir fjósið,“ segir Þorsteinn Loftsson, deildarforseti lyfjafræðideildar Háskóla Íslands. „Lyfjafræðingarnir hafa gert margt gott við fjósið, þetta er skemmtilegt safn.“



Lyfjafræðingar hafa nú möguleika á mun fleiru en að vinna sem apótekarar.

Eins og nafnið gefur til kynna fjallar lyfjafræðin um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma til framleiðslu, notkunar og verkunar lyfjanna. Lyfjafræðin við Háskóla Íslands er fjölbreytt fimm ára nám, með bæði bóklegri og verklegri kennslu í hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda, auk félagslegra greina. Einnig er hægt að taka meistara- og doktorsgráðu í lyfjafræðinni frá skólanum, og eru þá margir nemar með bakgrunn í matvælafræði, líffræði eða öðrum raungreinum.

Deildin útskrifar um 12 lyfjafræðinga að meðaltali á ári, fyrir utan þá sem ljúka meistara- og doktorsnámi. Aðsóknin hefur aukist mjög seinustu ár og eru nú 40 nemar á fyrsta ári og 30 á öðru ári í deildinni, en Þorsteinn segir mikinn skort vera á lyfjafræðingum í þjóðfélaginu.

„Það er uppgangur í lyfjaiðnaðinum á Íslandi, og það er þó nokkuð mikill skortur á lyfjafræðingum, það eru allir rifnir út undir eins og menn eru jafnvel farnir að vinna með námi eftir þriðja árið, svo þá sækja fleiri í námið,“ segir Þorsteinn.

Störfin sem útskrifuðum lyfjafræðingum bjóðast eru margs konar, og hafa breyst mikið á síðustu áratugum, en fram að þeim tíma voru lyfjaverslanirnar nánast eini starfsvettvangur lyfjafræðinga.

Þorsteinn Loftsson, deildarforseti lyfjafræðideildar Háskóla Íslands segir lyfjafræðinámið afar fjölbreytt og skemmtilegt.

## Ekki ofgera E-vítamíni



Fjölmargir Íslendingar taka E-vítamín daglega, og vonast þar með til að draga úr tíðni ýmissa alvarlegra sjúkdóma, svo sem krabbameina, kransæðasjúkdóma og heilablóðfalla. Auk þess trúa sumir að notkun E-vítamíns geti einnig aukið frjósemi og kyngetu og jafnvel hamlað ótímabærri öldrun. Nýlegar rannsóknir sýna hins vegar að of mikil neysla E-vítamíns ýtir undir ýmsa sjúkdóma. Leggur Landlæknisembættið til að sem flestir reyni að fá E-vítamín úr fæðunni, en það finnst í sólblómaolíu, maísolíu, lárperum, möndlum og hnetum, ásamt fleiri afurðum.

## lyf }



Penisillín er fjöldaframleitt í gríðarstórum kerum.

## Saga penisillínsins

Enginn vafi leikur á því að uppfinning penisillínsins er ein sú markverðasta sem gerð hefur verið innan lyfjafræðinnar. Þó penisillín ráði alls ekki við allar bakteríusýkingar, er það enn mest notaða sýklalyfið í heiminum, og án þess væru minni háttar aðgerðir enn hættusamar.

Árið 1928 var skoski læknirinn Alexander Fleming að þvo óhreina glasabakka í rannsóknarstofu við St. Mary spítalann í London, þegar hann tók eftir auðu svæði hringinn í kringum penicillium chrysogenum, myglusvepp sem hafði sest í bakteríustíu. Áhugi Flemings vaknaði, og hann komst að þeirri niðurstöðu að sveppurinn dræpi bakteríurnar.

Áður, eða árið 1896, hafði ungur franskur læknisfræðinemi, Ernest Duchesne, rannsakað áhrif myglusveppsins á bakteríur, en rannsóknir hans náðu þó ekki lengra, og Fleming gafst líka upp á rannsóknum sínum því hann taldi að penisillín gæti ekki verið nógu lengi í líkamanum til að vinna bug á bakteríum.

Þó olli uppgötvun hans umbyltingu í læknisfræði árið 1939 þegar Howard Walter Florey og lið rannsóknarmanna við Oxford háskóla notuðu sveppinn til að drepa sýkla í manneskjum. Sérfræðingar notuðu penisillín til þess að bjarga þúsundum mannslífa í seinni heimstyrjöldinni, og kom lyfið á almennan markað árið 1944. Fleming fékk Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1945, ásamt Howard Walter Florey og Ernst Boris Chain, sem uppgötvuðu aðferð til að fjöldaframleiða lyfið.

# Rannsóknir á nýju astmalyfi

Íslensk erfðagreining er nú að prófa nýtt tilraunalyf við astma í samstarfi við erlent lyfjafyrirtæki sem upphaflega þróaði lyfið við öðrum sjúkdómi.



Íslensk erfðagreining rannsakar nú nýtt lyf við astma, og binda astmasjúklingar miklar vonir við það.

„Við bindum geysilegar vonir við þetta lyf,“ segir Dagný Lárusdóttir, formaður Astma- og ofnæmisfélagsins. „Ef þetta fer eins og rannsóknir benda til, mun þetta lyf verða afar mikilvæg viðbót við þau lyf sem eru á markaðnum í dag.“

Astmi er algengasti langvinni sjúkdómurinn sem hrjáir börn og ungt fólk á Vesturlöndum, en tíðni hans er á milli fimm og tuttugu prósent í löndum Norður-Ameríku og Evrópu, og þjást tveir af hverjum þremur astmasjúklingum einnig af ofnæmi.

Sjúkdómurinn lýsir sér í bólgum í litlum berkjugreinum og mikilli viðkvæmni og ertanleika vöðva sem þrengja öndunarveg, og eru einkenni sjúklinga því öndunarerfiðleikar, sem eru afar óþægilegir og geta verið hættulegir. Lyfin sem notuð eru í dag eru ósértæk, og virka illa á marga astmasjúklinga, auk þess sem sum þeirra, svo sem barksterar, geta valdið aukaverkunum einkum hjá börnum.

Nýja lyfið hefur áhrif á afurð meingens, sem vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa sýnt fram á að gegnir mikilvægu hlutverki í myndun sjúkdómsins.

# Actavis í uppgangi

Mikill vöxtur hefur verið í alþjóðlega lyfjafyrirtækinu Actavis allt frá árinu 1999, og nú vinna þar alls yfir 10.000 manns, þar af 500 á íslandi.

Actavis, sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja, er með höfuðstöðvar í 32 löndum í fimm heimsálfum og er í hópi fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja heimsins.

„Actavis á Íslandi framleiðir og selur lyf og lyfjahugvit bæði innanlands sem utan,“ segir Halldór Kristmannsson, talsmaður Actavis.

Fyrirtækið, sem áður hét Pharmaco, var stofnað á Íslandi árið 1956. Mikil áhersla er lögð á gæði, og uppfylla lyfjaverksmiðjur og tækjabúnaður Actavis kröfur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð. Til dæmis hefur verksmiðjan í Hafnarfirði, sem hönnuð er með Bandaríkjamarkað í huga, hlotið verðlaun fyrir framúrskarandi hönnun.

Eitt af markmiðum Actavis er að vera með þeim fyrstu á markaðinn með samheitalyf þegar einkaleyfi renna út. Þar sem einkaleyfaumhverfið er hagstætt á Íslandi getur Actavis á Íslandi unnið að þróun lyfja, þó þau séu vernduð af einkaleyfum í flestum Evrópulöndum, og verið tilbúið til að markaðssetja lyfin um leið og einkaleyfin falla úr gildi erlendis.




Mikill uppgangur hefur verið í íslenska lyfjafyrirtækinu Actavis seinustu misseri.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
LAMISIL®
TERBINAFINE
...einu sinni á dag í eina viku drepur fótsveppinn
Morgunblaðið · 1 apríl
Rannsókn sýnir að fótsveppir eru miklu algengari í karlaklefum sundlauga
Stærri fætur karlmanna gætu haft áhrif
Um 65% sundlaugargesta voru karlar og 26% þeirra voru smituð
Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is
RANNSÓKN á fótsveppum á gólfi
gert, eru þau tandurhrein og algjörlega laus við sveppamengun," segir hún. Þetta ástand vari þó ekki lengi
Klæjar þig í tærnar?
Gætu það verið fótsveppir?
Fæst án lyfseðils
Einu sinni á dag
í eina viku
drepur fótsveppinn!
15 g gel
LAMISIL®
GEL
10 mg/g
TERBINAFIN.
Svampemiddel
SVAMPEMIDDEL
LAMISIL
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
15 g
Svampemiddel
LAMISIL® 1% Creme
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
ARNARSON.TK · LAM-003-010405
Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

# Skuggalega góðar




*Tilnefndur fyrir Grafarþögn:*
**CWA Gold and Silver Daggers**
**Virtustu glæpasagnaverðlaun**
**í Bretlandi**

## BEINT Á TOPPINN

Á köldum janúardegi er lögreglan kölluð að blokk í Reykjavík þar sem lík hefur fundist í garðinum ... Illur grunur kviknar um skelfilegan glæp. Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli eru kölluð til og utan úr myrkri og hríðarkófi birtast um síðir staðreyndir sem eru jafnvel nöturlegri en vetrarnótt við heimskautsbaug.

Hlustaðu á fyrsta kaflann af Vetrarborginni á www.edda.is



**Bækur Arnaldar koma út í 26 löndum**

**1.**
Allar bækur eftir aðeins einn dag
Penninn Eymundsson

## „ÉG VEIÐI MENN OG SLEPPI ALDREI ..."

Raðmorðingi gengur laus. Bráðin er íslenskir gæsaveiðimenn. Hann sendir frá sér orðsendingu þar sem hann býður lögreglunni í leik upp á líf og dauða þar sem ekki má á milli sjá hvor er í hlutverki kattar eða músar.

**FRÁ HÖFUNDI FLATEYJARGÁTU!**



Viktor Arnar Ingólfsson




## „HANN ÓÐ Í GEGNUM FJÓSHAUG MANNLÍFSINS"

Einar Kárason

Hreinn Vilhjálmsson er alþýðumaður sem sökk djúpt í drykkju og afbrot en náði landi um síðir. Hér lýsir hann á hispurslausan en þó broslegan hátt hvernig hann fer í hundana. Skálduð ævisaga sem er allt í senn - skuggaleg, fróðleg og grátbrosleg, en umfram allt heiðarleg.




**Tilboðsbók mánaðarins**
**30%**
**afsláttur**



Hreinn Vilhjálmsson

Edda
edda.is




# rkaði

Kaupáss hefur verið á árinu en segir að hún sé í samræmi við áætlanir félagsins.

**SELT UNDIR KOSTNAÐARVERÐI**

Brynjar Steinarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samkaupa, segir að álagning lágvöruverðsverslana geti verið með þeim hætti að vörur séu seldar með lágri álagningu tímunum saman en slíkt hljóti að koma niður á rekstrinum.

Varðandi verðþróun á matvörumarkaði er ljóst að matvöruverð getur ekki annað en hækkað eins og raunin er orðin. Að hans mati eru það neytendur sem borga fyrir verðstríðið á endanum. Brynjar segir að markaðsstaða fyrirtækisins sé væntanlega verri en áður og eigi það við um flesta minni aðila á markaðnum. Fyrirtækið er að skila hagnaði þótt hann sé minni en á síðasta ári vegna minnkandi framlegðar úr rekstrinum.

Túlka má uppgjör Haga með ýmsum hætti: „Það hlýtur að segja til sín hjá stóru fyrirtæki ef það selur vörur undir kostnaðarverði með kerfisbundum hætti. Menn hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar hvort og þá hvers vegna aðilar geri slíkt, einkum ef þeir eru í markaðsráðandi stöðu. Sala á vörum undir kostnaðarverði getur haft áhrif á samkeppnina því með slíkum aðgerðum væri fyrirtæki að ná til sín auknum markaði með fjárframlagi. Slíkt væri í raun greiðsla fyrir aukna markaðshlutdeild og væri það mikið áhyggjuefni fyrir neytendur í landinu til lengri tíma litið.“

Finnur Árnason hafnar því alfarið að Hagar nýti styrk sinn til að losa sig við keppinautana og segir að Bónus hafi frá stofnun félagsins fyrir sextán árum alltaf keppst við að bjóða upp á lægsta verðið. Aðgerðir Bónuss undanfarna mánuði verði að skoða í því ljósi. Hann segir að stefna Haga á matvörumarkaði ráðist af eftirspurn markaðarins. „Við höfum breytt okkar verslunum eftir því hvað okkar viðskiptavinir hafa kosið með fótunum.“

**ÍSLANDSBANKI SPÁIR VERÐHÆKKUN**

Greining Íslandsbanka dregur þá ályktun af uppgjöri Haga að dagvöruverð lækki ekki meira og spáir töluverðum verðhækkunum á næstunni. Mikil eftirspurn eftir starfsfólki í verslun muni líklega hafa áhrif á vöruverð.

Jón Bjarki Bentsson, hjá Greiningu bankans, segir að uppgjör Haga bendi til þess að það séu töluverðar líkur á að fyrirtæki á þessum markaði velti eitthvað kostnaði vegna launahækkana út í verðlag. Hagar eru það stórir á markaði að líklegt má telja að þeir gefi einhvers konar mynd af stöðu markaðarins. „Verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur þróast að stórum hluta í takt við lækkun gengisvísitölunnar þar til í síðasta mánuði. Maður veltir því fyrir sér hvort lengra verði seilst.“

Neytendasamtökin álíta að sterk staða krónunnar hafi ekki skilað sér í lækkun vöruverðs í mörgum vöruflokkum að fullu. Aftur á móti hafi vöruverð hækkað fljótt þegar krónan veiktist á árinu 2001. Svipuð umræða kom einnig upp á Alþingi nýlega.

Brynjar segir að það vera athyglisvert að einstaka Alþingismenn hafi uppi stór orð um að styrking krónunnar hafi ekki skilað sér í lækkun vöruverðs og beinlínis gefið í skyn að kaupmenn sitji á stórfelldum gengishagnaði. Hann segir þetta á misskilningi byggt en fyrirtækið hafi ekki orðið vart við miklar verðlækkanir frá birgjum og framleiðendum í takt við styrkingu krónunnar á undanförnum mánuðum frekar en margir kaupmenn á hans róli, hún endi annars staðar. Undantekning á þessu eru beinn innflutningur Samkaupa en þar fari allur gengishagnaður til lækkunar á smásöluverði. „Einstaka birgjar hafa boðað lækkanir en þeir eru því miður allt of fáir. Álagning íslenskra matvöruverslana er með því lægsta sem þekkist í kringum okkur.“

Kaupás hefur í vaxandi mæli einbeitt sér að eigin innflutningi og dregið sig að hluta til úr Búri sem er sameiginlegt innflutningsfyrirtæki Kaupáss og Samkaupa. Sigurður Arnar segir að fyrirtækið hafi náð verulegum árangri í því og náð að lækka innkaupsverð með þeim hætti.

**HEILDSÖLUM HALDIÐ VIÐ EFNIÐ**

„Ég get ekki talað fyrir aðra birgja en ég veit að okkar viðskiptavinir halda okkur nokkuð vel við efnið í gengismálunum,“ segir Októ Einarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs hjá Danól sem er einn stærsti innflytjandi matvæla til landsins. Októ segir að Danól hafi lækkað allan sinn verðlista þrívegis á þessu ári vegna gengisstyrkingar krónunnar, 10. janúar, 14. mars og síðast 20. október. Lækkanir hafa numið að jafnaði 3-4 prósentum í hvert skipti, ekki má heldur gleyma því að stór hluti okkar innkaupsverðs er flutningur og vörugjöld sem gengislækkanir hafa ekki áhrif á. „Þar fyrir utan höfum við breytt verði í fjölmörgum vöruflokkum á árinu, nær undantekningarlaust til lækkunar.“

Októ býst ekki við öðru en að stóru matvörukeðjurnar haldi áfram að þrýsta á heildsölurnar um að veita lægra verð. „Við höfum skilgreint erlendu vöruhúsin sem okkar helstu samkeppnisaðila en ekki bara aðra heildsala hérlendis. Það er svo auðvelt að kaupa okkur vörur annars staðar frá. Ef við getum til dæmis ekki skaffað lægsta verðið á af Neskaffi þá kaupa menn bara nákvæmlega sömu vöru erlendis frá. Þannig að ef menn halda það að við séum að taka einhvern mismun þá eru hæg heimatökin að taka það sjálfir.“

Októ getur ekki séð að afkoman í heildsalastéttinni sé það glæsileg að hún geti borgað upp eitthvað verðstríð á matvörumarkaði. Afkoman hjá birgjum er í engu samræmi miðað við það sem hún var. Smásöluverslunin hefur kallað á hagræðingu í innkaupum og þjónustu og hefur það leitt til mikillar breytinga hjá birgjum. Á fáeinum árum hefur fjöldi innflutningsaðila í matvöru farið úr því að vera rúmlega fimmtíu aðilar sem eitthvað hvað að niður í um fjóra til fimm. Velta hefur aukist mikið hjá hverjum þessara aðila en mun meira er haft fyrir hverri krónu.

**OPINBER GJÖLD VEGA ÞUNGT**

Brynjar, sem er jafnframt stjórnarformaður hjá Rannsóknasetri verslunarinnar, bendir á að aðrir þættir hafa mikil áhrif á verðmyndun í landinu og bendir á að skattlagning vöru og þjónustu sé einna mest hér á landi, samanborið við okkar helstu nágrannalönd. Þetta eigi einkum við um matvörur og þá sérstaklega landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi en þetta sé ýmist í formi tolla eða vörugjalda. Hann vísar til skýrslu sem setrið gaf út og unnin var af Birni Snæ Atlasyni og dr. Jóni Þór Sturlusyni en meginniðurstaða höfunda er sú að skynsamlegra sé að lækka tolla og vörugjöld af matvælum fremur en að lækka virðisaukaskatt.

Finnur tekur undir með Brynjari að álagning í matvöruverslun á Íslandi er ekki hærri en álagning matvöruverslana í nágrannalöndum okkar. Álagning er eini mælikvarðinn sem er raunhæfur til að meta frammistöðu verslunar. Tollar og vörugjald er í mörgum tilfellum óheyrilegt og bendir Finnur á að þegar gjöld voru lækkuð á grænmeti fyrir nokkrum árum hafi það skilað sér til neytenda.

„Stjórnvöld hafa það í hendi sér ef þau vilja lækka verð á matvælum á Íslandi,“ segir Finnur.



**OKTÓ EINARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ DANÓL** „Ég get ekki talað fyrir aðra birgja en ég veit að okkar viðskiptavinir halda okkur nokkuð vel við efnið í gengismálunum.“



**BRYNJAR STEINARSSON, AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI SAMKAUPA** „Það hlýtur að segja til sín hjá stóru fyrirtæki ef það selur vörur undir kostnaðarverði með kerfisbundum hætti. Menn hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar hvort og þá hvers vegna aðilar geri slíkt, einkum ef þeir eru í markaðsráðandi stöðu.“



**FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA** „Almennt gengur þetta ekki mikið lengur. Verslanir geta ekki gefið vörur endalaust.“



**SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KAUPÁSS** „Við vildum auka samkeppni á matvörumarkaði sem okkur fannst vera mjög lítil þar sem einn aðili var með yfirburða stöðu.“

**12 MÁNAÐA BREYTINGAR GENGISVÍSITÖLU OG NOKKURRA UNDIRFLOKKA VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS**



## FÓLK Á FERLI

**MAGNÚS BJARNASON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri yfir starfsemi Íslandsbanka í Ameríku og Asíu. Meginhlutverk hans verður að styrkja alþjóðleg verkefni bankans í Bandaríkjunum, Kanada, Chile og að auki í Asíu.



Magnús starfaði áður sem sendifulltrúi og staðgengill sendiherra í sendráði Íslands í Peking en hafði þar áður meðal annars starfað sem viðskiptafulltrúi í Bandaríkjunum og Kanada á vegum utanríkisþjónustunnar á árunum 1997 til 2003, við stofnun Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins (VUR), hjá Arnarflugi, Olís, 10-11 og í fyrirtækjaviðskiptum Landsbankans. Magnús hefur einnig fengist við ráðgjöf og kennslu. Magnús lauk MBA-gráðu í alþjóðaviðskiptum með áherslu á markaðsfræði og samruna Evrópu frá Thunderbird, Garvin School of International Management. Eiginkona hans er Anna Sveinsdóttir, leikskólakennari, og eiga þau fjögur börn.

**EVA MARGRÉT ÆVARSDÓTTIR** lögfræðingur hefur verið ráðin til starfa á Evrópuskrifstofu SA í Brussel. Eva Margrét útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands og er með LL.M. gráðu í Evrópurétti frá Katholieke Universiteit í Leuven í Belgíu. Áður hefur hún meðal annars starfað sem lögmaður og rekið Lögmannsstofuna Síðumúla 9 (nú Lögborg) og unnið sem nefndaritari á nefndasviði skrifstofu Alþingis. Eva Margrét tekur við af Ástfríði M. Sigurðardóttur sem starfsmaður SA í Brussel en Ástfríður lætur af störfum hjá SA í nóvemberlok. Eva Margrét hefur þegar hafið störf og mun starfa við hlið Ástfríðar fyrst um sinn.



**STEINUNN KRISTÍN ÞÓRÐARDÓTTIR**, forstöðumaður Alþjóða lánveitinga hjá Íslandsbanka, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri útibús Íslandsbanka í London. Meginverkefni Steinunnar verða að byggja upp viðskiptasambönd við viðskiptavini sem eru að fara inn á breskan markað og einnig að stofna og styrkja viðskiptasambönd við fyrirtæki í Bretlandi sem starfa í matvælaiðnaðinum. Steinunn Þórðardóttir hefur byggt upp og leitt teymi reyndra sérfræðinga í lánsfjármögnun til alþjóðlegra fyrirtækja sem forstöðumaður Alþjóða lánveitinga frá árinu 2003. Hún er varamaður í stjórn KredittBanken í Noregi og situr einnig í stjórn Rekstrarfélags ÍSB. Áður en Steinunn tók til starfa hjá Íslandsbanka starfaði hún hjá fyrirtækinu Enron víða um heim. Steinunn er viðskipta- og stjórnmálafræðingur frá háskóla í Suður-Karólínu og lauk MBA-námi með áherslu á fjármál frá Thunderbird-háskólanum í Arizona árið 1999.



# Sterkir í sportinu

Intersport rekur þrjár íþrótta- og útivistarverslanir, þar á meðal stærstu verslun landsins á sínu sviði. Markaðurinn vex hratt og samkeppnin er hörð en keðjan leggur ríka áherslu á að bjóða upp á besta verðið. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnti sér rekstur Intersport á Íslandi.

Sportvörukeðjan Intersport hefur innan sinna vébanda um fimm þúsund verslanir í 25 löndum en styrkur hennar er þó mestur í Evrópu.

Eignarhaldsfélagið Norvik, sem er móðurfélag BYKO og Kaupáss, er sérleyfishafi Intersport á Íslandi og rekur þrjá verslanir hér á landi. Stærsta Intersport-verslunin er staðsett í Húsgagnahöllinni en þetta er jafnframt stærsta íþróttavöruverslun landsins – um 1.800 fermetrar – og ein stærsta Intersport verslunin á Norðurlöndum. Önnur stór verslun er í Smáralind og sú þriðja er inni í Nóatúni á Selfossi.

> **Intersport**
> Eigandi: Norvik
> Rekstrarstjóri: Birgir Örn Friðjónsson
> Fjöldi starfsmanna: 20 í fullu starfi, 30 í hlutastörfum.

Intersport opnaði í Húsgagnahöllinni í apríl árið 1998 og var þá í eigu eigenda hússins, Jóns Hjartarsonar og fjölskyldu, sem seldu verslunina til Kaupáss árið 2002. Norvik eignaðist Kaupás seinni part árs 2003 og Intersport hefur verið innan þeirrar keðju síðan.

**BJÓÐA BESTA VERÐIÐ**

„Við erum með merkjavöru og bjóðum hana á lægra verði en gengur og gerist á markaðnum,“ segir Birgir Örn Friðþjófsson, rekstrarstjóri Intersport sem jafnframt er rekstrarstjóri Húsgagnahallarinnar.

Hann er spurður um kosti þess að vera hluti af fjölþjóðlegri keðju. „Intersport er öflugt vörumerki sem er þekkt um allan heim og er stærsta keðja í heimi í þessum geira. Við fáum þarna mikilvæg viðskiptasambönd og aðgang að stórum aðila sem semur um innkaupsverð við birgja og því fáum við hagkvæm verð. Það er mikið í umræðunni svokölluð verðvernd og samstarfsaðilar okkar á Norðurlöndum eru meðvitaðir um slíka hluti. Við byrjuðum að bjóða verðvernd fyrir einu ári og fögnum því ársafmæli verðverndarinnar nú í nóvember,“ segir Birgir Örn.

Intersport gerir reglulegar verðkannanir og síðasta könnun, sem fyrirtækið lét gera, sýndi að við vorum mun ódýrari en helstu samkeppnisaðilarnir. „Á þeim vöruflokkum sem við könnuðum síðast þá vorum við í 90 prósent tilvika með lægsta verðið. Við ætlum okkur að vera stærstir, bestir og með lægsta verðið,“ segir Birgir og brosir.

**TÍSKUMERKIN ALLTAF ÖFLUG**

Veturinn var snemma á ferðinni og urðu starfsmenn Intersports strax varir við mikla söluaukningu á alls kyns vetrarfatnaði. Sala á úlpum og sleðum rauk upp og heilu gámarnir af vetrarvörum kláruðust á augabragði.

Mikil söluaukning hefur verið hjá Intersport á árinu og er það tilfinning Birgis að fyrirtækið sé að vaxa meira en sem nemur veltuaukningu í geiranum. Það getur verið erfitt að meta vöxt markaðarins þar sem íþróttavöruverslanir eru að mörgu leyti samtvinnaðar við tískuvörubransann. „Ég myndi halda að markaðurinn sé að vaxa um tuttugu prósent á þessu ári.“

Ekkert eitt er að vaxa umfram annað, aukningin er þvert yfir hvort sem um er að ræða fatnað eða skó. Tískumerkin haldast alltaf sterk í íþróttavörunum. Adidas og Nike eru klassískar grunnvörur en Puma hefur sótt mjög á í tískuvörunum á síðustu árum. Þá er Hummel einnig að koma sterkt inn í fötunum. Intersport er einnig með eigin vörumerki eins og McKinley, Firefly og Protouch, sem eru gæðavörur á hagstæðu verði.

Birgir býður spenntur eftir jólavertíðinni eins og margir kollegar hans og gerir ráð fyrir mikilli sölu. Að sögn hans er undirbúningur fyrir jólin í fullum gangi og talsvert af vörum eru komnar inn í verslanirnar og restin dettur inn á næstu tveimur til þremur vikum. „Það er mjög mikil sala í alls konar sportfatnaði og skóm. Gjafavörur eru mikið tengdar útivistinni, til dæmis áttavitar og göngustafir.“

**ÞRETTÁN ÞÚSUND FÉLAGSMENN**

Markaðsstarf Intersports er öflugt og eru ríflega þrettán þúsund manns skráðir meðlimir í vildarklúbbnum Club Intersport. Öll verslun félagsmanna er skráð og eftir tólf mánuði fá þeir veltutengdan bónus í formi inneignar. Þeir sem kaupa fyrir meira en 120 þúsund á ári fá fimmtán prósent endurgreidd í formi inneignar. Birgir segir að Intersport endurgreiði félagsmönnum margar milljónir á hverju ári. Meðlimir fá svo ýmis sérkjör bæði frá keðjunni sem og samstarfsaðilum og fá forgang á útsölur.

Konur eru meira áberandi í viðskiptamannahópnum en karlar en viðskiptavinir eru á öllum aldri. „Við verðum varir við það almennt að sú mikla umræða sem er í þjóðfélaginu um hreyfingu og að halda sér í formi skilar sér til okkar og annarra sem selja íþróttavörur.“ Margt hefur breyst. Línuskautar sem aðeins ungmenni voru á eru nú orðnir vinsælir meðal allra hópa. Einnig er almenningur orðinn meira meðvitaður um nauðsyn þess að eiga góðan búnað eins og skó. „Við leggjum ríka áherslu á að viðskiptavinir fái ráðleggingu frá starfsmönnum um hvaða skór eru réttir fyrir hvern og einn því skóbúnaður skiptir gríðarlegu máli.“

Birgir getur ekki gefið upp hver verða næstu skref Intersport en það er alveg klárt mál að keðjan ætli sér frekari landvinninga á Íslandi.



Fréttablaðið/Heiða

**REKA STÆRSTU ÍÞRÓTTAVÖRUVERSLUN LANDSINS** „Það er mikið í umræðunni svokölluð verðvernd og samstarfsaðilar okkar á Norðurlöndum eru meðvitaðir um slíka hluti. Við byrjuðum að bjóða verðvernd í byrjun þessa árs og erum þar af leiðandi með lægsta verðið á markaðnum,“ segir Birgir Örn Friðjónsson, rekstrarstjóri Intersport.




## BESTA RÁÐIÐ

# Að óttast ekki breytingar

„Ég held að ef ég ætti að gefa einhverjum ráð þá væri það að óttast ekki breytingar,“ segir Runólfur Ágústsson, lögfræðingur og rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, þegar hann er inntur eftir því hvert er besta ráðið sem hann býr yfir. Hann segir það mikilvægt að átta sig á að í alþjóðavæddu nútímasamfélagi sé umhverfi morgundagsins breytt frá því sem við þekkjum í dag og bjuggum við í gær. Við búum í samfélagi breytinganna og mörg okkar viti ekki hvaða verkefni morgundagurinn færir okkur. Það hvernig við höndlum breytt umhverfi muni ráða árangri okkar.

Runólfur líkir lífinu við eina samfelld breytingastjórnun og segir að við þurfum að nota breytingarnar til að skapa okkur tækifæri og forskot. Hann segir að í raun sé það svo að nýjungagirni okkar Íslendinga sé ótrúlegur kostur á tímum þegar íhaldssemi er löstur. „Við lifum skemmtilega og spennandi tíma, þökk sé breytingum sem við sjaldnast ráðum nokkru um, en getum yfirleitt nýtt okkur til góðra verka,“ segir Runólfur. - hhs



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON, REKTOR VIÐSKIPTAHÁSKÓLANS Á BIFRÖST.** Það hvernig við höndlum breytt umhverfi mun ráða árangri okkar.

„13.301.556 kr. fyrir hálftíma fyrirhöfn. Það myndi ég nú kalla gott tímakaup.“

*Mótframlagið þitt*




*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Þú getur lagt allt að 4% af launum þínum í viðbótarlífeyrissparnað og launagreiðendur leggja að jafnaði til allt að 2% á móti þér. Það er mótframlagið þitt.

**Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.**

**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Gagnrýni á Fjármálaeftirlitið er oft á atriði sem eru ekki á verksviði þess.

## *Fagna ber opnara Fjármálaeftirliti*

**Hafliði Helgason**

Öflugt Fjármálaeftirlit er mikilvægt, ekki síst á þeim tímum þegar fjármálakerfið er í örri þróun og útrás. Uppgangur fjármálageirans hefur verið ævintýralegur og mikilvægt að í hraðri uppbyggingu sé gætt eðlilegrar varúðar sem komið getur í veg fyrir framtíðaráföll.

Stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Stefán Svavarsson, gerði meðal annars gagnrýni á stofnunina að umtalsefni. Þar benti hann réttilega á að oft hefur gagnrýni á aðgerðaleysi Fjármálaeftirlitsins byggt á vanþekkingu á hlutverki þess. Þannig hefur í nýlegri umræðu um FL Group verið kallað eftir rannsókn eftirlitsins sem ekki er á verksviði þess. Þær sögusagnir sem hvergi hafa fengist staðfestar væru ef fótur væri fyrir þeim á verksviði lögreglu.

Annað sem oft hefur orðið kveikja gagnrýni og umræðu um Fjármálaeftirlitið er að það aðhafist ekki í málum sem augljóslega eru á verksviði stofnunarinnar. Stór hluti þeirrar gagnrýni á rætur í því að niðurstaða mála hefur ekki verið gerð opinber. Fyrrum forstjóri Fjármálaeftirlitsins beitti sér fyrir auknum heimildum til birtingar niðurstöðu af málum og ný lög opna á meiri upplýsingagjöf.

**Það er nauðsynlegt fyrir bankana að nýta vel þau hagstæðu skilyrði sem hafa verið í umhverfi þeirra að undanförnu til að byggja undir sig til framtíðar.**

Þetta er mikið framfaraspor, því opinber birting veitir mun meira aðhald en aðfinnslur bak við luktar dyr. Nýr forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jónas Fr. Jónsson, boðaði auk þess markvissari kynningu á leikreglum markaðarins.

Það liggur í eðli stofnunar eins og Fjármálaeftirlitsins að vara við tilteknum hættum. Þannig hvatti forstjórinn til þess að fjármálafyrirtæki gættu varkárni og legðu aukna áherslu á áhættustýringu. Hröð útlánaaukning felur í sér hættu sem fjármálafyrirtækin þurfa að gefa gaum. Þá benti Jónas á verulega markaðsverðbréfaeign og skuldaaukningu fjármálafyrirtækjanna.

Allt eru þetta þarfar ábendingar og mikilvægt að bankakerfið nýti vel þau hagstæðu skilyrði sem hafa verið í starfseminni og tryggi sig vel gegn verri tímum. Í þessu samhengi er þó vert að hafa í huga að gengisáhætta af markaðsverðbréfum bankanna hefur farið hlutfallslega lækkandi.

Það er nauðsynlegt fyrir bankana að nýta vel þau hagstæðu skilyrði sem hafa verið í umhverfi þeirra að undanförnu til að byggja undir sig til framtíðar. Varnaðarorð Fjármálaeftirlitsins og innleiðing Basel II eiginfjárreglna er liður í því að treysta stoðir fjármálakerfisins. Ábendingar Fjármálaeftirlitsins hljóta að skoðast í því ljósi að sennilega rís aldrei sá dagur að ekki verði tilefni til ábendinga þess. Flest bendir til þess að þeir bankar sem fremstir hafa farið í útrás hafi einmitt nýtt tímann vel og lagt áherslu á að dreifa áhættu sinni.

Það er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið starfi eins og kostur er fyrir opnum tjöldum. Aðhaldið sem af því hlýst mun án efa spara mikla vinnu. Öflugt og gagnsætt Fjármálaeftirlit er ein af forsendum trúverðugleika fjármálakerfisins og þrátt fyrir neikvæða umræðu á köflum er ekkert sem bendir til annars en að því hlutverki sé ágætlega sinnt og með sambærilegum hætti og tíðkast í nágrannalöndum okkar.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is

ER ÞITT FYRIRTÆKI
SÝNILEGT?




BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
- með þínu merki

Bros sérhæfir sig í sölu og merkingum á fatnaði, auglýsingavörum og fánum

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 581 4141 • WWW.BROS.IS

# Hvar eru piltarnir?

ORÐ Í BELG

**Gylfi Magnússon**



Skólaganga og kennsla hafa frá örófi alda fyrst og fremst verið viðfangsefni karla, bæði hérlendis sem erlendis. Fyrstu konurnar fóru að sjást á skólabekk í íslenskum framhaldsskólum í kringum aldamótin 1900 og langt fram eftir 20. öldinni voru þær í miklum minni hluta. Hlutfall þeirra í Háskóla Íslands var lengst af enn lægra en í framhaldsskólum.

Kennarahópurinn var sama marki brenndur. Nokkrar konur kenndu í grunnskólum, færri í framhaldsskólum og nær engar í háskólum. Konum var freklega mismunað með því að hindra aðgang þeirra að menntun. Í þessu fólst jafnframt gífurleg sóun á þeim mannauði sem býr í konum.

Undanfarna áratugi hefur aðgengi íslenskra kvenna að skólum batnað til muna. Þær hafa nýtt tækifærið og sest í síauknum mæli á skólabekk eða á kennarastofuna. Þessi jákvæða þróun hefur skilað þjóðfélaginu öllu, ekki bara konum, ómældum ávinningi.

Það er þó rétt að staldra við eina hlið þessa sem furðulítið er fjallað um opinberlega. Hún er sú að slagsíðan í kynjaskiptingunni í menntakerfinu er óðum að verða jafnmikil og áður, bara í hina áttina. Skýringin núna er þó ekki að annað kynið fái ekki að mennta sig eða kenna heldur að karlar sýna menntun mun minni áhuga en konur.

Nemandi sem nú fer í gegnum hið íslenska menntakerfi, frá leikskóla og upp í háskóla, sér ekki marga karlmenn við kennarastörf og þeim fer stöðugt fækkandi, a.m.k. hlutfallslega. Sá sem fer í gegnum allt kerfið frá leikskóla og upp í háskóla getur átt von á því að tvo þriðju hluta námsins hafi kennarinn verið kona. Fyrir þá sem ekki fara í háskóla eða framhaldsskóla er hlutfallið af kennslunni sem konur sjá um enn hærra.

Það kemur sennilega engum á óvart að leikskólakennarar eru einkum konur eða 96%. Hlutfallið er ekki mikið jafnara í grunnskólum, þar eru konur 77,5% kennara. Það er ekki fyrr en í framhaldsskólum og loks háskólum sem talsverðar líkur eru á að fá karl sem kennara. Þeir eru 52% framhaldsskólakennara og 59% háskólakennara. Það hlutfall fer reyndar fyrirsjáanlega hægt og sígandi lækkandi því að karlar eru hlutfallslega flestir meðal elstu kennaranna á báðum skólastigunum.

Háskólakennarar byrja alla jafna feril sinn sem lektorar. Þar eru karlar nú örlítið færri en konur eða 47,5%. Ef þetta hlutfall helst í nýliðun háskólakennara jafnast smám saman kynjahlutfallið meðal dósenta og prófessora.

Miðað við kynjaskiptinguna í nemendahópnum er þó ólíklegt að kynjahlutfallið verði á endanum jafnt. Körlum fækkar mjög hlutfallslega meðal háskólanema. Nú eru nánast tvær konur fyrir hvern einn karl sem stundar háskólanám á Íslandi. Þegar skyldunámi lýkur snarlækkar hlutfall pilta í skólakerfinu.

Skipting háskólanema eftir kyni ræður kynjaskiptingu sérfræðistétta framtíðarinnar. Það blasir við að þær verða flestar kvennastéttir. Hlutfall kynjanna er svipað í Háskóla Íslands og í öðrum skólum á háskólastigi að jafnaði og því hægt að nota tölur frá skólanum sem vísbendingu um heildina. Af ellefu deildum Háskóla Íslands hafa einungis tvær nokkurn veginn jafnt kynjahlutfall. Það eru lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild. Í ljósi þess hve áberandi þær stéttir sem þessar deildir útskrifa eru í bæði viðskiptalífi landsmanna, stjórnkerfinu og stjórnmálum hljóta þetta að teljast góðar fréttir. Bæði kynin fá notið sín til jafns innan þessara deilda.

Í öðrum deildum skólans er hlutfall kynja hins vegar orðið mjög ójafnt. Í einungis einni deild Háskóla Íslands eru karlar enn í nokkrum meiri hluta, verkfræðideild. Þar eru konur þó nú tæpur þriðjungur nemenda, sem er veruleg aukning frá fyrri árum.

Í hinum átta deildum skólans eru konur þegar í talsverðum meiri hluta. Hjúkrunarfræðideild er í sérflokki. Þar ná karlar ekki þremur prósentum nemenda. Félagsvísindadeild er næst á eftir, með nánast þrjár konur fyrir hvern karl meðal nemenda. Deildin er jafnframt fjölmennasta deild skólans svo að þetta ójafna kynjahlutfall þar skiptir langmestu fyrir skekkjuna í kynjahlutfalli skólans sem heildar. Gamalgrónar sérfræðistéttir karla innan heilbrigðisvísinda verða það ekki mikið lengur. Í bæði læknisfræði og tannlækningum eru konur í vaxandi meiri hluta. Í hugvísindum og guðfræði eru tvær konur fyrir hvern karl. Sumar greinar í raunvísindadeild laða enn frekar að karla en konur, þ.á m. stærðfræði og eðlisfræði. Það nær þó ekki að breyta því að konur eru í nokkrum meiri hluta í deildinni sem heild.

Hér verður ekki horft til annarra háskóla innanlands nema hvað ekki er hægt að horfa fram hjá Kennaraháskólanum sem eðli máls samkvæmt menntar flesta grunn- og leikskólakennara landsins. Þar eru konur í miklum meiri hluta. Um sumar brautir, sérstaklega þær sem búa undir störf á leikskólum, sækja nær engir karlar. Fimm konur stunda nám í KHÍ fyrir hvern einn karl.

Í mörgum sérfræðistéttum eru konur þegar í miklum meiri hluta. Í BHM eru t.d. þrjár konur fyrir hvern karl. Þótt karlar séu enn í meiri hluta í ýmsum sérfræðistéttum má ráða af fyrrnefndum nemendatölum að sú mynd sé hægt en örugglega að breytast. Nýliðunin er allt öðru vísi, þar eru konur í flestum tilfellum í meiri hluta. Engin teikn eru hins vegar á lofti um að þær sérfræðistéttir þar sem konur hafa verið í meiri hluta, t.d. meðal grunn- og leikskólakennara og hjúkrunarfræðinga, sjái fram á jafnari kynjahlutföll í framtíðinni. Kynskipting í sérfræðistéttum á Íslandi á 21. öldinni verður ef svo fer sem horfir allt önnur en á þeirri 20. Konur munu sinna sérfræðistörfunum í mun ríkari mæli en karlar. Þær munu sjá að mestu leyti um menntakerfi landsmanna og að miklu leyti um heilbrigðiskerfið. Þær sérfræðistéttir sem hafa verið kvennastéttir til þessa virðast ætla að vera það áfram. Þær sem hafa verið karlastéttir eru hins vegar nær allar að breytast í kvennastéttir eða a.m.k. stéttir með nokkuð jafnt hlutfall kynjanna.

Piltarnir ætla greinilega að fást við annað.

**Það kemur sennilega engum á óvart að leikskólakennarar eru einkum konur eða 96%. Hlutfallið er ekki mikið jafnara í grunnskólum, þar eru konur 77,5% kennara. Það er ekki fyrr en í framhaldsskólum og loks háskólum sem talsverðar líkur eru á að fá karl sem kennara. Þeir eru 52% framhaldsskólakennara og 59% háskólakennara. Það hlutfall fer reyndar fyrirsjáanlega hægt og sígandi lækkandi því að karlar eru hlutfallslega flestir meðal elstu kennaranna á báðum skólastigunum**

UM VÍÐA VERÖLD

### *Stórmarkaðir óvelkomnir í Póllandi*

**Financial Times** | Nýráðinn fjármálaráðherra Póllands, Teresa Lubinska, segir smásöluaðila með það í hyggju að opna stórmarkaði þar í landi ekki velkomna. „Stórmarkaðir á borð við Tesco eru léleg fjárfesting. Þeir eru ekki mikilvægir fyrir efnahagsvöxt Póllands," sagði Lubinska í viðtali við fjármálaritið Financial Times. Í greininni segist Lubinska hafa reynt að hrekja á brott slíka smásöluaðila þegar hún gegndi embætti bæjarfulltrúa í borginni Szczecins af þeim ástæðum að þeir eyðileggja miðbæina og valdi því að smærri aðilar fari á hausinn. Frú Lubinska segir að Pólland eigi heldur að skapa framleiðslustörf og kallaði fjárfestingar í stórmörkuðum slæmar þar sem þær skapa störf sem krefjast tiltölulega lítilla hæfileika af starfsfólki.

Tesco, sem er stærsta keðja stórmarkaða á Bretlandi, fór inn á Póllandsmarkað árið 1996. Fyrirtækið rekur nú 44 stórmarkaði og 36 smærri verslanir í Póllandi. Útvíkkun í austur er Tesco mikilvæg þar sem keðjan verður fyrir æ meiri mótstöðu í Bretlandi þar sem hún hefur 30,3 prósenta markaðshlutdeild.

### *Huga ekki að ellilífeyrinum*

**The Sunday Telegraph** | Bretar huga ekki nægilega vel að efri árunum samkvæmt nýjum breskum könnunum sem sagt er frá í The Sunday Telegraph. Ástandið er nú orðið svo alvarlegt að einn af hverjum þremur Bretum sparar ekki til efri áranna. Þetta ýtir undir þrýsting á stjórnvöld að taka ellilífeyriskerfið í gegn en þörf hefur verið á því um dágott skeið. 37 prósent vinnandi fólks í Bretlandi, um 6,5 milljónir manna, borga ekki í neins konar lífeyrissjóð.

Kannanirnar sýna einnig að tilraunir stjórnvalda til að vekja athygli fólks á mikilvægi þess að leggja fyrir lífeyrissparnað hafa ekki skilað árangri. Í september árið 2004 fór í gang umfangsmikil herferð á vegum stjórnvalda í þessu miði. Þrátt fyrir það sögðu níu af hverjum tíu sem tóku þátt í könnuninni að þeir höfðu hvorki séð né heyrt af slíkum auglýsingum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Slæmt uppgjör eykur líkur á matvöruhækkun

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs á morgun. Verðbólga hefur verið á uppleið og áhugi á nýjum verðbólgutölum vaxið í takt við aukin þenslumerki í hagkerfinu. Greiningardeild Landsbankans telur ekki þörf á að endurskoða sína spá fyrir nóvember, þrátt fyrir lækkanir á eldsneytisverði: „Við gerum ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,2% á milli mánaða í nóvember. Þrátt fyrir nokkrar lækkanir á eldsneytisverði bæði hér heima og erlendis í mánuðinum teljum við ekki þörf á að endurskoða spánna sem birt var í vegvísi

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

þann 14. október síðastliðinn. Þeir liðir sem hækka vísitöluna mest eru, líkt og síðastliðna mánuði matar- og drykkjarliðurinn og húsnæðisliðurinn.“

„Í spánni töldum við að hægja færi á hækkunum á matvælaverði, en slæmt uppgjör Haga, eiganda einnar stærstu lágvöruverðsverslunar landsins gæti hugsanlega aukið á hækkanir á matvælum, en í uppgjöri félagsins kom fram að tap félagsins hafi að mestu mátt rekja til verðstríðs á matvörumarkaðnum. Undanfarin misseri hafa hækkanir á húsnæðisliðnum verið hraðar. Lækkun á vísitölu íbúðaverðs í ágúst (birt í september) blés lífi í umræðuna um að nú væri húsnæðisverð komið í hámark og færi nú að hægja umtalsvert á hækkunum. Hækkun íbúðaverðsvísitölunnar í september sló nokkuð á þá umræðu. Í nóvember gerum við ráð fyrir hóflegri hækkun húsnæðisliðarins.“

„Lækkanir á eldsneytisverði hér á landi í október munu draga úr hækkun vísitölunnar í nóvember. Frá upphafi til loka októbermánaðar lækkaði eldsneytisverð hér á landi um 4,5%.“

„Hagstofa Íslands mun birta niðurstöður mælinga sinna á vísitölu neysluverðs fyrir nóvember þann 10. nóvember næstkomandi kl. 9 og munum við þá fjalla ítarlega þróun vísitölunnar,“ segir greiningardeild Landsbankans.

**Í spánni töldum við að hægja færi á hækkunum á matvælaverði, en slæmt uppgjör Haga, eiganda einnar stærstu lágvöruverðsverslunar landsins gæti hugsanlega aukið á hækkanir á matvælum, en í uppgjöri félagsins kom fram að tap félagsins hafi að mestu mátt rekja til verðstríðs á matvörumarkaðnum.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Enginn ríkur á að rífast

Ég tel mig sjálfan í hópi lítilla hluthafa, þótt ég sé náttúrlega ríkur. Ég gæti mín alltaf á því að fara aldrei yfir þau mörk í einstöku fyrirtæki að ég þurfi að tilkynna viðskipti.

Ég legg nefnilega mikið upp úr því að vera ósýnilegur. Þess vegna stend ég aldrei upp á hluthafafundum ogríf kjaft. Ég hef eina aðferð til þess að lýsa óánægju minni með stjórnendur hlutafélaga sem ég á í og sú aðferð hefur reynst mér vel. Hún er að selja bréfin ef ég hef ekki trú á því sem þeir eru að gera. Ég er þannig andstæðan við Vilhjálm Bjarnason sem hefur reglulega reynt að tala niður gengi félaga sem hann á í sjálfur. Mér finnst það ekki skynsamlegt út frá sjónarmiði ávöxtunar. Nema hann sé náttúrlega að kaupa á sama tíma og hann talar gengið niður. Þá get ég alveg skilið hvað hann er að pæla. Ég hef nú ekki mikla trú á því.

Ég skil ekkert í þessum látum í honum yfir þessu öllu. Hann varð alveg vitlaus þegar Bjöggarnir tóku Kolkrabbann í nefið. Aðgerð sem var til þvílíkra hagsbóta fyrir litlu hluthafana að annað eins hefur aldrei sést á Íslandi.

Ég held að ég hafi grætt meira á því að elta Bjöggana í atlögunni að Kolkrabbanum en á nokkru öðru sem ég hef gert. Enda var ég vel skuldsettur í kaupunum í Burðarási á sínum tíma.

Þessi saga um þrjá milljarðana er ansi lífseig og maður heyrt hana í mörgum útgáfum. Ég hef reynt að fá hana staðfesta, en ekki tekist. Sú útgáfa sem er núna er að í júní hafi þrír milljarðar farið á reikning Fons til að kaupa Sterling. Ég held reyndar að Pálmi hafi ekki þurft slíkt lán og ef hann hefði þurft þess, þá hefði verið nærtækara að Jón Ásgeir vinur hans myndi redda honum þremur milljörðum svona í bili. Myndi sjálfsagt gera það fyrir hálft orð. Mér finnst þessi útgáfa ekki trúverðug. Auk þess sem fyrrum stjórnarmenn hættu ekki út af einhverri millifærslu, heldur fannst þeim Hannes ekki hafa samráð við sig og ganga hratt um gleðinnar dyr.

Lykilspurningin um FL Group er sú hvort menn hafa trú á því sem þeir eru að gera eða ekki. Ef þeir trúa á fyrirtækið þá kaupa þeir, ef ekki þá selja þeir. Það hefur enginn orðið ríkur á því að rífast á fundum, heldur með réttum fjárfestingarákvörðunum, enda er ég holdtekja þeirra.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





DAGSVERK AUGLÝSINGASTOFA - 5010002

Það getur verið erfitt að byrja

... en gerðu kröfur um árangur

*„Í mínu starfi krefst ég árangurs, hvort sem það er hér í salnum eða á skrifstofunni. LS Retail frá Landsteinum Streng er heildarlausn fyrir okkur hér í World Class, bæði við afgreiðslu viðskiptavina okkar og á skrifstofu.“* Björn Leifsson, framkvæmdarstjóri.

LS Retail frá Landsteinum Streng er verslunarlausn fyrir margþættan rekstur sem heldur utan um alla aðfangakeðjunna á einum grunni og býr til samfellt flæði allt frá afgreiðslukassa til skrifstofu. Þú færð skýrslur og heildaryfirsýn í umhverfi sem þú þekkir frá Microsoft og getur nýtt þér Outlook, Word, Excel og aðrar vörur frá Microsoft.

***LS Retail er viðskiptalausn fyrir fólk sem gerir kröfur um árangur.***

**Microsoft Business Solutions**
**Global ISV Partner of the Year 2005**

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 6.700 verslunum með yfir 20.000 afgreiðsluköss um víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths supermarkets, Moss Pharmacy og Concept Sports International (EURO 2004, Olympic Games 2004).

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

**AURASÁLIN**

## Virðisrýrnunarpróf stjórnenda

**Aurasálin fagnar** þeirri tímabæru ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að setja stjórnendur fjármálafyrirtækja í próf. Aurasálina hefur nefnilega lengi grunað að yfir fjármálafyrirtækjunum ríktu menn sem skorti þekkingu á mörgum sviðum. Þessir stjórnendur væru að auki alltof hátt launaðir. Það er tími til kominn að láta þessa hálaunamenn sýna og sanna almenningi og stjórnvöldum að þeir séu rauverulega starfi sínu vaxnir.

**Það er margt** sem styður þá trú Aurasálarinnar að mikið skorti á þekkingu stjórnenda fjármálafyrirtækja. Fyrir það fyrsta virðast þeir standa í þeirri trú að hlutverk þeirra sé að hámarka arð hluthafa sinna. Þetta er misskilningur. Hlutverk þeirra er ekki að hámarka arð hluthafa sinna. Sú gengdarlausa verðmætaaukning sem hluthafar bankanna hafa fengið stríðir gegn því sem Aurasálin vill kalla hóflegan arð til hluthafa.

**Nú kynnu margir** að halda að þessi skoðun Aurasálarinnar væri nýtilkomin og sprottin af því að Aurasálin seldi bréf sín í ríkisbönkunum fyrir löngu síðan. Svo er alls ekki. Aurasálin hefur margoft lýst þeirri skoðun sinni að koma verði böndum á ofsagróða bæði fyrirtækja og einstaklinga, auk þess sem stilla verði launum stjórnenda í hóf.

**Boðað próf** Fjármálaeftirlitsins fellur vel að þeirri heildarhugmynd Aurasálarinnar að koma verði böndum á vöxt og hagnað í fyrirtækjum og þeirra launa sem slíkum vexti fylgir. Prófið getur einmitt þjónað því hlutverki að menn fái sanngjörn laun fyrir hæfileika sína og framlag til samfélagsins.

**Þannig myndi** hæsta einkunn á prófi gefa sem svarar þreföldum mánaðarlaunum lægstu launa og launin svo lækka eftir niðurstöðu prófsins þar til falleinkunn er náð. Eins konar virðisrýrnunarpróf stjórnenda. Fall þýðir náttúrlega að fyrirtæki ber að reka viðkomandi starfsmann. Einu á þó að gilda hvort hluthafar vilja hafa viðkomandi áfram í vinnu, því Aurasálinni þykir augljóst að hagsmunir hluthafa og almennings fara ekki saman, þar sem hluthafar hugsa einungis um eigin hag.

**Næsta mál** er auðvitað að semja prófið og er Aurasálin tilbúin að ljá sínar vinnufúsu hendur til þess. Prófið þarf að vera erfitt. Það er ljóst. Í fyrsta lagi þarf það að vera um reglur sem fyrirtækin starfa eftir. Þær eru augljólega of fáar nú um stundir og nauðsynlegt að fjölga þeim verulega til þess að prófið verði erfitt. Auk þess þarf að vera liður í prófinu sem lýtur að þekkingu stjóranna á kjörum og veruleika almennings. Þar getur Aurasálin orðið að góðu liði.

# Útvistunin aftur í sókn

**Guðni B. Guðnason hefur borið hitann og þungan af uppbygging Anza sem sérhæfir sig í hýsingu tölvukerfa og geymslu gagna. Sóknarfæri eru í að þjónusta erlend fyrirtæki frá Íslandi náist meira öryggi í fjarskiptum milli Íslands og umheimsins. Vaxandi þörf er fyrir geymslu gagna fyrir einstaklinga, enda minningar nútímafólks geymdar í tölvum. Hafliði Helgason ræddi við Guðna um kosti og möguleika í starfsemi fyrirtækisins.**




**MIKLIR MÖGULEIKAR** Anza rekur nú þegar tölvuhýsingu fyrir erlend fyrirtæki. Guðni B. Guðnason segir að auka þurfi öryggi gagnaflutninga til og frá landinu ef hægt eigi að vera að fara í markaðsókn með slíka þjónustu erlendis. Geymsla gagna fyrir einstaklinga svo sem myndaalbúms fjölskyldunnar er einnig á döfinni.

Þeim fyrirtækjum fjölgar stöðugt sem sjá sér hag í að láta aðra um rekstur tölvukerfa sinna. Anza sinnir slíkri útvistun tölvkerfa og Guðni B. Guðnason, forstjóri Anza, segir sífellt fleiri fyrirtæki átta sig á kosti hýsingar tölvukerfa hjá sérhæfðum fyrirtækjum.

Upphaflega stofnaði Guðni fyrirtækið Álit árið 1997. Hann sá þá um tölvukerfi Álversins í Straumsvík og nafnið orðaleikur úr ál og it sem er skammstöfun fyrir upplýsingatækni. „Fyrirtækið var stofnað utan um hugmyndinga um útvistun sem var þá ekki þekkt hér á landi. Ég kynnti þáverandi forstjóra fyrirtækisins, Christian Roth, þessar hugmyndir mínar. Hann vildi að ég segði upp fyrst og stofnaði fyrirtækið og síðar yrði tekin ákvörðun um hvort álverið myndi eiga viðskipti við það,“ segir Guðni. Hann segir að hann hafi ekki fengið neina tryggingu fyrir viðskiptum í veganesti, en samningar við Álverið í Straumsvík tókust og vel gekk að afla nýrra viðskiptavina. „Árið 2001 var fyrirtækið komið með fimmtíu starfsmenn og búið að byggja upp hýsingaraðstöðu í Ármúlanum.“ Fyrirtækið sameinaðist á þessum tíma tveimur internetþjónustufyrirtækjum og netveitunni torg.is.

**Guðni B. Guðnason**
Starf: Forstjóri Anza
Fæðingardagur: 30. september 1961
Maki: Ásta Björnsdóttir

### GETA TREYST RÁÐGJÖFINNI

„Við höfum frá upphafi lagt áherslu á þrennt. Rekstrarþjónustuna, þar sem við erum eins og tölvudeild fyrirtækis. Ráðgjöf þar sem það hefur verið styrkur okkar að vera ekki með umboð fyrir nein merki. Það gerir það að verkum að fyrirtækin hafa treyst okkur betur fyrir ráðgjöfinni, en ef við hefðum verið söluaðilar fyrir einhvern ákveðinn búnað. Annað sem við gerðum var að við buðum fasta og fyrirsjáanlega samninga um rekstur tölvukerfa. Það var nýjung í þessum bransa. Ábyrgðin er þá okkar og ávinningurinn einnig af því að geta hagrætt.“

Guðni segir ekki hafa verið einfalt að sannfæra fyrirtæki um að fara með tölvukerfin út úr húsi. „Þegar við byrjuðum voru menn með vélarnar á borðinu hjá sér og heyrðu í disknum og viftunni. Það var stórt skref þegar serverar fóru að færast í önnur herbergi, það að fara með vélarnar út úr húsi. Sérstaklega vegna þess að fjarskiptakostnaðurinn var mjög hár sem var mesta hindrunin í upphafi.“

Flutningsgeta og kostnaður vegna fjarskipta hefur gjörbreyst á undanförnum árum. „Það hefur þýtt að útvistun er komin á nýtt skrið. Það hefur sjaldan verið eins líflegt og á þessu ári. Það hafa komið um tuttugu tækifæri inn á borð hjá okkur á þessu ári og af því erum við búin að landa samningum í um sextíu prósent tilvika. Það er að verða vakning hjá fyrirtækjum sem eru farin að gera sér grein fyrir því að tölvuafl er eins og raforka. Menn vilja bara stinga í samband og fá það sem þeir þurfa.“

### ÖRYGGI AF HÆSTU GÆÐUM

Guðni segir hýsingu tölvukerfa hafa ýmsa kosti í för með sér. „Við erum með vottun samkvæmt ákveðnu öryggiskerfi. Það þýðir að aðbúnaður, eftirlit, slökkvikerfi og varaafl er eins og best verður á kosið. Oft hafa fyrirtæki ekki bolmagn eða þekkingu til þess að halda úti alvöru umhverfi sem virkar og er í lagi.“

Hugmyndir hafa verið uppi um að setja upp tölvuver hér á landi og þjónusta erlend fyrirtæki. „Næsta skref fyrir okkur er að taka við rekstri á kerfum sem aðilar utan Íslands eru að nota. Sú þróun er í gangi og mikill vöxtur í því. Það sem er að gerast núna er að búnaður er að verða þannig að hægt er að samnýta hann með mörgum kerfum. Það þýðir að orkunotkun á hvern fermetra hefur tífaldast á tveimur, þremur árum.“ Guðni segir að því fylgi að hitamyndun aukist og þörf á kælingu þar með. „Núna erum við að sigla inn í tíma þar sem við getum sagt að orka sé farin að skipta megin máli í vali á því hvar slík tölvuver eru staðsett.“

**HÁDEGISVERÐURINN**

**Með Guðna B. Guðnasyni**
*forstjóra Anza*

*Hádegisverður fyrir tvo á Gallerý Fiski*

*Steiktar jurtakryddaðar gellur*

**Drykkir**
*Vatn*
*Alls 3.180 krónur*

### HINDRUN Í GAGNAFLUTNINGUM

Guðni segir að hindrun þessarar þróunar séu fyrst og fremst að fjarskiptin til og frá landinu séu ekki nógu stöðug, þrátt fyrir tilkomu Farice-sæstrengsins. „Það eru fjöldamörg dæmi um það að sambandið hafi rofnað og það er ekki hægt að bjóða fyrirtækjum upp á það sem ætla að fara selja slíka þjónustu héðan. Við erum þegar að reka kerfi héðan, en til þess að fara út í stóra markaðssetningu þarf að fara í þessi mál.“ Raforkan skiptir miklu. „Annað er staðsetning landsins. Hér eru ekki hryðjuverk og það ásamt orkunni gerir okkur að góðum kosti.“ Guðni segir að unnið sé að því að auka flutningsöryggið til og frá landinu. „Ég held að við verðum ekki í góðri stöðu fyrr en við erum komin með annan kapal sambærilegan við Farice sem ræður við að taka við umferð ef hinn bilar.“ Hann segir fjarskiptakostnaðinn milli landa einnig standa í veginum. „Ef menn vilja gera alvöru úr þessu, þá væri það mjög sterkur leikur að ná stóru fyrirtæki í hýsingu hér á landi sem þýddi að þyrfti að byggja stórt hús sem væri hagkvæmt. Til þess þarf að niðurgreiða fjarskiptasambandið um tíma til þess koma á fót alvöru umhverfi fyrir þessa starfsemi. Um leið og við erum búin að koma okkur fyrir mætti fara að borga fullt verð aftur.“ Strengurinn er bara einn og ekki samkeppni í gagnaflutningum til og frá landinu.

### VARÐVEISLA MINNINGANNA

Síminn er stærsti eigandi Anza. Guðni segir eignarhaldið hjálpa til, einkum nú þegar möguleiki sé á stærri erlendum verkefnum. Þá sé einkavæðing fyrirtækisins jákvæð fyrir möguleika Anza til þess að eflast og sækja fram í alþjóðlegri samkeppni.

Stafræn gögn skipa alltaf stærri sess í líf okkar. Fjölskyldualbúmið er í heimilistölvunni. „Það sem verður heitasta atriðið á næsta ári er gagnaafritun. Við erum að hleypa af stokkunum þjónustu fyrir litla aðila og einstaklinga. Við tölum um kynslóð hinna týndu gagna. Það er að verða gríðarleg þörf fyrir einhverja sem afrita alls kyns gögn fólks og geyma þau með öruggum hætti og á formi sem er aðgengilegt hverju sinni.“

Anza er í hraðri uppbyggingu. Guðni segist þrátt fyrir það gefa sér tíma til tómstunda. „Fyrirtækið er orðið vel skipulagt og ég hef meiri tíma nú en oft áður. Ég hef mörg áhugamál. Ég spila golf á sumrin og er í hestamennsku á veturna.“ Hann segist einnig stunda fótbolta og badminton og var á árum áður keppnismaður í sundi. „Svo hef ég gaman af mat og ferðalögum. Ég er líka aðeins að fikra mig áfram í hundarækt.“ Eiginkona Guðna, Ásta Björnsdóttir, rekur ballettskóla sem kenndur er við móður hennar Sigríði Ármann. Guðni segir gefandi að reka svoleiðis starfsemi. Hann segist ekki hafa farið varhluta af ballettuppeldi hjá eiginkonu og tengdamóður. „Þú getur rétt ímyndað þér um hvað er rætt í jólaboðunum,“ segir Guðni og brosir.





# FLÍSA- OG PARKETDAGAR



## VERÐDÆMI:

**Eik Family.**
Parket með viðarlæsingu,
kr. 2790 m²

**Gólfflísar 30x30 cm.**
kr.1106 m²

**Veggflísar 20x25 cm.**
kr.924 m²



Glæsilegt úrval af flísum og parketi á góðu verði

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA Boga Arnars
Enska – danska – sænska – norska – þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði, læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði, þýðingar úr norðurlandamálum á ensku
Sími 587 3690 Fax 587 3691 baf@centrum.is

Skrifstofuhúsgögn

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

Vandaðir gjafapokar í úrvali

Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00.
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk
Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is
GRÆNN MARKAÐUR





**RÁÐHERRAR FYLGJAST MEÐ** Vel var mætt á ársfund Rannsóknarseturs verslunarinnar. Bæði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir viðskipta- og iðnaðarráðherra fylgdust með umræðum og héldu erindi.

Aðalflutningar
Öryggi alla leið

Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum hvað sem er, hvert sem er, hvenær sem er.
Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 Reykjavík Sími: 581 3030
www.adalflutningar.is
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030

ER ÞITT FYRIRTÆKI SÝNILEGT?

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR - með þínu merki
Bros sérhæfir sig í sölu og merkingum á fatnaði, auglýsingavörum og fánum
SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 581 4141 • WWW.BROS.IS

# Eimskip og TM semja um farmtryggingar

Eimskip, dótturfélag Avion Group, hefur tekið að sér sölu farmtrygginga fyrir Tryggingamiðstöðina hf. Samningurinn felur í sér aukna þjónustu við viðskiptavini Eimskips, einfaldari iðgjaldaskrá og í mörgum tilfellum hagstæðari iðgjöld en áður hefur þekkst á almennum markaði hérlendis. Jafnframt tekur Eimskip að sér afgreiðslu og uppgjör tjónamála að ákveðnu marki fyrir hönd TM. Þessi nýbreytni á að vera til einföldunar fyrir þá sem flytja vörur með Eimskip og auka fjárhagslegt öryggi vörueigenda.

Bæði félögin telja að breytingin leiði til aukningar í sölu farmtrygginga og verður lögð áhersla á að farmtryggingar verði sjálfsagður þáttur í flutningsferlinu.

Skrifstofuhúsnæði til leigu
Frábærar staðsetningar
FAXAFEN 5 - 108 Reykjavík - Miðsvæðis

Fullinnréttuð snyrtileg hæð með öllum lögnum, um 234 fm. með sameign. í þessu vel þekkta húsi í Skeifunni. Laus strax.
ÞVERHOLT 14 - 105 Reykjavík - Við Hlemm

Fullinnréttuð og björt hæð með öllum lögnum, um 350 fm. með sameign, hæðinni fylgir 7 bílastæði í bílakjallara og 4 sérmerkt stæði. Lyfta. Laus strax.
Allar nánari upplýsingar veita:

Jón Víkingur Sími: 892 1316
Sveinbjörn Freyr Sími: 895 7888

SAGA FASTEIGN
Guðmundur Þórðarsson hdl & löggiltur fasteignasali Sími 414 8800 www.sagafasteignir.is

Loksins á íslensku
Bók sem margir vinnustaðir hafa beðið eftir

EINFALT HUGMYNDAKERFI SEM HEFUR BÆTT STARFSÁRANGUR OG VINNUGLEÐI FÓLKS VÍÐA UM HEIM.
„... náttúrlega bara hrein snilld í einstökum einfaldleika sínum ...“
Herdís Pála Pálsdóttir, fræðslustjóri Íslandsbanka.
FISKUR SEM BRAGÐ ER AÐ!
Salka Ármúla 20 • sími 552 1122 • www.salkaforlag.is

Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús
Breytingar prentaðar á venjulegan prentara!

www.merkismenn.is
BJÓÐUM EINNIG:
• Sandblástursfilmu
• Bílamerkingar
• Varúðar- og bannmiða
MERKISMENN Skiltagerð
Ármúla 36 • Sími: 544 2030



**FYLGST MEÐ UMRÆÐUM** Ársfundur Rannsóknarseturs verslunarinnar var haldinn í síðustu viku. Hér fylgjast meðal annars Sigurður Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu og Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna með umræðum.




STJÓRNVÍSI Félag um framsækna stjórnun

ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNIN • 2005 •

## Afburða árangur í rekstri

Markmiðum náð með aðferðum árangursstjórnunar

Ráðstefna á vegum Stjórnvísi á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 10. nóvember kl. 8:30–11:50.



Fyrirlesarar:
**How to improve your business**
Ejner Jacobsen, Center for Ledelse



**Post Danmark - A journey towards Excellence**
Ole Schmidt Pedersen, Post Danmark

Erindi dönsku fyrirlesarana fara fram á ensku.



**Stjórnunaraðferðir - Brot af því besta**
Ragnheiður Halldórsdóttir, Marel

**Fundarstjóri** er Sigrún Ósk Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri Á.T.V.R.

Kl. 8:30 afhending ráðstefnugagna
Kl. 8:45 fundarstjóri býður gesti velkomna

Verð kr. 7.500,- fyrir félagsmenn, kr. 14.000,- fyrir aðra.

**Skráning á www.stjornvisi.is**

**Afhending Íslensku gæðaverðlaunanna í Háteig á Grand Hótel Reykjavík kl.12:00. Léttur hádegisverður verður borinn fram að athöfn lokinni.**

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU · ICELANDAIR · VKS VERK- OG KERFISFRÆÐISTOFAN HF · PÓSTURINN

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



www.konicaminoltaeurope.com

KONICA MINOLTA

## Engar afsakanir
prentaðu í lit





**bizhub C250**
Þarftu að geta prentað í lit? Finnst þér það dýrt?

**Konica Minolta** hefur sameinað prentun í svart-hvítu og lit í fullkominni ljósritunarvél sem er sérhönnuð fyrir skrifstofuna. Prentaðu litskrúðug skjöl á einfaldari og ódýrari hátt. Afköstin eru 25 bls/mín.

**bizhub C250** er líka fullkominn skanni sem sendir gögn í tölvupósti eða vistar þau á netþjóni fyrirtækisins.

*Konica Minolta - Leiðandi í lit.*

UMFANG TÆKNIBÚNAÐUR

UMFANG–TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is



# 20% AFSLÁTTUR
## af vefsíðugerð!

Fáðu þér nú nýja og glæsilega vefsíðu
Tilboðsverð aðeins **kr. 103.920,-** +vsk



Við hönnum vefsíður fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum þér framtíðar vefsíðulausnir sem eru notendavænar og hagkvæmar!

**www.8.is**

**HAFÐU SAMBAND STRAX!**
**Tilboðið gildir til 1.janúar 2006**

**ALLRA ÁTTA | SÍMI 588 8885 | 8@8.iS**





## HRAÐI OG ÖRYGGI
- í flutningum

Jónar geta látið sækja vörur heim að dyrum birgja nánast hvar sem er í heiminum, komið henni í skip eða flugvél eftir þörfum og séð um alla tilheyrandi skjalameðhöndlun erlendis og hérlendis. Auk þess leggja Jónar til alla þá vöruhúsa- og akstursþjónustu sem til þarf.

**www.jonar.is**

JÓNAR TRANSPORT

# Betra að skattleggja neyslu en tekjur

**Af hverju er lækkun matarskatts ekki góð ráðstöfun?**
Öll skattlagning veldur sóun að einhverju leyti og út frá hagkvæmnissjónarmiðum ætti að hanna skattkerfi þannig að tekna sé aflað með sem minnstri sóun. Samkvæmt kenningum um hagkvæma skatta á að leggja hærri skatt á vörur þar sem neysla er tiltölulega ónæm fyrir verðbreytinum (verðteygni eftirspurnar er lág). Skattar hafa bein áhrif á verð, og því minna sem skattar brengla hegðun neytenda því minni sóun valda þeir. Matvörur hafa sérlega lága verðteygni og því sérlega hagkvæmt að skattleggja matvörur meira en aðrar neysluvörur. Ýmis önnur rök skipta líka máli svo sem hugmyndir um jöfnuð. Á það hefur jafnan verið bent að lækkun matarskatts kæmi lágtekjufólki sérstaklega vel því efnaminni heimili verji stærri hluta af sínum tekjum í matvöruverslunum en gengur og gerist. Nýjasta neyslukönnun Hagstofunnar sýnir þó nokkuð aðra mynd af neysluútgjöldum heimilanna, en flestir virðast gera sér í hugarlund. Þar kemur fram að hlutfall matar- og drykkjarvöru í neysluútgjöldum er nær það sama hjá fjölskyldum með lágar og háar tekjur. Vissulega eru heildarneysluútgjöld stærri hluti af tekjum láglaunafólks en matarútgjöldin skera sig ekkert úr. Úr því að engu meiri jöfnuður felst í því að lækka virðisaukaskatt á matvæli en að lækka virðisaukaskatt almennt virðist eðlilegra að hækka matarskattinn og lækka almennan virðisaukaskatt sem því nemur, enda myndi slík ráðstöfun auka hagkvæmni skattheimtunar án þess að valda auknum ójöfnuði.

**TÖLVUPÓSTURINN**

*Til Jóns Þórs Sturlusonar*

*framkvæmdastjóra Rannsóknarseturs verslunarinnar á Bifröst*



**Hvernig er skattlagning á matvöru hér á landi í samanburði við nágrannalöndin?**
Skattlagning á matvöru er með ýmsum hætti í löndunum í kringum okkur. Flest lönd eru með matvöru í lægra þrepi virðisaukaskatts og nokkuð lægri prósentu en hér á landi. Danmörk sker sig nokkuð úr en þar er aðeins eitt skattþrep og leggst 25% virðisaukaskattur á matvæli sem og aðra neysluvöru. Á Íslandi vega tollar og vörugjöld mjög þungt í heildarskattlagningu á margar matvörur. Ef allt er tiltekið er skattlagning á matvæli tiltölulega há á Íslandi, sérstaklega á vörur sem einnig eru framleiddar hérlendis.

**Hvers vegna er heppilegt að skattur leggist þyngra á neyslu en tekjur?**
Skattlagning á neyslu í stað tekna felur í sér hvata til sparnaðar. Aukinn þjóðhagslegur sparnaður getur annað hvort, eða bæði, dregið úr viðskiptahalla eða eflt fjármagnsstofn þjóðarinnar. Hvort tveggja stuðlar að auknum hagvexti til langframa.

**Hvernig stuðlar afnám vörugjalda að auknu gagnsæi í skattlagningu?**
Álagning vörugjalda er á mörgum sviðum ákaflega handahófskennd og órökrétt. Til dæmis er vörugjald á þráðlausum búnaði fyrir farsíma en ekki á farsímunum sjálfum. Það skýtur óneitanlega skökku við að öryggistæki sem ætlað er að draga úr óæskilegum áhrifum farsímanotkunar sé sérstaklega skattlagt umfram farsíma. Ennfremur eru mörg dæmi um mismunun í vörugjaldi á vörum sem hafa sams konar notagildi, eins og á brauðristum og samlokugrillum, mismunandi flokkum af kakódufti og svo framvegis. Slíkt misræmi hefur í för með sér undarlega neyslustýringu sem á sér engin efnisleg rök.

**Hvað er framundan hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar?**
Næsta starfsár Rannsóknasetursins verður fjörlegt. Margs konar úttektir og rannsóknir eru í býgerð og stefnan er sett á að stórbæta talnaefni um verslungargeirann sem slíkan. Næsta stóra skýrsla verður um samband kostnaðarverðs innfluttra vara og innlends verðlags. Að undanförnu hafa verið dregnar allt of sterkar og víðtækar ályktanir af einföldum samanburði á milli þróunar verðlags og gengis. Það er því löngu tímabært að gera ítarlega athugun á þessu sviði fyrir Ísland. Safnað hefur verið ítarlegum gögnum um verðþróun í helstu viðskiptalöndum og viðskiptamynstur fyrir 34 vörutegundir. Gögnin verða notuð til að meta hversu sterkt sambandið er, hversu mikil töf í því er fólgin og hvort að þau alþýðuvísindi að verð hækki jafnan hraðar en það lækkar í takt við kostnaðarbreytingar standist nákvæma skoðun.

# Skattlagning matvöru nær alltaf mest á Íslandi

Skattar og gjöld hafa löngum þótt með því hæsta sem þekkist hér á landi. Undanfarin ár hafa þó orðið talsverðar breytingar þar á. Einkum hafa orðið breytingar á álagningu tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja. Rannsóknarsetur verslunarinnar hélt ársfund sinn á dögunum þar sem kynnt var ný skýrsla setursins um álagningu skatta og gjalda í þjónustu og verslun hér á landi. *Hjálmar Blöndal* kynnti sér skýrsluna.



Fréttablaðið/GVA

**JÓN HELGI GUÐMUNDSSON Í BYKO OG RÁÐHERRARNIR VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR OG ÁRNI M. MATHIESEN** fylgjast með umræðum á ársfundi Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Rannsóknarsetur verslunarinnar hélt sinn fyrsta ársfund í liðinni viku. Aðalefni fundarins var viðamikil skýrsla sem setrið hafði gert og bar heitið Skattlagning vöru og þjónustu á Íslandi. Að Rannsóknarsetri verslunarinnar standa verslunarfyrirtækin Hagar, Kaupás og Samkaup en auk þeirra Samtök verslunar og þjónustu og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Auk þess kemur Viðskiptaháskólinn á Bifröst að starfi þess en þar hefur setrið aðsetur og þeir þrír starfsmenn sem þar vinna.

Skattamál hafa verið ofarlega í umræðunni á árinu ekki síst þar sem finna má í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar ákvæði um að taka skuli til endurskoðunar virðisaukaskattskerfið til hagsbóta fyrir allan almenning eins og það er orðað í stjórnarsáttmálanum. Hafa á því verið skiptar skoðanir hvernig taka eigi kerfið til endurskoðunar og hafa heyrst ýmis sjónarmið í þeim efnum. Allt frá því að lækka beri neðra þrep virðisaukaskatts um helming eða niður í sjö prósent og yfir í það að jafna verði skattþrepin, sjö og fjórtán prósent.

**ÍSLANDSMET Í SKATTLAGNINGU**
Viðamikil skýrsla setursins er fyrsta rannsóknarskýrsla þess í ritröð um ytra umhverfi smásöluverslunar. Athyglinni er eins og áður segir beint að skattlagningu á vöru og þjónustu á Íslandi. Í stuttu máli má segja að niðurstaða skýrslunar sé sú að skattlagning vöru og þjónustu sé einna mest hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Þar eru það einkum matvörur sem eru skattlagðar svo hátt hér á landi og sérstaklega landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi. Þar vega tollar þyngst en ýmsar aðrar vörur sem framleiddar eru á öðrum slóðum, svo sem kaffi, sykur og aðrar landbúnaðarvörur, eru tollfrjálsar hér á landi.

**MÁLIÐ ER**

*Skattlagning vöru- og þjónustu*

Þá er vörugjald mjög umfangsmikið hér á landi en af þeim níu löndum þar sem skattheimtan var könnuð, kom í ljós að vörugjald er langfyrirferðarmest á eldsneyti, áfengi og tóbak. Vörugjald á áfengi er hæst hér og í Noregi en vörugjald á bensín er undir meðaltali landanna níu á Íslandi.

Eins og kemur fram í inngangi skýrslunnar hafa skattar í gegnum aldirnar verið áberandi í pólitískri og hagfræðilegri umræðu. Í skýrslunni er einkum reynt að nálgast viðfangsefnið út frá hagfræðilegu sjónarhorni og stuðst við kenningar þar um.

**FIMM HUNDRUÐ PRÓSENT MJÓLKURTOLLUR**
Í skýrslunni má finna samanburð á einu og öðru sem við kemur skattlagningu og tollum. Þar á meðal má sjá samanburð á gjaldtöku á mjólk með innan við sex prósent fitu. Þar kemur í ljós að hún ber langhæsta skatta allra þeirra landa sem skýrslan nær til hér á landi eða 481 prósent toll sem er eins og fram kom í máli Jóns Þórs Sturlusonar á fundinum, væntanlega ástæðan fyrir því að aldrei sést önnur en íslensk mjólk í verslunum hér á landi. Þá er 100 prósent tollur á frosnar nautalundir en aðeins Norðmenn ná að setja hærri tolla á frosnar nautalundir sem þar eru um 120 prósent. En það er ekki svo að allar vörur beri toll. Jón Þór benti á að samræmið í skattlagningu væri einnig oft á tíðum einkennilegt. Eins konar þjóðsögur í skattlagningu væru til. Þannig skipti máli hvernig neytendur glóðuðu brauðið sitt. Því brauðristar bera enga tolla eða vörugjald en ef menn vildja glóða brauðið sitt lárétt í einhvers konar samlokugrilli verður sá sem flytur það inn að greiða af því bæði toll- og vörugjald!

**TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA**
Rannsóknarsetur verslunarinnar bendir á að skilvirkasta leiðin hvað við kemur álagningu neysluskatta sé að skattleggja vörur í öfugu hlutfalli við verðteygni eftirspurnar. Í skýrslunni er bent á að þetta sé sú leið sem sjaldnast er farin þar sem stjórnvöld horfa einnig til jöfnunarsjónarmiða bæði fyrir neytendur og svo innlenda framleiðendur. Segir að aðrar aðgerðir en lækkun matarskatts hljóti að vera skilvirkari í því augnamiði að auka jöfnuð. Enda sé það svo að hlutdeild ólíkra hópa matar- og drykkjarvöru í innkaupakörfunni virðist vera nokkuð svipuð hjá ólíkum tekjuhópum.

Er því lagt til í skýrslunni að samræma virðisaukaskattinn þannig að matarskattur hækki til samræmis við almennan virðisaukaskatt svo ná megi fram meiri hagkvæmni í virðisaukaskattskerfinu. Ljóst er að hugmyndir um að hækka neðra þrep virðisaukaskatt yrðu líklega ekki mjög vinsælar hjá almenningi en Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra líkti þeim við pólitískt sjálfsmorð á hinum sama fundi. En rök rannsóknarsetursins eru þó góð og gild og hefur ýmislegt áhugavert fram í niðurstöðum skýrslunnar. Skýrslan er áhugavert innlegg í þá umræðu sem mun væntanlega fara fram á næstunni þegar ljóst verður hverjar þær áherslur verða sem til skoðunar eru hjá stjórnvöldum um að lækka eða breyta álagningu virðisaukaskatts fyrir almenning.

**Veffang Rannsóknarseturs verslunarinnar er: http://rsv.bifrost.is**

**Hafa á því verið skiptar skoðanir hvernig taka eigi kerfið til endurskoðunar og hafa heyrst ýmis sjónarmið í þeim efnum. Allt frá því að lækka beri neðra þrep virðisaukaskatts um helming eða niður í sjö prósent og yfir í það að jafna verði skattþrepin, sjö og fjórtán prósent ... Þannig skiptir máli hvernig neytendur glóðuðu brauðið sitt, því brauðristar bera enga tolla eða vörugjald en ef menn vilja glóða brauðið sitt lárétt í einhvers konar samlokugrilli verður sá sem flytur það inn að greiða af því bæði toll og vörugjald!**


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



**ÍSLANDSBANKI OPNAR NÝJAR SKRIFSTOFUR Í CITY** Meðal gesta við opnunina voru forsetahjónin, herra Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff. Með þeim á myndinni eru Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka og Steinunn Þórðardóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Íslandsbanka í London.


Jólagjafir fyrirtækisins

Stílhreinar jólagjafir sem allar er hægt að merkja með þínu „logo".





Klukka m/bíl sem hreyfist
Verð: 1.195 kr.





Golfæfingasett m/Pútter
Verð: 3.862 kr.





Fjölhæfur skiptilykill
Verð: 1.295 kr.





Borðklukka m/snúningskúlu
Verð: 1.550 kr.

Verðin miðast við magn 1-100 stk. Merking innifalin.
Mun meira úrval í boði. Vinsamlega hafið samband við sölumenn.

LogoPrent Höfðabakki 3 | 110 Reykjavík | Sími 557-8200 | www.logoprent.is



Tryggðu alla þætti fyrirtækisins!





Fiton/SÍA F1015027

Atvinnutryggingar VÍS

Tryggðu framgang fyrirtækisins með því að huga að öllum þáttum í rekstri þess. Vátryggingar eru nauðsynlegur þáttur í rekstri og er mikilvægt að rekstraraðilar geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem þeir geta staðið frammi fyrir og skyldum sem þeir þurfa að uppfylla. VÍS býður fyrirtækjum og einstaklingum með atvinnurekstur vátryggingavernd sem löguð er að þörfum hvers atvinnurekanda.

VÍS

Vátryggingafélag Íslands hf. · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Sími 560 5060 · www.vis.is






Vatnagörðum 6 • S. 581 3030 • Fax: 581 3036 • adaleg@simnet.is

MARKAÐURINN
**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Riskið í dílum

Stefán Svavarsson, einn helsti fræðimaður landsins á sviði endurskoðunar og stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, er umhugað um íslenskt málfar. Kom það skýrt fram í ræðu hans á ársfundi Fjármálaeftirlitsins á mánudaginn þegar hann sagði alltof algengt í umræðu um fjárhagsleg málefni fyrirtækja að menn sletti ensku. Vonlaust væri að nota ebitda eða jafnvel e-bytta þegar unnt væri að segja rekstrarhagnaður án afskrifta. Nefndi hann dæmi um orðnotkun í opinberri umræðu sem hann hefði heyrt og væri ótæk: „Ebitdan verður að duga fyrir vakkinu af hæfilegu kapitali, einkum ef riskið er mikið í struktueruðum dílum og þegar hedgið er illa unnið.“

## Sambankahlaup

Stór hópur manna úr fjármálalífinu flaug til New York fyrir síðustu helgi og hljóp þar maraþon á sunnudaginn. Þetta var sannkallað sambankahlaup því þarna sameinuðust menn úr nokkrum fjármálafyrirtækjum. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, Guðmundur Þ. Guðmundsson og Stefán Ákason, sem allir starfa hjá KB banka, tóku vel á því. Vilhelm Þorsteinsson og Jóhannes Baldursson, hjá Íslandsbanka, létu sig ekki vanta. Ekki heldur Ómar Sigtryggsson frá MP banka né Halldór Friðrik Þorsteinsson hjá HF Verðbréfum. Helgi Eysteinsson hjá Úrval – Útsýn getur líka hlaupið því hann fylgdi köppunum eftir, sem allir kláruðu hlaupið. Nokkrir „hittu vegginn“ eftir 35 kílómetra enda NY-hlaup talin erfið vegna mikils hæðarmismunar. Hlaupið var í gegnum fimm hverfi og var það mikil upplifun. Spurningin sem vaknar er hvort Landsbankamenn geti ekkert hlaupið?

## Hækkun í hafi

Danskir fjölmiðlar láta sitt ekki eftir liggja þegar tækifæri er til að sá tortryggni um íslenska fjárfesta í Danmörku. Þeir tóku því gagnrýni Vilhjálms Bjarnasonar, aðjúnkts við Háskóla Íslands, fagnandi og gerðu henn góð skil sem og þeimi sögusögnum sem hafa verið í gangi um FL Group og Sterling.
Svona til þess að gefa Vilhjálmi aukið vægi var hann af Dönunum tiltlaður lektor sem er föst staða við háskóla. Fjarlægðin gerir víst fjöllin blá og mennina mikla og þegar viðskiptalífið var í föstum skorðum þægilegra hafta, þá var virðisauki af þessu tagi kallaður hækkun í hafi.

**160%** aukning í eignum Straums-Burðaráss frá áramótum.

**93** þúsund gistinætur á íslenskum hótelum í september.

**7,6%** samdráttur í verðmæti útfluttra sjávarafurða fyrstu níu mánuði ársins.

Himinn og haf / SÍA

póst húsið

– skapandi samkeppni

Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar en þar starfa um 2000 manns. Stjórnendur búa yfir yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði og nú þegar er Pósthúsið stærsti dreifingaraðili blaða og tímarita á landinu.

**Ódýrari valkostur**

Þrátt fyrir víðtækt dreifinet og mikinn starfsmannafjölda er yfirbygging í lágmarki og mikil áhersla lögð á hagkvæmni í rekstri. Þess vegna getur Póshúsið boðið þjónustu sína á betra verði, án þess að nokkursstaðar sé slegið af kröfum um öryggi, traust eða áreiðanleika.

Markpóstur
Fjölpóstur
Magnpóstur
Blöð og tímarit
Markhópagreining
Prentun, umslög og frágangur
Plastpökkun
Vörudreifing

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 12a | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE



Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Nýr diskur - 45 rokk ár**
Helstu dreifingaraðilar:
Hagkaup - Bónus - Esso - Olís - Penninn - Skífan og fleiri sölustaðir um land allt.
Hægt er að panta diskinn á www.ludo.is



Jólagjöfin í ár ekta pelsar frá 75 þús. Einnig stórar stærðir. Takmarkað magn. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.

Vélaborg ehf



**Drifskaftaefni**

Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

**Handrið**



stigalagerinn.is

**Settu saman sjálfur**
handriðakerfi tilbúið til uppsetningar. Verðdæmi handrið á mynd 3m, 10.970 pr.m Ryðfrítt stál, ál, galvanhúðað stál, trélistar og gler, hentar vel á stiga og svalir. Engin bið, ótrúlega hagstæð verð. Stigalagerinn, Dalbrekku 26, s 564 1890

60 doka plötur 3 m. Einu sinni notaðar til sölu. Uppl. í s. 483 3910.

Til sölu er 6 ára gamalt 28" sjónvarp í góðu standi. Selst á 12.000. Uppl. í s. 869 1230.

## Verslun

AIGLE
AIGLE-jólapakkinn



Vandaður útivistarfatnaður frá Frakklandi
Alltaf eitthvað nýtt
Allir velkomnir
ÁSTUND
Háaleitisbraut 68
Sími 568 4240




**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Hundaföt á frábæru verði. Ólar, hundahús, kort o.fl. www.dekurdyr.com 568 7000.

**Snjóþrúgur.**



Verð frá 15.900.-
Útivist og Veiði
Síðumúla 11.
www.utivistogveidi.is

## Gefins

Óska eftir ísskáp gefins, má vera bilaður. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Óska eftir góðu 10 feta snókerborði undir 100.000 krónur. Einnig vantar 8 feta poolborð undir 60.000 krónum. Er opin fyrir öllu t.d skiptum, tilboðum, staðgreiðslu. Áhugasamir hafi samband í síma 868 9449.

Óska eftir að kaupa verk eftir Alfreð Flóka. Uppl. í síma 662 3184.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



**Járnaklippur.**
Vandaðar Japanskar járnaklippur, einfasa eða rafhlöðuvél. Taka upp í 16 mm. Léttar og öflugar. Rafbjörg ehf. Vatnagörðum 14. Sími 581 4470.

# ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

## Ræstingar

Íslandsþrif
Alhliða verktækni á sviði ræstinga.
Steinteppaþrif, þrif á náttúrustein, marmara og teraso. Olíuberum parket. Bónleysing, gólfbón, og bónslípun. Flutnings og nýbyggingar þrif. Dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum.
SÍMI 561 8000.

## Málarar

MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ
malarar.is
S: 568 1165
Er málarinn þinn Meistari?

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerum, bónum, þrífum glugga og eftir iðnaðarmenn, sjáum um flutningsþrif.
Þvegillinn, stofnað 1969, sími 544 44 46.

**Þrifvirkni Hreingerningar þjónusta.**
Tökum að okkur öll almenn þrif, gluggaþvott sem og fyrirtækja og heimilisþrif, stigaganga og teppahreinsanir. Tilboð. Tímavinna.
**Allar nánari Uppl. í s. 869 3868 & 861 6512 eða senda fyrirspurnir á trifvirkni@hotmail.com**

Orkuboltastelpurnar. Alþrif og hreingerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366.

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Tek að mér þrif í heimahúsum, flutningsþrif o.fl. Mikil reynsla. Símar 899 3652 - 849 5227.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Uppl. í s. 690 2271.

## Meindýraeyðing

MeinVarnir ehf.
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars.
S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

STEINSTEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
Bæjarflöt 8 112 RVK
www.sagtaekni.is
S. 567 4262 & 893 3236

567 7570 • 693 7700
SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
ÞEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is
Bortækni
S:892-7544
Allhliðar Þjónusta í
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

**Parket og smíðar ehf**
Gluggar, hurðir, loft og veggir. Parketslípun, parketlögn og almenn smíðavinna. Tilboð eða tímavinna.
**Sími 896 9819.**

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Parketlögn - flísalögn - málun. Vönduð vinna, tilboð. S. 892 9804.

**Húsaviðhald.**
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

**Flísalagnir.**
Húsaviðgerðir, flísalagnir, flotlagnir, almennt múrverk. 699 1434. Verkmúr Ehf.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa-& parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Set upp innréttingar, parketlegg og mála. Uppl. í s. 824 1956.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

## TIL SÖLU



Tilboðsverð:
kr. 39,900.-
Fjölskyldugjöfin í ár
Hágæða 8,5" DVD spilari í bílinn
Fjöldi aukahluta fáanlegir



M.H.M. ehf. · Auðbrekka 24 · 200 Kópavogur
Sími 564 6600 · Fax 564 6611 · www.mhm.is

## Spádómar

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot-lestur og Kristalkúla
566 7311 905 2005

**Alspá 908-6440**
Óhamingjusöm/samur? Óþarfi! Notaðu NLP. Einkatímar. 10-22 Y.Carlsson.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Englaljós til þín.**
Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 16:00 til kl. 24:00.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

## HEILSA

## Heilsuvörur




Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Borðstofuborð og 6 stólar til sölu. Uppl. í s. 869 1688.

Til sölu eldhús/borðstofuborð og 6 stólar frá Miru. Borðið er 170x90, verð 60 þús. Uppl. í s. 690 0883 & 564 1267.

Til sölu brúnt Chesterfield leðursófasett 3+1+1, íslensk smíði. Vel með farið. Verð 40 þús. Uppl. í s. 696 8554 & 554 6138.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



**ÚTSALA ÚTSALA!**
25 % afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

4ra mánaða blendingur fæst gefins (hvolpur). Uppl. í s. 856 2754.

Poodle hvolpar 7 vikna fara ekki úr hárum. S. 663 4085 & 862 8088 e.kl.18.

**Hundaræktunin í Dalsmynni**
Var beðin um að selja 4 mán, Boston Terrier hvolp. Uppl. í s. 566 8417.

**Til sölu Hvolpar**
3 80%ísl hvolpar, 2 fallegir kolottir gæjar og 1 svört blesótt pæja. Verð 4.000 kr. Von um gott heimili. Uppl. í s. 690 4190 e.kl. 14.

**Papillon tík**
Papillon tík óskast til kaups. Uppl. í s. 895 2445.

## Ýmislegt




## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Sibir ísskápur gas/12v/220v + vaskur m. 2 gashellum. Verð 40 þ. Uppl. í s. 863 0752.

## Byssur

BAIKAL tvíhleypurnar 3" einn gikkur, hlaupval, lausar þrengingar. Traustar byssur. Tilboð kr. 44.900. Sjóbúðin Akureyri s. 462 6120. www.sjobudin.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



25 Glæsilegar Hótelíbúðir til leigu í lengri eða skemmri tíma að Reykjavíkurveg 72 Hafnafirði, skoðið heimasíðu okkar www.bphotel.is Sími 540 9700. Fax 540 9701.

Til leigu gott húsnæði 90 fm, sem getur bæði hentað sem íbúð fyrir laghenta eða vinnustofa. Glæsilegt útsýni yfir grafarvoginn. S. 892 0655.

50 fm. Studíoíb. til leigu í Lindahv. Kóp. Aðeins reglusamt og reyklaust fólk kemur til greina. leiga kr. 60 þús. Uppl. í s. 697 7714 Elín.

Til leigu 2 herb. íbúð á sv. 103, ekki yngri en 55 ára koma til greina. Uppl. í s. 568 6165.

Tveggja herberja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur er til leigu. Leigist í allt að eitt ár. Upplýsingar í síma 868 2168.

## Húsnæði óskast

Ungt par með öruggar greiðslur og meðmæli óskar eftir rúmgóðu húsnæði með sérgarði f/hund í rólegu hverfi Rvk eða við þéttbýlismörk greiðslugeta allt að 110.000, Alma Rós S. 868 0271.

Heimir og Þorgeir ehf óska eftir 2 herb. íbúð í Hafnarfirði fyrir starsmann sinn. Öruggum greiðslum heitið uppl í síma 696-9933

48 ára, rólega og reglusama konu vantar 2 herbergja íbúð miðsvæðis eða í Hlíðunum, frá og með 1 janúar. Sími 898 4078.

60 fm íbúð til leigu á Brekkunni á Akureyri. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Íbúð laus 2 des. Uppl. í s. 893 6152.

Óska eftir 3ja herb. íbúð á bilinu 50-70 þús. Öruggar greiðslur. S. 692 7303.

Óska eftir íbúð til leigu, frá og með 1. des. Uppl. í s. 864 5687 eftir kl. 17.

Starfsmann Sölufélags garðyrkjumanna vantar 3 herb íbúð til leigu frá og með 1. desember. Helst í póstnúmeri 104 eða nágrenni þess. Upplýsingar gefur Dagbjartur í síma 822 8845.

Reglusöm og skilvís kona með barn óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. í s. 696 3480.

Rúmlega 50 kona óskar eftir lítilli íbúð á Rvk. svæðinu. Reglulegar greiðslur. S. 863 2829.

Vantar góða 2ja herb. íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Öruggar mánaðargreiðslur og reglusemi. Gr. geta 60 þ. á mán. S. 869 1199.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

30-50 fm hreinlegt atvinnuhúsnæði óskast í Reykjavík. Uppl. í s. 897 0513.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**sock shop**
Vantar góðar sölukonur í Sock Shop seinniparta og um helgar. Sveigjanlegur vinnutími, góður mórall og fín laun í boði fyrir þær réttu. Sendið umsóknir á ari@leistar.is

**BÆJARBAKARÍ**
Bakarí í Hfj. óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í afgreiðslu sem fyrst. S. 555 0480.

**Sjómenn**
Einn vanan háseta vantar á Eldhamar til netaveiða frá Grindavík strax.
**Uppl. í s. 894 2013.**

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

**Viltu vinna með hressu fólki á skemmtilegum vinnustað?**
Þá erum við að leita að þér. Okkur vantar starfsmann í hlutastarf í vaktavinnu sem er jákvæður, hress og skemmtilegur. 18 ára aldur er skilyrði.
**Hlöllabátar Bíldshöfða. Upplýsingar á staðnum og í síma 892 9846.**

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 | Bylgjan 98,9 | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | vísir

Tjöruhreinsir 1 ltr_398 kr.
**Olís**

Mundu eftir Gulu síðunum í símaskránni. Já.

Hamborgarabúllan allir kátir
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Kuldaskór
**Dynjandi**

Atlantsolía
**Ávalt ódýr.**

made_in_iceland.is

Jólahlaðborð og lifandi tónlist í Bláa lóninu, heilsulind.
**Bláa lónið.**

Fyrsti vinningur er tvöfaldur og gæti orðið 160 milljónir.
**Víkingalottó.**

Himnaríki, Hafnafjarðaleikhúsið

Pallbílaréttindi.
**ekill.is**

Allt fyrir kaffistofuna.
**Kerfi** 564-1400

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Villeroy&Boch hreinlætistæki.
**Baðheiamar Fosshálsi.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Nýjar vörur-Belladonna.

Ókeypis prjónaklúbbur
**Tinna.is**

Réttur dagsins hamborgarar
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Carters ungbarnafatnaður.
**Móðurást Hamraborg.**

Gjafavörur fyrir jólin.
**Gallerí húsgögn, Dalvegi 18**

Bingó í kvöld. Allir velkomnir.
**Vinabær.**

Útsala útsala! 25% afsláttur.
**Róbert Bangsi.**

Kuldagallar
**Dynjandi**

Fjölbreytt úrval.
**Gler_í_gegn.**

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Þroskandi jólagjafir fyrir unga sem aldna.
**Skólavörubúðin.is**

Hvað myndir þú gera við 160 milljónir??
**Víkingalottó.**

Baðkör í úrvali.
**Baðheimar, Fosshálsi.**

Baðmottur, 50% afsláttur.
**Baðheimar, Fosshálsi.**

Húfur, vettlingar, treflar.
**Skarthúsið.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Hamborgarabúllan ástakveðjur
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Allt fyrir mömmuna og litla krílið.
**Móðurást Hamraborg.**

Bingó í kvöld
**Vinabær.**

Knickerbox 10 ára.
20% afsláttur frá mánudegi til sunnudags.
**Knickerbox Laugavegi, Knickerbox Kringlunni.**

Dagljósarlampar með stækkunargleri.
**Skólavörubúðin.is**

Bingó í kvöld kl. 19:45
**Vinabær, Skipholti 33**

Hamborgarabúllan áfram Ísland
**Hamborgarbúllan_Tómasar**

Rúðusköfur frá 223 kr.
**Olís**

Glerlist.is
**Gler_í_gegn**

Tökum vel á móti hópum í jólahlaðborð. Borðskort í Bláa lónið, heilsulind innifalin.
**Bláa lónið.**

Úrval af sængurgjöfum.
**Móðurást Hamraborg.**

Frostlögur 1 ltr_499 kr.
**Olís**

Gallery húsgögn, Dalvegi 18

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**ÞINN MARKHÓPUR?**
70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.
Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

**Stuðningur/sérkennsla.**
Leikskólinn Grænaborg óskar eftir stuðningaðila í 100% starf.
**Upplýsignar gefur Gerður leikskólastjóri í síma 551 4470 / 894 8450.**

**Viltu skella þér á samning hjá Jóa Fel?**
Jói Fel óskar eftir áhugasömum nema og aðstoðarmanni í sal.
**Áhugasamir hafi samband við Jóa Fel í síma 897 9493 sem allra fyrst.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

**Gullnesti, Grafarvogi**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf fram að áramótum.
**Upplýsingar í síma 567 7974.**

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Um er að ræða verslun Domino's í Spönginni. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir hafi samband við Þórberg Sigurðsson verslunarstjóra í síma 822 5506

**energia/smáralind**
Óskum eftir starfsfólki í sal og eldhús.
**Upplýsingar í s. 864 6600 & 896 4000 eða senda á energia@energia.is.**

**NK kaffi kringlunni.**
Starfsfólk óskast á NK Kaffi í Kringlunni í fullt starf, einnig vaktar í helgarstarf. Ekki yngri en 18 ára.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 9040 & 693 9091.**

**Leikskólinn Jöklaborg**
Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa á leikskólann Jöklaborg. Jöklaseli 4. Rvk.
**Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 557 1099**

**Ræsting**
Viljum bæta við okkur fólki í ræstingar Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Viltu sjá árangur í starfi? Eigum laus nokkur störf við ræstingar, afkastahvetjandi laun. Nánari uppl. hjá Sólar ehf 581 4000 eða www.solarservice.org

Ertu að leita að aukavinnu með skólanum, kvöld og helgarvinna. Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í s. 846 2117.

Starfskraftur óskast á sólbaðsstofu. Vinnutími 13-19 ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 567 8780.

**Sjómenn!!**
Vana háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Starfskraftur 30+ óskast í lager-, framleiðslu- og útkeyrslustörf. Upplýsingar í síma 565 7744.

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk í ræstingar á daginn 50-100% vinna. Viðkomandi verður að hafa bíl til umráða. Góð laun í boði. Uppl. s. 824 1455 eða sendið mail á nostra@nostra.is

Starfsmaður óskast í efnalaug, 50-60% starfshlutfall, möguleiki á meiri vinnu. Uppl. í s. 564 6871 eftir kl. 18.30.

**Matsvein & Háseta vantar**
Matsvein og Háseta vantar á línubát. Uppl. í síma 862 2591 & 855 5791.

**Verslunarstarf**
Starfsfólk óskast í skóverslun í Smáralind og á Laugavegi. Umsóknir sendist á netfang ozio@ozioshoes.com

**Atvinna - Vesturbær**
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánudaga-föstudaga. Ekki unnið á laugard. Uppl. á staðnum, Hraði fatahreinsun Ægissíðu 115. S. 552 4900.

Vantar starfskraft í afgreiðslu í sjoppu með grilli. Svæði 110. Á kvöldin og um helgar. Góð laun. S. 567 9999.

**Verslunarstörf.**
Óska eftir starfsfólki í fullt starf og í tískuvöruverslun í kringlunni. 18 ára og eldri. Umsækjendur sendið tölvupóst á sjsk@simnet.is

Ertu peningalaus? Vantar þig meiri peninga? Viltu gera eitthvað í málinu? S. 696 2096

allt bílar
Alla laugardaga

## Atvinna óskast

Hársnyrtisveinn óskar eftir því að komast að á góðri stofu þann 1 des. næstkomandi. Uppl. í síma 868 1887, (Guðrún).

22 kvk óskar eftir aukavinnu á kvöldin og um helgar. Uppl. í s. 848 8225.

29 ára vélstjóri óskar eftir starfi. Er með VS3- réttindi. Sími 865 0046.

29 ára karlmaður óskar eftir íhlaupavinnu. Uppl. í s. 862 0869.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS




Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

**Ertu einmanna?**
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Sjáðu verðin. Finndu gæðin. Veitingastaðurinn Glóð-inn við Vesturbæjarlaug.

!
Talstöðin
FM 90,9

allt tíska
Alla fimmtudaga

## ATVINNA

pósthúsið

# Póstburðarfólk óskast

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um eitt þúsund og fjögur hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

**Vegna aukinna verkefna óskar Pósthúsið eftir að ráða fólk til starfa við póst- og blaðadreifingu. Um er að ræða starf við útburð á pósti og blöðum á dagvinnutíma.**

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Viðkomandi verður að hafa bílpróf og getur valið um að nýta eigin bíl við dreifingu eða fá bíl til afnota á vegum fyrirtækisins.**

**Áhugasamir hafi samband við Hildi Þórisdóttur í síma 585 8300. Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Pósthússins - www.posthusid.is**

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 12a,
210 Garðabæ,
sími 585 8300, fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

## Póst- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

**Reykjavík:**

| | |
|---|---|
| 101-20 | Framnesvegur |
| 101-21 | Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata |
| 101-22 | Hávallagata, Túngata |
| 101-24 | Ránargata |
| 101-36 | Vesturgata |
| 101-37 | Hólavallagata, Suðurgata, Túngata |
| 101-38 | Sólvallagata |
| 101-39 | Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata |
| 101-44 | Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur |
| 101-45 | Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata |
| 101-46 | Baldursgata |
| 101-49 | Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata |
| 101-56 | Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata |
| 101-58 | Garðastræti |
| 112-11 | Logafold |
| 112-20 | Flétturimi, Hrísrimi |
| 112-36 | Bakkastaðir |
| 112-37 | Bakkastaðir, Barðastaðir |
| 112-51 | Grasarimi, Hvannarimi, Mururimi, Rósarimi |

**Garðabær:**

| | |
|---|---|
| 210-01 | Haukanes, Þrastanes |
| 210-02 | Hegranes, Tjaldanes |
| 210-04 | Kríunes, Súlunes, Þernunes |
| 210-12 | Iðnbúð, Smiðsbúð, Ásbúð |
| 210-15 | Garðaflöt, Smáraflöt, Stekkjarflöt |
| 210-18 | Garðaflöt, Lindarflöt |
| 210-22 | Holtsbúð |
| 210-25 | Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur |
| 210-26 | Dalsbyggð, Hæðarbyggð |
| 210-28 | Garðatorg, Heiðarlundur, Hofslundur, Kirkjulundur |
| 210-32 | Holtsbúð |
| 210-33 | Ásbúð |

**Hafnarfjörður:**

| | |
|---|---|
| 220-31 | Brekkugata, Lækjargata, Suðurgata |
| 220-32 | Hamarsbraut, Hellubraut, Hlíðarbraut, Holtsgata, Suðurgata |
| 220-33 | Hringbraut, Strandgata |
| 220-34 | Hringbraut, Selvogsgata |
| 220-50 | Fagrihvammur, Fjóluhvammur, Lækjarhvammur |
| 220-55 | Suðurgata |
| 221-09 | Einihlíð, Engjahlíð, Fagrahlíð, Fjóluhlíð, Furuhlíð |
| 221-18 | Blómvellir, Burknavellir |

**Hveragerði:**

| | |
|---|---|
| 810-09 | Borgarheiði, Þelamörk |

## TIL SÖLU

Nú fer hver að verða síðastur.
Örfá hjól eftir
á 125 cc vespum
Verð áður 198.000 þús.
Verð nú 169.000
Með götuskráningu
meðan birgðir endast.
Sími 587 1135
helgar 845 5999



VÉLHJÓL & SLEÐAR
S:5871135 Stórhöfða 18

# Heiðarskóli 40 ára

**Þann 9. nóvember n.k.** verða **40 ár** liðin frá því að **Heiðarskóli í Leirársveit** tók til starfa.
Þessara tímamóta verður minnst laugardaginn **12. nóvember n.k.**

**Klukkan 13:00** þann dag verður skólinn opnaður íbúum skólasvæðisins, fyrrverandi og núverandi nemendum og starfsfólki, svo og öllum öðrum velunnurum skólans.
Þar verða nemendur við leik og störf fram til klukkan 15:00. Þar verður hægt að sjá vinnu nemenda og myndir úr skólastarfinu.
**Hátíðardagskrá** hefst í Heiðarborg um klukkan 15:00
**Kaffiveitingar** verða í Heiðarborg að lokinni hátíðardagskrá.

Verið velkomin
Skólastjóri

Skipulags stofnun

**Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi.**

## Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Vegagerðin hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um Vestfjarðaveg nr. 60, Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **9. nóvember** til **21. desember 2005** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Reykhólahrepps, Tálknafjarðarhrepps, Vesturbyggðar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða: **www.nave.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir.
Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **21. desember 2005** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun**

## Haustfundur Heilsuhringsins

verður haldinn í Norræna húsinu fimmtudaginn 10. nóvember kl. 20.00.

***Fyrirlesarar:***
**Hildur Guðmundsdóttir**
Næring á meðgöngu
og
**Margrét Aðalsteinsdóttir**
Meðvitund um efnislegt og andlegt samfélag

Allir velkomnir – Aðgangur ókeypis
**Stjórnin**

ATVINNA

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Sólborg Ísafirði

Staða leikskólastjóra er laus frá og með 1. janúar 2006. Sólborg er fjögurra deilda skóli með börn á aldrinu 1-6 ára og eru einkunnarorð skólans: virðing-gleði-sköpun.
Leitað er að leikskólastjóra sem er með leikskólakennaramenntun, með reynslu af stjórnun skóla og starfsmannastjórnun, lipran í mannlegum samskiptum og með góða faglega þekkingu á málefnum leikskóla.

Umsóknir skulu berast til: Sigurlínu Jónasdóttur leikskólafulltrúa, Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Leikskólafulltrúi veitir nánari upplýsingar í s. 450 8001, netfang: leikskolafulltrui@isafjordur.is.

*Við bjóðum flutningsstyrk, þróttmikla leik,- grunn, -og menntaskóla, öflugt íþrótta- og menningarlíf, frábæra fjallaloftið okkar og margrómaða ísfirska lognið.*

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2005.**

allt atvinna
Alla sunnudaga

HK

## Starfsmann vantar

Óskum eftir hressum starfsmanni á besta aldri við þrif og gæslu í íþróttahúsi HK Digranesi. Nánari upplýsingar gefa Birgir eða Þórunn í síma 554-2230.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

## Stöðuverðir

### Bílastæðasjóður óskar eftir stöðuvörðum í heilsdags- og hlutastörf.

**STARFSSVIÐ**
- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Álagning stöðvunarbrotagjalda
- Ritun umsagnar vegna stöðvunarbrota
- Samskipti við viðskiptavini og starfsmenn Bílastæðasjóðs

**HÆFNISKRÖFUR**
- Ökuréttindi
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og áræðni
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

**ANNAÐ**
Vinnutími er frá 9:00 til 18.00 og starfið hentar jafnt konum sem körlum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 23. nóvember n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt íStöðuvörðurî, Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á haukura@reykjavik.is. Nánari upplýsingar veitir Haukur Ástvaldsson aðalvarðstjóri í síma 585-4500.

*Bílastæðasjóður er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar.*

*Megintilgangur er að stýra nýtingu bílastæða í því skyni að útvega gestum og viðskiptavinum miðborgarinnar vel staðsett skammtímastæði þar sem nauðsyn krefur. Bílastæðasjóður fer jafnframt með eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda*

FASTEIGNIR

## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 16:30 TIL 18:30 SKÓLAGERÐI 23 – PARHÚS KÓP.



Til sölu mjög gott steinsteypt parhús á tveimur hæðum að stærð 147 fm. auk 32 fm. bílskúrs. Húsið skiptist m.a. í 4 góð svefnherb. á efri hæð, góða stofu, garðstofu, þvottaherb., snyrtingu, baðherbergi og eldhús með borðkrók. Falleg ræktuð lóð með góðri verönd. Laust fljótlega. **Verð 35 millj.**

ÁSBYRGI ehf
ÁBYRG FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 54
**Sími 568 2444**
asbyrgi@asbyrgi.is - www.asbyrgi.is
*Ingileifur Einarsson, löggiltur fasteignasali*

FOSS
**HÁTÚN 6A**
**SÍMI 5 12 12 12 - Netfang: foss@foss.is**
**FAX 5 12 12 13** - *Bragi Björnsson, lögmaður og lögg.fast.*

## MARÍUBAUGUR



Frum



Glæsileg 3ja herbergja eign á einum eftirsóttasta stað í Grafarholtinu. Íbúðin er 78,6 fm með um 25 fm einkalóð. Íbúðin er sérlega vel skipulögð, björt, opin og með vönduðum innréttingum. Allar innréttingar sérsmíðaðar. Samliggjandi stofa og eldhús. Gengið er út um eldhús í stóran garð með nýjum leiktækjum. Þvottaherbergi með sérsmíðuðum skáp og hillum. Baðherbergi er flísalagt hólf í gólf með baðkari. Rúmgóð flísalögð geymsla. Glæsilegt útsýni. **Verð 19,3 millj.**

# Kópavogstún. Hvörf. Þing.

## Úthlutun á byggingarrétti.

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum:

## A. Kópavogstún.

1.
**Einbýlishús við C-götu.**
Um er að ræða 8 lóðir fyrir **1 hæðar einbýlishús** við C-götu (E1 í skipulagsskilmálum); C-gata 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13 og 15. Hámarks grunnflötur er áætlaður 175 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 12.1 milljónir kr.

2.
**Einbýlishús við C-götu.**
Um er að ræða 5 sjávarlóðir við Kópavog fyrir **1 hæðar einbýlishús** við C-götu (E2 í skipulagsskilmálum); C-gata 2, 4, 6, 8 og 10. Hámarks grunnflötur er áætlaður 230 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð. Ekki er gert ráð fyrir kjallara undir húsunum. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 17.1 milljónir kr.

3.
**Parhús við B-götu.**
Um er að ræða byggingarrétt fyrir 2 hæða parhús við B-götu (R2 í skipulagsskilmálum); B-gata 2-4, 6-8, 10-12, 14-16 og 18-20. Hámarks grunnflötur er áætlaður 135 $m^2$ og hámarks flatarmál 200 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á parhús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 7.6 milljónir kr.

4.
**Parhús við B-götu.**
Um er að ræða byggingarrétt fyrir 2 hæða parhús við B-götu (R1 í skipulagsskilmálum); B-gata 1-3, 5-7, 9-11, 13-15 og 17-19. Hámarks grunnflötur er áætlaður 140 $m^2$ og hámarks flatarmál 230 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á parhús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 7.6 milljónir kr.

5.
**Fjórbýlishús við A-götu.**
Um er að ræða 2 lóðir. Á lóð nr. 1 við A-götu (F1 í skipulagsskilmálum) sem er um 1.300 $m^2$ að flatarmáli skal byggja 2 hæða fjölbýlishús með fjórum íbúðum. Bílgeymsla er ráðgerð í kjallara. Á lóð nr. 2-4 við A-götu (F2 í skipulagsskilmálum) sem er um 2.100 $m^2$ að flatarmáli, skal byggja tvö 2 hæða fjölbýlishús með fjórum íbúðum í hvoru húsi. Gert er ráð fyrir bílgeymslu í kjallara. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 4.6 milljónir kr.

6.
**Fjölbýlishús við D-götu.**
Annars vegar er um að ræða lóð um 6.000 m2 að flatarmáli D-gata 2-4 og 6-8 (F3 í skipulagsskilmálum). Á lóðinni skal byggja 4 og 5 hæða fjölbýlishús auk kjallara með 18 íbúðum í hvoru húsi eða með samtals 36 íbúðir. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á íbúð sem er 80 $m^2$ eða stærri en 1 stæði ef íbúðin er minni. Hluti bílastæða skulu vera í bílageymslu neðanjarðar. Hins vegar er um að ræða liðlega 3.000 $m^2$ lóð D-gata 10 og 12 (F7 í skipulagsskilmálum). Á lóðinni skal byggja 4 og 5 hæða fjölbýlishús auk kjallara með samtals 18 íbúðum. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á íbúð sem er 80 $m^{20}$ eða stærri en 1 stæði ef íbúðin er minni. Hluti bílastæða skulu vera í bílageymslu neðanjarðar. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 4.6 milljónir kr.

7.
**Fjölbýlishús við D-götu.**
Annars vegar er um að ræða lóð sem er liðlega 4.000 m2 að flatarmáli við D-götu 3, 5 og 7 (F5, F6, í skipulagsskilmálum). Á lóðinni skal byggja 5 hæða fjölbýlishús auk kjallara. Í D-götu nr. 3 verða 20 íbúðir og í D-götu 5 og 7 verða 10 íbúðir í hvoru húsi eða samtals 40 íbúðir á lóðinni. Miðað er við 2 bílastæði á íbúð og 60 stæði í bílageymslu neðanjarðar. Hins vegar er um að ræða um 2.300 $m^2$ lóð við D-götu nr. 9 (F8 í skipulagsskilmálum). Á lóðinni skal byggja 5 hæða fjölbýlishús auk kjallara og þakhæðar með samtals 17 íbúðum. Miðað er við 2 bílastæði á íbúð. Gert er ráð fyrir 26 stæðum í bílageymslu neðanjarðar. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 2.9 milljónir kr.

8.
**Fjölbýlishús við E-götu.**
Um er að ræða eina lóð liðlega 9.000 $m^2$ að flatarmáli við E-götu (F8 í skipulagsskilmálum). Á lóðinni skal byggja fjögur stakstæð fjölbýlishús nr. 1, 3, 5 og 9 við E-götu. Húsin verða 5 hæða auk kjallara og þakhæðar. Í hverju húsi er gert ráð fyrir 17 íbúðum eða samtals 68 íbúðum á lóðinni. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á íbúð sem er 80 $m^2$ eða stærri en 1 stæði ef íbúðin er minni. Milli húsanna er ráðgerð sameiginleg bílageymsla með liðlega 100 bílastæðum. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 4.6 milljónir kr.

## B. Hvörf.

1.
**Einbýlishús við Dimmuhvarf.**
Um er að ræða 2 lóðir fyrir **2 hæða einbýlishús** við 13 og 13 A. Flatarmál lóða er frá 1.100-1.600 m2 og grunnflötur bygginga er að hámarki 260 $m^2$. Á lóðum gilda skilmálar samþykktir í bæjarstjórn 27. október 1992. Í skilmálunum eru ekki afmarkaðir sérstakir byggingarreitir fyrir fyrirhuguð hús heldur tilgreinar ákveðnar fjarlægðir frá lóðamörkum sem húsin skulu vera innan við. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu). Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 750 $m^3$ eru áætluð um 7.3 milljónir kr.

2.
**Einbýlishús við Breiðahvarf.**
Um er að ræða lóðina Breiðahvarf 6 sem er um 1.200 $m^2$ að flatarmáli. Á lóðinni skal byggja einbýlishús á 1-2 hæðum 170-200 $m^2$. gert er ráð fyrir einni bílageymslu á lóðinni, innbyggðri í húsið eða stakstæðri.
Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 750 $m^3$ eru áætluð um 8.5 milljónir kr.

## C. Þing.

1.
**Einbýlishús við Dalaþing 1A.**
Um er að ræða 1 lóð 1-2 hæða einbýli við Dalaþing 1 A **með möguleika á byggingu hesthúss** á lóðinni. Flatarmál lóðar er um 1300$m^2$. Hámarks grunnflötur íbúðarhúss er 250 $m^2$ (bílgeymsla meðtalin) og grunnflötur hesthúss er að hámarki 80 $m^2$ og má það rúma 4-6 hesta ásamt litlli hlöðu. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 850 $m^3$ eru áætluð um 9.4 milljónir kr.

2.
**Einbýlishús við Engjaþing 2.**
Um er að ræða 1 lóð fyrir **1 hæða einbýlishús með risi við Engjaþing 2.** Flatarmál lóðar er um 600 $m^2$. Hámarks grunnflötur bygginga um 140 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 6.6 milljónir kr.

3.
**Parhús við Frostaþing.**
Um er að ræða byggingarrétt fyrir parhús á **einni hæð** við Frostaþing 1A og 1B. Hámarks grunnflötur er 190-250 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð. Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á parhús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 5.2 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir á Kópavogstúni verði byggingarhæfar í september 2006 og hluti á árinu 2007. Lóðir í Þingum verða byggingarhæfar í júní 2006. Lóðirnar að Breiðahvarfi 6 og Dimmuhvarf 13 og 13A eru byggingarhæfar.

Skipulagsuppdrættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást afhent gegn 1000 kr. gjaldi á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2 hæð frá kl. 8-16 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8-14 frá **miðvikudeginum 9. nóvember 2005.** Umsóknum skal skilað á sama stað **fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 23. nóvember 2005.**

**Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarétti fyrir íbúðarhúsnæði.**

**Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Fyrir umsækjendur einbýlishúsalóða kr. 35 milljónir og fyrir umsækjendur parhúsa kr. 30 milljónir. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2004 og eða milliuppgjöri fyrir árið 2005 árituðum af löggiltum endurskoðendum. Yfirlýsing frá banka og lánastofnunar um greiðsluhæfi og lánamöguleika umsækjenda skal vera án fyrirvara.**

**Byggingarrétti á ofangreindum lóðum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.**

Bæjarstjórinn í Kópavogi

## DRAUMASTAÐURINN

# *Bjó í Berlín og langar til Tókýó*



Heiða bjó í eitt ár í Austur-Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarkona á sér uppáhaldsstað og draumastað. „Uppáhaldsstaðurinn minn sem stendur er Alexanderplatz sem er í gamla miðbæ Berlínar austan megin," segir Heiða. Hún bjó í þessum hluta borgarinnar í ár og saknar hans mjög mikið. „Þarna er hægt að fá bestu „currywurst mit pommes" í Berlín sem eru karrípylsur með frönskum en það er borgarréttur Berlínarbúa. Á Alexanderplatz er mjög fallegur gosbrunnur og þarna hanga líka allir pönkararnir og skrítna fólkið."

Heiða á sér líka draumastað. „Draumastaðurinn minn er Tokyo. Ég hef heyrt fullt af fólki segja fallegar sögur þaðan en ég hef aldrei fengið tækifæri til þess að fara þangað. Mér finnst einhvernveginn þegar ég hitti Japani að þá skilji ég alveg hvaðan þeir koma. Ég held að Íslendingar og Japanir eigi tölvert sameiginlegt. Fyrir utan það að vera frá eldfjallaeyjum þá eru báðar þessar þjóðir svolítið klikkaðar og tæknióðar en trúa samt á gamlar þjóðsögur."















# Fjórföldun hagnaðar hjá SAS

Norræni flugrisinn SAS hagnaðist um tæpa fjóra milljarða króna á þriðja ársfjórðungi sem er ríflega fjórfalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra þegar afkoman var jákvæð um einn milljarð króna.

Frá áramótum er hagnaður félagsins hins vegar ekki nema um 430 milljónir króna þannig að tapið var verulegt á fyrri hluta ársins.

Þriðji ársfjórðungur er að jafnaði besti hluti ársins í rekstri SAS, eins og annarra flugfélaga, en oftar en ekki er tap á rekstri SAS á þeim fjórða. Stjórnendur SAS búast við að fyrirtækið skili hagnaði á árinu.

**- eþa**



**SAS RÉTTIR ÚR KÚTNUM** Hagnaður SAS var tæpir fjórar milljarðar á þriðja ársfjórðungi sem er fjórfalt betri afkoma en á sama tímabili í fyrra.

# Hærri útgjöld munu fækka störfum og auka verðbólgu

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir í frétt á heimasíðu SA að ef útgjöld fyrirtækja hækki í tengslum við launahækkanir á vinnumarkaði, muni það einungis verða til þess að fækka störfum og auka verðbólgu.

„Seðlabankinn mun væntanlega hækka stýrivexti sína enn meira en ella verði aukið við samningsbundnar hækkanir í kjarasamningum, sem umsvifalaust mun hækka gengi krónunnar," segir Ari.

Hann segir enn fremur að aðkoma stjórnvalda að íbúðalánamarkaði sé með endemum því Íbúðalánasjóður megi taka lán hjá sér á lægri vöxtum en hægt er að fá í ávöxtun með kaupum á bréfum sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði. „Engar fréttir eru um að ríkið hyggist fylgja ábyrgu fordæmi Landsbankans, sem dregur nú í land varðandi lánshlutföll," segir Ari.

**- hb**



**ARI EDWALD** Segir að launahækkanir á vinnumarkaði muni stuðla að því að störfum fari fækkandi og verðbólga hækkandi.









CHARLES DE GAULLE (1890-1970) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Hvernig getur nokkur stjórnað landi sem framleiðir 246 mismunandi tegundir af osti?“*

*Charles de Gaulle var forseti Frakka frá 1958 til 1969.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 9. NÓVEMBER 1989

# *Berlínarmúrinn fellur*

Á þessum degi árið 1989 tilkynnti Günther Schabowski, fulltrúi í framkvæmdastjórn austur-þýska kommúnistaflokksins, að hömlur á ferðafrelsi til Vestur-Þýskalands hefðu verið afnumdar. Þar með opnuðust flóðgáttir á milli Austur og Vesturs en í raun höfðu Austur-Þjóðverjar síðustu vikurnar þar á undan flykkst yfir landamærin til Tékkóslóvakíu og Ungverjalands þaðan sem þeir að lokum komust til Austurríkis. Almenningur hafði haft uppi mikil mótmæli enda stjórnmálaástand ótryggt. Erich Honecker hafði til dæmis látið af leiðtogaembætti Kommúnistaflokksins í mánuðinum áður og um svipað leyti heimsótti Mikahil Gorbatsjoff landið og hvatti leiðtoga þess til umbóta enda hafði hann innleitt slökunarstefnu sína, Perestrojku, í Sovétríkjunum.

Mikill fjöldi Austur-Þjóðverja þusti gegnum opin hliðin yfir til Vesturs þar sem nágrannar þeirra tóku fagnandi á móti þeim. Múgur og margmenni klifraði upp á múrinn og hóf að höggva skörð í hinn 45 kílómetra langa múr.

Fall múrsins táknaði endalok kalda stríðsins og endalok heimskerfis sem hafði verið í gildi frá lokum síðari heimsstyrjaldar.




Á BERLÍNARMÚRNUM

## MERKISATBURÐIR

**1794** Skúli Magnússon landfógeti andast í Viðey.

**1930** Austurbæjarskólinn í Reykjavík er fyrstur húsa tengdur hitaveitu úr þvottalaugunum í Laugardal.

**1932** Gúttóslagurinn verður þegar bæjarstjórinn í Reykjavík fjallar um lækkun launa í atvinnubótavinnu.

**1953** Kambódía hlýtur sjálfstæði frá Frökkum.

**1986** Tveimur hvalbátum er sökkt við Ægisgarð í Reykjavíkurhöfn.

**1995** Tvö þúsund króna seðill með mynd af Jóhannesi Kjarval er settur í umferð.

## ANDLÁT

**Einar Jóhannesson** bóndi, Jarðlangsstöðum í Borgarbyggð, lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 3. nóvember.

**Vígsteinn Vernharðsson** andaðist fimmtudaginn 3. nóvember.

**Kristinn Júlíusson,** bóndi á Leirá, lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 4. nóvember.

**Þórdís Dida Hofdahl** andaðist á Sct. Maria Hospice í Vejle föstudaginn 4. nóvember.

**Finnborg Guðmunda Sigmundsdóttir** andaðist á heimili sínu í Green River, Wyoming, laugardaginn 5. nóvember.

**Hannes Björgvinsson** frá Skriðustekk, Ásvegi 23, Breiðdalsvík, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað laugardaginn 5. nóvember.

**Karl P. Maack**, Grandavegi 47, áður Skipholti 50, Reykjavík, andaðist laugardaginn 5. nóvember.

**Lilja Skúladóttir** frá Urðarteigi, lést á heimili sínu, Ásgarði, Djúpavogi, laugardaginn 5. nóvember.

**Sólveig Björndís Guðmundsdóttir**, Kirkjuvegi 5, Keflavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 6. nóvember.

**Þorfinnur Bjarnason,** fyrrverandi sveitarstjóri á Skagaströnd, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 6. nóvember.

**Guðríður Jóelsdóttir,** fótaaðgerðarfræðingur, Laufskógum 19, Hveragerði, lést á Sjúkrahúsi Suðurlands mánudaginn 7. nóvember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Erlingur Yngvi Sveinsson**, Duevej 40, Kaupmannahöfn, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

## AFMÆLI



Bille August kvikmyndaleikstjóri er 57 ára.



Egill Helgason sjónvarpsmaður er 46 ára.



Valgerður Rúnarsdóttir dansari er 27 ára.



**UNG OG GLÖÐ** Yngstu börn Laugalandsskóla voru að vonum ánægð með gjöf kvenfélagsins Einingar.

# Góð gjöf

Kvenfélagið Eining kom færandi hendi í Laugalandsskóla í síðustu viku. Þá afhenti Guðfinna Þorvaldsdóttir, formaður kvenfélagsins, skólanum fjörutíu þúsund krónur sem ætluð voru börnum í fyrsta til þriðja bekk. Gjöfin góða á örugglega eftir að koma sér vel í starfi yngstu grunnskólabarnanna í Laugalandsskóla í Holtum.



**SÆLL MEÐ AÐ VERA ORÐINN FERTUGUR** Steingrímur er mikið fyrir útivist og segir sjaldan betra að hjóla en í góðum snjó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STEINGRÍMUR ÓLAFSSON, BLAÐAFULLTRÚI FORSÆTISRÁÐUNEYTISINS, ER FERTUGUR

# Fall múrsins besta gjöfin

„Ég ætla að fara í hundagöngu í Laugardalnum og eyða síðan kvöldinu með fjölskyldunni,“ segir Steingrímur Ólafsson blaðafulltrúi forsætisráðuneytisins sem er fertugur í dag. Nýr meðlimur bættist í fjölskyldu Steingríms nýverið en það er fimm mánaða gamall Bichon frise hvolpur. „Ég stóðst ekki augnaráðið,“ segir Steingrímur um valið á hundinum.

Ekki þýðir að spyrja Steingrím um komandi veisluhöld því hann hélt stórveislu fyrir rúmri viku. „Ég bauð í, Ég er ennþá 39 ára, veislu,“ segir hann kíminn en fjöldi fólks gladdist með honum á góðri stund og fékk hann margt góðra gjafa. „Þarna voru bækur, veiðigræjur, skíðagræjur og hjól,“ segir Steingrímur glaður en af þessu má ráða að hann sé mikið fyrir útivist.

Steingrími er einn afmælisdagur minnisstæðari en aðrir. „Árið 1989 féll Berlínarmúrinn og það er besta afmælisgjöfin sem ég hef fengið,“ segir Steingrímur sem staddur var erlendis á þessum tíma þó ekki hafi hann verið í Þýskalandi.

Steingrímur sem var lengi blaða- og fréttamaður, hóf störf í forsætisráðuneytinu fyrir ári og miðlar þar upplýsingum milli fjölmiðla og forsætisráðuneytisins. „Þetta er afar skemmtilegt starf,“ segir Steingrímur sem telur að heiðarleiki skipti mestu máli í starfi sínu.

Þrátt fyrir að Steingrímur hafi haldið veislu til að fagna því að vera ekki enn orðinn fertugur segir hann yndislegt að vera kominn á þennan aldur. „Maður er ekkert eldri en manni líður og ef þetta er tilfinningin að vera fertugur þá er það bara góð tilfinning,“ segir Steingrímur sem ekki er að eltast við rjúpur þessa dagana enda stundar hann einungis stangveiði. Til að vera sem mest úti við fer hann í göngur með hundinn, fer út að hlaupa og hjóla. „Það er sjaldan betra að hjóla en í góðum snjó,“ segir Steingrímur galvaskur en hann hjólar þó ekki í vinnuna á morgnana. „Það fer svo illa með jakkafötin,“ segir hann og hlær. ■











*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónsdóttir**

frá Stóruvöllum, Bárðardal,

síðast til heimilis að Ási í Hveragerði lést miðvikudaginn 2. nóvember 2005. Jarðsungið verður frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 12. nóvember 2005, kl. 13.00.

Birgir Pálsson
Sigurbjörg Ólafsdóttir
Geirþrúður Pálsdóttir
Sveinn Pálsson
Sigrún Arndal
Jón Páll Haraldsson
Björk Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.









## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1818** Ivan Turgenev rithöfundur



**1841** Játvarður VII Englandskonungur



**1897** Ronald G.W. Norrish breskur efnafræðingur og nóbelsverðlaunahafi



**1934** Carl Sagan stjörnufræðingur



**VETRARLEGT Í LEIRÁRSVEIT** Heiðarskóli stendur við Leirá í Borgarfirði.

# Heiðarskóli 40 ára

Heiðarskóli í Leirársveit er fjörutíu ára í dag. Skólinn stendur við Leirá í Borgarfirði, um miðja vegu milli kaupstaðanna Akraness og Borgarness og sækja þar um 110 nemendur skólann.

Tímamótanna verður minnst laugardaginn næstkomandi, 12. nóvember. Klukkan tólf verður skólinn opnaður íbúum svæðisins, fyrrverandi og núverandi nemendum og starfsfólki, svo og velunnurum skólans. Hægt verður að skoða vinnu nemenda og myndir úr skólastarfi en nemendur verða við leik og störf í skólanum fram til klukkan 15.00 þegar hátíðardagskrá hefst í Heiðarborg. Kaffiveitingar verða í boði að lokinni dagskrá. ■

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**

**9.990*** kr
á mán. í 10 mánuði

**Verð nú 99.900,-**
**Verð áður 149.900,-**

**9.990*** kr
á mán. í 10 mánuði

**Verð nú 99.900,-**
**Verð áður 149.900,-**



**Hornsófi** tau áklæði Paris



**Hornsófi** leður áklæði



**Leðurhornsófi** 3+h+1 3166



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Relax



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130



**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



**Leðursófasett** 3+1+1 3057



**Leðursófasett** 3+1+1 G1982



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Gildir til 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*




## STUÐ MILLI STRÍÐA Vellíðan er besta dópið

**MARTA MARÍA** JÓNASDÓTTIR ER VIÐ ÞAÐ AÐ VERÐA HÁÐ HEILSUFÆÐI



Ég datt í heilsubrunninn þegar sumri tók að halla með tilheyrandi vítamínáti, sojamjólk og spelti. Þetta er svo sem ekkert nýtt. Hef verið meðvituð um það lengi að aukaefni, sykurát og óhófleg gerneysla gerir fátt fyrir heilsuna og útlitð nema að framkalla útþaninn maga, bólur og bauga. Þrátt fyrir að vera fullkomlega meðvituð og vel upplýst, sólgin í grænmeti og ávexti, er furðulega auðvelt að fara út af sporinu. Samt er ég bjartsýn um að þetta holla og góða líferni sé að síast inn í undirmeðvitundina. Ég er næstum því búin að gleyma hvar besta „blandið í poka“ fæst og það þarf að draga mig nauðuga á skyndibitastaði. Samt er ég furðuveik á svellinu ef mín er freistað með gylliboðum.

Í hádeginu í gær var ég stödd í einni af heilsubúðum borgarinnar eins og svo oft áður. Þar hitti ég félaga minn og sagði honum söguna að því þegar ég kom óvart með franskar heim þegar ég ætlaði að kaupa kjúklingasalat á Makkadóna og mér hafi verið strítt ægilega mikið í kjölfarið. Við hlóum að þessu og ég viðurkenndi að þessum feilsporum færi fækkandi. Í framhaldi af því fór ég að velta því fyrir mér hvort heilsubúðaeigendur væru allir þar sem þeir væru séðir. Það er langt frá því að vera eðlilegt að þurfa að heimsækja slíkar verslanir nær daglega og ég velti upp þeirri spurningu hvort það gæti verið að þeir sprautuðu einhverju vanabindandi í vörurnar, líkt og tóbaksframleiðendur gera og kókframleiðendur gerðu í gamla daga. Þá leit félagi minn á mig og sagði: „Ég skil þig, veistu ekki hvað þetta dóp heitir? Það heitir vellíðan.“

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | | |
| 3 | | | | | 1 | | 4 | 7 |
| 8 | 5 | | | | 6 | 9 | | |
| | | 7 | 4 | | 3 | | | 1 |
| 9 | 1 | | | | | | 3 | 5 |
| 6 | | | 9 | | 8 | 2 | | |
| | | 2 | 3 | | | | 5 | 8 |
| 7 | 6 | | 5 | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 4 | | 6 | 2 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 |
| 3 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 7 |
| 8 | 5 | 1 | 7 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 5 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 |
| 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 4 | 3 | 6 | 2 |


... mmmmmmmóna!
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
móna
DROPAR
rjómasúkkulaði
Ljósir dropar:
Dropar úr ekta rjómasúkkulaði. Frábærir sem skraut á kökur og eftirrétti eða með kaffinu.
móna
SKELJAR
rjómasúkkulaði
Skeljar:
Skeljar úr ekta rjómasúkkulaði. Frábærar sem skraut á kökur og eftirrétti eða með kaffinu.
móna
DROPAR
suðusúkkulaði
Dökkir dropar:
Dropar úr ekta suðusúkkulaði. Ómissandi ofan á spesíur, frábærir í allan bakstur.
móna
Ljósir spænir
Ljós súkkulaðispænir:
Kjörinn á ísrétti, í kökur og kaffidrykki.
móna
Dökkir spænir
Dökkur súkkulaðispænir:
Tilvalinn í kökur, eftirrétti og kaffidrykki.
móna
Ljós TERTU HJÚPUR
200g
Ljós tertuhjúpur:
Fallegur ljós súkkulaðihjúpur á kökur. Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
Lúxus suðu súkkulaði
móna
Lúxus suðusúkkulaði:
Frábært í allan bakstur og tilvalið í heitt súkkulaði með rjóma.
Súkkulaði bitar
200g
Súkkulaðibitar:
Helltu súkkulaðibitunum beint út í deigið þegar þú bakar ekta súkkulaðibitakökur. Einnig tilvalið út á ísinn.
móna
Dökkur TERTU HJÚPUR
200g
Dökkur tertuhjúpur:
Fallegur dökkur hjúpur á kökur. Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
móna
BRAGÐAUKI SUÐUSÚKKULAÐI
Bragðauki suðusúkkulaði:
Suðusúkkulaði með appelsínubragði. Gefur skemmtilega möguleika í bakstrinum.
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**Kl. 15.15**
***Jon Milner*** *stundakennari í dönsku heldur fyrirlestur um þjóðernisvitund og hvernig henni er laumað inn í hversdagslegu orðfæri okkar. Fyrirlesturinn er fluttur á vegum stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í Lögbergi stofu 102.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Stjórnar Stórsveitinni*

Bandaríski básúnuleikarinn, tónskáldið og útsetjarinn John Fedchock stendur við stjórnvölinn á tónleikum Stórsveitar Reykjavíkur, sem haldnir verða í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld klukkan 20.30.

Fedchock er einn af lykilmönnum stórsveitajazzins í New York um þessar mundir. Hann var um sjö ára skeið tónlistarstjóri stórsveitar Woody Herman, útsetti og samdi fyrir hljómsveitina auk þess að vera aðal básúnu-einleikari sveitarinnar.

Hann hefur leikið með fjölda annarra stórsveita svo sem stórsveit Louis Bellson, Carnegie Hall Jazz Band og Manhattan Jazz Orchestra.

Hin síðari ár hefur Fedchock starfað í New York, rekið þar eigin stórsveit og meðal annars gefið út þrjá geisladiska með henni. John Fedchock er eftirsóttur gestastjórnandi og fyrirlesari, jafnt hjá atvinnustórsveitum sem háskólum, víða um heim.

Útsetningar hans og tónsmíðar eru gefnar út og leiknar um allan heim. Þess má geta að John Fedchock er fyrsti erlendi básúnueinleikarinn sem



kemur fram með Stórsveit Reykjavíkur sem stjórnandi og einleikari. Á efnisskrá verða eigin verk Fedchoks og útsetningar hans á verkum annarra.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir.

### > Ekki missa af ...

... **Unglist**, listahátíð unga fólksins, sem nú stendur sem hæst með fjölbreytilegum viðburðum.

... tónleikum **Ágústs Ólafssonar** barítónsöngvara í Salnum í Kópavogi á fimmtudagskvöldið þar sem hann syngur ásamt japanska píanóleikaranum **Izumi Kawakatsu**.

... söngleiknum **Kabarett** sem nú er sýndur í Íslensku óperunni. Sýningum fer óðum að fækka.



**SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS** Myndin er tekin á tónleikaferð um Norðurlönd sem hljómsveitin fór í í sumar.

# Leika dægurflugur

Skólahljómsveit Kópavogs heldur árlega hausttónleika sína í sal Fjölbrautarskólans í Garðabæ í kvöld. Flutt verða létt og skemmtileg lög sem flestir þekkja.

„Við höfum kallað þetta poppkorn og dægurflugur," segir Margrét Sigurbjörnsdóttir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans. „Þetta eru bæði nýleg lög og gamlar dægurflugur, allt frá Bítlunum og Ray Charles og Doors til þessara gömlu þekktu laga eins og Á Sprengisandi og Amazing Grace."

Alls koma um það bil 140 hljóðfæraleikarar fram á tónleikunum. Þeir eru á aldrinum 9 til 18 ára en er skipt í þrjár sveitir eftir aldri og getu.

Hljómsveitin er með mörg járn í eldinum og framundan eru fjölmargir tónleikar. Félagar úr sveitinni leika á jólaskemmtunum í flestum grunnskólum Kópavogs auk þess að leika fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir í bæjarfélaginu.

„Elsta sveitin fór til Svíþjóðar og Noregs í sumar, tók meðal annars þátt í hljómsveitakeppni í Gautabborg og vann hana. Þau stóðu sig rosalega vel," segir Margrét, ákaflega stolt af sínu fólki.

Skólahljómsveit Kópavogs var stofnuð haustið 1966 af Birni Guðjónssyni en núverandi stjórnandi hennar er Össur Geirsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan átta í kvöld.

# Leika tvö á strengi sína

**Á háskólatónleikum í Norræna húsinu í dag flytja Elísabet Waage og Hannes Guðrúnarson verk fyrir hörpu og gítar.**

„Þessi tvö hljóðfæri eru mjög lík. Við erum bæði að plokka strengi og hljómurinn er svipaður," segir Elísabet Waage hörpuleikari. Hún kemur fram á háskólatónleikum í Norræna húsinu í hádeginu í dag ásamt Hannesi Guðrúnarsyni gítarleikara.

„Að óreyndu hefði ég kannski ekki haldið að þessi samsetning hljóðfæra væri jafngóð og komið hefur á daginn," segir hún. „Annars er ég alltaf að stríða Hannesi. Ég er með miklu fleiri strengi en hann," segir Elísabet, sem hefur yfir 47 strengjum að ráða í hörpunni meðan gítarleikarinn þarf að láta sér lynda aðeins sex strengi.

Á tónleikunum ætla þau að leika tvö verk eftir íslenska höfunda. „Annars vegar er það fallegt lítið lag eftir Áskel Másson sem heitir Kansóna og svo verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem er upphaflega skrifað fyrir gítar og sembal en hentar ákaflega vel fyrir hörpu. Þorkell hjálpaði okkur aðeins til að umskrifa verkið. Það heitir Fiori sem þýðir blóm á ítölsku."

Loks flytja þau verk eftir Jurriaan Andriessen, hollenskt tónskáld sem nýtir sér óspart í þessu



**ELÍSABET WAAGE HÖRPULEIKARI OG HANNES GUÐRÚNARSON GÍTARLEIKARI** Þau plokka strengi sína í hádeginu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verki hvað harpan og gítarinn eru skyld hljóðfæri.

„Þetta verk heitir Ballade og okkur finnst það vera mjög skemmtilega skrifað fyrir hljóðfærin."

Elísabet segir að tónskáld mættu vel vera duglegri við að semja fyrir hörpu og gítar. „Það er ekkert óskaplega mikið til af verkum fyrir þessi tvö hljóðfæri."

Töluvert er til af verkum fyrir hörpu og flautu og hefur Elísabet einnig leikið dúó með fiðluleikara og sellóleikara, auk þess sem hún hefur leikið dúó með fyrrverandi píanókennara sínum.

„Það er svo skemmtilegt við hörpuna að maður er alltaf að prófa nýjar samsetningar. Margir söngvarar eru líka hrifnir af því að syngja með hörpum, þeir þurfa ekki að þenja sig alveg eins mikið." ■


ÍSLENSKA ÓPERAN

ÓPERUDEIGLA ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

Íslenska óperan boðar til fyrstu samkomu Óperudeiglunnar fimmtudaginn 10. nóvember 2005 kl. 16.00 í Gamla bíói.

Fundarefni: Kynning á Óperudeiglunni og umræður um áherslur og leiðir

Óperudeiglu Íslensku óperunnar er ætlað að vera tvennt í senn: Annars vegar opinn vettvangur til umfjöllunar og skoðanaskipta um óperusmíði. Hins vegar skipulegt vinnuferli hópa einstaklinga með ólíka sérþekkingu sem vilja gera tilraunir með óperuformið í þeim tilgangi að skapa ný verk sem höfða til margra. Óperudeiglan mun halda opna málfundi og starfsfundi um óperulist þar sem jafnframt er fjallað á gagnrýninn hátt um verk tilraunahópanna.

Allir sem hafa áhuga á óperulist eru velkomnir
Sjá nánar um Óperudeigluna á www.opera.is

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti sími: 511 6400


# Málar fyrir stað og stund

„Allt mitt líf snýst um að mála. Ég er stanslaust að horfa í kringum mig, stanslaust að skapa og vinna í huganum og búa eitthvað til," segir Kolbrún Róbertsdóttir myndlistarkona, sem um þessar mundir er með sýningu á kaffihúsinu Energeia í Smáralind.

Hún byrjaði að mála fyrir fimm árum og hefur síðan haldið fjórar stórar einkasýningar auk þess að taka þátt í samsýningum.

„Þessa sýningu vann ég sérstaklega með staðsetninguna í huta. Veggirnir þarna eru allt hráir steypuveggir og ég hafði litina og þemað í myndunum svolítið í takt við þann bakgrunn."

*Á sýningunni eru stór málverk, sem skiptast í tvo andstæða hópa.*

„Ég er með myndir af fossum í tærgrænum vatnslit sem eru róandi, en síðan er ég í andstæðu við þær að nota sterkrauðar myndir, hlýjar myndir með sterkum björtum litum."

Litavalið tengist líka árstímanum, jólaösinni sem er framundan.

„Þetta er mín jólasýning. Þarna er rauði liturinn og svo er ég líka með þennan róandi græna lit til að búa fólkið undir jólaösina," segir Kolbrún, sem nú þegar hefur fengið sterk viðbrögð við sýningu sinni.

„Ég hef verið að fá nákvæmlega þau viðbrögð frá fólki sem ég lagði upp með."



**KOLBRÚN RÓBERTSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR** Sinnir myndlistinni af ástríðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




BORGARLEIKHÚSIÐ

ICELANDAIR ICELANDAIR CARGO Deloitte. Landsbankinn Sérkjör fyrir Vörðu- og Námufélaga

# Ófullgerða sinfónían

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Woyzeck**

Vesturport sýnir á Stóra sviði Borgarleikhússins / **Woyzeck:** eftir Georg Büchner/ **Leikstjóri:** Gísli Örn Garðarsson / **Leikmynd:** Börkur Jónsson / **Tónlist:** Nick Cave og Warren Ellis / **Búningar:** Filippía I. Elísdóttir / **Leikarar:** Ingvar E. Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Víkingur Kristjánsson, Harpa Arnardóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Ólafur Egill Egilsson, Árni Pétur Guðjónsson, Erlendur Eiríksson, Ólafur Darri Ólafsson, Jóhannes Níels Sigurðsson.

**Niðurstaða:** Sýningin er ekki einasta glæsileg með sinni stórfenglegu leikmynd og þeim áhættusömu tilburðum sem framdir eru á sviðinu heldur er í henni einhver hugsun sem gefur leikurunum nýja vídd í túlkun sinni á persónunum.



**MARÍA OG WOYZECK** Nína Dögg Filippusdóttir leikur Maríu í sýningu Vesturports.

Margt hefur verið pælt og skrafað um leikverkið Woyzeck eftir Georg Brüchner. Hafliði Arngrímsson gerir sögu verksins góð skil í leikskrá svo ekki ætla ég mér þá dul að bæta um betur. En af ástæðum sem Hafliði nefnir í grein sinni er þetta verk tilvalið fyrir hugmyndaríka leikhúslistamenn að gera með það tilraunir. Af því það er „ófullgert" af hendi höfundar. Það er einmitt einn lykill að dyrum sköpunarinnar. Hið ófullgerða. Gott leikverk á helst aldrei að verða fullgert í þeim skilningi, annars er það lítil ögrun við listamanninn sem ætlar að túlka það.

Vesturportshópurinn hefur farið eins og öflugur plógur um hinn frjósama svörð leiklistarinnar hér á landi undanfarin ár og sannar hér enn og aftur að það er allt hægt í leikhúsi og það má allt í leikhúsi.

Það er vel hægt að sitja úti í sal og hugsa: „Til hvers er þetta brölt allt? Af hverju má ekki bara segja þessa sögu - þótt hún sé sundurlaus?" Í áranna rás hafa margir leikstjórar spreytt sig á Woyzeck eins og fingraæfingu, eins og til að æfa sig í því að koma einhverri heildarmynd á annars sundurslitin leikatriði sem byggð eru á ljóðrænum texta og ekki síður er textinn ögrun við leikarann og persónusköpun hans. Það sem er nýtt hér er hin fýsíska nálgun á verkið og það er einkum hún sem gerir sýninguna áhugaverða.

Sýningin er ekki einasta glæsileg með sinni stórfenglegu leikmynd og þeim áhættusömu tilburðum sem framdir eru á sviðinu heldur er í henni einhver hugsun sem gefur leikurunum nýja vídd í túlkun sinni á persónunum. Líkamleg nærvera þeirra verður enn sterkari fyrir vikið og það þýðir ekkert að æðrast yfir einhverju sem maður kannski skilur ekki því það er ekki til þess ætlast. Það getur hver skilið á sinn hátt einmitt vegna þess hve verkið er opið í allar áttir.

Hvatirnar sem drífa manneskjuna áfram í hverfulum heimi eru og verða alltaf þær sömu og þessar sömu hvatir leiða til tortímingar hans á endanum. „En vér höfum skynsemi" segir einhvers staðar og skynsemin á að vera hvötunum æðri. Af einhverjum ástæðum hefur okkur ekki tekist að breyta heiminum til betri vegar með skynseminni þegar komið er fram á þriðja árþúsundið samkvæmt voru vestræna tímatali.

Ingvar Sigurðsson og Nína Dögg leika Woyzeck og Maríu en mest mæðir á þeim í þessari sýningu. Fall Maríu fyrir majórnum og afbrýðisemi Woyzecks verður sá ás sem verkið hverfist um og er túlkun leikaranna lýtalaus miðað við gefnar forsendur. Þau nýta sér þá líkamlegu mótstöðu sem fæst af þeim athöfnum sem þau fremja á sviðinu til að ná fram hreinum sterkum tilfinningum.

Það verður að segjast eins og er að athafnirnar voru miklu sterkari og stærri en orðin í sýningunni og það má deila um hvort orð hæfi athöfn eða athöfn orði. Þó breytti það engu um ánægjulega upplifun mína af sýningunni. Ég heyrði til dæmis áhorfanda fyrir aftan mig segja: „Ég vissi aldrei almennilega hvar þau voru" og einn sagði: „Þetta var ógeðslega flott en um hvað var þetta eiginlega?"

Seint verða allir sammála um leikhús en í stuttu máli þá er sýning Vesturports enn ein skrautfjöðrin í hatt þeirra og má mikið vera ef sýning þessi á ekki eftir að ganga í allan vetur.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

6 7 8 **9** 10 11 12

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Skólahljómsveit Kópavogs** heldur árlega hausttónleika sína í sal Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

☐ 20.30 **Stórsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að þessu sinni verður bandaríski útsetjarinn og básúnuleikarinn **John Fedchock** við stjórnvölinn.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.20 **Bergljót Magnadóttir** dýrafræðingur flytur fræðsluerindi á vegum Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum. Erindið fjallar um ósérhæfða ónæmiskerfið og þorsk.

☐ 15.15 **Jon Milner** stundakennari í dönsku heldur fyrirlestur um þjóðernisvitund á vegum stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í Lögbergi stofu 102.

☐ 16.30 **Gísli Tryggvason**, talsmaður neytenda, flytur fyrirlestur um brýnustu hagsmuna- og réttindamál neytenda á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, í stofu L-201 á Sólborg við Norðurslóð.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Tökin hert

THE TURN OF THE SCREW EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - NOKKUR SÆTI LAUS
ATH! Allra síðasta sýning

Kynning fyrir sýninguna kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

PARS PRO TOTO - Dansverkið VON
& ÁRÓRA BÓREALIS - Brot úr nýju verki á gömlum merg
Laugardaginn 19. nóv - kl. 20 - Sunnudaginn 20. nóv - kl. 17
Aðeins þessar tvær sýningar

„Spennuhlaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru."
MORGUNBLAÐIÐ

★★★★ DV

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus, fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

EDITH PIAF
Sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM
Í kvöld mið. 9/11 örfá sæti laus, lau. 12/11 örfá sæti laus, sun. 13/11 örfá sæti laus, fim. 17/11 örfá sæti laus, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11, mið. 30/11. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Í kvöld mið. 9/11 uppselt, fim. 10/11 uppselt, fös. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 14:00 uppselt, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 11/11 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Lau. 12/11 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Sun. 13/11 kl. 21:30 Sunnudagsjass. Djassklúbburinn Múlinn: **B3.**
Tónlist orgelleikarans Jimmy Smith.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Stjórnar með sellói

GUL TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **10. NÓVEMBER** KL. 19.30

David Geringas, einn af frægustu sellistum heims leikur einleik með Sinfóníuhljómsveitinni á fimmtudaginn og stjórnar einnig hljómsveitinni. Efnisskráin er tilhlökkunarefni og geislar af fjöri og lífsgleði.





Hljómsveitarstjóri og einleikari ::: David Geringas

Pjotr Tsjajkovskíj ::: Capriccio Italien
Luigi Boccherini ::: Sellókonsert í D-dúr
Antonín Dvorák ::: Sinfónía nr. 8

Sinfónían í Bítlabænum

TÓNLEIKAR Í KIRKJUHVOLI, SAFNAÐARHEIMILI KEFLAVÍKURKIRKJU
FÖSTUDAGINN **11. NÓVEMBER** KL. 20.00

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju. Þar mun okkar ástsæla söngkona Sigrún Hjálmtýsdóttir – Diddú – flytja margar af sínum uppáhalds perlum.





Hljómsveitarstjóri ::: Kurt Kopecky
Einsöngvari ::: Sigrún Hjálmtýsdóttir

Perlur og skrautaríur eftir Händel, Bellini, Mozart, Offenbach, Bernstein og Verdi

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

Salka Valka
Lau 12/11 kl. 20 | Fi 17/11 kl. 20
Fi 24/11 kl. 20 | Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 | Su 11/12 kl. 20

Woyzeck
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort
Fö 11/11 kl. 20 Blá kort
Fö 18/11 kl. 20 | Lau 19/11 kl. 20

Kalli á þakinu
Su 13/11 kl. 14 UPPSELT
Su 20/11 kl. 14 | Lau 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14

Id - HAUST
Wonderland, Critic ´s Choice? og Pocket Ocean
Su 13/11 kl. 20 | Su 20/11 kl. 20
Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Fi 10/11 kl. 20
Fö 11/11 kl. 20 UPPSELT | Fö 18/11 kl. 20
Lau 19/11 kl. 20 | Fö 25/11 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Su 13/11 kl. 20 UPPSELT
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!

Manntafl
Lau 12/11 kl. 20 | Fi 17/10 kl. 20
Fi 24/10 kl.20

GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



Lé'Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

17. sýn fös 11. nóv. - örfá sæti
18. sýn fös 18. nóv. - nokkur sæti
19. sýn lau 19. nóv. - nokkur sæti
20. sýn fös 25. nóv.
21. sýn lau 26. nóv.
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.

10 ÁRA HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Níræð goðsögn til Íslands

Blúsgítarleikarinn David „Honeyboy“ Edwards frá Mississippi heldur tónleika á Nasa næstkomandi laugardagskvöld ásamt munnhörpuleikaranum Michael Frank.

Honeyboy, sem er orðinn níræður, er goðsögn í lifandi lífi og ferðast enn vítt og breitt um heiminn til að boða fagnaðarerindið. „Hann er besti núlifandi „delta“ blúsmaðurinn sem labbar um jörðina,“ segir Michael Pollock, sem verður á meðal þeirra sem hita upp fyrir kappann. „Hann vann síðast W.C. Handy-verðlaunin sem er óskar blúsins. Hann spilaði með Robert Johnson og var með honum kvöldið sem hann dó. Hann spilaði með honum síðustu daga ævinnar og spilaði líka í fyrra með Keith Richards á austurströndinni [í Bandaríkjunum],“ segir Pollock, sem bíður spenntur eftir komu Honeyboys.

Auk Pollocks munu m.a. bróðir hans Daníel, Siggi Sig. og Guðmundur Pétursson hita upp fyrir Honeyboy á tónleikunum á Nasa. Miðasala fer fram á midi.is og í Tónastöðinni. Verð er 2.200 krónur í forsölu auk miðagjalds.

Heimildarmynd um Honeyboy verður sýnd í Ríkissjónvarpinu í kvöld. Hefur hún verið tilnefnd til sautján verðlauna á kvikmyndahátíðum víðs vegar um heiminn að undanförnu.



**HONEYBOY** David „Honeyboy“ Edwards er talinn einn af fremstu blúsgítarleikurum sögunnar.

# Þið getið bókað þessa

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

The Books er dúett heimspekinga sem hefur lítinn sem engan áhuga á meginstraumnum. Þessir félagar eiga líklegast í löngum samtölum um lífið og tilveruna milli þess sem þeir forrita sérviturt tölvuskruð utan um gítarspilið sem er undirstaða tónlistarinnar. Svo eru herlegheitin skreytt með setningum, héðan og þaðan líklegast, úr kvikmyndum, útvarpsþáttum eða úr fréttaflutningi sjónvarpsstöðva. Þeir félagar raula svo veiklulega með annað slagið og það hljómar oftar meira eins og ljóðalestur en söngur.

Það er frábær sena í laginu Venice þar sem útvarpsmaður lýsir því þegar ónefndur málari tekur upp á hinum ýmsu kúnstum þegar hann er að búa til verk á almannafæri. Allir bútarnir sem eru fengnir annars staðar frá eru settir inn í textabókina sem texti laganna.

Það er eitthvað mjög dáleiðandi við tónlistina. Hún staðsetur sig einhvers staðar á milli tilraunakenndari platna Talk Talk, Múm og The Notwist. Hún hefur mjög róandi yfirbragð, eins og góður göngutúr í gegnum laufin á fallegum haustdegi. Með iPod í vasanum yrði þessi tónlist fullkomið sándtrakk fyrir göngutúrinn. The Books er gott dæmi um framúrstefnutónlist sem fáir vita af en finnur þó leið sína umhverfis hnöttinn. Þökk sé netinu og tónþyrstum grúskurum sem kafa eins djúpt og þeir geta til að svala forvitni sinni.

Í dag geta hljómsveitir gert það sem þeim sýnist og samt fundið hlustendahóp einhvers staðar. Til allra lukku segi ég, því plötur eins og þessi eru afbragðs viðbót í plötusafnið. Ég efast ekki heldur um að hún eigi eftir að lenda ofarlega á árslistum gagnrýnenda í lok árs. Tónlistin verður líklega aldrei spiluð á útvarpsstöð á Íslandi, en samt eiga þó fleiri eftir að hlusta á þessa plötu í heiminum en nýjustu plötur Írafárs eða Sálarinnar hans Jóns míns.

**Birgir Örn Steinarsson**




**THE BOOKS**

LOST AND SAFE

**NIÐURSTAÐA:** Þriðja plata The Books er vandað og metnaðarfullt verk. Róandi, fræðandi og dáleiðandi í senn.






















fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Nýjar stofur á Radisson SAS

Hundruð manna brugðu undir sig betri fætinum á laugardagskvöldið og litu við á Radisson SAS 1919 Hótel við Pósthússtræti þegar hárgreiðslustofan Senter og Snyrtistofan Jóna voru opnaðar hlið við hlið í hýbýlum þess. Svavar Örn Svavarsson, eigandi Senter, og Jónína Hallgrímsdóttir, eigandi snyrtistofunnar, gerðu vel við vini og vandamenn, bæði í mat og drykk og var dansað langt fram á kvöld. „Eins og sönnum Íslendingum sæmir sat fólk sem fastast þangað til dæmið var búið. Þetta var mjög gaman,“ segir Svavar Örn.

Þetta er fyrsta hársnyrtistofa Svavars en fyrir á Jónína snyrtistofu í Hamraborg sem hún hyggst starfrækja áfram.



**ÁNÆGÐAR MEÐ ÁRANGURINN** María Fjóla Pétursdóttir og Þóra Baldvinsdóttir flugfreyjur hönnuðu útlit hársnyrtistofunnar.



**STOLTIR EIGENDUR** Svavar Örn og Jónína Hallgrímsdóttir opnuðu stofur sínar hlið við hlið í Radisson SAS hótelinu við Pósthússtræti.



**FJÖRUGAR** Kristín Guðjónsdóttir og Rannveig Karlsdóttir skemmtu sér langt fram á kvöld ásamt öðrum gestum.



**HÁRPRÚÐAR** Steinunn Hauksdóttir, Þóra Steingrímsdóttir og Hrund Eðvarðsdóttir voru ánægðar með nýju stofurnar.



**LÉTU SIG EKKI VANTA** Lilja Rún Kristmundsdóttir, Daníel Örn Hinriksson og Björk María Kristmundsdóttir.


## Einstakt enskunámskeið

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799





## Hamingjuóskir og þakkir

Við óskum sjálfstæðismönnum í Reykjavík til hamingju með glæsilegt prófkjör.

Þá þökkum við öllum sjálfboðaliðum óeigingjarnt starf í þágu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og meðframbjóðendum drengilega baráttu.

Framundan eru spennandi tímar. Fyrsta áfanganum að sigri sjálfstæðismanna í borgarstjórnarkosningum næsta vor er náð.

*Stuðningsmenn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar*


DANSAÐ FYRIR RÁÐHERRANN

# Darraðardans í Tjarnarbíói í kvöld

Í kvöld verður sannkölluð veisla fyrir dansáhugafólk. Hitt húsið verður með sýninguna Darraðardans sem er hluti af Unglist Hins hússins. „Sérstakir gestir okkar í ár eru nemendur í Listdansskóla Íslands,“ segir Sóley Kaldal, umsjónarmaður sýningarinnar. „Það á nefnilega að loka Listdansskólanum í vor og þetta er mikið hitamál. Af því tilefni ákvað ég að bjóða menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, að vera viðstödd sýninguna – ekki til þess að vera með neikvæðni og gagnrýni heldur til þess að leyfa henni að fá innsýn í starfsemi dansskólana og þá sérstaklega Listdansskólans. Hún sýndi okkur þann mikla heiður að þiggja boðið sem mér fannst alveg rosalega flott hjá henni.“

Listdansskóli Íslands hefur verið starfræktur síðan árið 1952 og að sögn Arnar Guðmundssonar, skólastjóra skólans, er lokun skólans liður í einkavæðingu liststofnana á Íslandi. „Það má segja að það sé verið að kippa fótunum undan faginu með þessum aðgerðum.“ Örn segir að flestir listdansskólar í heiminum séu ríkisreknir og nefnir þar sem dæmi Konunglega danska ballettskólann sem einmitt sýndi nýverið í Þjóðleikhúsinu við frábærar undirtektir. „Skólinn er fyrir þá sem ætla sér atvinnumennsku í faginu og þetta hefur vægast sagt verið mikið áfall fyrir okkur.“



**SÓLEY KALDAL** Umsjónarmaður danssýningarinnar Darraðardans í boði Hins hússins.

Því er vert að hvetja dansunnendur til að mæta á sýninguna í kvöld í Tjarnarbíói sem hefst klukkan átta og er ókeypis. „Sýningin verður mjög fjölbreytt og skemmtileg, enda fáheyrt að mismunandi dansskólar sameinist svona á einni sýningu,“ segir Sóley. Meðal annarra atriða er magadans frá Kramhúsinu og frá Magadanshúsinu og sýningar frá Jazzbellettskóla Báru og Ballettskóla Guðbjargar Björgvins, hip hop sýning frá Kramhúsinu og dansar frá Dansskóla Birnu Björnsdóttur. „Dansarar eru ekki að rífast og skammast heldur vilja sýna ráðherra fallegan dans.“ útskýrir Sóley. „Með þessu vonast þeir til að ná til þeirra sem völdin hafa.“

annabjornsson@frettabladid.is




**Kópal** Glitra þekur betur, ýrist sama og ekkert og er svo til lyktarlaus.
Spurðu um **KÓPAL.**

**Útsölustaðir Málningar:** Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi
Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík
Núpur byggingarvöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki
Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi
Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
-það segir sig sjálft-










# Ég er engin væluskjóða

Leikkonan Jennifer Aniston er orðin hundleið á því að vera kölluð væluskjóða eftir að hún hætti með hjartaknúsaranum Brad Pitt.

Nýverið kom fram í blaðagrein í Vanity Fair að Aniston hafi brostið í grát í viðtalinu. Aniston segir þetta vera algjöra vitleysu í viðtali við Newsweek. „Ég var fúl út af greininni í Vanity Fair. Í eitt skipti var ég örlítið klökk vegna þess að ég hafði ekki sest niður með blaðamanni síðan allt þetta vesen hófst. Það stóð aðeins yfir í eina sekúndu og síðan var það búið,“ segir Aniston.

Hún segir það erfitt að þola alla fjölmiðlaumfjöllunina vegna málsins, sérstaklega vegna frétta um að hún vildi ekki stofna fjölskyldu með Pitt. Hún tjáir sig einnig um þörfina fyrir einkalíf án þess að þurfa að hafa áhyggur af ágengum ljósmyndurum. „Þegar ég er heima er ég að slappa af. Ef ég fer út að borða með vinum mínum er ég ekki að vinna. Hvað er eiginlega að hjá fólki?,“ segir hún.



**JENNIFER ANISTON** Leikkonan sem sló í gegn í Friends leikur næst í myndinni Derailed.




# Eigum við að fá okkur einn Subway?

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Þessi sveit hefur frábæra afsökun fyrir þessu hræðilega hljómsveitarnafni. Þau eru öll vel undir tvítugu! Sveitin er byggð utan um unglingspiltinn og Ash aðdáandann Billy sem bauð bróður sínum og kærustu að vera með. Já, þau eiga eftir að túra heiminn og upplifa rokklífernið, þannig að þetta getur ekki endað vel.

Sú staðreynd að Bræðrunum er ekki enn vaxin grön afsakar það kannski líka að textarnir eru hreint út sagt arfaslappir. Sérstaklega í titillaginu Young for Eternity, þar sem þau þakka Drakúla greifa fyrir að hafa gert þau að blóðsugum. Árafæðin afsakar líka ófrumlegheitin, en það fer eftir lögum á hverja sveitin minnir. Stundum Oasis, stundum Ash stundum Coral og stundum Yeah Yeah Yeahs. The Subway´s hljómar eiginlega aldrei eins og The Subway´s, því sá hljómur er eiginlega ekki til.

Ég skil samt alveg fullkomlega af hverju þessi sveit fékk plötusamning. Flutningurinn og ungæðislegur krafturinn er alveg ótrúlega grípandi. Þó svo að lögin séu ófrumleg, festast þau vel í minni og fá mann auðveldlega til þess að stappa hægri fætinum með í takt. Þau hafa svo greinilega hljóðritað með fagmanni sem hefur náð að tryggja þeim þétt og gott rokksánd sem hljómar lifandi og rafmagnað. Billy og kærastan hans Charlotte hafa svo bæði flottar rokkraddir sem virka vel saman. Ef þau ná því á sviði sem þau hafa náð að fanga á þessari plötu, þá er það ávísun að góðu kvöldi.

Niðurstaðan er sú að þessi frumraun The Subways er hvorki fugl né fiskur fyrir þá sem eru að leita að framsæknu, frumlegu rokki. En vilji menn grípandi lög, góða keyrslu skreytta unglingabólum og einfalda texta um vonbrigði unglingsáranna þá er þetta líklegast hin fullkomna plata. Vonandi endist ástarsambandið bara nægilega lengi til þess að þau geti fundið sinn eigin stíl og leyft sér að þróast áfram. Því þetta er fínn efniviður í alvöru rokksveit og Billy er greinlega gott efni í lagahöfund.




**THE SUBWAYS:**

**Young** FOR ETERNITY

**Niðurstaða:** Frumraun The Subways er afar ófrumleg, en hún bætir upp fyrir það með fínum flutningi og ungæðislegri ákveðni. Unglingarokk, gert af unglingum með öllu sem þeim fylgir.

**Birgir Örn Steinarsson**



**ÞRJÚ PUND** Jack White mun heita Three Quid það sem eftir lifir af tónleikaferð The White Stripes um Bretland.

# Breytir nafninu í Three Quid

Jack White, annar helmingur rokkdúettsins The White Stripes, hefur breytt nafni sínu í Three Quid, eða Þrjú pund. Mun hann heita þessu nafni þar til tónleikaferð sveitarinnar um Bretland lýkur.

White tilkynnti þetta tvisvar sinnum á fyrstu tónleikum The White Stripes í London á dögunum. Ekki er vitað hvers vegna hann ákvað þetta.

Hljómsveitin The White Stripes heldur tónleika í Laugardalshöll þann 20. nóvember næstkomandi og bíða þeirra margir með mikilli eftirvæntingu.









## FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðalleikarar nýjustu Harry Potter-myndarinnar mættu í fyrrakvöld á heimsfrumsýningu hennar í London. Þúsundir aðdáenda hópuðust saman fyrir utan kvikmyndahúsið. „Ef þetta kemur þér ekki í stuð veit ég ekki hvað gerir það," sagði Daniel Radcliffe, sem leikur Harry Potter. Myndin, sem nefnist Harry Potter og eldbikarinn, kemur hingað til lands innan skamms.



Leikkonan Cameron Diaz vonast eftir því að eiga langt og farsælt hjónaband, rétt eins og foreldrar hennar. Diaz hefur undanfarin tvö ár verið í ástarsambandi með popparanum Justin Timberlake. „Þau hafa verið gift í 34 ár. Þau veita mér svo mikinn innblástur. Mig hefur alltaf dreymt um svipaða hluti fyrir sjálfa mig," sagði Diaz.





Popparinn Sir Elton John er að undirbúa brúðkaup um næstu jól ásamt unnusta sínum David Furnish. Brúðkaupið mun fara fram 21. desember og verður það að öllum líkindum haldið á góðgerðarsamkomu fyrir alnæmissamtök Eltons í New York.

Sharon Osbourne, eiginkona rokkarans Ozzy, segir að Madonna líti út eins og gömul vændiskona. Sharon skilur ekki af hverju Madonna breytir sífellt um ímynd og af hverju hún iðkar Kabbalah-trúarbrögðin. „Hver ertu eiginlega? Á þessum aldri áttu að vita hver þú ert, hvers konar trúarbrögð þú iðkar og fyrir hvað þú stendur," sagði Sharon og sparaði ekki stóru orðin.





**YLFA LIND** Idol-stjarnan fyrrverandi verður sérstakur gestur á ballinu á laugardaginn.

# Ylfa Lind sérstakur gestur

Næstkomandi laugardagskvöld verður haldið ball á vegum Samtakanna 78 á Kaffi Reykavík. Þetta verður síðasta ballið sem samtökin halda fyrir árlegt áramótaball sitt.

Dj Skjöldur og Dj Bling munu þeyta skífum, auk þess sem Idol-stjarnan Ylfa Lind verður sérstakur gestur. Ballið byrjar klukkan 23.00 og stendur yfir langt fram á nótt.

Aðgangseyrir er 1000 krónur fyrir almennning en meðlimir Samtakanna 78 greiða 800 krónur.








## Áfram ÍBV

Það bendir allt til þess að ÍBV muni senda lið til keppni í Landsbankadeild kvenna á næstu leiktíð og er það vel. Útlitið var dökkt um daginn en nú virðist sem nægur mannskapur sé til staðar svo hægt sé að halda starfinu áfram.

# sport

sport@frettabladid.is

HLYNUR ÁSKELSSON: HEFUR TEKIÐ VIÐ STARFI ÞREKÞJÁLFARA ÞRÓTTAR

## *Það skemmtilegasta sem ég geri er að æfa*

Kennarinn, þjálfarinn, tónlistarmaðurinn og athafnamaðurinn Hlynur Áskelsson, sem einhverjir kunna að þekkja sem Ceres 4 en aðrir sem Köttara númer tvö, hefur tekið að sér þrek- og úthaldsþjálfun Þróttar og mun þar af leiðandi bera ábyrgð á því að leikmenn liðsins geti hlaupið heilan fótboltaleik næsta sumar. Starfið er þó engin nýjung fyrir Hlyn, en hann er menntaður íþróttakennari, og stefnir hann að því að ná toppárangri leikmenn liðsins - þá sömu og hann gagnrýndi nokkuð harkalega í pistli á heimasíðu Þróttar sem birtist í lok sumars. Þar segir Hlynur meðal annars að meistaraflokki félagsins skorti grunnþjálfun í styrk, úthaldi og andlegu atgervi. Á þessu ætlar Hlynur nú að vinna bót á.

„Ég stend við allt það sem ég sagði í þessum pistli en nú er það mitt að koma hlutunum í rétt form. Mitt skýlausa markmið er að ná árangri - annað yrði óviðundandi," sagði Hlynur ákveðinn við Fréttablaðið í gær en þessa dagana stendur hann vaktina yfir leikmönnum Þróttar í Laugum þar sem þeir hlaupa og lyfta. Á undirbúningstímabilinu mun hann vinna náið með Atla Eðvaldssyni, aðalþjálfara Þróttar, þar sem líkamlegi þátturinn er á ábyrgð



Hlyns. Sjálfur er Hlynur Þróttari mikill og hefur á síðustu árum verið ein af driffjöðrunum í hópi Köttarana, hins ötula stuðningsmannahóps Þróttar. „Ég hef verið Þróttari frá blautu barnsbeini og ef félagið hefur óskað eftir mínum kröfum þá hef ég hreinlega ekki geta sagt nei. Á því var engin breyting nú þegar ég var fenginn til að taka að mér þetta verkefni," segir Hlynur, sem sjálfur er í hörkuformi. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að æfa," segir Hlynur sem stefnir að sjálfsögðu að því að láta leikmenn Þróttar vera í betra formi á næsta ári en þeir voru í sumar. „Ég ætla rétt að vona að þeir verði það - annars verð ég rekinn," sagði Hlynur og hló.

## Baldur til Brussels?

Húsvíkingurinn Baldur Ingimar Aðalsteinsson er kominn heim Belgíu þar sem hann á reynslu hjá úrvalsdeildarfélaginu FC Brussels. Baldur spilaði með varaliði félagsins og stóð sig það vel að félagið vill fá hann aftur til sín í vetrarhléinu. Þá ætlar félagið í æfingabúðir í Tyrklandi og nota á þann tíma einnig til þess að skoða Baldur betur en hann er án samnings.





**STEVEN GERRARD** Er núverandi fyrirliði Liverpool og vill stjórna liðinu í framtíðinni.

Steven Gerrard:

## Vill þjálfa á Anfield

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, segist hugsa um það annars lagið að gera þjálfari hjá Liverpool eftir að ferli hans sem leikmaður hjá liðinu lýkur. Gerrard staðfesti tryggð sína við félagið með því að skrifa undir nýjan samning við félagið í sumar í stað þess að ganga til liðs við Chelsea fyrir metfá.

„Rafael Benitez hafði það á orði í sumar að ég gæti vel orðið stjóri hjá Liverpool í framtíðinni og ég neita því ekki að það er eitthvað sem ég hef pælt í. Ég hef verið hér síðan ég var átta ára gamall og það yrði frábært ef ég gæti verið hér mikið lengur. Hvað sem verður, þá vona ég að starf mitt eftir leikmannaferilinn tengist Liverpool að einhverju leyti," segir Gerrard.

Knattspyrnusamband Íslands:

## Sektað um 700 þúsund á árinu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands hefur alls verið sektað um ríflega 700 þúsund krónur á tímabilinu vegna áminninga sem leikmenn íslenska landsliðsins hafa hlotið í undankeppni HM. Í gær bættust við 230 þúsund krónur vegna fjögurra áminninga sem að leikmenn liðsins hlutu í lokaleik Íslands gegn Svíum í undankeppninni í síðasta mánuði.

Áður hafði KSÍ fengið um 470 þúsund króna sekt vegna áminninga í leikjunum gegn Króötum á Laugardalsvellinum og Búlgörum ytra.

# Miklu betri en Beckham

**Brasilímaðurinn Juninho Pernambucano hefur að mati sérfræðinga tekið krúnuna af sjálfum David Beckham sem helsti aukaspyrnusérfræðingur heims.**

**FÓTBOLTI** „Þegar hann stígur fram til að taka aukaspyrnur þá býst ég eiginlega við því að hann skori," segir Claudio Cacapa, varnarmaður Lyon í Frakklandi, um brasilíska samherja sinn Juninho Pernambucano sem í dag er óumdeilanega besti aukaspyrnusérfræðingur heims og er af flestum talinn hafa farið fram úr David Beckham í þeim hæfileika á núverandi leiktíð.

Juninho hefur hreinlega farið á kostum í haust og er samanlagður fjöldi marka hans beint úr aukaspyrnum í öllum á þessu tímabili komið á annan tug, Á sínum fjórum árum með Lyon hefur Juninho skorað alls 55 mörk, þar af 21 beint úr aukaspyrnum. „Skotin eru að detta inn núna og auðvitað vonast ég til að skora fleiri mörk. En mitt hlutverk er fyrst og fremst að stjórna miðjuspilinu. Það er hlutverk framherjana að skora mörkin," segir hann sjálfur.

Juninho hefur verið að þróa aukaspyrnustíl sinn allan sinn feril og vill ekkert segja til um hvert leyndarmálið á bakvið góða aukaspyrnu er. Sem strákur fylgdist hann grannt með brasilísku goðsögninni Zico og spyrnutækni hans - afganginn segir hann tilkomin vegna þolinmæði, mikilla æfinga og smávegis af heppni.

Sérfræðingar eru á því að það sem gerir Juninho að þeim allra



**JUNINHO** Getur skotið yfir vegginn, í gegnum hann eða framhjá honum. Enginn getur lesið spyrnur hans, segir markvörður Lyon.

besta í bransanum sé fjölbreytni hans í spyrnum. Sem dæmi má nefna að í leik gegn Real Madrid í Meistaradeildinni á dögunum skoraði Juninho eitt mark með því að skjóta í gegnum varnarvegginn og lagði upp annað með því að hreinlega bomba á John Carew, sóknarmann Lyon, þaðan sem hann breytti um stefnu og fór í markið. Í næsta leik á eftir gegn Olympiakos skoraði hann síðan með föstu bogaskoti yfir varnarvegginn og í samskeytin - eitthvað sem er aðeins á færi snillinga.

Markvörður Lyon, Grégory Coupet, sem þarf daglega að kljást við spyrnur Juninho á æfingum, segist vorkenna öðrum markmönnum. „Enn þann dag í dag get ég ekki lesið spyrnur Juninho. Það veit enginn hvernig hann fer að þessu. Ég er guðs lifandi feginn að vera með honum í liði en ekki á móti honum," segir Coupet. Tiago, annar liðsfélagi hans, tekur í sama streng. „Hann setur boltann þangað sem hann vill að hann fari. Hann er það góður," segir hann.

**vignir@frettabladid.is**



**ALEX FERGUSON** Segir breiddina vanta í núverandi leikmannahóp Man. Utd.

Alex Ferguson knattspyrnustjóri Man. Utd:

## Ætlar að eyða í janúar

**FÓTBOLTI** Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, staðfesti við enska fjölmiðla í gær að hann hyggðist styrkja leikmannahóp sinn verulega þegar leikmannaglugginn opnast á ný í janúar. Ferguson og lærisveinar hans höfðu ekki verið upp á sitt besta áður en þeir bundu enda á sigurgöngu Chelsea um síðustu helgi og vilja stuðningsmenn liðsins meina að þunnum leikmannahópi sé um að kenna. Og nú virðist sem að Ferguson sé sammála.

„Það er mikil geta til staðar í hópnum en við höfum verið að treysta of mikið á ungu leikmennina í fjarveru reynslubolta á við Keane, Neville og Heinze. Ég ætla að styrkja og auka breiddina í hópnum í janúar," sagði Ferguson í gær en bætti því við að erfitt væri að fá góða leikmenn sem yrðu löglegir í Meistaradeildinni. **- vig**

## ÚR SPORTINU

David Beckham, fyrrverandi leikmaður Man. Utd og núverandi leikmaður Real Madrid, segir að Roy Keane hafi átt fullan rétt á því að gagnrýna samherja sína í síðustu viku. Beckham segir að með fyrirliðastöðunni fylgi ákveðnar skyldur, sem meðal annars felast í því að segja mönnum til. „Keane er mjög sterkur persónuleiki og einn af öflugust fyrirliðum sem ég hef nokkru sinni spilað með. Allir virða Keane og allir hlusta á það sem hann segir," segir Beckham.



Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton, segir að Sven-Göran Eriksson, þjálfari enska landsliðsins, hljóti að veita Kevin Nolan tækifæri með enska liðinu á næstunni eftir að hafa horft upp á frábæran leik hans gegn Tottenham í fyrrakvöld. „Nolan var besti leikmaðurinn á vellinum og er að sýna mikinn stöðugleika í sínum leik. Eriksson hlýtur að hafa hrifist af honum, „ segir Allardyce. „Það er fátt dýrmætara en að hafa markaskorara á miðjunni, eins og Chelsea getur staðfest með sinn Frank Lampard. Án marka hans værum við ekki í þriðja sætinu í dag," segir Allardyce, en Nolan hefur skorað sjö mörk á leiktíðinni.

Og meira af Eriksson; Svíinn knái segir að Rio Ferdinand sé fullkomnasti miðvörður sem England búi yfir og hann sé sannarlega í hópi bestu varnarmanna heims. „Hann er kannski ekki í sínu besta formi en slíkt gerist hjá öllum. Hann var besti varnarmaðurinn á síðasta Heimsmeistaramóti og hann er ennþá ungur. Hann mun ná sér á strik á nýjan leik, sannið þið til," segir Eriksson.



Vladimir Romanov, hinn skrautlegi eigandi skoska úrvalsdeildarliðsins Hearts, hefur sett miklar takmarkanir á starf Graham Rix, nýráðins stjóra liðsins. Rix mun ekkert hafa um það að segja hvaða leikmenn eru fengnir til félagsins - hans hlutverk er aðeins að stjórna æfingum. „Hans hlutverk er að þjálfa leikmenn félagsins og gera þá betri. Það verða aðrir í því hlutverki að kaupa leikmenn," segir Romanov.

Heimsmet Benedikts Magnússonar:

## Fæst ekki staðfest

**KRAFTLYFTINGAR** Heimsmet Benedikts „Tarfs" Magnússonar í réttstöðulyftu fæst ekki staðfest af alþjóða kraftlyftingasambandinu, IPF. Mótið sem Benedikt setti metið í var haldið af WPO sem er klofningssamband frá alþjóðasambandinu en helsti munurinn á þessum tveim samböndum er sá að WPO lætur keppendur ekki gangast undir lyfjapróf að móti loknu.

Slíkt samræmist ekki reglum alþjóða sambandsins og því fæst metið ekki staðfest. Benedikt lyfti 440 kg í réttstöðulyftu en gamla heimsmetið var 426 kg.

Kraftlyftingasamband Íslands er aðili að IPF og því fæst lyftan



**BENEDIKT MAGNÚSSON** Fær heimsmetið sitt ekki staðfest.

tæplega staðfest hér á landi og því ekki um að ræða Íslandsmet. Kraftlyftingasamband Íslands er ekki aðili að ÍSÍ og þar af leiðandi er hæpið að ÍSÍ beiti sér í málinu. Ekki náðist í Benedikt við vinnslu fréttarinnar.

Einn skrautlegasti karakterinn í amerísku íþróttalífi í vondum málum:

## Fær hvorki laun né að spila

**NFL** Philadelphia Eagles hefur ákveðið að setja Terrel Owens í



**TERRELL OWENS** Er álíka vinsæll í Bandaríkjunum og körfuboltamaðurinn Ron Artest var þegar hann lamdi áhorfendur í Detroit. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

leikbann hjá félaginu og það sem meira er þá fær hann engin laun meðan á banninu stendur. Ástæða bannsins er margítrekuð agabrot sem hafa átt sér stað á löngum tíma.

Owens er af mörgum talinn besti útherji NFL-deildarinnar en hann er ólátabelgur mikill og vart húsum hæfur. Hann getur ekki opnað munninn án þess að koma sér í vandræði og það er einmitt kjafturinn á honum sem á endanum gerði útslagið. Hann mun væntanlega aldrei aftur leika fyrir Eagles.

Owens var fyrst settur í agabann 5. nóvember þegar hann sagði að félagið, Eagles, vantaði klassa en honum fannst félagið ekki gera nógu mikið úr því að hann hefði skorað sitt 100. snertimark sömu helgi. Í sama viðtali sagði Owens að Eagles væri betur statt með Brett Favre sem leikstjórnanda í stað Donovans McNabbs. Þetta var síður en svo fyrsta skotið sem McNabb fær frá Owens.

Útherjinn skrautlegi lenti einnig í slagsmálum í sömu viku við einn starfsmann Eagles. Hann baðst í kjölfarið afsökunar á ummælum sínum við félagið en neitaði að biðja McNabb og félaga sína í liðinu afsökunar.




## HT Bahia Blanca Rock ☀☀☀

Verð 18. júlí – 1. ágúst: **49.600,-**
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

**68.200,-** m.v. 2 fullorðna

Skemmtilegt og líflegt íbúðahótel á mjög góðum stað í Playa Blanca. Stutt á strönd, veitingastaði og verslanir. Góð aðstaða fyrir börn og þægilegar íbúðir.



### HT Bahia Blanca Rock – íbúðir

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 250 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| Leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá \| Fyrir börn | Já \| Nei |
| Heilsurækt | Nei |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Sæmileg |

### ÍBÚÐIR

Rúmgóðar íbúðir m. svölum/verönd, ísskáp, síma, kaffivél og sjónvarpi. Þrif 5 daga vikunnar.

## Suite Hotel Princesa Yaiza ★★★★★+

Verð 6. júní – 20. júní: **68.900,-**
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

**95.800,-** m.v. 2 fullorðna

Yaiza er heill heimur út af fyrir sig og eitt besta hótel sem við höfum séð. Frábær aðbúnaður og afburða þjónusta á fáguðu strandhóteli þar sem öll herbergi eru svítur og allt er eins og það á að vera.



### Princesa Yaiza – svítur

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 50 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já (inni og úti) |
| Veitingastaður | Já (5) |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| Leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá \| Fyrir börn | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Fundaraðstaða | Já |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |

### SVÍTUR

Lúxusherbergi með svölum, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og vel búnum baðherbergjum. Þrif alla daga vikunnar.

SUMAR FERÐIR
– ALLTAF Á RÉTTU VERÐI

Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni
www.kreditkort.is

www.sumarferdir.is

Sími **575 1515** – bókaðu allan sólarhringinn

Fíton/SÍA F1014880

# Fylkir sló bikarmeistara ÍR úr SS-bikarkeppninni

**Fylkir gerði sér lítið fyrir og sló út bikarmeistara ÍR, 31-28, í hörkuleik í Austurbergi í gær. Markvarsla Hlyns Morthens lagði grunninn að sigri gestanna.**

**HANDBOLTI** Bikarmeistarar ÍR verja ekki titil sinn í ár en þeir duttu úr keppni gegn sprækum Fylkismönnum í Breiðholtinu í gær. Jafnræði var með liðunum framan af leiknum en Fylkir var þó alltaf skrefinu á undan. Þeir voru 13-15 yfir í hálfleik og létu forystuna aldrei af hendi og hefðu getað unnið mun stærra ef ekki hefði verið fyrir kæryleysi undir lokin en þeir leiddu 30-23 þegar skammt varn eftir en lokatölur urðu eins og áður sagði 31-28. Hlynur Morthens átti enn einn stórleikinn í marki Fylkis en hann varði 29 bolta og lagði grunninn að góðum sigri ásamt Arnari Jóni Agnarssyni og Heimi Örn Árnasyni sem saman skoruðu fimmtán marka Fylkismanna.

Ég er mjög sáttur með að taka bikarmeistarana úr umferð á þeirra eigin heimavelli." sagði Sigurður Valur Sveinsson þjálfari Fylkis eftir leikinn. „ÍR spila þessa hröðu miðju og stíla inn á hraðaupphlaup en við gerðum hvað við gátum til að stoppa það og draga úr hraða leiksins og það tókst mjög vel. Síðari hálfleikurinn var frábær að okkar hálfu mest allan tímann, bæði í vörn og sókn, og það lagði grunninn að sigrinum í dag. Þegar vörnin er svona þá kemur markvarslan líka og Hlynur á stóran þátt í þessum sigri. Mér fannst þetta vera öruggt allan tímann þrátt fyrir að við höfum slappað aðeins af undir lokin. Við fáum ekki á okkur nema níu mörk fyrstu 24 mínúturnar og erum mjög skynsamir og gerum lítið af mistökum. Mistökin voru sem betur fer ekki okkar megin í þessum leik því það má alls ekki gerast gegn liði eins og ÍR því þá færðu það bara beint í andlitið. Með þessu hugarfarinu hjá liðinu þá geta þeir farið eins langt og þeir vilja." sagði Sigurður Valur að lokum, staðráðinn í að fara alla leið með liðið.

Tryggvi Haraldsson var bestur heimamanna í leiknum en hann skoraði átta mörk og Hafsteinn Ingason fimm. Gísli Guðmundsson varði sextán skot í markinu og má þar kannski sjá muninn á liðunum í leiknum. „Það er alltaf leiðinlegt að detta út úr bikarkeppninni og þá sérstaklega hérna á heimavelli." sagði Júlíus Jónasson aðstoðarþjálfari ÍR eftir leikinn. „Það var á brattann að sækja hjá okkur nánast allan síðari hálfleikinn en fyrri hálfleikurinn var mun skárri þar sem við hefðum hæglega getað haft yfirhöndina en þeir voru með tveggja marka forystu í hálfleik sem okkur gekk erfiðlega að brúa. Ég er samt á því að við höfum átt möguleika allan leikinn. Við vorum alltof stirðir í sókninni og fengum alls ekki jafn góða markvörslu eins og oft áður sem skilar færri hraðaupphlaupum. Það munar um markvörsluna í þessum leik, Hlynur stóð sig mjög vel og það skiptir miklu máli í boltanum."

**- hþh**




**GUÐLAUGUR GÓÐUR** Varnartröllið frá Húsavík, Guðlaugur Arnarsson, átti fínan leik í vörn Fylkis í gær og lét óvenju mikið að sér kveða í sókninni þar sem hann skoraði tvö mörk. Guðlaugur sést hér skora annað þeirra án þess að Gísli Guðmundsson komi nokkrum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**ARNAR STERKUR** Arnar Jón Agnarsson skorar hér eitt átta marka sinna í gær.

HK virðist vera að vakna til lífsins eftir dapra byrjun á tímabilinu:

# HK sterkara á endasprettinum en Afturelding

**HANDBOLTI** ÞAð var ekkert gefið eftir í leik Aftureldinngar og HK í 16-liða úrslitum SS-bikarsins í gær n Kópavogsbúar gerðu góða ferð í Mosfellsbæinn þar sem þeir sigruðu Aftureldingu, 28-23.

Leikmenn liðanna mættu hressir til leiks í Mosfellsbænum í SS-bikarnum í gærkvöld og röðuðu inn mörkum á upphafsmínútum. Eftir að leikurinn róaðist og komst í jafnvægi komst Afturelding hægt og bítandi yfir þó svo að markmaður HK, Arnar Reynisson, hafi haldið þeim inn í leiknum. Vörn HK skánaði þó þegar líða tók á hálfleikinn en sóknarleikur liðsins var ekki upp á marga fiska, handahófskenndur og óöruggur.

Í seinni hálfleik var allt annað upp á teningnum og HK ætlaði augljóslega ekki að tapa öðrum leiknum gegn kjúklingunum úr Mosfellsbæ á nokkrum dögum.

Arnar hélt áfram að verja og liðið var fljótt komið með fjögurra marka forskot. Um miðjan síðari hálfleikinn óð Ásgeir Jónsson í andlitið á Elíasi Halldórssyni, fyrrverandi leikmanni Aftureldingar, sem lá óvígur á eftir í þónokkra stund.

Allt HK liðið virtist slegið og Afturelding náði á klóra sig inn í leikinn og minnkaði muninn í 22-23 þegar átta mínútur voru eftir. Það var ekki síst að þakka góðri innkomu Davíðs Svanssonar, sem leysti Guðmund Hrafnkelsson af í markinu.

En á lokasprettinum var það sigurviljinn sem skildi liðin að og HK sigldi fram úr. Lokatölur 23-28.

Maður leiksins var án vafa Arnar markmaður HK;

„Við vorum allt of linir við þá í fyrri hálfleik en það lagaðist í síðari hálfleik. Það hjálpaði mér mikið að hafa kortlagt þá í leiknum um daginn og tapið þá gerir þetta ennþá sætara. Þetta er virkilega sætur sigur" sagði Arnar úrvinda í gleðivímu að leik loknum.

**- ghó**




**BRYNJAR BESTUR** Hornamaðurinn Brynjar Valsteinsson fór mikinn í HK-liðinu í gær og dró vagninn lengstum fyrir liðið gegn Aftureldingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PEYTON MANNING** Tókst loksins að leggja meistara Patriots. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

NFL-deildin:

## Colts lagði meistarana

**NFL** Peyton Manning og félagar í Indianapolis Colts eru líklegastir til að fara alla leið í NFL-deildinni í vetur. Það undirstrikaði liðið með því að leggja meistara New England Patriots á mánudaginn á útivelli, 40-21.

Colts hefur þar með unnið alla átta leiki sína í deildinni en Patriots er ekki í sérstökum málum með fjóra sigra og fjögur töp.

Þetta var sálfræðilega sterkur sigur fyrir Colts enda hefur Patriots verið sú hindrun sem það hefur aldrei komist fram hjá og leikstjórnandi Colts, Peyton Manning, hafði tapað öllum sjö leikjunum sem hann hefur spilað gegn Patriots.



**WINSTON BOGARDE** Lék afskaplega lítið á tíma sínum með Chelsea og fílaði það í botn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Winston Bogarde:

## Loksins hættur í boltanum

**FÓTBOLTI** Hollenski varnarmaðurinn Winston Bogarde hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna fyrir fullt og allt, en þessi fyrrverandi landsliðsmaður hefur verið í tómu rugli síðustu ár eftir að hafa verið á ofurlaunum í fimm ár hjá Chelsea án þess að spila neitt af viti.

Bogarde er af mörgum talinn einn metnaðarlausasti knattspyrnumaður síðari ára eftir að hann lýsti því yfir í viðtali að hann væri mjög sáttur með að æfa með vara- og unglingaliði Chelsea en vera jafnframt einn best-launaðasti leikmaður liðsins. Eftir að samingur hans við Chelsea rann út hefur Bogarde verið í leit að föstu liði, meðal annars hjá sínum fyrrverandi vinnuveitendum í Ajax, en allstaðar hefur honum verið hafnað. Nú hefur Bogarde semsagt loksins gefist upp og ætlar að njóta það sem eftir lifir ævinnar með því að eyða öllum peningunum sem hann fékk fyrir að gera ekki neitt hjá Chelsea.

**- vig**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

6 7 8 **9** 10 11 12

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 18.15 **Stjarnan 2** og **ÍBV** mætast í SS-bikar karla í handbolta.
- ☐ 18.30 **Þór Ak.** og **Selfoss** mætast í SS-bikar karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Haukar** og MÆTAST Í SS-BIKAR KARLA Í HANDBOLTA.
- ☐ 19.15 **VALUR** og **Stjarnan** mætast í SS-bikar karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 **KR** og **ÍS** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Sýnt fjórum sinnum til 09.00 og svo aftur kl. 17.40.
- ☐ 18.10 **Meistaradeildin** á Sýn. Sýndur verður gamall leikur úr keppninni.
- ☐ 19.50 **HM 2002** á Sýn. Leikur Brasilíu og Þýskalands.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.30 **Mastersmótið með Icelandair og Ian Rush** á Sýn.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*SS-bikar karla, 16-liða úrslit:*

ÍR-FYLKIR 28-31 (13-15)

**Mörk ÍR:** Tryggvi Haraldsson 8/3, Hafsteinn Ingason 5, Ísleifur Sigurðsson 5, Ragnar Helgason 4, Andri Númason 3, Björgvin Hólmgeirsson 2, Karl Gunnarsson 1.

**Varin skot:** Gísli Guðmundsson 16/2.

**Mörk Fylkis:** Arnar Jón Agnarsson 8, Heimir Örn Árnason 7, Ásbjörn Stefánsson 4, Eymar Kruger 3, Brynjar Þór Hreinsson 3, Arnar Þór Sæþórsson 3, Guðlaugur Arnarsson 2, Sigurður Valur Jakobsson 1.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 29/1,.

AFTURELDING-HK 23-28

**Mörk Aftureldingar:** Haukur Sigurvinsson 7, Einar Ingi Hrafnsson 4, Hrafn Ingvarsson 4, Hilmar Stefánsson 3, Ásgeir Jónsson 2, Aleks Kuzmins 1, Ernir Hrafn Arnarson 1, Magnús Einarsson 1.

**Varin skot:** Guðmundur Hrafnkelsson 8, Davíð Þór Svansson 7.

**Mörk HK:** Brynjar Valsteinsson 8, Elías Már Halldórsson 6, Remigijus Cepulis 6, Valdimar Þórsson 6, Romualdas Gecas 1, Gunnar Jónsson 1.

**Varin skot:** Arnar Reynisson 25.

FH 2-FRAM 14-48

**Mörk FH** 2: Guðjón Guðmundsson 5, Valgeir Sigurðsson 3, Sigurður Þorgeirsson 2, Arnar Bjarnason 1, Eiríkur Jónsson 1, Hermann Fannar Valgarðsson 1, Hörður Svanlaugsson 1.

**Mörk Fram:** Jóhann Gunnar Einarsson 11, Þorri Björn Gunnarsson 10, Guðjón Finnur Drengsson 5, Guðmundur Arnarson 5, Sergey Serenko 4, Stefán Baldvin Stefánsson 4, Haraldur Þorvarðarson 3, Rúnar Kárason 2, Sverrir Björnsson 2, Gunnar Harðarsson 1, Sigfús Sigfússon 1.

FH ELÍTAN-FH 28-31

**Mörk Elítunnar:** Hálfdán Þórðarson 9, Brynjar Geirsson 5, Guðjón Árnason 4, Sigurður Sveinsson 4, Jón Erling Ragnarsson 2, Einar Gunnar Sigurðsson 2, Guðmundur Karlsson 1.

**Mörk FH:** Valur Örn Arnarsson 7, Hjörtur Hinriksson 7, Andri Berg Haraldsson 7, Sigursteinn Arndal 2, Jón Helgi Jónsson 2, Linas Kalauskas 2, Pálmi Hlöðversson 1, Finnur Hansson 1, Daníel Berg Grétarsson 1.




**KÁTIR FÉLAGAR** Rix sést hér ásamt hinum umdeilda eiganda Hearts, Rússanum Roman Romanov.

Hearts ræður þjálfara:

## Rix tekur við af Burley

**FÓTBOLTI** Það var lítil stemning hjá stuðningsmönnum Hearts í gær þegar Graham Rix skrifaði undir samning um að þjálfa félagið út þessa leiktíð. Ástæða gremju stuðningsmanna félagsins var sú að Rix er dæmdur maður en hann sat í fangelsi árið 1999 fyrir að hafa sofið hjá 15 ára stúlku.

„Ég gerði mistök fyrir sjö árum en þegar ég áttaði mig á mistökunum játaði ég glæp minn og meðtók mína refsingu," sagði Rix við undirskrfitina en fjöldi stuðningsmanna Hearts skildi derhúfur með merki félagsins eftir við leikvang félagsins í mótmælaskyni við ráðninguna.

„Þetta var erfiður tími fyrir mig og fjölskyldu mína en þarf að refsa mér allt mitt líf fyrir þessi mistök? Ég hef lagt hart að mér við að byggja upp mannorð mitt á nýjan leik og ég vil gjarna mynda gott samband við stuðningsmenn félagsins," sagði Graham Rix, stjóri Hearts.

**- hbg**

Ólympíuleikarnir 2008:

## Peking í skoðun

**ÓLYMPÍULEIKAR** Sendinefnd á vegum alþjóða ólympíunefndarinnar er stödd í Peking þessa dagana þar sem hún skoðar hversu vel Kínverjum gengur að undirbúa fyrir Ólympíuleikana sem fram fara í Peking árið 2008.

Þetta er fimmta skoðunarferðin sem farin er til Peking en nefndin skoðar allt frá mannvirkjagerðinni til miðagerðar. Ólíkt Grikkjum, sem voru að byggja fram á síðasta dag, þá eru Kínverjar á fullri ferð og mynd farin að komast á mannvirkin.

EDDA 2005





## TIL HAMINGJU STÖÐ 2 MEÐ TILNEFNINGAR TIL EDDUNNAR 2005



### LEIKARI / LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

- Björn Hlynur Haraldsson – Reykjavíkurnætur
- Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir – Stelpurnar
- Ilmur Kristjánsdóttir – Stelpurnar
- Þórunn Clausen – Reykjavíkurnætur

### LEIKARI / LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI

- Víkingur Kristjánsson – Reykjavíkurnætur



### LEIKIÐ SJÓNVARPSEFNI ÁRSINS

- Stelpurnar

### SKEMMTIÞÁTTUR ÁRSINS

- Idol-Stjörnuleit II
- Það var lagið

### SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS

- Einu sinni var...
- Sjálfstætt fólk

### TÓNLISTARMYNDBAND ÁRSINS

- Crazy Bastard – 70 mínútur vs. Quarashi






### SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS

- Arnar Björnsson
- Auddi (Auðunn Blöndal)
- Brynhildur Ólafsdóttir
- Brynja Þorgeirsdóttir
- Bubbi Morthens
- Edda Andrésdóttir
- Egill Helgason
- Eva María Jónsdóttir
- Guðjón Guðmundsson
- Guðni Bergsson
- Heimir Karlsson
- Hemmi Gunn (Hermann Gunnarsson)
- Hörður Magnússon
- Inga Lind Karlsdóttir
- Jói (Jóhannes Ásbjörnsson)
- Jón Ársæll Þórðarson
- Pétur Jóhann (Sigfússon)
- Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir
- Siggi Stormur (Sigurður Ragnarsson)
- Simmi (Sigmar Vilhjálmsson)
- Svanhildur Hólm
- Svavar Örn Svavarsson
- Sveppi (Sverrir Þór Sverrisson)



GOTT FÓLK McCANN

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Anti-wrinkle cream there may be, but anti-fat-bastard cream there is not. „**

**Svar:**
Dave úr kvikmyndinni The Full Monty árið 1997

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON SEGIR ROCK STAR: INXS LÍTILSVIRÐA MICHAEL HUTCHENCE.

# *Rokkari snýst í gröfinni*

Frægðarsól áströlsku hljómsveitarinnar INXS reis hæst með plötunni Kick árið 1987. Fantagóð plata sem lifir enn. Það gerir söngvari sveitarinnar, Michael Hutchens, hins vegar ekki. Hann fannst látinn, hengdur á hótelherbergi fyrir all nokkrum árum og þá lék nokkur vafi á því hvort hann hefði stytt sér aldur eða látist í köfnunarástarleik með sjálfum sér. Hutchens var flestum harmdauði enda fínn söngvari og sjálfsagt vænsti drengur.

INXS hefur ekki beint átt sjö dagana sæla frá því söngvarinn féll frá en hefur nú tekið upp á því að blása lífi í feril sinn með því að leita sér að nýjum söngvara í raunveruleikasjónvarpsþætti með einhvers konar ídol fyrirkomulagi. Þátturinn heitir Rock Star og er sýndur á skjá einum. Þetta er náttúrlega galið og er með því bjánalegasta sem dúkkað hefur upp í þessari útvötnuðu raunveruleikasjónvarpspælingu.

Fyrirsætan Tyra Banks er lágkúruleg og það virkar því einhvern vegin eðlilegt að hún skuli stjórna þættinum America's Next Top Model. Það fer henni að evra sjálfhverf tík. Mér finnst hins vegar öllu verr komið fyrir eftirlifandi meðlimum INXS sem sýna föllnum félaga sínum ekki mikinn sóma með því að fara á slíkar hausaveiðar eftir nýjum söngvara. Þetta er kannski ekki alveg jafn galið og að Queen myndi leyfa einhverjum leppalúðum að keppast um að fylla skarð Freddie Mercury en þetta er samt út í hött.

Þeir sem eru klárir vita hvenær þeir eiga hætta en eðlilegast er að gera það á toppnum. Það er svo sem allt í lagi að fjara út ef fólk er í stuði fram eftir aldri en að hórast svona með forna frægð og reyna að ná vopnum sínum með svona bulli er fyrir neðan virðingu allra rokkara með sál. Það er bara ekkert rokk í svona þvælu.



**ROCK STAR: INXS** Það er lágkúruleg hugmynd að leita að staðgengli söngvara INXS með ídol fyrirkomulagi.



▶ **21.25** *Gaman*

LITTLE BRITAIN



▶ **20.40** *Nýtt*

SUPERNANNY US



▶ **21.00** *Keppni*

SO YOU THINK YOU CAN DANCE



▶ **20.00** *Raunveruleiki*

AMERICA'S NEXT TOP MODEL



▶ **18.10** *Fótbolti*

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Lílo og Stitch (46:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (8:42)

**18.30** **Mikki mús (8:13)**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.25** **Edduverðlaunin 2005 (3:5)** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna, íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna 2005.
**20.35** **Bráðavaktin (8:22)**
▶**21.25** **Litla-Bretland (6:6)** (Little Britain II) Ný bresk gamanþáttaröð.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld**
**22.40** **Honeyboy** Heimildamynd um blúsarann David „Honeyboy" Edwards. Meðal þeirra sem koma fram í myndinni eru B.B. King, Sam Carr og Willie Foster.

**0.05** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Night Court (12:13) **13.25** Fresh Prince of Bel Air (10:25) **13.50** Whose Line Is it Anyway? **14.15** Sjálfstætt fólk **14.45** Kevin Hill (7:22) **15.30** Tónlist **16.00** Lizzie McGuire **16.25** Tracey McBean **16.35** Könnuðurinn Dóra **17.00** Smá skrítnir foreldrar **17.25** Heimur Hinriks **17.40** Pingu **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons (7:23)**
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Eddan 2005 – kynningar** Kynntar verða tilnefningar til íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna,Eddunnar 2005.
▶**20.40** **Supernanny US (1:11)**
**21.25** **Oprah (3:145)**
**22.10** **Missing (1:18)** Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandaríkskualríkislögreglunnar að týndu fólki og er í anda Cold Case.
**22.55** **Strong Medicine (5:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)(Breathing Lessons)Vönduð þáttaröð um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsukynsystra sinna.

**23.40** Stelpurnar (10:20) **0.05** Most Haunted (9:20) **0.50** Footballer's Wives (2:9) **1.35** Brown Sugar **3.25** Fréttir og Ísland í dag **4.30** Ísland í bítið **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Game TV** Frábær þáttur fyrir leikjafíklana!!
**19.30** **Game TV**
**20.00** **Friends 4 (16:24)**
**20.30** **Hogan knows best (6:7)** (Hogans Vs. City Hall) Hulk Hogan er ekki einungis frægasti glímukappi heims.
▶ **21.00** **So You Think You Can Dance (6:12)** Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþáttþar sem þeir leita að besta dansara Banaríkjanna. Dómararnir ferðast víða umBandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn-heldur áfram.
**22.10** **Rescue Me (6:13)**

**23.00** Laguna Beach (6:11) **23.25** My Supersweet (6:6) **23.50** David Letterman **0.35** Friends 4 (16:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 8. þáttaröð **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Will & Grace (e)**
▶**20.00** **America's Next Top Model IV** Fjórtán stúlkur keppa um titilinn og enn er það Tyra Banks sem heldur um stjórnvölinn og ákveður með öðrum dómurum hverjar halda áfram hverju sinni.
**21.00** **Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý.
**22.00** **Law & Order** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Kvenmanns lík finnst í Austurbænum, lögregluna grunar að konan hafi verið fylgdardama.
**22.50** **Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers – 8. þáttaröð (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.40** Olíssport ▶**18.10** UEFA Champions League

**19.50** **HM 2002** (Brasilía – Þýskaland)
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Benedikt Hinriksson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson.
**22.30** **Mastersmótið með Icelandair og Ian Rush**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Joe Somebody **8.00** Bruce Almighty **10.00** Possession **12.00** The School of Rock **14.00** Joe Somebody **16.00** Bruce Almighty **18.00** Possession **20.00** **The School of Rock** Grínmynd sem rokkar feitt. **22.00** **Punch-Drunk Love** Rómantísk en dramatísk gamanmynd. **0.00** Payback Time (B. börnum) **2.00** Jay and Silent Bob Strike Bac (Str. b. börnum) **4.00** Punch-Drunk Love (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Hollywood Nights Gone Bad **14.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **15.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** It's Good To Be **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **22.00** Party @ the Palms **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Party @ the Palms **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Portsmouth – Wigan frá 5.11 **16.00** Arsenal – Sunderland frá 5.11 **18.00** West Ham – WBA frá 5.11

**20.00** **Þrumuskot (e)**
**21.00** **Að leikslokum (e)**
**22.00** **Aston Villa – Liverpool frá 5.11** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**0.00** Fulham – Man. City frá 5.11 **2.00** Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

JENNIFER ANISTON
GERIR UPP SAMBANDSSLITIN
Spjallþáttadrottningin Oprah í kvöld kl. 21:25



GOTT FÓLK McCANN

84-85 (40-41) TV 8.11.2005 20:57 Page 3



## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Oprah Winfrey — Stöð 2 **kl. 21.15**

***niston ræðir við Opruh um skilnað hennar og Pitt***

# *Aniston opnar sig*

Fyrsti gestur vetrarins hjá Opruh Winfrey var leikkonan Jennifer Aniston. Þátturinn sló nær öll áhorfsmet á spjallþáttum í Bandaríkjunum enda hefur mikil forvitni ríkt í kringum skilnað Aniston og leikarans Brads Pitts. Fyrrum parið hefur ekkert viljað tjá sig en í viðtalinu við Opruh talaði Aniston af einlægni um samband sitt við Pitt, meintan þátt Angelinu Jolie í skilnaðinum og framtíðina, hvort hún sé farin að líta í kringum sig eða hvort aðrir karlmenn séu jafnvel komnir inn í líf hennar.



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**00.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfr. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Ikscheltaschel **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: WTA Tour Championships Los Angeles **13.30** Football: Eurogoals **14.30** Weightlifting: World Championship Doha **16.30** All sports: WATTS **17.00** Weightlifting: World Championship Doha **19.00** Skeleton: World Cup Calgary **20.00** All Sports: Wednesday Selection **20.10** Sailing: Inside Alinghi **20.15** Equestrianism: World Cup Verone **21.15** Polo: Beaufort International **21.45** Golf: U.S. P.G.A. Tour the Tour Championship **22.45** Golf: Challenge Tour **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Sumo: Aki Basho Japan

**BBC PRIME**
**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Monty the Dog **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** On My Feet Again **20.50** How Mad Was King George? **21.40** Black Cab **21.50** Table 12 **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** Coupling **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Renaissance

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Air Crash Investigation **13.00** Lions Behaving Badly **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** Megastructures **16.00** Megastructures **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Megacities **19.00** Insects from Hell **19.30** Insects from Hell **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Megastructures **22.00** Megastructures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Megastructures **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Nightmares of Nature **14.30** Animal Precinct **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Animals A-Z **19.30** Predator's Prey **20.00** Weird Nature **20.30** Supernatural **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Weird Nature **1.30** Supernatural

**DISCOVERY**
**12.05** Dangerman **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** We Built This City **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** A Bike is Born **17.30** A Bike is Born **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Aircrash **21.00** The Greatest Ever **22.00** Zero Hour **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Switched ON **17.00** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** Hit List UK **19.00** Mtv Making The Movie – Episode to be announced. **19.30** Making The Video – Episode to be announced **20.00** Trippin **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Radiohead **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** The Lick

**VH1**
**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **20.30** MTV at the Movies **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits

**CLUB**
**11.50** Awesome Interiors **12.20** Innertainment **12.45** Come! See! Buy! **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Staying in Style **14.30** Weddings **15.00** Girls Behaving Badly **15.25** The Villa **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Weddings **18.40** Girls Behaving Badly **19.05** Matchmaker **19.30** Lofty Ideas **20.00** Arresting Design **20.25** The Villa **21.15** Sextacy **22.10** Ex-Rated **22.35** Men on Women **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Girls Behaving Badly **1.50** Completely Hammered

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**11.35** Jessica **13.20** The Scalphunters **15.05** By Duty Bound **16.40** Zelig **18.00** Committed **19.35** Eddie & The Cruisers II **21.20** Exposed **23.00** Board Heads **0.30** Taking of Beverly Hills

**TCM**
**20.00** Ride, Vaquero! **21.30** The Last Run **23.05** The Angry Hills **0.50** It Started with a Kiss

**HALLMARK**
**12.00** Walter and Henry **13.45** In the Beginning **15.15** The Flamingo Rising **17.00** Thicker Than Water **18.30** McLeod's Daughters **19.15** The Infinite Worlds of H.G. Wells **20.45** 3 A.M. **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** My Own Country **1.00** 3 A.M.

**BBC FOOD**
**12.00** Rachel's Favourite Food **12.30** Made to Order **13.00** Neil Perry Rockpool Sessions **13.30** My Favourite Chef **14.00** My Favourite Chef **14.30** Sophie's Weekends **15.00** Delia's How to Cook **15.30** Neil Perry Rockpool Sessions **16.00** Wild and Fresh **16.30** Masterchef Goes Large **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Danny By the Sea **18.00** Chef at Home **18.30** The Best **19.00** The Naked Chef **19.30** Street Cafe **20.00** Forever Summer With Nigella **20.30** Paradise Kitchen **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Galley Slaves **22.00** Delia's How to Cook **22.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**12.05** Danske design – gennem tiden **12.20** Dansk Design – letter vi r¢ven? **12.55** Designagenterne **13.00** Danish Design – 2002 **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** OBS **14.20** Genbrugsguld **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Dawson's Creek **15.45** Det Vildeste Westen **16.00** Braceface **16.20** Kurts klamme krop **16.25** Helt sikkert DR **16.35** GO! **17.00** SKRÅL **17.20** KatjaKaj og BenteBent **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** DR Dokumentar – Hævet over mistanke **19.40** Nationen – klub DK **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** HåndboldOnsdag: Viborg – FCK (k) **21.30** SportNyt **21.40** HåndboldOnsdag: Viborg – FCK (k) **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Musikprogrammet **23.10** Det Vildeste Westen

**SV1**
**12.05** Sören & Anders **13.20** Mitt i plåten! **14.55** Anslagstavlan **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Sverige! **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Kött på benen **17.30** Hjärnkontoret **18.00** Barbacka **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Extras **20.30** Wonder boys **22.20** Rapport **22.30** Kulturnyheterna **22.40** God morgon alla barn **23.40** Sändning från SVT24





**Við kynnum Rio** – enn einn glæsilegan fólksbíl úr smiðju KIA. Eins og alltaf fara hér saman gæði, kraftur og hagkvæmni. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra 112 hestafla CVVT bensínvél. **KIA Rio kostar aðeins 1.498.000 kr.**

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
3 ára ábyrgð.*

**KIA er sá bílaframleiðandi** sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrýtið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS

*Miðað við 20% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP-Fjármögnunar.

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*...fær Landsbankinn fyrir að sýna ljóðum grasrótarhreyfingarinnar Nýhil áhuga.*

**ÞRÍR SPURÐIR**

# Ætlarðu að horfa á Edduverðlaunin á sunnudag?



**Afmælið hefur forgang**

Nei, ég hef ekki hugsað mér að gera það því ég á 25 ára afmæli á sunnudaginn og ætla ekki að eyða því í einhverja vitleysu. Mér finnst annars ágætt að horfa á svona verðlaunaafhendingar. Þær eru ágætar til síns brúks og alltaf gaman að verðlauna fólk fyrir það sem vel er gert.

**SVERRIR BERGMANN**
söngvari



**Bruðl**

Nei, ætli það. Mér finnst satt best að segja ekki mikil þörf á prjáli á borð við Edduverðlaunin. Þetta er óttalegt bruðl og ég hugsa að tíma fólks sé betur varið í eitthvað annað.

**MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR**
blaðamaður



**Sæki meira í verkin**

Nei, ég hugsa að ég horfi ekki á þau. Ég hef svo sem ekkert á móti Edduverðlaununum en þau heilla mig ekki, satt best að segja. Ég sæki meira í verkin sjálf en verðlaunahátíðarnar.

**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON**
rithöfundur



**LÁRÉTT** **2** íþrótt **6** í röð **8** drulla **9** veitt eftirför **11** hljóta **12** fjöldi **14** áburður **16** nafnorð **17** fúadý **18** hress **20** á fæti **21** dugnaður.

**LÓÐRÉTT** **1** áburður **3** ógrynni **4** sendir **5** af **7** einkunnarorð **10** traust **13** útdeildi **15** truflun **16** andmæli **19** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** golf, **6** rs, **8** for, **9** elt, **11** fá, **12** margt, **14** gúanó, **16** no, **17** fen, **18** ern, **20** tá, **21** iðni.
**LÓÐRÉTT:** **1** krem, **3** of, **4** loftnet, **5** frá, **7** slagorð, **10** trú, **13** gaf, **15** ónáð, **16** nei, **19** nn.

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Ólafur Jóhannesson ásamt Ragnari Santos, en heimildarmynd þeirra um búddamunkinn Róbert T. Edison mun birtast í kvikmyndahúsum í febrúar.

**ÓLAFUR JÓHANNESSON:** GERIR HEIMILDARMYND UM BÚDDAMUNK

# Munkur fer á kvennafar

Saga Roberts T. Edison er stórmerkileg, en það fannst að minnsta kosti Ólafi Jóhannessyni kvikmyndagerðarmanni sem hefur tekið upp heimildarmynd um ótrúlega ævi búddistans frá Nottingham. „Myndin er næstum því tilbúin. Fyrsta klipp er búið að fara um allan heim, til bæði vina og óvina, og hefur myndin fengið mjög jákvæð viðbrögð," segir Ólafur, sem er tilnefndur til Edduverðlauna fyrir heimildarmynd sína, Africa United. „Sú mynd tók sex mánuði að fara í gegnum fyrsta klipp, en myndin um Robert, sem heitir Act Normal, kemur væntanlega í kvikmyndahús í febrúar."

En hvernig kom þessi hugmynd upp? „Þegar ég og Ragnar Santos vorum að byrja í kvikmyndagerð fyrir um það bil tíu árum vorum við að gera mynd um tilgang lífsins. (Sem við fundum nú á endanum. ) Þá tókum við upp viðtöl við fólk af allskyns trúarbrögðum, og einn af þeim var Englendingurinn Robert Edison búddamunkur sem var búsettur á Íslandi. Okkur fannst þetta stórmerkilegur maður og tókum upp mikið efni með honum á næstu þremur árum í þeim tilgangi að gera kvikmynd. En svo bara gerðist ekkert sérstakt og við eiginlega vorum búnir að slaufa verkefninu." En tveimur árum síðar rakst Ragnar á Róbert úti á götu í Reykjavík, kominn með hár, konu og börn. „Þá hafði greinilega eitthvað mikið gerst, og við tókum upp þráðinn," segir Ólafur og hlær. Og sagan vatt upp á sig – Róbert skildi við konuna sína, sem hann hafði upprunalega hitt í Kasakstan, eftir fimm mánaða hjónaband. „Þá fór hann á þriggja ára kvennafar og byrjaði að drekka og svona. En á endanum fékk hann leið á því og gerðist aftur munkur. Nú býr hann í Taílandi og þar með var þessum ótrúlega hring lokað." En af hverju heitir myndin „Vertu eðlilegur?" Þetta er nú tilvísun í margt. Hvað er að vera eðlilegur í okkar samfélagi? Þegar Róbert þurfti að lifa eðlilegu lífi þá lenti hann til dæmis í því að borga reikninga og svoleiðis. Þá varð hann alveg eins og asni og skildi ekki neitt. Varð eins og fiskur á þurru landi. Samt bjó hann yfir ótrúlegri andlegri dýpt og visku." Það er Barði Jóhannsson, betur þekktur sem Barði úr Bang Gang sem bjó til tónlistina við myndina, og hún er í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Búlgaríu. „Tónlistin er hreint út sagt incredible," slettir Ólafur. „Epísk og stórfengleg eins og Barða er einum lagið."




annabjornsson@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Októberbíófest lýkur um helgina með glæsibrag en hryllingsmyndin Hostel verður alheimsfrumsýnd á laugardaginn sem verður að teljast býsna glæsilegur endir á vel heppnaðri hátíð. Aðstandendur myndarinnar, leikstjórinn Eli Roth og framleiðendurnir Quentin Tarantino og Chris Briggs, koma til landsins á föstudag ásamt aðalleikurunum Derek Richardson og Barbara Nedeljakova. Eyþór Guðjónsson sem fer með eitt þriggja aðalhlutverkanna bætist í hópinn á Íslandi. Hersingin kynnir myndina í sameiningu á sérstakri galafrumsýningu í Smárabíói á laugardaginn. Hópurinn situr fyrir svörum að lokinni sýningu og í kjölfarið verður slegið upp teiti á skemmtistað í Reyjavík.



Áhuginn á Hostel er mikill og aðdáendur Elis, sem þykir skærasta von hryllingsmyndanna um þessar mundir, bíða sýningarinnar með óþreyju. Fyrirspurnum hefur rignt yfir aðstandendur Októberfest með pósti og síma þar sem fólk hefur verið tilbúið til að seilast langt eftir miðum á myndina.



Hagur þeirra sem bíða spenntastir hefur heldur betur vænkast þar sem ákveðið hefur verið að halda tvær almenningssýningar á Hostel á eftir alheimsfrumsýningunni. Þær verða sunnudaginn 13. nóvember og mánudaginn 14. nóvember klukkan 20 í Regnboganum. Miðasala á þessar sýningar hefst á fimmtudaginn klukkan 17 í Regnboganum. Þeir sem eiga aðgangspassa á hátíðina fá forskot og geta mætt klukkan 16 til að tryggja sér miða á undan öðrum. Hostel er stranglega bönnuð innan 16 ára og alls ekki fyrir viðkvæma.



Humar
1.290, kr/kg
Ótrúlega gott verð á fínum humri.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Tónlistinni stolið frá Kiru Kiru

„Þetta er rosalegt áfall. Þetta er mesta tjón sem ég hef lent í á ævi minni," segir Kristín Björk Kristjánsdóttir tónlistarkona, ein af stofnendum Tilraunaeldhússins, sem varð fyrir því að fartölvunni hennar var stolið í gærmorgun.

Kristín Björk gengur gjarnan undir nafninu Kira Kira og var rétt í þessu að senda frá sér sinn fyrsta sólódisk sem heitir Skotta.

Á harða diski tölvunnar var að finna allt hennar ævistarf í tónlistinni, þar á meðal ómetanlegar upptökur sem hún getur alls ekki verið án.

„Þarna var öll músíkin sem ég ætlaði að spila á útgáfutónleikum fyrir plötuna mína eftir nokkrar vikur," segir hún með grátstafinn í kverkunum.

„Þessi tónlist er hvergi annars staðar til. Ekki heldur músík fyrir útvarpsleikrit sem ég átti að skila í dag. Þetta er líf mitt og yndi, allt sem ég hef samið á ævi minni er í tölvunni."

Þjófarnir hafa skriðið inn um glugga heima hjá Kristínu á Snorrabrautinni og hirt bæði Powerbook-tölvuna og Pro-Tools upptökukerfið sem hún notar.

„Ég fann bara kúbein við hliðina á rúminu mínu þar sem tölvan hafði verið."

Kristín ákvað að leita til fjölmiðla í þeirri von að þjófarnir skili í það minnsta tónlistinni aftur til hennar.

„Ég vona bara að það sé smá ljós í hjartanu á þeim sem klifraði hérna inn um gluggann hjá mér. Mér er alveg sama um tölvuna, þeir geta hirt hana mín vegna svo lengi sem ég fæ músíkina mína aftur. Þessari músík er ekki hægt að skipta út fyrir neitt."

Hún biður þjófana um að koma tónlistinni til hennar eða skilja gögnin eftir á góðum stað þar sem hún getur nálgast þau. Þeir geta komið til hennar skilaboðum með tölvupósti á kirakira@this.is.



**KRISTÍN BJÖRK KRISTJÁNSDÓTTIR** Tölvunni hennar var stolið með allri tónlist sem hún hefur samið um ævina. Hún biður þjófana um að skila sér tónlistinni, tölvuna geta þeir hirt.

SENA, BROADWAY og BYLGJAN KYNNA

# Söngkabarettinn Nína og Geiri

SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR



1970-2005

GLÆSILEG JÓLAHLAÐBORÐ
DANSLEIKUR MEÐ Á MÓTI SÓL AÐ LOKINNI SÝNINGU.




ÁR & ÖLD
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR
Stórkostleg þreföld safnplata með ástsælasta söngvara þjóðarinnar. Inniheldur 70 lög þ.á.m. nýja lagið "MANSTU ÞÁ" og þrjú önnur ný lög

KEMUR Í VERSLANIR
Á FÖSTUDAGINN!
SKYLDUEIGN Í SAFNIÐ!

Söngkabarett
byggður á söngferli
Björgvins Halldórssonar.

Leikstjóri:
Gunnar Helgason

Leikmynd og búningar:
Björn G. Björnsson.

Björgvin Halldórsson fer fyrir
hópi margra af bestu
listamönnum þjóðarinnar
í þessari einstöku sýningu.

Framleiðandi:
Arnar Laufdal

BROADWAY

Frumsýning 11. nóvember!

11. nóv. Frumsýning uppselt á svæði 1
12. nóv. Frumsýning tvö uppselt á svæði 1
Uppskeruhátíð hestamanna
18. nóv. Uppselt á svæði 1.
19. nóv. Uppselt á svæði 1.
25. nóv. Uppselt á svæði 1.
26. nóv. Uppselt á svæði 1.
2. des. Uppselt á svæði 1.
3. des. Uppselt á svæði 1.
4. des. AUKASÝNING! Húsið opnar kl. 17 sýning hefst klukkan 20.
9. des. Uppselt á svæði 1.
10. des. Uppselt á svæði 1.
16. des. Uppselt á svæði 1.
17. des. Uppselt á svæði 1.
28. jan. Laus sæti.

Ógreiddir miðar seldir hálfum mánuði fyrir sýningu. Verð á sýningu 2.900 krónur

Sími: 533 1100 broadway@broadway.is

989 BYLGJAN Allir eru að hlusta!

BROADWAY

góða skemmtun ►

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000





ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN




BAKÞANKAR
SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

## xS=xDRvk.

Mér finnst alltaf svo skemmtilegt að bera saman tölur í því skyni að ráða eitthvað út úr þeim og jafnvel spá fyrir um óorðna hluti - að sjálfsögðu þó frekar í gamni en alvöru. Þess vegna rak forvitni mín mig til að bera saman tölur úr formannskjöri Samfylkingarinnar, sem fram fór í lok maí, við tölur úr prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um síðustu helgi.

**NÁNAST** jafnmargir kusu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og kusu í formannskjöri Samfylkingarinnar, sem fram fór með póstkosningu, eða rétt ríflega tólf þúsund manns. Ein af ástæðunum fyrir því að ákveðið var að hafa póstkosningu var sú að þátttakan yrði þannig sem mest. En ekki þurfti það til svo Sjálfstæðismenn nýttu atkvæði sitt, því þeir flykktust á kjörstað.

**FÉLAGAR** í Sjálfstæðisfélögunum í Reykjavík eru að sama skapi nánast jafnmargir og félagar í Samfylkingu á landsvísu, eða um tuttugu þúsund. Kosningaþátttakan í báðum tilfellum var því af leiðandi jafnmikil, eða um sextíu prósent, sem telst víst mjög gott. Báðir flokkar stærðu sig að sjálfsögðu af frábærri kosningaþátttöku sem þeir sögðu til marks um hversu vel flokkurinn stæði og fylgi hans væri gott um þær mundir.

**SMÖLUNIN** var mikil í aðdraganda beggja kosninganna. Samfylkingarfélögum fjölgaði um sjö þúsund fyrir formannskjörið og Sjálfstæðismönnum um tæp fjögur þúsund.

**EF** gert væri ráð fyrir því að tölulegt samhengi héldi áfram milli Samfylkingarinnar á landsvísu og Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík mætti leika sér að því að reikna hvernig Sjálfstæðisflokknum kemur til með að ganga í borgarstjórnarkosningunum í vor. Ef hlutfall Sjálfstæðismanna, sem tók þátt í prófkjörinu miðað við þá sem kjósa munu flokkinn í vor, er hið sama og hlutfallið milli Samfylkingarmanna sem tók þátt í formannskjöri og kaus Samfylkinguna í Alþingiskosningunum er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn mun gjörsigra borgina!

**SAMFYLKINGIN** hlaut alls 56.700 atkvæði í síðustu þingkosningum. Ef Sjálfstæðisflokkurinn fengi jafnmörg atkvæði í borgarstjórnarkosningunum í vor væri það 70 prósent atkvæða. Það yrði nú aldeilis stórsigur.


**KROSSTRÉ** EFTIR JÓN HALL STEFÁNSSON

# KRÓNPRINS ÍSLENSKU SPENNUSÖGUNNAR ER FÆDDUR!

Fertugur arkitekt finnst lífshættulega slasaður við sumarbústað sinn við Þingvallavatn. Við rannsókn kemur í ljós að hinn slasaði er flæktur í þéttan vef svika og lyga þar sem fjölskylda hans, ástkona og samstarfsmenn eru bæði fórnarlömb og þátttakendur.

★★★★ „KROSSTRÉ ER SÉRLEGA VEL SKRIFUÐ BÓK“
- Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið

★★★★ „HÖRKUSPENNANDI... GLÆSILEG SAKAMÁLASAGA“
- Páll Baldvin Baldvinsson, DV




Fíton/SÍA F015100

**Pioneer** BROT AF ÞVÍ BESTA:



**PIONEER DVR–433**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
• DVD upptökutæki með 80GB harðum diski • Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn • Allt að 24 tíma upptaka á einn dual–layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska) • DV inn– og útgangur • 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD • Chase Play: samhliða afspilun og upptaka • Ný og betri MPEG–2 þjöppun með VBR (Variable bit–rate) • Spilar og skrifar DVD–Video, DVD–R/RW, DVD+R/RW, Dual–layer DVD–R, CD, VCD, SVCD, CD–R/RW, MP3, WMA og JPEG
**VERÐ KR. 54.900**



**PIONEER DCS–232**
**HEIMABÍÓKERFI**
• Magnari 360 W (5x60 W) RMS • 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX • FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS
**VERÐ KR. 33.900**



**PIONEER DCS 340**
**HEIMABÍÓKERFI**
• Magnari 5x100W RMS • 100W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX • FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS
**VERÐ KR. 54.900**




ORMSSON
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu